
Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra

Áfangaskýrsla II: Fljótshlíðarhreppur

Hefti I



Ritstjóri: Ragnheiður Gló Gylfadóttir

Höfundar efnis: Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir,
Jakob Orri Jónsson, Valur Magnússon og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir

Fornleifastofnun Íslands

FS874-18061

Reykjavík 2022



Forsíðumyndin er af Kirkjulækjarseli RA-202:017, horft er til suðausturs. Myndina tók Kristborg Þórsdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2022

Bræðraborgarstígur 9

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar sem unnin var í Fljótshlíð sumrin 2018-2021. Skýrslunni er skipt niður í þrjú sjálfstæð bindi. Hinn forni Fljótshlíðarhreppur tilheyrir nú sveitarfélaginu Rangárþingi eystra og var skráningu haldið áfram þaðan sem við var skilið árið 2015 og fornleifar skráðar á átta lögbylum. Skráðar voru mjög fjölbreytilegar fornleifar s.s. fjöldi bæjarhóla, hverskyns útihús og aðhöld fyrir skepnur, garðlög, sel og samgönguminjar.

Í skýrslunni birtast upplýsingar um 532 fornleifar sem skráðar voru á 330 minjastöðum. Ástand fornleifa á skráningarsvæðinu er þokkalegt og er rúmlega fjórðungur horfinn af yfirborði. Í flestum tilvikum hafa minjar horfið vegna túnasléttunar og framkvæmda af ýmsu tagi líkt og bygginga, vegagerðar og niðurrifs. Að auki ógnar skógrækt fjölmörgum minjum og ljóst að mikið tjón verður á fornleifum af þeim sökum á næstu árum og áratugum.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, aðalskráning, Fljótshlíð, byggðasaga, Rangárþing eystra

Summary

This report provides the results of a general archaeological survey undertaken in Rangárþing eystra, a municipality in southern Iceland. The fieldwork was carried out in the summers of 2018-2021 and the report is divided into three volumes. In this volume are information about the sites surveyed in 2018-2019. Altogether 532 archaeological sites were identified on eight farms. A wide range of archaeological sites was identified, including farm mounds, outhouses, various types of animal folds, as well as shielings and old tracks.

The preservation of the archaeology within this assessment area is above average, as about a quarter of the archaeological sites are no longer visible on the surface. Most of these were damaged by home field levelling and tree planting in the 20th century.

Keywords:

Institute of Archaeology Iceland, archaeology, general survey, Fljótshlíð, local history, Rangárþing eystra


Efnisyfirlit

1.	<i>Inngangur</i>	4
2.	<i>Saga fornleifaskráningar á Íslandi</i>	5
3.	<i>Aðferðir við fornleifaskráningu</i>	7
4.	<i>Fornleifaskrá</i>	13
RA-199	Butra	13
RA-200	Grijóta	31
RA-201	Arngeirstaðir	56
RA-202	Kirkjulækur	77
RA-203	Kirkjulækjarkot	111
RA-205	Lambalækur	117
RA-207	Kollabær (stóri)	135
RA-210	Stöðlakot	198
RA-641	Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Fljótshlíðarhreppi	206
5.	<i>Samantekt um helstu minjaflokka</i>	207
	Bæjarhólar og býli	209
	Kirkjur, kuml og legstaðir	211
	Tún og túngarðar	212
	Útihús innan túna	215
	Kálgarðar	218
	Seljabúskapur	219
	Vörslugarðar	221
	Kvíar, stekkir og réttir	222
	Fjárskýli og beitarhús	223
	Landnýting utan túna (mógrafir, tofrísta, útslægjur, áveita)	228
	Samgönguminjar	228
	Nýting á vatni	230
	Aðrar minjar	231
6.	<i>Niðurstöður</i>	232
	<i>Heimildir</i>	237
	<i>Viðauki I: hnitaskrá í ISN93</i>	241
	<i>Viðauki II: Minjakort</i>	248

1. Inngangur

Á vordögum 2018 gerðu Fornleifastofnun Íslands og sveitarfélagið Rangárþing eystra með sér samning um aðalskráningu fornminja í sveitarfélaginu. Aðalskráningin byggir á svæðisskráningu sem gerð var af Fornleifastofnun Íslands árið 2001.¹ Samningurinn var til þriggja ára og áætlað að skrá 1000 minjastaði á því tímabili, eða um 333 staði á ári. Á árunum 2013-2015 höfðu valin svæði verið skráð í sveitarfélaginu undir Eyjafjöllum og í Fljótshlíð.² Ákveðið var að halda skráningu áfram í Fljótshlíð og taka upp þráðinn þar sem frá var horfið árið 2015. Áætlað var að ein lokaskýrsla kæmi út um þessa þriggja ára skráningu. Vorið 2021 var gerður framhaldssamningur um fornleifaskráningu í sveitarfélaginu og í þetta sinn til fimm ára. Ákveðið var að klára skráningu í Fljótshlíðarhreppi og hefjast svo handa í Hvolshreppi. Til að einfalda skýrslugerð og utanumhald var ákveðið að allar fornleifar í Fljótshlíð birtust í þessari skýrslu óháð skráningarári. Þessi skýrsla skiptist í þrjú bindi og í þeim eru upplýsingar um allar skráðar fornleifar í Fljótshlíð á árunum 2018-2021. Í síðasta heftinu er ennfremur ítarleg umfjöllun um minjar, sögu og þróun byggðar í Fljótshlíðarhreppi og helstu niðurstöður allrar skráningar þar dregnar saman.

Fyrsti verkáfangi skráningarinnar fór fram sumarið 2018. Þá voru skráðar 344 fornleifar á 209 minjastöðum. Þetta voru lögbýlin Kollabær, Stöðlakot, Kirkjulækur, Kirkjulækjarkot



Kort sem sýnir dreifingu minja á skráningarsvæðinu í Fljótshlíð árin 2018-2019. Á innfellið korti er staðsetning svæðisins sýnd með rauðum kassa.

1 Orri Vésteinsson og Sædis Gunnarsdóttir 1999, Sædis Gunnarsdóttir 2000.

2 Sjá Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017.

og Lambalækur. Annar verkáfangi fór fram sumarið 2019 og birtist hluti hans í þessu hefti.³ Upplýsingar eru 188 fornleifar á 121 minjastöðum. Þetta eru fornleifar á jörðunum Butru, Grjótá og Arngeirsstöðum. Samtals eru því að finna upplýsingar um 532 fornleifar á 330 minjastöðum sem skráðar voru árin 2018–2019.

Við skráninguna var farið á jarðirnar sem til rannsóknar voru, rætt við staðkunnuga og gengið á alla þekkta minjastaði. Á hverjum minjastað var gerð grein fyrir staðháttum, gefnar leiðbeiningar um hvar staðinn sé að finna og fornleifum lýst. Þar sem tóftir eða önnur mannvirki var að finna voru þær mældar upp og af þeim teknar myndir. Ástand allra minjastaðanna var metið og sömuleiðis hvort þeir teldust í hættu, og þá hvers vegna. Staðsetningarhnit var tekið á öllum þeim minjastöðum sem unnt reyndist að staðsetja og eru þeir sýndir á loftmyndir frá Loftmyndum ehf sem sveitarfélagið lagði til í landfræðilegum upplýsingakerfum (GIS). Um vettvangsvinnu sáu fornleifafræðingarnir Kristborg Þórsdóttir, Ragnheiður Gló Gylfadóttir, Lilja Laufey Davíðsdóttir, og Jakob Orri Jónsson. Að auki komu fornleifafræðinemarnir Valur Magnússon og Sigrún Drífa Þorfinnsdóttir að skráningunni. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands nema annað sé tekið fram. Ragnheiður Gló sá um verkstjórn og ritun skýrslu og Lilja Laufey sá um kortagerð og myndvinnslu.

Skýrsla þessi er byggð upp á svipaðan hátt og aðrar skýrslur Fornleifastofnunar um fornleifaskráningu. Í skýrslunni er fyrst sagt í stuttu máli frá löggjöf um minjavernd og sögu fornleifaskráningar (2. kafli) og í kjölfarið farið yfir aðferðafræði við skráningu Fornleifastofnunar Íslands (3. kafli). Í fjórða kafla er ítarleg fornleifaskrá. Í skránni er fjallað sérstaklega um hvern minjastað, sagt frá staðsetningu minjanna og aðstæðum og þeim lýst. Í kjölfarið er að finna samantekt um helstu minjaflokka sem skráðir voru (5. kafli). Að lokum eru niðurstöður skráningarinnar dregnar saman og settar fram tillögur um verndun og kynningu fornleifa á því svæði sem skráð hefur verið (6. kafli). Í skýrslulok fylgir ítarleg heimildaskrá, aftast eru viðaukar og minjakort sem sýna dreifingu minjastaðanna á því svæði sem fjallað er um.

Skrásetjarar vilja þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við skráninguna á einn eða annan hátt. Nöfn þeirra heimildamanna sem lögðu skrásetjurum lið og miðluðu af þekkingu sinni um minjar á svæðinu er að finna aftast í heimildaskrá.

3 Fyrri hluti skráningarinnar árið 2019 birtist í þessari skýrslu. Seinni hlutinn verður birtur í hefti II.

2. Saga fornleifaskráningar á Íslandi

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenszka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu Þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skodanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem Þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í Þjóðminjalögum víðtæk.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skriúgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,*
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnabefð,*
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í bellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,*
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum síð,*
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.*

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að fríðlýsa yngri minjar.⁴

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands. Komi til björgunargraftar vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

Með hliðsjón af ofangreindum lagaákvæðum, er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á meðfylgjandi mati: Þrátt fyrir ítarlega heimildarkönnun og vettvangsathugun eru fornleifar þess eðlis að seint verður skorið úr með fullri vissu að við tiltekna framkvæmd sé engin hættu á að áður óþekktar minjar finnist við jarðrask.

4 Sjá <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: RA-191:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist eininganúmer aftast í töluröðina (dæmi: RA-191:001_01). Fornleifaskrá hvernjar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvernjar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.


Á eftir hlutverki kemur mæling hnattstöðu sem er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Helgunarsvæði friðlýstra fornleifa er enn stærra, eða 100 m frá ystu mörkum. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra frávik. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 1 metri að meðaltali.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.


Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) stórhættu. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni þjóð Sérheiti Tegund Hlurverk Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn **SF-175-009** **Sveinshlaða** **tóft** **hlaða** **E: 528751 N: 352323**



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlaðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar → Hætta sem stöðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920 →

Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem upplástur ógnar.

Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4. Fornleifaskrá

RA-199 Butra

20 hdr. Teigskirkjueign, jörðin einnig nefnd Butruhallaðaðir og Butryldastaðir. Getið í flestum máldögum Teigskirkju.

1332: Máldagi kirkjunnar í Teigi. “Mariu kirkia j teighi a þridiung j heima landi. þridiung j butrallda stodom.” DI II, 686-687.

1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798.

“Butra er talin góð bújörð, tún hallalítill og grasgefin. Engjar voru niður af túninu, grösugar og nærtækar, nú hefur þeim að mestu verið breytt í tún. Hagar eru í brekkunum upp frá bænum, þar er skjólsamt og grösugt. Jörðin á allmikið land á Aurunum, þar eru nú stór tún.” SB IV, 413



Túnakort Butru RA-199 frá 1919 upprett ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir slákar. ©Loftmyndir ehf.

RA-199:001_01 Butra bæjarhóll bústaður

A 450458 N 359425



Bæjarhóll Butru RA-199:001_1, horft til austurs.

Bæjarhóll Butru er ofarlega í túni í mjög afliðandi halla til suðurs, um 15 m vestan við íbúðarhús sem byggt var 1992. Íbúðarhús núverandi ábúenda er fast norðaustan við bæjarhólinn en utan hans. Á túnakorti frá 1919 er mjög ítarleg teikning af húsum á bæjarstæðinu og þar má sjá að bæjarhúsin voru á austurhluta þess en líklega fjós og hlaða á vesturhlutanum. Allbreitt sund var á milli fjóss og bæjar. Framan við þessi hús var svo stór, tvískiptur kálgarður (sjá 001_2)

Slétt flöt er á austurhluta bæjarhólsins en á vesturhluta hans er hlaða og fjós og mikið rask

í kringum þær byggingar. Malarvegur liggur yfir suðurhluta bæjarhólsins að þeim húsum úr austri. Enn sést nokkuð afgerandi en lágur hóll á austurhluta bæjarstæðis Butru. Er hann 38x44 m að stærð og snýr NNA-SSV en hefur líklega náð um 40 m lengra til VNV. Bæjarhóllinn er fremur flatur að ofan en lítilliga kúptur, um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur í SSV-jaðri. Á austurhluta bæjarhólsins stóð gamalt íbúðarhús sem var ýtt ofan í leifar af áveituskurði (líklega 018) árið 2004 þegar það var rífið. Þá var gamalli fjóstóft ofan við húsið, einnig ýtt út og gerð slétt grasflöt á staðnum sem er slegin sem hluti af lóð í kringum núverandi íbúðarhúsið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Skípulag bæjarins sést vel á túnakorti frá árinu 1919.

RA-199:001_02 heimild um kálgarð

A 450451 N 359406

Afliðandi halli er fram af brún bæjarhóls til SSV þar sem stór tvískiptur kálgarður var samkvæmt túnakorti frá 1919 en engin ummerki um kálgarðinn sjást vegna túnasléttunar og rasks vegna byggingarframkvæmda í VNV-hluta bæjarstæðisins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:001_03 heimild um útihús

A 450436 N 359430

Á túnakorti má sjá útihús 001_3 fast vestan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti voru þarna tvenn hús sem tengdust saman.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

RA-199:001_04 heimild um brunn

A 450430 N 359405

Á túnakorti má sjá brunn um 30 SSV við bæ 001, innan kálgarðs 001_2. Brunnurinn var VNV við skil milli kálgarðshluta. Stórt útihús er yfir áætlaðri staðsetningu brunnsins.

Hættumat: hætta, vegna byggingar

RA-199:002 Hof heimild um beitarhús

A 450091 N 358882

“Neðan við þetta tún kallast Enni og er það áframhaldandi tún af gamla túninu. Í Enninu var forn

bygging og kallaðist Hoftóft,” segir í örnefnalýsingu. “Butra heitir bær í Fljótshlíð, skammt frá Teigi, og á engi niður með Grjótá. Þar í engjunum er tóftarrúst allmikil, sem menn halda að sje hoftóft. Hún snýr frá norðaustri til suðvesturs og hefir dyr á suðvesturendanum, en engar útidyr aðrar. Innar en í miðju er miðgafli með dyrum á. Lengd framtóftarinnar er hjer um bil 9 faðmar; lengd innri tóftarinnar 6 faðm., þykkt miðgafilsins 1 faðm., svo að lengd allrar rústarinnar er um 16 faðm., en breidd hennar er 8 faðm. og er mælt út á veggjabrúnir. Þegar teini er stungið niður í tóftina finnst, að hún er af grjóti, og hefir það verið flutt frá Grjótá; nær er ekki grjót að fá,” segir í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894. Brynjúlfur Jónsson fór aftur á vettvang í Butru árið 1899 og gróf út meinta hoftóft sem áður er getið um. Fjallar hann um rannsókn sína í Árbók fornleifafélagsins árið 1900: “Í Árbók fornleifafélagsins 1894 bls. 24 er skýrt frá tóft í Butruengjum í Fljótshlíð (og fylgir mynd af henni); hefir sú tóft verið haldin að vera hoftóft. Það mun þó frá fyrstu fremur hafa verið getgáta en munnmæli. Mér sýndist nauðsynlegt að ganga úr skugga um það, hvers konar tóft þetta væri, og gróf hana því út vorið 1899. Svo reyndist, að í henni var ekkert grjót, nema í undirstöðum veggjana, og yfir höfuð engin hofs-einkenni. Þar á móti fanst í afhústóftinni gulleitt lag í gólfinu. Það voru auðsjáanlega leifar af gamalli heyskán. Er tóftin því ekki annað en fjárhústóft með hlöðu eða “kumli” við, og þarf ekki að tala meira um hana. - Það skal eg játa, að mér þótti leiðara að komast að þessari niðurstöðu. En svo varð að vera.” Ekki er vitað hvar fjárhúsrústin var sem Brynjúlfur gróf upp en eftir ábendingum Ágústs Jenssonar, heimildamanns, var það líklega 650 m suðvestan við bæ 001.

Sléttað tún er þar sem ætla má að tóftin hafi verið og eftir ábendingum Ágústs Jenssonar, heimildamanns, var talið líklegt að tóftin hafi verið ofan við lága brún í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki fundust um uppgrofnu fjárhústóftina í Butru og ekki víst að tekist hafi að staðsetja hana með nógu mikilli nákvæmni (með innan við 50 m skekkju).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Butra, 2; Brynjúlfur Jónsson 1894, 24; Brynjúlfur Jónsson 1899, 5.

RA-199:003 heimild um vatnsból

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710 segir: «Vatnsból er hjer mjög örðugt á vetrardag í frostum og snjóum.» Ekki vitað hvar vatnsból á Butru var áður fyrr en mögulega var vatn sótt nærliggjandi læk eða í Grjótá sem er 130 m vestan við bæ 001. Árgilið fyllist oft af snjó á veturna.

Heimildir: JÁM I, 155

RA-199:004 garðlag vörslugarður

A 450905 N 360026

Hár og breiður torfhláðinn vörslugarður er ofan við stóran bragga sem er ekki lengur í notkun og unga fjárhústóft 029 en neðan og suðvestan við Stekkatún 006. Garðurinn er 740 m norðaustan við bæ 001, liggur til norðurs frá bakka Bóllækjar og endar við götur 028 sem liggja í gegnum Stekkatúnið og áfram í átt að Steinheiði. Hefur garðurinn að líkindum náð áður á milli Grjótár og Bóllækjar.



Vörslugarður RA-199:004, horft til NNA.

Garðurinn liggur um smáþýft, grösugt og mishæðótt svæði sem hefur að líkindum verið tún en er löngu komið úr rækt.

Garðurinn 46 m langur og liggur NNV-SSA.

Hann er um 3-4,5 m breiður og 0,6 á hæð þar sem

hæstur. Garðurinn virðist eingöngu torfhláðinn og er farinn að ganga í þúfur. Mikið gróið rof er við NNV-enda vegna umferðar á leið 040.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Ö-Butra, 1

RA-199:005 tóft útihús

A 450391 N 359557

Útflött tóft er á mjóum stalli norðan við gamla heimatúnið í brekku niður að Grjótá. Er tóftin á milli eldri túngarðs 013 og yngri garðs 019, um 150 m norðvestan við bæ 001.

Meint tóft er frammi á brún stallsins sem er flatur og grasi gróinn. Hátt og bratt er þar fram af ofan í ána. Tóftin er mjög sigin og útflött. Hún er einföld, 4,5x2 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál tóftarinnar er óljóst og ekki sést op á henni. Veggir virðast eingöngu úr torfi og eru 0,1-0,2 m á hæð. Fast norðaustan við tóftina kunna að vera frekari mannvistarleifar. Þar er grunn lægð, mögulega innanmál í öðru hólfi, snýr eins og tóftin, er 3,5x1 m að innanmáli og 0,1 m djúp.



Uppmaling af útihúsi RA-199:005.



Tóft RA-199:005, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_01

Stekkatún þúst óþekkt

A 451007 N 360115



Þúst RA-199:006_01, horft til norðurs.

“Niður af þeim [Brúnum] er Breiðatorfa. Lækur rennur austanvið Breiðutorfu, sem Selhólslækur heitir og á upptök sín í Klettaflatamýri. ... Niður af Breiðutorfu Selhólar og niður af þeim Stekkatún, sem er Vallendismói,” segir í örnefnalýsingu. Beitarhús er sýnt á Herforingjaráðskorti frá 1908 á þessu svæði og líklega um sama stað að ræða. Stekkatún er 890 m norðaustan við bæ 001, ofan við og milli Grjótá til vesturs og læks sem rennur í Grjótá til austurs. 12 tóftir og þústir er að finna í Stekkatúni á hringlaga svæði sem er 165 m í þvermál.

Stekkatún er nokkuð flatt svæði sem nú (2019) er skipt af girðingu er liggur þvert í gegnum það. Sunnan girðingarinnar er grasivaxið beitarún en norðan

hennar er mólendi sem hækkar upp til norðurs. Til suðurs og austurs markast Stekkatún af skörpum lækjarbökkum lækjar sem rennur til vesturs í Grjótá.

Þústin er vestast á svæðinu og fyrir því miðju. Hún er gróflega hringlaga, 12,8 m í þvermál og hæst um 1 m en hún virðist liggja ofan á náttúrulegum hól, svo erfitt er að greina hvar hóllinn endar og þústin hefst. Hún er vel gróin en mjög hlaupin í þúfur, töluvert meira en annars gerist í Stekkatúni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Butra, 1; Herforingjaráðskort 48 1:50000 1908

RA-199:006_02 tóft stekkur


A 451009 N 360101

Tóftin er 8 m sunnan við þúst 006_01. Hún er 13,9 x 8,4 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Austan til í tóftinni er hólf sem er 2,7 x 2,3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Vestan til í tóftinni virðist vera annað hólf en sá hluti tóftarinnar er verr farinn en eystri hlutinn svo ekki er hægt að segja um það með vissu. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 1 m, vel grónir grasi, mosa og stráum en teknir að hlaupa í þúfur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Stekkur RA-199:006_2, horft til suðurs.



Uppmældar minjar í Stekkatúni RA-199:006. Alls eru 12 fornleifar á svæðinu.

RA-199:006_03 tóft heystæði

A 451026 N 360109

Tóftin er 13 m suðaustan við þúst 006_01 og 10 m norðaustan við tóft 006_02. Hún er einföld, 7,7 x 6,8 m að utanmáli, 3,3 x 1,4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru hæstir um 0,6 m en norðurhluti tóftarinnar er mjög sigin. Tóftin er vel vaxin grasi, mosa og stráum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_04 tóft fjárskýli

A 451049 N 360113

Tóftin er 34 m austan við þúst 006_01, fast sunnan við girðingu sem skiptir Stekkatúni í tvennt og fast austan leiðar 028 sem liggur um túnið. Hún er einföld, gróflega ferhyrnd, er 8,7 x 8,1 m að utanmáli, 4,5 x 3,2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru hæstir um 0,5m en suðurveggur er mun lægri og hefur þar líklegast verið op. eru þeir vel grónir grasi, mosa og stráum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft RA-199:006_3, horft til austurs.



Tóft RA-199:006_4, horft til austurs.

RA-199:006_05 tóft fjárhús

A 451010 N 360044

Tóftin er 65 m sunnan við þúst 006_01 og 70 m suðvestan við tóft 006_04. Hún er 20,5 x 7,3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru hæstir um 0,5 m og vel grónir en teknir að hlaupa í þúfur. Innan tóftar eru fjögur hólfi. Nyrsta hólfið er 3,0 x 1,4 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Ekert op sést þar inn á yfirborði. Suður af því er stærsta hólfið sem er 5,0 x 2,6 m að stærð og snýr eins og tóftin. Á miðjum vegg þess er op til norðvesturs. Sunnan þess er þriðja hólfið sem er 2,3 x 1,5 m að stærð, snýr þvert á tóftina og hefur einnig op til norðvesturs. Syðsta hólfið er 1,6 x 1,4 m að stærð, snýr líkt og tóftin og á því er op til norðvesturs. Lag tóftarinnar bendir einna helst til þess að um fjárhús sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_06 þúst heystæði

A 451021 N 360040

Þúst er 6 m austan við tóft 006_05 og 70 m sunnan við þúst 006_01. Hún er sporöskjulaga, 5,9 x 3,0 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er um 0,3 m hærra en umhverfi sitt og er fuglapúfa í henni miðri en þústin er öll vel gróin grasi, mosa og stráum. Líklega er um heytóft að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft RA-199:006_5, horft til norðvesturs.



Tóft RA-199:006_6, horft til suðausturs.

RA-199:006_07 þúst heystæði

A 451060 N 360071

Þústin er um 60 m suðaustan við þúst 006_01 og tæpum 40 m sunnan við tóft 006_04. Hún er hringlaga, 7 m í þvermál og um 0,3 m hærra en umhverfi sitt. Þústin er vel gróin grasi, mosa og stráum og er hún hlaupin í þúfur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_08 þúst óþekkt

A 451061 N 360043

Þústin er um 80 m suðaustan við þúst 006_01 og tæpum 30 m sunnan við tóft 006_04. Hún er sporöskjulaga, 6,6 x 4,8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Þústin er um 0,25 m hærra en umhverfi sitt og vel gróin grasi, mosa og stráum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst RA-199:006_7, horft til vesturs.



Þúst RA-199:006_8, horft til NNV.

RA-199:006_09 tóft stekkur

A 451119 N 360038

Tóftin er austast á Stekkatúni á brún lækjargils, 130 m suðaustan þústar 006_01 og 95 m suðaustan tóftar 006_04. Hún er tvöföld, 10,0 x 7,8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru signir, hæstir um 0,3 m og er tóftin öll vel gróin grasi, mosa og stráum. Vestara hólfíð er 3,9 x 2,0 m að stærð og snýr líkt og tóftin en hið eystra er 2,3 x 1,3 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Öp er á hvorugu hólfanna. Af skiptingu hólfanna að dæma hefur tóftin verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_10 tóft fjárskýli

A 451050 N 360134

Tóftin er norðan girðingar, 40 m norðaustan við þúst 006_01 og 15 m norðan við tóft 006_04. Hún er einföld, 8,6 x 6 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, en 2,1 x 2,0 m að innanmáli og snýr hólfíð þvert á tóftina. Veggir eru hæstir um 0,6 m, vel grónir grasi og stráum. Mikið hefur hrunið inn í tóftina. Öp er á vegg hennar til suðvesturs, niður aflíðandi brekku.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



RA-199:006_9, horft til suðvesturs.



RA-199:006_10, horft til norðausturs.

RA-199:006_11

tóft stekkur

A 451043 N 360178

Tóftin er nyrst á svæðinu, 65 m norðaustan þústar 006_01 og 60 m norðan við tóft 006_04. Hún er tvöföld, 12,3 x 6,7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,5 m og grónir sinu. Bæði hólf tóftarinnar eru gróin grasi, mosa og stráum. Vestra hólfid er 3,0 x 1,7 m að stærð og snýr líkt og tóftin en eystra hólfid er 2,1 x 1,5 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Engin op eru greinanleg í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:006_12

Stekkatún þúst óþekkt

A 451106 N 360137

Þúst er norðan girðingar sem skiptir Stekkatúni, um 90 m ANA við þúst 006_01 og um 50 m norðaustan við tóft 006_04. Hún er gróflega ferköntuð, 8,2 x 7,3 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur og er um 0,25 m hærri en umhverfi sitt. Þústin er vel gróin mosa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft RA-199:006_11, horft til suðvesturs.



Þúst RA-199:006_12, horft til norðurs.

RA-199:007 *Dóruselslaut* örnefni sel

“Vestur af því eru Grjóthólar, en frammar Butruhólar. Í þeim er löng, graslaut, sem heitir Dóruselslaut.” Segir í örnefnalýsingu.

Ekki fundust minjar í Dóruselslaut. Líklega var selið í nágiggjandi minjum líkt og tóft RA-194:054, RA-194:057 eða RA-194:055.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 1

RA-199:008 *Selbólur* örnefni sel

“Niður af þeim [Brúnum] er Breiðatorfa. Lækur rennur austanvið Breiðutorfu, sem Selhólslækur heitir og á upptök sín í Klettaflatamýri. ... Niður af Breiðutorfu Selhólar og niður af þeim Stekkatún, sem er Valllendismói,” segir í örnefnalýsingu. Ekki vitað nákvæmlega hvar selið var staðsett. Líklega var það á sama og beitarhús RA-194:051 eða á þeim slóðum.

Heimildir: Ö-Butra, 1

RA-199:009 tóft fjárhús


A 450887 N 359954

Í suðaustanverðu Bóllækjargili er lítill hvammur á móts við ungleg fjárhús 029 við gamlan bragga. Í hvamminum er fjárhústóft auk lítillar tóftar og þústar, sjá 030. Mögulega hafa þessar minjar tengst en fjárhústóftin virðist yngri og er skráð hér undir sérnúmeri. Fjárhústóftin er 34 m sunnan við fjárhús 029 og 680 m norðaustan við bæ 001. Engin mannaverk er að sjá í hellisskútum, bólum, í móbergsklettum ofan við beitarhúsin.

Fjárhúsin eru á þröngu svæði ofan í Bóllækjargili á milli allbratrar brekku og Bóllækjar. Í brekkunni eru



Fjárhús RA-199:009, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft RA-199:009.

klettur efst (móberg eða jökulruðningur) og í þeim eru stórir skútar sem Bóllækur dregur nafn sitt af. Engin mannaverk eru sýnileg í þeim eða við þá. Austan við tóftina er fremur flatlent svæði sem er innan bugs í gílinu og myndast þar skjólgott svæði í hvammi en snjóþungt að sama skapi. Smáþýft og grasi vaxið er ofan í gílinu.

Tóftin skiptist í fjárhús og hlöðu. Hún er 17,5x8,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Í norðvesturenda er op inn í fjárhúshlutann sem er 9,5x2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr honum inn í hlöðu sem er í suðausturenda. Hlaðan er 5x2 m að innanmáli og snýr þvert á fjárhúsin. Ekki er hlaðinn veggur í norðausturenda hlöðunnar og kann hann að hafa verið rifinn. Hlaðan er lítillaga niðurgrafin. Hvorki sjást undirstöður garða eða jötu í fjárhúsum sem eru þýfð. Suðvesturveggur tóftarinnar er vart greinanlegur en hann er hlaðinn upp að brekku. Hvergi sést í grjót í hleðslum sem eru grónar en líklegt er að eitthvað grjót hafi verið í veggjum. Norðaustur-langveggur hár og breiður, 1,2-1,3 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd. Suðausturveggur tóftar er einnig breiður en ekki eins hár, er 0,7-0,8 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

RA-199:010 heimild um útihús

A 450453 N 359471

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt útihús 20-30 m NV við bæ 001. Líklega hefur útihúsið verið 45 m NNV við bæ 001 og 10 m austan við steipt útihús og bragga.

Moldarflag í kringum útihús.

Engin ummerki um útihús sjást vegna sléttunar og byggingaframkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

RA-199:011 heimild um útihús

A 450464 N 359521

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 er sýnt útihús 100 m norðan við bæ 001, sunnan við túngarð 013. Útihúsið var líklega fast norðan við nýleg fjárhús.

Rask er allt umhverfis fjárhúsin en grasi gróið er ofan við þau til norðurs að túngarði 019.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar og byggingaframkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-199:012 heimild um útihús

A 450517 N 359393

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt útihús 50 m suðaustan við bæ 001. Á túnakorti er húsið sýnt sem tóft. Líklega hefur útihúsið verið 70 m suðaustan við bæ 001 og 10 m suðaustan við íbúðarhús sem þarna er.

Sléttað tún í afliðandi halla til suðurs. Neðar í túninu er brún sem skilur að Butru og Finnshús.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar og húsbýgginga en það er möguleiki á að útihúsið hafi

staðið þar sem núverandi íbúðarhús er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906. Túnakort 1919.

RA-199:013 garðlag túngarður

A 450401 N 359540



Túngarður RA-199:013. borft til ASA.

Á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 er sýndur túngarður 70-80 m norðan við bæ 001. Á túnakorti er aðeins sýndur vestasti hluti garðsins og er hann ógreinilegur þar. Garðurinn er 125 m norðvestan við bæ 001 og 40 m norðvestan við uppistandandi fjárhús.

Gamalt tún í órækt.

Garðurinn liggur austur-vestur og liggur niður nokkuð bratt gil að Grjótá. Hann er um 35 m á lengd og að jafnaði 2 m á breidd. Garðurinn er líklega að mestu leyti torfhláðinn og er farinn að ganga í þúfur. Garðurinn er greinilegur í gilbrekkunni en uppi á bakkanum hefur honum verið raskað og sést þar ekki. Í miðjunni er garðurinn útflattur og lágur en annars standa

hleðslurnar nokkuð hátt og er hann frá 0,2-1,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906, Túnakort 1919.

RA-199:014 heimild um traðir

A 450493 N 359530

Á túnakorti frá 1919 eru sýndar traðir eða vegur uppfrá bænum til norðurs. Sá hluti traðanna sem var innan eldri marka túnsins var með hlaðna veggj sitthvoru megin. Traðirnar lágu á milli bæjar 001 og yngri garðs 019.

Slétt aflíðandi brekka til suðurs, hér vex gras og arfi. Sunnan/neðan við er malarplan í kringum núverandi fjárhús.

Engin sjáanleg ummerki eru um traðirnar vegna mikills rasks sem hefur orðið á þessu svæði af völdum túnasléttunar og húsbýgginga. Norðan við traðirnar er garður 019 sem stendur enn og hafa traðirnar legið upp að honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-199:015 heimild um útihús

A 450322 N 359310

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt útihús 180 m suðvestan við bæ 001.

Slétt, flatlent og ræktað tún er á þeim stað sem útihúsið var.

Engin ummerki um útihúsið sjást vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-199:016 heimild um útihús

A 450331 N 359277

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 er sýnt útihús 190 m suðvestan við bæ 001. Ætla má að útihúsið hafi verið þar sem lítil hæð er í túni, 40 m austan við Grjótá. Heimildamaður, Ágúst Jensson, greindi frá því að grjót komi upp á þessum stað þegar túnið er plægt og má ætla að það sé grjót úr hleðslum útihússins.

Sléttað, flatlent tún sem er í rækt er á þeim stað sem útihúsið var.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna túnasléttunar en þó má greina örlitla hæð í túninu þar sem það var.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

RA-199:017 *Stekkatún* örnefni stekkur

“Niður af Butrutúni eru Butrusléttur og niður af þeim Ljósirimi. Þar vestur og niður af Stekkatún, austur af því er Blautamýri...,” segir í örnefnalýsingu Butru, Grjótár og Arngæisstaða. Ekki fengust upplýsingar um staðsetningu Stekkatúns niður af Butrutúni og Butrusléttum og tókst því ekki að staðsetja stekk í því. Líkum má leiða að því að Stekkatúnið hafi verið nærri Grjótá, niður við Fljótshlíðarveg, mögulega þar sem sumarbústaður er í afgirtri, skógi vaxinni lóð. Er það svæði um 850 m suðvestan við bæ 001 og 200 m suðvestan við meinta staðsetningu fjárhúsa 002. Ekki var farið inn á sumarbústaðarlóðina í leit að stekknunum. Allt í kringum lóðina eru sléttuð tún og engin ummerki sýnileg um minjar á yfirborði.

Heimildir: Ö-Butra, Grjótá, Arngæisstaðir, 3

RA-199:018_01 stífla áveita

A 450771 N 359878

“Skammt ofar en Bóllækur kemur í Grjótá var hann fyrrum tekinn í skurði til áveitu, austast við bæ í Butru og í Finnshúsakeldu, sem er gil milli eyðijarðarinnar Finnshúsa og vestur jarðarinnar á Teigi” segir í örnefnalýsingu. Áveitumannvirki eru 550 m NNA við bæ 001 og 140 m SSV við uppistandandi bragga og ung fjárhús 029.

Smápýft og grasvaxið er í Bóllækjargili og umhverfis það.

Möguleg ummerki um stíflu má sjá þar sem Bóllækur kemur úr norðaustri og beygir nokkuð skarpt í vestur, rétt áður en lækurinn rennur út í Grjótá. Sunnan í bakka Bóllækjar er stórt grágrýtisbjarg og ofan við það er grjótdreif í læknum. Hún er nokkuð afgerandi og er 2x1,5 m á stærð. Á þessum stað er lækurinn 1 m á breidd. eru líkur til þess að grjótdreifin sé leifar af hleðslu sem hefur stíflað lækinn og veitt vatni eftir skurði 018_02 á tún Butru til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Butra, 1



Stífla RA-199:018_1, horft til vesturs.



Vörslugarður RA-199:018_2, horft til suðvesturs.

RA-199:018_02 renna áveita

A 450763 N 359871

Sunnan við meinta stíflu 018_1 er vegarslóði og sunnan við hann eru ummerki um skurð eða rennu í grafgili í framhaldi af Bóllækjargili. Skurðurinn sést aðeins á rúmlega 30 m löngum kafla frá norðaustri til suðvesturs en hefur haldið áfram til suðurs í átt að bæ. Hann er samansiginn, gróinn og talsverð bleyta í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:019_01 garðlag vörslugarður

A 450438 N 359563

Á túnakorti frá 1919 má sjá garð 019_01 sem hlaðinn var við efri mörk heimatúna og á milli þeirra í þessum hluta Fljótshlíðar snemma á 20. öld. Garðurinn í landi Butru hefur gegnt hlutverki túngarðs



Vörslugarður RA-199:019_1,
horft til norðvesturs.


og vörslugarðs. Lítil rétt 019_02 er við utanverðan garðinn og hefur hún verið byggð eftir 1919. Óljós garður 019_03 liggur af vörslugarði 19_01 suðaustan við Bóllækjargil. Vörslugarðurinn/túngarðurinn var ekki kominn til sögunnar þegar bæjarteikning danskra mælingamanna var gerð 1906. Garðurinn er um 120 m norðan við bæ 001. Nú er sléttað tún ofan við garð og utan hans, neðan garðs er gamla túnið.

Neðan við garðinn og sunnan við hann eru gömul tún sem komin eru í órækt og ekki lengur slegin. Talsvert rask er í gamla heimatúninu sunnan við vesturhluta garðsins vegna byggingaframkvæmda og annars konar umróts. Tún í rækt eru utan og norðan við garðinn.

Lýsingin hefst á garði 019_1 sem er að mestu torfhláðinn. Hægt er að rekja garðinn á um 230 m löngum kafla þar sem hann liggur ASA-VNV. Vírgirðing er ofan á garðinum. Hann er nánast útflattur þar sem hann liggur ofan í grafgil og rof er á honum á tveimur stöðum þar sem hlið eru á girðingunni. Þar sem garðurinn er órofinn er hann farinn að síga, er 1-1,5 m á breidd og víða 0,5-0,6 m á hæð en hæstur er hann um 0,7 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Uppmaling af fornleifjum RA-199:019.

RA-199:019_02 tóft rétt

A 450480 N 359549

Rétt 019_02 er sambyggð utanverðum vörslugarði 019_01 þar sem garðurinn afmarkar norðurhlið gamla heimatúnsins. Hún er hlaðin úr grjóti og torfi, en aðeins sést ANA-veggur og hluti af NNA vegg. Aðrir hlutar hafa verið sléttaðir í tún. Sá hluti réttarinnar sem sést er um 7x7 m að stærð. Sjá má að grjóthleðsla hefur verið gerð í utanverðan garð 019_1 þar sem hann var nýttur sem réttarveggur og má af því ráða að réttin hefur verið um 16 m löng (ASA-VNV). Veggir réttarinnar eru 0,3 m á hæð, mikið rof er í þeim vegna ágangs fjár.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:019_03 garðlag vörslugarður

A 450532 N 359509

Garður 019_03 liggur af garði 019_01 á brún suðaustan við grafgil. Hefur hann líklega myndað gerði með garði 019_01 og legið í sveig SSV við hann. Stærð þess hefur verið 93x45 en garðurinn sést aðeins á 19 m löngum kafla. Hann er torfhláðinn og útflattur og er 0,1-0,2 m á hæð. Ekki er ljóst hvað hlutverki garðurinn eða gerðið hefur gengt en mögulega hefur verið náttthagi innan þess.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rétt RA-199:019_2, horft til SSA.



Vörslugarður RA-199:019_3, horft til NNA.

RA-199:020 heimild um traðir

A 450508 N 359450

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru gamlar traðir austan við bæ 001, rúmum 40 m austan við traðir 014. Þær lágu að austurhlíð bæjarins, og áfram bæði til norðurs og suðurs. Á túnakortinu eru þær merktar sem gamlar og aflagðar á þeim tíma.

Heimatúnið er gróid og slétt. Það er nýtt til sláttar og beitar.

Traðirnar sjást ekki sunnan við bæ 001. Það mótar óljóst fyrir vegi á svipuðum stað til norðurs, milli skemmu og ræktaðs túns.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-199:021_01 þúst óþekkt

A 450382 N 359523

Tvær þústir sem skera sig úr umhverfinu og virðast manngerðar eru í halla til vesturs frá gamla heimatúninu niður að Grjótá. Þústirnar eru 20 m sunnan við túngarð 013 og 125 m norðvestan við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 11x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hlutverk þeirra er ekki þekkt.

Minjarnar eru í smápýfðri, grasi vaxinni brekku í halla mót vestri. Landið hækkar til norðurs, norðan við þústina. Netagirðing er norðan við þústirnar sem nær frá Grjótá að útihúsum uppi á gamla heimatúninu. Vestari þústin 021_01 er ofar í hallanum og er skýrt afmörkuð. Hún er 5,5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Þústin er kúpt og eru hliðar hennar brattar. Hún er öll gróin og er um 1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst RA-199:021_1, horft til norðvesturs.



Þúst RA-199:021_2, horft til norðurs.

RA-199:021_02 þúst óþekkt

A 450376 N 359525

Fast vestan og neðan við þúst 021_01 er önnur þúst 021_02 sem er þýfðari og ógreinilegri. Mögulega er hún náttúrumyndun. Þústin er 7x4 m að stærð, snýr þvert á hina þústina og er í meira aflíðandi halla. Þústin er þýfð og grasi gróin og er 0,5-0,6 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:022 frásögn skemma

A 450413 N 359533

Að sögn heimildamanns, Ágústss Jenssonar, var hænsnakofi og skemma norðvestan við núverandi fjárhús.

Staðurinn sem um ræðir er 115 m norðvestan við bæ 001 og 10 m austan við túngarð 013.

Húsin voru í gamla heimatúninu sem er í órækt á þessu svæði.

Engin ummerki sjást um skemmuna eða hænsnakofann vegna túnasléttunar og rasks, en búið er að rífa niður minjarnar og moka yfir þær. Ekki er víst að þær séu nógu gamlar til þess að geta talist til fornminja og eru þessi hús hvorki sýnd á túnakorti frá 1919 né bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:023 heimild um útihús

A 450444 N 359452

Á túnakorti frá 1919 er sýnt útihús um 50 m norðvestan við bæ 001. Líkleg staðsetning er fast sunnan við núverandi fjárhús og hlöðu, 40 m norðvestan við bæ 001.

Sléttað malarplan framan við fjárhús.

Engin ummerki sjást um útihús vegna rasks og húsbygginga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-199:024 heimild um útihús

A 450462 N 359449

Á túnakorti frá 1919 er útihús sýnt um 17 m norðan við bæ 001. Hnit var tekið um 7 m austan við útihús 023, traðir 014 lágu til norðurs á milli þeirra.

Malarplan norðan við bæ 001.

Engin ummerki um minjar sjást vegna ýmiskonar jarðrasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-199:025 tóft útihús


A 450423 N 359548

Braggagrunnur og leifar af ungu útihúsi eru nyrst í heimatúni Butru, 15 m SSV við garð 019 og 130 m norðvestan við bæ 001. Minjarnar eru of ungar til þess að gera talist til fornminja en eru skráðar engu að síður því að þær eru til vitnis um aldalanga byggingarhefð.

Nyrsti hluti gamla heimatúnsins er utan þess svæðis sem enn er slegið en þar sem ekki eru byggingar er það fremur flatlent og grasi gróið. Gamlar vélar; traktor, heyvagn og fleira eru ofan við og á minjasvæðinu en það er á kúptri hæð ásamt minjum 022.



Útihús RA-19:025, horft til suðausturs.



Uppmaling af útihúsi RA-199:025.

Mannvirkjaleifarnar eru á svæði sem er 14x11,5 m að stærð og snýr nánast norður-suður. Nyrst er torf- og grjóthlaðin tóft. Hún er 11x6 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Af henni standa tveir veggir, austurgafi og norðurveggur sem virðist grafinn inn í mjög aflíðandi halla. Á þeim vegg sést ekki ytri brún. Ytri brún veggjar í austurenda er 0,8-0,9 m á hæð. Í innra byrði þess veggjar má sjá 5-6 umför hleðslu. Óljóst má greina dyr á vesturgafi. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús sé að ræða. Fast sunnan við tóftina er grunnur braggans sem var rifinn fyrir fáum árum. Þar sést lágur, yfirgróinn stallur sem lækkar til austurs. Hann er 0,2-0,3 m á hæð þar sem hann er hæstur í austurenda. Ekki sjást grjóthleðslur í honum. Frammi á brún árgils Grjótár, vestan við tóftina, er nokkuð

afgerandi stallur sem virðist manngerður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:026_01 renna áveita

A 450255 N 359108

Allnokkur ummerki eru um áveitu úr Grjótá á tún neðan við gama heimatúnið. Ofan í árfarveginum eru áveituskurður 026_1 og torfhlaðinn garður 026_2 á svæði sem er 60x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Áveitan er 330 m suðvestan við bæ 001 og fast sunnan við þúst 027 en þar eru meintar leifar myllu. Ekki er útilokað að þústin tilheyri í raun áveitunni og að myllan hafi verið á öðrum stað.

Árgilið er smáþýft og grösugt og eru allháir bakkar upp frá því á slétt tún.

Vatn virðist hafa verið leitt úr mjórri kvísl í Grjótá í skurð 026_1 sem sést fyrst 13 m sunnan við ána. Ekki er útilokað að kvíslin sé manngerð en ekki sjást augljós mannaverk á henni. Skurðurinn sést óljóst nyrst en verður greinilegri eftir því sem sunnar dregur. Hann er um 60 m langur og liggur nokkuð beinn til suðurs, langleiðina upp gilbrúnina. Skurðurinn er alldjúpur austan við garð 026_2 í brekkunni á leið upp á bakkann. Uppmokstur er vestan við norðurhluta skurðarins en ekki er hægt að tala um garðhleðslu. Skurðurinn er 0,2 á breidd og 0,2-0,3 m á dýpt. Hann verður ógreinilegur rétt áður en kemur að garðlagi 026_2 en á milli garðs og brekku er skurðurinn rúmur 1 m á breidd og 0,6-0,7 m djúpur.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Renna RA-199:026_1, horft til SSA.



Garðlag RA-199:026_2, horft til suðvesturs.

RA-199:026_2 garðlag áveita

A 450254 N 359110

Torfhlaðinn garður er meðfram syðri hluta skurðar 026_01 að vestanverðu. Hann er tæpir 30 m a lengd og liggur nálega norður-suður. Mikið rof er í miðjum garðinum vegna vatnsaga úr uppsprettu. Garðurinn er 1,5-2 m á breidd og 0,5-1,4 m á hæð en hæstur er hann nærri suðurenda þar sem hann er í mestri brekku. Vestan við garðinn eru garðbútar sem hafa myndað sveig utan og vestan við hann. Þeir eru heldur lægri og mjórri en hinn garðurinn en virðast einnig torfhlaðnir.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-199:027 þúst mylla

A 450252 N 359182

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: «Um 1925 tóku nokkrir bændur sig saman og settu upp kornmyllu við Grjótá, hún var síðar færð að Kirkjulækjarkoti og notuð þar í stuttan tíma, þetta mun hafa verið síðasta vatnsknúða kornmyllan í Fljótshlíð. Vel getur verið að vatnsknúðar kornmyllur hafi verið á fleiri bæjum í sveitinni, en ekki hef eg fundið neinar heimildir um það.» Ekki er augljóst af tilvísun hér að framan hvort að átt sé við að mylla hafi verið við ána Grjótá eða bæinn Grjótá RA-200 en fyrri merkingin talin líklegri. Ekki fengust upplýsingar um staðsetningu



Þúst RA-199:027, horft til vesturs.

myllu við ána Grjótá en mögulegur staður er þar sem afgerandi þúst er í kvísl árinna um 310 m suðvestan við bæ 001 og örfáum metrum norðan við áveitumannvirki 026. Reyndar getur einnig verið að þústin sé hluti af áveitumannvirkjunum og hafi gegnt hlutverki stíflu.

Mögulegar minjar um myllu eru í Grjótánni, á bakkanum í landi Butru.

Í árfarveginum er lítill hólmi og mjó renna sem skilur hann frá landi næst bakkanum. Hún kann að vera manngerð, a.m.k. að einhverju leyti. Þýfð þúst er í þessum farvegi eða rennu og virðist hún vera manngerð, mögulega leifar af myllu. Þústin er öll ofan í farveginum en hún er 3,3x2,6 m að stærð og um 0,8 m á hæð þar sem hún er hæst. Farvegurinn er að mestu þurr en miklir þurrkar voru búnir að vera þegar vettvangsvinnan var unnin í júní 2019. Talsvert grjót er í farveginum en óljóst er hvort það hefur komið úr hleðslum í þústinni eða ekki. Sem fyrr segir er staðsetning myllunnar ekki þekkt og ekki útilokað að þústin hafi verið fyrirhleðsla/stífla í áveitumannvirki 026.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-199:028 gata leið

A 451101 N 360158



Leið RA-199:028, horft til norðausturs.

Leið er greinileg frá akvegi við bragga, um 975 m norðaustur af bæ Butru 001, og liggur leiðin upp með litlu gili norður, í gegnum Stekkatún 006 og áfram upp á heiðar.

Leiðin liggur í gegnum grasi vaxið beitartún syðst og í móa, ofan Stekkatúns 006.

Leiðin sést á 1200 m löngum kafla, helst sem 1 djúpur ruðningur, um 1,5 m að breidd sem snýr norðaustur-suðvestur. Fleiri umför eru greinileg nálægt ruðningnum en eru mun óskýrari svo erfitt er að segja um breidd leiðarinnar. Rof er á nokkuð mörgum stöðum í ruðningnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-199:029 tóft fjárhús

A 450882 N 359992


Allstór torf- og grjóthlaðin fjárhústóft með niðurgrafinni hlöðu er fast suðaustan við tvískiptan bragga ofan og norðan við Bóllæk, suðvestan við Stekkatún. Fjárhúsin eru 710 m norðaustan við bæ 001 og 30 m norðan við fjárhús 009.

Fjárhústóftin er í gömlu túni sem er komið í órákt fyrir löngu síðan og er smáþýft og mishæðótt en grösugt.

Tóftin er 20x7 m að stærð og snýr VSV-ANA. Fjárhúsin eru í vesturhluta tóftarinnar og niðurgrafin hlaða er í austurhlutanum. Ekki er hlaðinn veggur á vesturgafli þar sem hefur verið timbur- eða bárujárnsþil. Fjárhúsin eru 10x2 m að innanmáli og snúr VSV-ANA. Hlaðan er niðurgrafin um 0,5-0,6 m, er



Tóft RA-199:029, horft til VSV.



Uppmaling af fjárhúsum RA-199:029.

7x2,5 m að innanmáli og snýr eins og fjárhúsin. Í austurgaffli hlöðunnar má sjá móberg og virðist hún því hafa verið grafin ofan í bergið. Aðeins er þúfnaröð á milli fjárhúsa og hlöðu og óvíst hvort veggur hafi verið á milli hólffanna. Greina má útflattar torfhleðslur ofan á veggjum hlöðu og er lítið sem ekkert grjót í þeim, a.m.k. ekki sjáanlegt. Mikið grjót er hins vegar í veggjum fjárhúsanna. Suðurveggur er 1 m á hæð innanmáls og 1,2 m hæð utanmáls þar sem hann er hæstur. Þrjú umför sjást í innanverðum veggjum en þeir eru að mestu grónir. Norðurveggur í fjárhúsum er siginn og grónn. Ekki sést grjót í honum og hann er rofinn í austurenda. Tvær grunnar gryfjur eru fast sunnan við fjárhúsin. Ekki er ljóst hvernig stendur á þeim en þær hafa ef til vill myndast við efnistöku þegar fjárhúsin voru byggð.

Hættumat: engin hætta

RA-199:030_01 tóft óþekkt

A 450904 N 359956

Torfhlaðin tóft og ógreinileg þúst eru 850 m norðan við bæ 001 og 50 m suðaustan við fjárhús 029. Minjarnar eru fast suðaustan við Bóllæk, í sama hvammi og tóft 009. Minjarnar eru á 10x10 m stóru svæði. Minjarnar eru ofan í lækjargili Bóllækjar þar sem gilbrúnin sveigir til suðurs og sunnan við þær, í gilbrúninni, eru hellisskútar. Möguleiki er á að tóft 009 og minjar 030 tengist á einhvern hátt.


Ofan í lækjargilinu er smáþýft og grasi vaxið.

Tóftin er 5x4,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Tóftin er einföld og er op á henni á vesturhlið. Veggir tóftarinnar standa enn en eru farnir að síga og eru frá 0,2-0,5 m á hæð. Innanmálið er greinilegt og er það 4x2 m að stærð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta



Fornleifar RA-199:030, horft til vesturs.



Uppmaling af fornleifum RA-199:030.

RA-199:030_02 þúst óþekkt

A 450900 N 359960

Þústin er ógreinileg en sker sig lítillega frá umhverfi sínu. Hún snýr suðvestur-norðaustur og er 0,1-0,4 m á hæð. Ekkert innanmál er sjáanlegt í þústinni en það má sjá glitta í grjót í henni. Ekki er útilokað að um nátrúrumyndun sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

RA-199:031 náma mógrafir

A 450828 N 360025

Á austurbakka árgils Grjótár er þýfður flati 50 m norðvestan við fjárhús 029 og bragga og 700 m norðaustan við bæ 001. Innan hans er ein nokkuð afgerandi þúst og í kringum hana eru ummerki sem minna helst á mógrafir. Virðast rennur hafa verið grafnar frá svæðinu til þess að veita vatni af því.

Mógrafir og þúst eru vestan undir lágru brún í grasi grónum og smáþýfðum móa. Líklega var ræktað tún á stærstum hluta svæðisins í kringum braggann en óræktað



Mógrafir RA-199:031, horft til suðurs.

næst ánni og þar stærri þúfur. Svæðið er allt mjög þurr en vettvangsvinna fór fram í júní (2019) í mikilli þurrkatíð.

Mógrafasvæðið er 37x28 m að stærð og snýr norður-suður. Þústin er í norðurhluta svæðisins og er hún um 5 m í þvermál og 0,5 m á hæð. Þústin er stórþýfð og sést ekkert innanmál í henni. Til greina kemur að hún sé leifara af móstæði en mögulega er aðeins um að ræða svæði sem skilið var eftir innan svæðisins.

Hættumat: engin hætt

RA-199:032 heimild um útihús

A 450324 N 359368

Á túnakorti frá 1919 er útihús um 140 m suðvestan við bæ 001 og 25 m norðan við útihús 033. Útihúsið er sýnt sem tóft á túnakortinu.

Áætluð staðsetning útihússins er fast vestan við sléttað tún, á bakka ofan við Grjótá. Svæðið er ræktað en þar sem útihúsið var að öllum líkindum er það grænna.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-199:033 heimild um útihús

A 450319 N 359342

Á túnakorti frá 1919 er útihús um 165 m suðvestan við bæ 001 og 25 m sunnan við útihús 032. Útihúsið er sýnt sem tóft á túnakortinu.

Hættumat: hætt, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200 Grjótá

20 hdr. 1710. Jarðarinnar getið í Njálu. ÍF XII, 87.

1521: Jarðarinnar getið í virðingargjörð á eignum Vigfúsar Erlendssonar. DI VIII, 798.

1710: "Slægjulandinu spillir Grjótá með grjóti og leir." JÁM I, 155

1919: Tún 6,5 ha, 4 ha sléttáð, garðar 1700 m² "Tún er gott og grasgefið í halla mót suðri og engjar þar niður af. Þær hafa verið þurrkaðar og ræktaðar. Hagar eru uppi í hlíðinni, upp frá bænum, skjólgóðir og grösugir en ekki víðlendir, þeir eru girtir af að meiri hluta." SB IV, 419



Túnakort Grjótár RA-200 frá 1919, upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir slákar. ©Loftmyndir ehf.

RA-200:001_01 Grjótá bæjarhóll bústaður

A 450120 N 359531



Bæjarhóll RA-200:001_1, borft til suðausturs.

Bæjarhóll Grjótár er litlu vestan við mitt heimatúnið í afliðandi halla til suðurs. Á bæjarhólnum eru þrjú gömul hús sem teljast til fornminja; gamalt íbúðarhús byggt 1920 (sjá 001_2), hlaða 001_3 og fjós 001_4. Á milli hlöðu og fjóss er hleðsla 001_7 sem er mögulega í tengslum við hlóðaeldhús sem var á svipuðum stað. Að auki eru óljóst ummerki um kálgarða 001_6 og heimild um eitt stakstætt hús 001_5 innan bæjarhólsins.

Ræktuð tún allt í kring, tún vestan og norðaustan við bæinn, nýtt til beitar. Malarplan framan við hús til suðurs.

Lýsingin hefst á bæjarhólnum en mörk hans eru greinileg til suðurs og nokkuð skýr til vesturs. Suðurjaðarinn er að líkindum að hluta til leifar af kálgarðahleðslu, sjá 001_6. Hóllinn er um 90x50 m að stærð og snýr austur-vestur. Bæjarhóllinn er 1-1,5 m hár. Ekki hefur orðið mikið rask á honum í seinni tíð því að á honum standa ýmis gömul hús. Helst hefur orðið rask á honum austanverðum vegna byggingaframkvæmda. Að sögn heimildamanna, Ástu og Ásrúnar Þorbjörnsdætra, hafa hvorki komið upp mannabein né aska við framkvæmdir á bæjarhólnum. Íbúðarhús byggt 1920 ca, byggt við og breytt 1952.

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:001_02 hús bústaður

A 450113 N 359524



Íbúðarhúsið á Grjótá, RA-200:001_2.

Íbúðarhúsið á Grjótá var byggt 1920 og stendur á sama stað og eldri bær, á vesturhluta bæjarhólsins. Byggt var við húsið árið 1952 og þá var því mikið breytt. Bæjardyrnarar voru áður á suðurhlið en eru nú á austurhlið. Aðrar dyr eru á vesturgaffi hússins. Gamla dyrahellan er enn á sínum stað sunnan við austurhluta hússins og það var stétt framan við húsið sem er að gróa yfir en sést enn móta fyrir. Húsið er bárujárnsklætt timburhús og er steypur kjallari undir því. Það er 13x9,5 m að grunnfleti og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:001_03 hús hlaða

A 450127 N 359525

Hlaða byggð 1904 er austan við íbúðarhús 001_02. Hún er bárujárnsklætt timburhús. Fast austan við hana er nýleg stór skemma og fleiri útihús sem byggð hafa verið í seinni tíð. Á túnakorti má sjá að lítið hús var austast í bæjarröðinni, mögulega hefur það verið skemma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:001_04 hús fjós

A 450111 N 359543

Gamla fjósið er fast norðan við íbúðarhús 001_2, hlaðið úr torfi og grjóti. Það er um 10x10 m að stærð og er bárujárnsklætt dyraþil á vesturgaffli. Gafflhlað á austurgaffli er bárujárnsklætt og gluggir er á því. Veggir eru um 1,2 m á hæð utanmáls en á austurgaffli eru þeir enn hærri 1,5-1,8 m á hæð. Ekki sést í grjóthleðslur utanmáls. Fjósið er notað sem fjárhús. Af túnakortinu að dæma virðist það hafa verið lengra vesturs á þeim tíma (1919).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Hlaða RA-200:001_3, borft til norðurs.



Fjós RA-200:001_4, borft til SSA.

RA-200:001_05 heimild um útihús

A 450100 N 359544

Á túnakorti frá 1919 er sýnt lítið hús framan og vestan við fjós 001_4. Þar mundu Ásta og Ásrún eftir kamri en töldu líklegt að annað hús hefði staðið á þessum stað áður eða fannst húsið á túnakortinu fullstórt til þess að geta verið kamarinn. Engin ummerki sjást lengur um þetta hús og er afgirt malborið plan á staðnum, framan við fjósið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:001_06 kantur kálgarður

A 450119 N 359514

Tvískiptur kálgarður var sunnan við bæjarröðina og var vestan við hana að hluta og náði einnig austur fyrir bæjarhúsin, fram á austurjaðar bæjarhólsins. Suðvestan við íbúðarhús 001_2 er enn dálítill lystigarður. Þar vaxa rífsber, rabarbari, birki, reynir og fleiri plöntur. Garðurinn er í góðri rækt og er afgirtur. Framan við íbúðarhúsið, í suðurjaðri bæjarhólsins, er afgerandi kantur um 40 m langur. Er hann líklega leifar af gerði sem afmarkaði kálgarðinn. Hann er um 0,6 m á hæð. Gamall hjallur (byggður 1930) er ofan á miðjum kantinum og sést hann ekki þar á kafla. Engin ummerki sjást um kálgarðinn á austurhluta bæjarhólsins vegna rasks og byggingaframkvæmda.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Kálgarður RA-200:001_6, borft til austurs.



Eldhús RA-200:001_7, borft til NNV.

RA-200:001_07 hleðsla eldhús

A 450119 N 359535

Gróin torf- og grjóthleðsla er á milli fjóss 001_4 og hlöðu 001_3. Er þar mögulega um leifar af hlóðaeildhúsi að ræða sem var á þessu svæði að sögn heimildamanna, Ástu og Ásrúnar Þorbjörnsdætra. Hleðslan er 4,5 m á lengd, snýr norður-suður og er 1,5-2 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:002 tóft útihús

A 450044 N 359539


Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m vestan við bæ 001 í vesturhluta túnsins. Þar sést ennþá einföld tóft sem er á örlíttilli hæð í túninu.

Tóftin er í gömlu og þýfðu túni sem er nýtt sem beitarhólf. Það er í aflíðandi halla til suðurs.

Tóftin er 7 x 6 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hlaðinn veggur á suðurhlið tóftar þar sem hefur



Útihús RA-200:002, horft til norðurs.



Uppmaling af útihúsi RA-200:002.

verið timburpil með dyrum. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og standa hleðslur enn en þó er aðeins farið að hrynja úr þeim inn í tóftina. Tóftin er hlaðin inn í affiðandi hallann og eru veggir lægstir nyrst þar sem þeir eru 0,3 m á hæð en hæstir syðst á vestur- og austurveggjum þar sem þeir eru allt að 1 m á hæð. Tóftin er gróin að utan en að innan sjást hleðslurnar vel og má telja sjö umför þar sem þær eru hæstar. Samkvæmt heimildamönnum, Ástu og Ásrúnu Þorbjörnsdætrum, var útihúsið síðast notað sem hænsnakofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:003 heimild um útihús

A 450240 N 359593

Samkvæmt túnakorti frá 1919 stóð var úthús norðaustan við bæ 001 og 40m vestan við útihús 004. Útihúsið er ofarlega í túni í affiðandi halla til suðurs. Áveituskurður 007 er 60m austan útihúsið. Útihúsið var í norðurenda ræktaðs túns.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:004 heimild um útihús

A 450275 N 359589

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 160m norðaustan við bæ 001 og 40 m austan við útihús 003. Útihúsið var 10 m vestan við túnjaðarinn.

Útihúsið var í norðurenda ræktaðs túns.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:005 tóft útihús

A 450166 N 359647



Útihús RA-200:005, horft til norðurs.

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús 110 m norðan við bæ 001 og 40 m austan við traðir 015 í túnjaðri. Þar er tóft á gróinni tungu sem gengur til suðurs inn á túnið og er í affiðandi brekku til suðurs.

Tóftin er í sléttuðu túni sem er enn í rækt.

Tóftin er 7x4 m á stærð og snýr norður-suður og eru veggir 0,2 m á hæð. Tóftin er ógreinileg og útlöft og ekki sést móta fyrir innanmáli. Ekkert grjót er sjáanlegt í henni. Af útliti tóftarinnar er ekki hægt að segja nánar til um hlutverk hennar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:006 garðlag túngarður

A 449995 N 359605

Á túnakorti Grjótár frá 1919 er sýndur gamall túngarður sem afmarkaði túnið að norðanverðu og nyrsta hluta vesturhliðar sem er á merkjum á milli Grjótár og Arngrímsstaða. Garðurinn er einnig sýndur á bæjarteikningu danskra mælingamanna 1906 en aðeins meðfram norðurjaðri túnsins. Garðurinn er að mestu horfinn en þó sést nokkuð afgerandi kantur nyrst á vesturhlið túnsins og óljós hryggur sést einnig á stuttum kafla á norðurhlið túnsins.



Túngarður RA-200:006, horft til suðausturs.

Vestan við túnið á Grjótá er sléttuð grasflöt innan lóðar í kringum nýlegt íbúðarhús á Arngeirsstöðum. Innan

garðs, í norðvesturhluta gamla heimatúnsins er sléttað tún sem ekki er lengur slegið en er nýtt til beitar. Það er grösugt og smáþýft. Í norðausturhlutanum er sléttað tún í rækt.

Túngarðurinn afmarkaði svæði sem er um 300x150 m að stærð og snýr austur vestur. Kanturinn meðfram vesturjaðri túnsins, á merkjum milli Grjótár og Arngeirsstaða, sést á 72 m löngum kafla og liggur NNA-SSV. Innri brúnin sést ekkert en ytri brúnin er ríflega 1 m á hæð þar sem hún er hæst, lækkar beggja enda. Hvergi sést í grjót í kantinum og er hann algróinn. Í framhaldi af honum til norðurs er girðing og hlaðið hefur verið undir hana þar sem hún liggur yfir lægð sem áður var votlend. Í norðurjaðri túnsins er lítt afgerandi hryggur á um 15 m löngum kafla þar sem ætla má að túngarðurinn hafi legið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:007_01 garðlag

A 450494 N 359734

“Rafstöð var reist við ána á Grjótá árið 1938 af ábúendum Grjótár, Butru, Arngeirsstaða og Teigs I, en var aflögð þegar rafmagn kom frá samveitu (Sogi) í sveitina,” segir í Sunnlenskum byggðum. Virkaði vel nema ef krapí í ánni. Rafstöðin og öll mannvirki hennar eru varðveitt. Efst til norðausturs er varnargarður/skurður sem leiddi vatn að safnþró 02. Milli hennar og rafstöðvarhús 03 var niðurgrafið rör. Reykkofi var í safnþrónni en kartöflur geymdar í neðra húsinu eftir að rafstöðin var aflögð. Mínjarnar eru á svæði sem er 600m á lengd frá skurði 01 til norðurs niður til að húsi 03, suðaustan við við bæ 001. Rafstöðin er í vesturhluta Grjótárgils vestan við bæ 001. Svæðið er gróið, ræktuð tún eru staðsett til beggja átta.



Garðlag RA-200:007_1, horft til suðvesturs.

Garðlag er á vesturbakka Grjótár og niðurgráfin renna er fast austan við það. Garðlagið sést á um 350 m löngum kafla, bæði innan og utan heimatúnsins. Rennan hlykkjaðist með ánni og veitti vatni í safnþró 02, sem er innan heimatúnsins. Garðlagið er 0,5-2m á hæð, algróið og hliðar þess brattar. Líklega var það gert úr uppmokstri rennunnar að hluta en einnig hlaðið.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SB IV, 419

RA-200:007_02 mannvirki

A 450296 N 359505

Safnþró var staðsett í steypu húsi sem stendur enn. Það er 3x2 m að stærð og nýtt sem reykki eftir að rafstöðin var aflögð. Dyr eru til austurs, að gilinu. Safnþróin var grafin inn í lága brekku til vesturs. Rör lá þaðan til suðurs til rafstöð 03.

Hættumat: engin hætta



Safnþró RA-200:007_2, horft til norðausturs.



Rafstöð RA-200:007_3, horft til norðurs.

RA-200:007_03 mannvirki

A 450296 N 359385

Rafstöðin stendur enn, veggir eru steypfir og torf yfir þaki. Líklega er hún byggð eins og flestar aðrar rafstöðvar af þessari gerð en veggir sést illa vegna torfsins. Húsið var nýtt sem kartöflukofi eftir að rafstöðin var lögð af. Rafstöðin er 110-115m sunnan við safnþró 02, fast vestan við Grjótá.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Sb IV, 419

RA-200:008_01 *Brúnatóft* tóft beitarhús

A 450923 N 361009



Uppmæling af fornleifjum RA-200:008. ©Lofitmyndir ehf.

“Suður frá Grjóthólum er all stór mýri, sem kallast Mosmýri. Vestur af henni er Tíkarpyttalaut. ... Suður af Mosmýri kallast Vallendi og Brúnir þar suður af. Í Brúnunum er gömul fjártóft, heitir Brúnatóft,” segir í örnefnalýsingu. Brúnatóft er sigin, torfhlaðin beitarhúsatóft sem er tæpum 2 km NNA við bæ 001. Hringlaga heystæði er um 40 m suðvestan við Brúnatóft og eru þær skráðar saman en hvor fær sitt númer. Á milli tóftanna er ungur áveituskurður 025. Minjarnar eru í grónu vallendi en stutt er í Mosmýri til norðvesturs.

Lýsingin hefst á Brúnatóft og er hún 8x7,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóftin er sigin og aflöguð en fremur ferhýrnd. Í norðurhluta hennar er nokkuð skýrt afmarkað hólfi sem snýr austur-vestur og er 5,5x2 m að innanmáli. Op er á því og inn í tóftina í norðausturhorni. Úr þessu hólfi er op inn í tvö minni hólfi til suðurs. Hólfið í suðvesturhorni tóftarinnar er mjög óljóst og er 1x2,5 m að innanmáli, snýr norður-suður. Í suðausturhorni tóftarinnar er hólfi sem er einnig fremur ógreinilegt og er um 2x3 m að stærð og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,4 m á hæð, hæstir á norður- og vesturhliðum. Nokkuð rof er í kringum tóftina einkum vestan og sunnan við hana sem

hefur ef til vill myndast að hluta eftir efnistöku.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1



Beitarhús RA-200:008_1, borft til SSA.



Heystæði RA-200:008_2, borft til vesturs.

RA-200:008_02 tóft heystæði

A 450909 N 360966

Torfhlaðin og hringlaga tóft af heystæði 008_2 er um 40 m suðvestan við Brúnatóft 008_1. Hún er 6 m í þvermál og er innanmál hennar illgreinanlegt vegna rofs. Hæð veggja er frá 0,1–0,5 m en víðast er hún 0,3 m.


Hættumat: engin hætta

RA-200:009_01 *Katrínarsel* tóftaþyrping sel

A 450698 N 360570

“Önnur tvö smá gil eru vestar og ná upp í Brúnir er það Vestra og Eystra-Klofningsgil [.] Milli þeirra er Klofningstangi og þar austar og neðar er Hundapúfubali. Katrínarsel er þar nokkru neðar og vestar,” segir í örnefnalýsingu. Minjar um Katrínarsel eru er 1 km NNA við bæ 001, austan við Klofningstanga. Selið er sunnan undir afgerandi hæð á grastungu milli tveggja gilja í afliðandi brekku til suðurs. Austan við minjarnar virðist vera gamalt tún. Á selstæðinu eru fjórar tóftir og ein þúst á svæði sem er um 60x45 m á stærð og snýr norðaustur og suðvestur.

Selið er í smápýfðu mólendi og vestan við það rennur lækur í Eystra-Klofningsgili. Víðsýnt er frá selinu og góðir hagar í kring.



Uppmæling af Katrínarseli RA-200:009. ©Loftmyndir ehf.

Minjalýsingin hefst á seltóft 009_1 sem er sunnan undir brekku, 5 m suðaustan við kvíatóft 009_4 og 7 m norðaustan við tóft 009_2. Hún snýr VSV og ANA og er 13 x 7 m að stærð og skiptist í þrjú hólfi. Bæði á vestasta hólfinu og miðju hólfinu má greina op á suðurhlið. Austasta hólfið er stórpýft og má greina innanmál en það er frekar óskýrt og á hólfinu er ekki sjáanlegt op. Á norðurhlið tóftarinnar er einhverskonar hólfi, niðurgroftur eða rof sem er um 1x1 m að stærð. Veggir tóftarinnar eru 0,2-0,6 m á hæð, hæstir í austurenda.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grjóta og Arngeirsstaðir, 1



Sel RA-200:009_1, horft til SSA.



Sel RA-200:009_2, horft til austurs.

RA-200:009_02 tóft sel

A 450677 N 360565

Stór og sigin tóft er 7 m suðvestan við seltóft 009_1 og virðist tóft 009_3 vera byggð ofan í suðausturhluta hennar. Heildarstærð tóftarinnar er 20x15 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í henni má greina fimm hólfi og hefst lýsingin norðvestast. Þar eru tvö samsíða hólfi sem snúa norðaustur-suðvestur. Norðvestast er hólfi sem er 3,5x1,5 m að innanmáli og er op á því í suðvesturenda. Þar suðaustan við er hólfi sem er 2x2,5 m að innanmáli og er einnig op á því í suðvesturenda. Framan og suðvestan við þetta hólfi er lítið rými sem opnast annars vegar út úr tóft til vesturs og hins vegar inn í allstórt gerði til austurs. Er það 7,5x4,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Suðvestan við það er hólfi sem er 3,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Op er á því í suðvesturenda. Veggir í tóftinni eru allt að 0,4-0,5 m á hæð en víða lægri. Hvergi sést í grjóti í hleðslum og virðist tóftin hafa verið torfhlaðin að langmestu leyti.

Hættumat: engin hætta

RA-200:009_03 tóft óþekkt

A 450681 N 360564



Tóft RA-200:009_3, horft til vesturs.

Tvískipt torfhlaðin tóft 009_3 virðist byggð ofan á suðausturhluta tóftar 009_2 og stendur mun hærra en hún. Þessi tóft virðist vera yngsta mannvirkid á selstæðinu. Tóftin er 8,5x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Austara hólfið er mun greinilegra en það vestara, það er 1,5x1,5 m að innanmáli og virðist hafa verið op á því á suðurhlið. Austara hólfið er 2x1 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ytri brún veggja í tóftinni er 0,2 m á hæð. Ekki er ljóst hvort þessi tóft sé seltóft eða hafi haft annað hlutverk.

Hættumat: engin hætta

RA-200:009_04 tóft kvíar

A 450691 N 360580

Einföld tóft 009_4 er 4 m norðvestan við seltóft 009_1. Hún er í afliðandi brekku til suðurs, sunnan undir allbrattri brún. Tóftin er 6x4 m að stærð og NNA-SSV. Op er á tóftinni í SSV-enda. Hæð veggja

er frá 0,2-0,5 m og austan og vestan við tóftina má sjá ummerki um efnistöku. Það er ekki ljóst hvert hlutverk tóftarinnar var en helst kemur til greina að hún sé af kvíum.

Hættumat: engin hætta



Kvjar RA-200:009_4, borft til norðurs.



Þúst RA-200:009_5, borft til suðvesturs.

RA-200:009_05 þúst óþekkt

A 450704 N 360543


Þúst 009_5 er 20 m suðaustan við seltóft 009_1 og því aðeins frá öðrum minjum í Katrínarseli. Götur á leið 033 liggja fast austan við þústina og hafa mögulega legið yfir hana líka. Þústin er um 2x2 m að stærð og er í halla til suðurs. Hún er 0,2-0,3 m á hæð, hæst á suðvesturhlið, en mörk hennar til norðausturs eru ógreinileg. Ekki er ljóst um hvers konar mannvirki gæti leynst í þústinni en hún sker sig úr umhverfinu, bæði hvað varðar hæð og einnig er grænna gras á henni en umhverfis.

Hættumat: engin hætta

RA-200:010_01 *Fjárbústangi* tóft beitarhús

A 450524 N 359958

“Niður af Hundapúfubala er vallendislaut, sem heitir Sellág og Sellágarbali [sjá Katrínarsel 009] er þar við



Uppmæling af fornleifum á Fjárbústanga RA-200:010. ©Lofmyndir ehf.

lautina, en Fjánhúsgil heitir gilið neðan við Klofningstangann. Úr því liggur skurður þvert austur og kallast Þverstokkur [sjá Neðri-Þverstokk 038]. Neðan við hann er Kúafلاغ og Djúpibugur þar austar, við ána. Þar enn sunnar er Fjánhústangi,” segir í örnefnalýsingu. Á Fjánhústanga stór beitarhúsatóft sem kölluð er Neðri-Fjánhústóft auk sex minni tófta og garðlags á svæði sem er 65 x 57 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar eru 570 m norðaustan við bæ 001 og 450 m suðvestan við Efri-Fjánhús 011. Garðlagið virðist hafa afmarkað minjasvæðið til allra átta nema vesturs, þar var lækur. Það bendir til þess að sel eða mögulega býli hafi verið á svæðinu.

Minjarnar eru á svæði sem sker sig úr sökum hve hátt og vel grasi vaxið það er. Norðan svæðisins vex meiri sina, en fyrir sunnan lækkar landið og er grasgróður mun lágvaxnari.

Stór fjánhústóft 010_1, Neðri-Fjánhústóft, er norðvestast á svæðinu og stærst minjanna. Þau beitarhús voru notuð af afa núverandi ábúendum á Grjótá, Ástu og Ásrúnu Þorbjörnsdætra. Tóftin er um 18,6 x 18 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru hæstir um 1 m, vel grónir grasi en má sjá grjót í hleðslum, þó hvergi meira en 1 umfar. Þrjú hólfr eru greinileg í tóftinni. Syðsta hólfið er 5,9 x 4,8 m að stærð og snýr norður-suður. Garði gengur úr suðurvegg hólfsins að skilum milli hólfa. Er hann 1,4 m breiður og hæstur um 0,3 m. Norðan þess hólfs er annað hólfr en ekki er veggur milli þeirra, heldur er nyrðra hólfið niðurgrafið um 0,30 m miðað við syðra hólfið. Er það 5,5 x 2,2 m að stærð og snýr líkt og tóftin. Þriðja hólfið er vestan annars hólfsins og er það 2,2 x 1,9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1



Beitarhús RA-200:010_1, horft til suðvesturs.



Fjárskýli RA-200:010_2, horft til austurs.

RA-200:010_02 tóft fjárskýli

A 450539 N 359959

Tóft er 5 m austan við tóft 010_01. Hún er einföld, 6,9 x 5,9 m að utanmáli, 2,5 x 1,9 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggir eru hæstir um 0,6 m en lægri til vesturs þar sem þeir hafa sigið meira en annars. Tóftin er vel gróin grasi. Ekkert op sést á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

RA-200:010_03 tóft fjárskýli

A 450542 N 359942

Tóft er 15 m suðaustan við tóft 010_01 og 12 m sunnan við tóft 010_02. Hún er einföld, 6,8 x 5,5 að utanmáli og 2,2 x 1,6 að innanmáli. Tóftin snýr austnorðaustur-vestsuðvestur en hólfið snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,4 m, signir og vel grónir grasi. Tóftin er ofan á litlum hólfr og nær um hann allan að ofan. Ekkert op er greinilegt á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

RA-200:010_04 tóft fjárskýli

A 450556 N 359953

Tóftin er 23 m austan við tóft 010_01. Hún er einföld, 9,4 x 8,0 m að utanmáli, 4,5 x 3,0 að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,3 m, signir og vel grónir grasi. Í suðurhorni tóftarinnar eru veggir óskýrir en hugsanlegt er að þar hafi verið op sem í hefur hrunið.

Hættumat: engin hætta



Fjarskýli RA-200:010_3, horft til SSV.



Fjarskýli RA-200:010_4, horft til norðvesturs.

RA-200:010_05 dæld óþekkt

A 450555 N 359967

Dæld er 23 m austnorðaustan við tóft 010_01 og 8 m norðan við tóft 010_04. Hún er ferköntuð, 7,0 x 3,0 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er niðurgrafin, um mest 0,5 m, en landslagið hækkar til norðvesturs svo að dældin er jafndjúp landslagi til suðausturs. Ekki er að sjá neinar veggghleðslur í niðurgreftrinum en engu að síður er lag hennar þannig að vissulega er um mannaverk að ræða, hugsanlega torftökusvæði fyrir aðrar minjar á svæðinu eða grunnur undan yngra húsi.

Hættumat: engin hætta

RA-200:010_06 tóft fjarskýli

A 450566 N 359947

Tóftin er 35 m austan við tóft 010_01. Þetta er austasta tóftin á svæðinu, á milli hennar og hinna minjanna er vegslóði. Tóftin er einföld, 5,5 x 4,9 m að utanmáli og 2,0 x 0,6 m að innanmáli. Tóftin snýr norðvestur-suðaustur en hólfíð snýr þvert á tóftina og er opið til suðvesturs. Veggir tóftarinnar eru vel vaxnir grasi og sinu, eru hæstir um 0,5 m og teknir að síga.

Hættumat: engin hætta



Dæld RA-200:010_5, horft til vesturs.



Fjarskýli RA-200:010_6, horft til austurs.

RA-200:010_07 þúst óþekkt

A 450536 N 359926

Þúst er tæpum 30 m suðaustan við tóft 010_01 og 34 m suðvestan við tóft 010_06. Hún er sporöskjulaga, 6,8 x 6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er um 0,6 m hærri en umhverfi sitt og vel grasi vaxin, en hún er staðsett á litlum hól. Ekki er hægt að greina með vissu hvar hóllinn endar og þústin hefst.

Hættumat: engin hætta

RA-200:010_08 garðlag túngarður

A 450529 N 359920

Túngarður afmarkar syðri og nyrðri mörk minjasvæðisins. Svo virðist sem túngarðurinn hafi afmakað minjasvæðið til allra átta nema vesturs. Hann er horfinn til austurs og mögulega kominn undir vegslóða sem þar er. Túnið var um 0,5 ha að stærð. Túngarðurinn sést einna best um 20 m sunnan við tóft 010_01. Til vesturs hverfur hann í Fjánhúsgil og í gróður til austurs en stefnan gefur í skyn að þúst 010_07 hafi verið sambyggð túngarðinum, innan túns. Þessi hluti er 30,5 m langur og 2,7 m að breidd, hæst um 0,5 m og vel gróið grasi. Það er byggt í aflíðandi sveig, með stefnu norðvestur-suðaustur vestast en austurs-vestur austast. Fyrir norðan tóft 010_01 er túngarðurinn um 34 m langur og 2-4,5 m á breidd. Til vesturs hverfur garðlagið í Fjánhúsgil og í gróður til austurs. Garðlagið er bogadregið og stefnir að dæld 010_05. **Hættumat:** engin hætta




Þúst RA-200:010_7, þorft til vesturs.



Túngarður RA-200:010_8, þorft til norðvesturs.

RA-200:011_01 Efri-Fjánhústóft tóft beitarhús

A 450791 N 360315



Uppmaling af fornleifum RA-200:011.

Stór fjánhústóft, kölluð Efri-Fjánhústóft, er litlu austar en Neðri-Þverstokkur 038, um 1 km norðaustan við bæ 001 og 450 m norðaustan við Neðri-Fjánhústóft 010. Auk fjánhúsanna er lítil tóft og eru minjarnar á svæði sem er 28x15 að stærð og snýr NNA-SSV.

Minjarnar eru á tungu milli Grjótár til austurs og lækjargils til vesturs. Tungan er í halla til suðurs en í henni eru stallar og er Efri-Fjánhústóftin á einum slíkum stalli. Tún hefur verið sléttað og ræktað í tungunni. Einnig eru tún neðar í tungunni. Utan túna er smáþýfður og gróinn mói sem vaxinn er grasi og mosa.

Efri-Fjánhústóft 011_1 er syðst á svæðinu. Tóftin er 16x14 m að stærð, er þrískipt og snýr stöfnum til SSV. Aftast í tóftinni, í NNA-enda er hlaða sem er niðurgrafin um 0,3-0,5 m. Hún er 5x3 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Ekkert grjót sést í hleðslum og hefur talsvert hrúnið ofan í hana, einkum úr NNA-vegg. Ekki er hlaðinn veggur á milli hlöðu og fjárhúsa sem er SSV við hlöðu og snýr þvert á hana. Fjánhúsin eru 8x2 m að innanmáli og ekki er hlaðinn veggur í SSV-enda þeirra þar sem

ætla má að hafi verið timburpil. Nokkuð rask hefur orðið í þeim enda tóftarinnar og er þar laust grjót í grassverði. Grjóthleðslur í veggjum fjárhúsanna eru yfirgrónar en þar sem hægt er að sjá 2 umför á stöku stað. Samsíða fjárhúsum að vestanverðu er þriðja hólfið sem hefur lægri og grónari vegg en fjárhús og hlaða. Líklega hefur þar verið heystæði. Það er 5x2,5 m að innanmáli en innri mörk þess eru ekki mjög afgerandi. Op virðist vera á heystæði í SSV-enda. Mesta hæð ytra byrðis veggja er í fjárhúshlutanum þar

sem það er 1 m á hæð. Veggir í hlöðu eru 0,2-0,4 m á hæð og í heystæðinu 0,7-0,8 m.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grjóta og Arngeirsstaðir, 1



Beitarhús RA-200:011_1, borft til suðvesturs.



Tóft RA-200:011_2, borft til VNV.

RA-200:011_02 tóft beitarhús

A 450800 N 360333

Torfhlaðin tóft 011_2, sem líklega hefur einnig gegnt hlutverki beitarhúsa, er 8 m norðan við beitarhús 011_1. Tóftin er 6 x 5 m, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmálið er nokkuð skýrt og snýr opið til suðausturs. Tóftin er nokkuð sigin og er frekar óskýr á austurenda og er veggir þar 0,2 m á hæð. Annars standa hleðslurnar nokkuð vel og er hæð veggja allt að 0,7 m. Austan við tóftina má greina örlytla bungu sem er líklegast hrún.

Hættumat: engin hætta

RA-200:012 brunnur brunnur

A 450102 N 359562

Heimildamenn, Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur, greindu frá því að norðan og vestan við traðir 015 hafi verið brunnur. Hann sést enn og er 35 m NNV við bæ 001 og 7 m vestan við bragga.

Brunnurinn er í smápýfðu túni sem komið er í órækt og nýtt er sem beitarhólf. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs.

Brunnurinn sést sem smá lægð sem er um 1 m í þvermál og 0,3 m á dýpt. Honum hefur verið lokað með gömlum hjólbörum sem eru grónar fastar við grassvörðinn. Hægt er að sjá ofan í brunninn í gegnum gat á hjólbörunum og má sjá að hann er nokkuð djúpur en ekki reyndist unnt að áætla dýpt hans. Brunnurinn er samansiginn og eru engar grjóthleðslur að sjá í honum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Brunnur RA-200:012, borft til suðurs.

RA-200:013 frásögn brunnur

A 450163 N 359565

Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur, heimildamenn, muna vel eftir brunni sem var í kverk vestast í Álfbrekku 60 m norðaustan við íbúðarhús 001_2. Seinna var vatni veitt vatni heim að bæ ofan úr Arngeirstaðalandi í skurði og svo í leiðslu þegar komið að túninu.

Grasi gróið er í kringum brunninn en deiglent og verður blautt í leysingum og rigningum en var þurr þegar vettvangsvinna fór fram í júní 2019.

Engin ummerki sjást um brunninn en þó er grunn lægð og lítilsháttar rof í sverði þar sem hann var. Hefur brunnurinn sigið saman en líklegt er að það hafi verið fyllt upp í hann. Ekki vitað til þess að hann hafi verið grjóthlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:014 Þýfðagerði garðlag óþekkt

A 450042 N 359359



Garðlag RA-200:014, horft til VNV.

“Holt kallast túnið austur af Útsetu [efst og vestast í túninu] og Þýfðagerði þar neðar, vestan við gamlar traðir [015] frá götum heim að bænum [001],” segir í örnefnalýsingu. Garðlag sem ætla má að hafi afmarkað Þýfðagerði er fast vestan við traðir 015 og 80 m norðvestan við bæ 001.

Garðurinn er í smápýfðu og grösugu túni sem er ekki lengur í rækt og er í aflíðandi halla til suðurs. Garðurinn sést greinilega á um 75 m löngum kafla í miðju túni vestan traða. Óljóst framhald af garðinum má greina til austurs að tröðum og til vesturs að túnjaðri og landamerkjum móti

Arngeirsstöðum. Þar á merkjum er ógreinilegur garður 006. Heildarlengd garðsins sem ætla má að hafi afmarkað Þýfðagerði að hluta er því líklega um 130 m langt. Virðist þessi garður hafa tengst garði sem afmarkar Práinsgerði 016 en það er austan við traðir 015. Garðurinn liggur til VSV frá garði 006 á merkjum en afgerandi hlykkur er á honum miðjum þar sem hann beygir til NNA og aftur til ANA þar til hann endar við traðir 015. Garðurinn er allt að 0,5 m hár þar sem hann er hæstur en að jafnaði er hann um 0,3 m á hæð. Víðast er hann 5 m á breidd. Hann er útflattur og fornlegur en sést engu að síður nokkuð vel í túninu sem afgerandi hryggur þrátt fyrir að túnið hafi verið sléttað. Í grunnri rás norðan við garðinn safnast fyrir vatn á veturna. Ásta Þorbjörnsdóttir, heimildamaður, greindi frá því að það hefði komið upp grjóti úr garðinum við túnasléttun.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjóta og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:015 garðlag traðir

A 450129 N 359651



Traðir RA-200:015, horft til suðurs.

“Holt kallast túnið austur af Útsetu [efst og vestast í túninu] og Þýfðagerði [014] þar neðar, vestan við gamlar traðir frá götum heim að bænum,” segir í örnefnalýsingu. Vesturveggur traðanna heim að bænum sést enn 40 m norðan við bæ 001 og liggur malarslóði eftir tröðunum en austurveggurinn er ekki greinanlegur.

Traðirnar skilja á milli túnhluta og eru í mjög aflíðandi halla til suðurs. Túnið vestan við traðirnar er orðið smá þýft og er nýtt til beitar en túnið austan við er slétt og enn slegið.

Traðirnar liggja beint til norðurs frá bænum og sést vesturveggurinn á 75 m löngum kafla.

Veggurinn er 1-1,5 m á breidd og er ytri brúin 0,1-0,2 m á hæð. Austan við traðarvegginn er renna sem malarslóði liggur eftir. Hún er nokkuð afgerandi syðst þar sem hún er 3-4 m á breidd og tæpur 1 m á dýpt en verður grynri og ógreinilegri eftir því sem norðar dregur. Austurveggur traðanna hefur verið sléttaður í tún og/eda hefur raskast vegna umferðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjóta og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:016 Práinsgerði garðlag túngarður

A 450143 N 359619

“Austan við þessar traðir [015], efst í túninu er Práinsgerði og austur af því Króksgærði [017],” segir í

örnefnalýsingu. Fornlegur garður er nyrst í túni fast austan við traðir 015 og er hann á þeim stað sem heitir Þráinsgerði í túninu. Þessi garður er í framhaldi af garði sem talinn er hafa afmarkaði Þýfðagerði 014. en traðirnar slíta hann í sundur. Garðurinn er 90 m norðan við bæ 001 og 20 m austan við traðir 015. Á örnefnauppdrætti sem til er af túninu á Grjótá og svæðinu sunnan við það er þessi garður eða brún teiknuð inn og eru bæði Þráinsgerði og Króksgerði á milli hans og túnjaðars. Líklega hefur verið þvergarður á milli þeirra sem ekki er lengur hægt að greina.



Túngarður RA-200:016, horft til austurs.

Tún í rækt sem enn er slegið, grösugt. Garðurinn

er í slétti túni í afliðandi halla til suðurs. Nokkuð flatlent ofan og norðan garðs.

FRÍÐLÝSTAR FORNMINJAR “Þráinsgerði, umgirtur ferhyrndur reitur, uppi við túngarðinn [006],” segir í Friðlýsingarskrá. “Ofan við bæinn, fyrir norðan hann, er í túnjaðri merki um gamla girðingu, ferhyrnd, ekki stór. Nefnist hún Þráinsgerði, er nú nokkuð upphækkuð,” segir í Íslenskum sögustöðum I eftir Kristian Kálund. Þráinsfoss heitir neðsti fossinn í Grjótá. Garðurinn sem sést í túni þar sem Þráinsgerði var er útflattur og sést sem ógreinilegur hryggur í túninu. Er þessi garður mun ógreinilegri en garðurinn sem afmarkaði Þýfðagerði 014. Garðurinn er 78 m langur og liggur úr vestri, í sveig til norðausturs, og endar 13 m sunnan við óljós ummerki um túngarð 006. Hann er 4,5-5 m á breidd. Í vesturenda er garðurinn nánast alveg útflattur (0,1 m á hæð) en verður greinilegri eftir því sem lengra dregur til austurs og norðausturs. Þar er garðurinn hæstur, eða 0,2-0,3 m á hæð. Garðurinn hættir skyndilega á sjást á afliðandi hólbrún og hallar fram af henni til austurs. Óljós garður liggur af þessum garði til suðurs um 25 m austan við vesturenda. Hann er 17 m langur og 5 m breiður og hefur að líkindum afmarkað Eldiviðargerði 018.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1; ÁG: Friðlýsingarskrá, 66; KK I, 178

RA-200:017 *Króksgerði* örnefni tún A 450206 N 359649

“Austan við þessar traðir [015], efst í túninu er Þráinsgerði [016] og austur af því Króksgerði,” segir í örnefnalýsingu. Á örnefnauppdrætti sem til er af túninu á Grjótá og svæðinu sunnan við það er þessi garður eða brún teiknuð inn og eru bæði Þráinsgerði og Króksgerði á milli hans og túnjaðars. Líklega hefur verið þvergarður á milli þeirra sem ekki er lengur hægt að greina. Garðurinn sem afmarkar Þráinsgerði hefur einnig afmarkað Króksgerði að sunnan og að hluta að austanverðu og vísast til þeirrar lýsingar. Króksgerði var 140 m norðaustur af bæ 001 og 75 m austan við traðir 015.

Hættumat: hætta

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:018 *Eldiviðargerði* garðlag túngarður A 450146 N 359606

“Niður af Þráinsgerði [016] er Eldiviðargerði, þar austar Litlagerði [019] ofar og Stóragerði [020] neðar,” segir í örnefnalýsingu. Eldiviðargerði er merkt inn á uppdrátt sem fylgir örnefnaskrá og var það í túni norðan við bæ 001 og austan við traðir 015. Áætluð staðsetning gerðisins er um 80 m NNA við bæ 001, fast austan við traðir 015 og sunnan við Þráinsgerði 016.

Gerðið var í grösugu túni sem er í rækt enn slegið. Það er í afliðandi brekku til suðurs.

Lítill ummerki sjást um gerðið en garður 016 sem afmarkaði Þráinsgerði hefur að líkindum afmarkað Eldiviðargerði að norðanverðu og af þeim garði liggur mjög óljós hryggur til suðurs á 17 m löngum kafla. Hann er 5 m á breidd og 0,1 m á hæð. Líklega er þessi hryggur leifar af garði sem hefur afmarkað Eldiviðargerði til austurs. Ekki sjást ummerki um afmörkun til suðurs eða vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:019 *Litlagerði* örnefni tún A 450216 N 359632

“Niður af Þráinsgerði [016] er Eldiviðargerði, þar austar Litlagerði ofar og Stóragerði [020] neðar,” segir í örnefnalýsingu. Á örnefnaupprætti sem til er af túninu á Grjótá og svæðinu sunnan við það er staðsetning Litlagerðis sýnd austan við Króksgerði 017 og ofan og norðan við Stóragerði 020. Það hefur verið um 140 m norðaustan við bæ 001.

Litlagerði var í nokkrum halla til suðausturs í sléttuðu túni sem enn er í rækt.

Engin ummerki sjást um garðlög eða gerði sem hafa afmarkað Litlagerði vegna sléttunar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:020 *Stóragerði* örnefni tún A 450228 N 359599

“Niður af Þráinsgerði [016] er Eldiviðargerði [0018], þar austar Litlagerði [019] ofar og Stóragerði neðar,” segir í örnefnalýsingu. Á örnefnaupprætti sem til er af túninu á Grjótá og svæðinu sunnan við það er staðsetning Stóragerðis sýnd suðaustan og neðan við Króksgerði 017, á milli Eldiviðargerðis 018 og Litlagerðis 019. Það hefur verið um 120 m norðaustan við bæ 001.

Stóragerði var neðarlega í brekku í sléttuðu túni sem enn er í rækt.

Engin ummerki sjást um garðlög eða gerði sem hafa afmarkað Stóragerði vegna sléttunar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1

RA-200:021 *Lambhústún* örnefni lambhús

“Lambhústún er austur af þessum Gerðum [016-020] og nær austur á brúnina við Grjótá,” segir í örnefnaskrá. Lambhústún er norðaustast í gamla heimatúninu, að öllum líkindum þar sem útihús 003 og 004 eru sýnd á túnakorti frá 1919. Líklegt er að annað þeirra hafi gegnt hlutverki lambhúss sem túnið dregur nafn sitt af en ekki reyndist unnt að staðfesta það og er því örnefnið skráð sérstaklega.

Lambhústún er sléttuð tún í rækt og er það í afliðandi halla til suðurs. Fráveituskurður skiptir túninu í tvennt.

Engar minjar sjást á túninu vegna sléttunar og ekki er vitað hvar lambhúsið sem túnið dregur nafn sitt af hefur staðið.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1-2; Túnakort 1919

RA-200:022 renna áveita A 450176 N 359392

“Gamall áveituskurður er neðst í Lambhústúninu [021], frá austri til vesturs og síðan suður túnið, sem kallast Austurtún ...,“ segir í örnefnalýsingu. Þessir áveituskurðir eru merktir inn á túnakort frá 1919 en eru ekki



Skurður RA-200:022, horft til norðurs.

sýndir á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Áveituskurðir liggja norðnorðaustan við bæ 001 í norður-suðurátt niður að núverandi fjárhúsum. Liggur þá í vesturátt að núverandi vegi.

Skurðirnir eru í túni sem er í rækt og hallar til suðurs. Túnið er ekki nýtt til beitar almennt séð þó lambfé hafi verið í heimatúni þegar minjar voru skráðar.

Enn sjást tveir skurðir á svæðinu sem er 175x185 m að stærð. Skurður byrjar 90 m austan við bæ 001 og liggur norður-suður í 175 m, beygir svo til vesturs í 185 m og endar við malarveg sem liggur frá þjóðvegi að bæ 001. Skurðurinn sem liggur norður-suður er mest 8 m að breidd og 1 m á dýpt. Skurðurinn sem liggur austur-

vestur er mest 2 m á breidd og 0,5 m á dýpt. Slóði liggur yfir þar sem skurðirnir mætast í suðausturhorni frá núverandi fjárhúsum. Þriðji skurðurinn sem fyllt var upp í var í austurjaðri túnsins og lá frá bæ 001 í norður-suður að fyrstnefnda skurðinum og var 160 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 2; Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:023 *Stekkatún* örnefni stekkur A 450044 N 359023

“Stekkatún var þar neðar og Stekkatúnfoss er þar í ánni,” segir í örnefnalýsingu. Örnefnið Stekkatún bendir til þess að í túninu hafi verið stekkur og muna Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur, heimildmenn, eftir tóftarbroti og grjóti á bungu þar sem túnið er hæst. Ætla má að það hafi verið leifar af stekknunum og var hann þá um 500 m sunnan við bæ 001 og 50 m vestan við ána Grjótá.

Stekkatún er sléttað og í rækt. Er það á dálitilli bungu og hallar frá því til suðurs og suðvesturs.

Engin ummerki sjást lengur um stekkin vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-200:024 *Þráinshaugur* sögustaður A 450166 N 359651

“Njála segir, að eftir bardagann við Markarfljót hafi lík Þráins verið flutt til Grjótár og lagt þar í haug, en nú veit enginn um hauginn,” segir í Íslenskum sögustöðum I eftir Kristian Kálund. Í viðtali við Ingilaugu Teitsdóttur frá Grjótá (f. 1884, d. 1989) á Ísmús-vefnum kemur fram að talið var að Þráinshaugur hafi verið í hól efst í túninu innan Þráinsgerðis 016. Er þar að öllum líkindum átt við sama stað og þar sem útihús 005 er skráð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: KK I, 178-179; SÁM 86/941 EF; <https://www.ismus.is/i/audio/id-1034935>

RA-200:025 renna áveita A 450926 N 360996

Ungur áveituskurður liggur úr Mosmýri um Brúnir og á milli Brúnatóftar 008_1 og heytóftar 008_2. Skurðurinn er 1,7 km norðaustan við bæ 001.

Skurðurinn er í grónu vallendi.

Áveituskurðurinn er 350 m langur og liggur úr Mosmýri eða efsta hluta Mosmýrargils í norðaustri og endar í Eystra-Klofningsgili í suðvestri. Skurðurinn er grunnur og mjór en breikkar og dýpkar eftir því sem lengra dregur til suðvesturs, undan halla. Víðast er hann 0,5 m á breidd og 0,3 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta



Skurður RA-200:025, horft til suðvesturs.

RA-200:026 heimild um útihús A 450044 N 359642

Á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 er sýnt útihús efst í túni vestan við traðir 015, um 120 m norðvestan við bæ 001. Útihúsið var í miðri brekku mót suðri, ofan og norðan við Þýfðagerði 014. Lægð er í brekkunni vestan við þar sem þetta hús stóð og líklegt að túnið hafi afmarkast af henni. Sá hluti gamla heimatúnsins sem útihúsið var í er komið úr rækt og nýtt til beitar. Það er smáþýft og grösugt.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna niðurrifs og sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:027 heimild um útihús A 450272 N 359534
Samkvæmt bæjarteikningu frá 1906 var útihús 80 m suðaustan við útihús 004 í Lambhústúni 021 og 160 m ANA við bæ 001.

Slétt, ræktað tún. Áveituskurðir eru vestan og austan við áætlaða staðsetningu útihússins.

Engin ummerki um minjar eru greinilegar á yfirborði vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-200:028 heimild um leið A 449992 N 359513
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur úr suðri á milli túna Arngeirsstaða og Grjótár upp á slóða eða götur sem lágu svo til austurs að Grjótá, sjá 029 og til vesturs að Arngeirsstöðum, sjá RA-201:023. Leiðin er á sama stað og núverandi vegur heim að bæjunum.

Sléttuð tún í halla til suðurs eru beggja vegna við leiðina.

Engin ummerki sjást um eldri leið vegna vegagerðar.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:029 heimild um leið A 450045 N 359532
Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá gata til austurs að Grjótárbænum 001 af leið 028. Gatan lá litlu ofan og norðan við núverandi heimreið, fast sunnan við útihús 002 og stefndi á milli fjóss 001_4 og íbúðarhúss 001_2.

Sléttað tún í afliðandi halla til suðurs. Túnið er nýtt til beitar.

Engin ummerki sjást um leiðina vegna túnasléttunar og ræktunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-200:030 *Álfabrekka* frásögn huldufólksbústaður A 450173 N 539570
Ofan og norðan við bæinn á Grjótá 001 heitir Álfabrekka. Að sögn Ástu og Ásrínu Þorbjörnsdætrum, heimildamönnum, mátti ekki hamast þar í brekkunni og var krökkum á bænum sagt það, m.a. af Helgu Pálsdóttur skáldi (f. 1877, d. 1973). Álfabrekka er 65 m norðaustan við bæ 001 og 30 m NNA við nýja viðbyggingu á núverandi fjósi.

Norðan við brekkuna er sléttuð tún og sunnan við hana er nokkuð slétt flöt.

Brekkun er frekar brött og snýr mót suðri. Hún er smáþýfð og um hana þvera liggja kindagötur sem mynda paldra eða stalla. Í kjölfar þess að tryppi drápu á bænum dreymdi afasystur Ástu og Ástúnar (f. um 1870) að til sín kæmi stúlka sem spurði hvort hún vissi af hverju tryppin drápu. Stúlkun sagði það hafa verið af því að þau voru alltaf rekin yfir hús álfanna/huldufólksins sem bjó í Álfabrekkunni en hesthús 031 var vestan við brekkuna. Eftir þetta og kannski einnig áður fyrr var reynt að fara varlega um þetta svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:031 heimild um hesthús A 450276 N 359701
Á túnakorti frá 1919 er sýnt stakstætt hús nyrst allra húsa í bæjarþyrpingunni. Það virðist hafa staðið utan bæjarhólsins og er því skráð sérstaklega. Útihús á þessum stað er einnig sýnt á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906. Var þetta að öllum líkindum hesthús sem Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur, heimildamann, töldu hafa verið á flata fast norðaustan við bæ 001.

Austur af flatanum sem hesthúsið stóð á er halli til austurs og í honum ummerki um jarðfall eða rask sem hefur gróið. Allt er þetta svæði grasi vaxið og talsvert um skriðsóley þar sem húsið stóð.

Engin ummerki sjást lengur um hesthúsið vegna niðurrifs og sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-200:032 gata leið

A 450810 N 360349

Allmiklar götur sjást á tungu milli Grjótár og lækjargils í útögum norðaustur af bæ. Þær sjást greinilega ofan og norðan við Efri-Fjárhústóft 011 en búið er að rækta tún í kringum fjárhúsin og á stöllum neðan við þau í tungunni og eru því göturnar horfnar þar á köflum.

Göturnar liggja um smápýfðan móa sem er vaxinn grasi og mosa.

Ætla má að leiðin hafi legið frá bæ 001, að Neðri-Fjárhústóft 010, að Efri-Fjárhústóft 011 og áfram til NNA að tóft 040. Ekki er ljóst hvort að þessi leið hafi aðeins verið farin innan

jarðar að beitarhúsum í úthögum eða hvort hún tengdist stærra samgöngukerfi í sveitinni. Götur sjást vel á 290 m löngum kafla, á milli Efri-Fjárhústóftar og Neðri-Þverstokks 038. Þær eru á um 30 m breiðu svæði og sjást 20–28 götur, mjög misdjúpar. Þéttastar vestast en gisnari austar. Bíslóði er með sömu stefnu er vestast í götunum. Göturnar eru víða 0,1–0,2 m á breidd og allt að 0,3 m á dýpt en grafast sumstaðar niður og eru þá 0,5–1 m á dýpt og breidd. Aftur sjást nokkuð skýrar götur þar sem leiðin liggur í gegnum minjasvæði 041 vestan við Mosmýrargil og sunnan við tóft 040. Þar sjást göturnar á tæplega 100 m löngum kafla upp úr gilinu til norðurs. Sjást 15–20 götur saman þar sem þær eru greinilegastar. Sumar mjóar og grunnar en sumsstaðar hafa göturnar grafist niður og eru 0,3–0,5 m á breidd og dýpt.

Hættumat: engin hætt



Götur RA-200:032, horft til NNA.

RA-200:033 gata leið


A 450683 N 360522

Allmiklar götur liggja upp með austanverðu Fjárhúsgili (sjá 010 og 011) og stefna að Katrínarseli 009. Þær sjást skýrt norðan við Neðri-Þverstokk 038 til norðurs að selinu og halda óljóst eitthvað áfram til norðurs.

Göturnar liggja um smápýfðan móa sem er vaxinn grasi og mosa.

Hægt er að rekja göturnar á um 360 m löngum kafla en frá bæ að Katrínarseli eru um 1,2 km. Alls sjást 15–20 götur á svæði sem er 15–20 m breitt. Sumar þeirra eru lítilla niðurgrafnar og eru þar 0,3 m á breidd og dýpt. Annarsstaðar eru þær mjórri og grynri.

Hættumat: engin hætt



Götur RA-200:033, horft til SSV.

RA-200:034 tóft beitarhús

A 450995 N 36096


Beitarhúsatóft er 1,5 km NNA við bæ 001 og 85 m suðaustan við Brúnatóft 008. Tóftin er utan í rofbakka og austan við hana er talsvert uppblásturssvæði til austurs að Mosmýrargili. Tóftin er í svokölluðum Brúnum og þar ofan og norðan við er Mosmýri.

Tóftin er í flatlendum og þýfðum móa en sem fyrr segir er uppblásið svæði austan við hana.

Tóftin er 10 x 8 m að stærð, skiptist í þrjú hól og snýr austur-vestur. Vestasta hólfið er 4 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Ekki er sjáanlegt op á því en þó er hugsalegt að það hafi eitt sinn verið á suðurhlíð. Miðhólfið er 5 x 2 m að innanmáli og líklega hefur verið timburpil í suðurenda þess því þar er ekki að sjá hlaðinn vegg. Austurveggur miðhólfsins er hæstur, um 0,5 m, en annars eru veggirnir að



Tóft RA-200:034, horft til suðurs.



Uppmaling af tóft RA-200:034.

jafnaði 0,2 m á hæð. Austasta hólfíð er óskýrt og gæti hugsanlega verið hrun úr austari vegg miðhólfsins. Á því má greina op í suðurenda. Norðurhlið tóftarinnar er illa farin af rofi og hefur hún afmyndast af þeim sökum. Af lögun tóftarinnar og staðsetningu að dæma er líklega um beitarhús að ræða.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-200:035 garðlag vörslugarður

A 450029 N 359705



Vörslugarður RA-200:035, horft til austurs.

Fremur ungur vörslugarður um 50 m utan og norðan við gamla heimatúnið og er 185 m norðan við bæ 001.

Garðurinn liggur þvert á afliðandi halla upp frá túninu. Beggja vegna við það eru tún sem ekki eru lengur slegin en eru nýtt til beitar.

Garðlagið er 320 m að lengd og 3 m að breidd, hverfur það til vesturs í lækjargil en garðlag RA-199:019 í landi Butru er framhald þess, vestan gilsins. Til austurs heldur garðlagið áfram í landi Arngeirsstaða og er skráð þar sem RA-201:002. Girðing hefur verið reist ofan á garðlaginu í landi Grjótár sem er skorið á nokkrum stöðum af götum og slóðum en stendur annars vel gróið. Er það hæst 1,50 m en yfirleitt er það aðeins um 0,50 m. Má sjá

grjót í hleðslum á nokkrum stöðum, þó hvergi meir en 1 umfar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-200:036 tóft útihús

A 450012 N 359583



Tóft RA-200:036, horft til suðausturs.

Á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 er sýnt útihús vestast í túni um 100 m norðvestan við bæ 001. Þar er útflött tóft sunnan við Þýfðagerði 014 og austan við túngarð 006.

Tóftin er á ávölum bala í þeim hluta heimatúnsins sem ekki er lengur í rækt en er nýttur fyrir beit.

Tóftin er um 7,5 m í þvermál og er flöt að ofan og ekki sést móta fyrir innanmáli. Op gæti hins vegar hafa verið í tóftinni að norðvestanverðu. Tóftin er 0,2-0,3 m á hæð og hefur að líkindum verið torfhláðin að mestu leyti.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-200:037_01 Efri-Þverstokkur renna áveita

A 451095 N 360745

“Framan við Brúnir eru tveir gamlir áveituskurðir, Efri-Þverstokkur og Neðri-Þverstokkur [038],” segir í örnefnalýsingu. Efri-Þverstokkur er enn vel greinilegur og einnig leifar af fyrirstöðu (sjá stíflu 037_2) þar sem skurðurinn byrjar við Mosmýrargil. Eru Efri- og Neðri-Þverstokkar að öllum líkindum hlutar af sama áveitukerfinu. Efri-Þverstokkur er 1,2 km norðaustan við bæ 001 og 240 m NNA við Neðri-Þverstokk. Skurðurinn liggur skáhallt um smápýfðan móa sem er vaxinn mosa og grasi.



Skurður RA-200:037_1, horft til suðvesturs.

Áveituskurður liggur frá Mosmýrargili í norðaustri um 350 m langan veg til suðvesturs að ónafngreindu lækjargili. Hann er fremur mjór og grunnur næst Mosmýrargili en dýpkar fljótlega og er víða 1-1,5 m á beridd en 0,5-0,6 m djúpur. Brúnir skurðarins sjást ekki á kafla á rofsvæði en þegar komið er suðvestur fyrir það verður skurðurinn enn breiðari og grynnsri, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,3 m djúpur. Þar sem skurðurinn endar við lækjargil í suðvesturenda dýpkar hann talsvert.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-200:037_02 stífla áveita

A 451099 N 360744

Sem fyrr segir liggur áveituskurður 037_1 frá Mosmýrargili þaðan sem vatn var leitt inn í skurðinn en til þess að það hafi verið hægt hefur þurft einhvers konar fyrirhleðslu eða stíflu. Litlu neðan við norðaustur skurðendann er nokkurt fall í gílinu. Ekki sjást skýr ummerki um fyrirstöðuna austan við gilið þar sem bakinn er sundurskorinn og úr lagi genginn vegna gatna sem liggja frá gílinu til norðaustur en þústin er á bakkanum vestan megin sem gæti verið leifar af stíflu. Er hún gróin og lyngi vaxin, mögulega náttúruleg. Þústin er 3,5x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,3-0,4 m á hæð.



Skurður RA-200:037_2, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

RA-200:038 Neðri-Þverstokkur renna áveita

A 450751 N 360309

“Framan við Brúnir eru tveir gamlir áveituskurðir, Efri-Þverstokkur [037] og Neðri-Þverstokkur,” segir í örnefnalýsingu. Neðri-Þverstokkur liggur frá lækjargili vestan við Efri-Fjánhústóft 011 til suðvesturs. Er hann 240 m SSV við Efri-Þverstokk og 800 m norðaustan við bæ 001. Engin ummerki um stíflu sjást í lækjargílinu við norðausturenda skurðarins.



Skurður RA-200:038, horft til VSV.

Skurðurinn liggur skáhallt um smápýfðan móa sem er vaxinn mosa og grasi.

Skurðurinn liggur úr norðaustri um 280 m langan veg til suðvesturs og enda við Fjánhúsgil

(sjá 010 og 011). Skurðurinn er mjög misgreinilegur en er víða 1,5-2,5 m á breidd og að jafnaði um 1 m á dýpt. Hann hefur grafists talsvert niður í suðvesturenda þar sem hann liggur ofan í Fjánhúsgil.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-200:039 *Sæmundartóft* tóft fjárhús


A 450276 N 359701

Fjánhústóft er litlu norðan við austanvert túnið og að sögn Ástu og Ásrúnar Þorbjörnsdætra, heimildarmanna, þá var Sæmundur faðir Nínu myndlistarkonu með fjárhús þar 1915. Hann og kona hans voru lausafólk á Arngeirsstöðum. Tóftin er 230 m norðaustan við bæ 001 og 330 m norðvestan við Butru RA-199:001.

Tóftin er í ósléttu beitartúni, norðan heimatúna Grjótár, á grasivaxinni tungu. Sunnan hennar sameinast tveir lækir.



Sæmundartóft RA-200:039, horft til suðausturs.



Uppmaling af tóft RA-200:039.

Tóftin er einföld, 7,9 x 6,9 m að utanmáli, 2,0 x 1,9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,5 m og vel grónir grasi.

Hættumat: engin hætta


RA-200:040 tóft óþekkt

A 451067 N 361132

Sigin tóft er austan við Mosmýrargil, fast norðan við mikinn fjölda heydesa 041 og 1,8 km NA við bæ 001. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt og er ekki augljóst af útliti hennar og staðsetningu. Vel getur verið að um beitarhúsatóft sé að ræða og kemur það helst til greina. Það sem mælir gegn því er að hún stendur ekki mjög hátt og nokkuð deiglent er í kringum hana.

Tóftin er aflíðandi halla til austurs í þýfðum móa sem er vaxinn grasi og mosa.

Tóftin er torfhláðin og virðist skiptast í tvö hólf. Hún er um 10x5,5 m að stærð og snýr nálega norður-



Uppmaling af tóft RA-200:040.




Tóft RA-200:040, horft til NNV.

suður. Vestur- og suðurveggir tóftarinnar er að miklu leyti útflattir. Í norðurenda er hólfl sem er 3x1,5 m að stærð og snýr þvert á tóftina. Svo virðist sem að op hafi verið á vesturhlíð þess en þar sjást ekki veggjahleðslur. Ógreinilegt op er úr því hólfl til suðurs í syðra hólflíð. Það er um 6x4 m að innanmáli. Líklega var op inn í syðra hólflíð í suðurenda. Veggir eru 0,2-0,4 m á hæð, hæstir á austurhlíð. Greinileg ummerki um efnistöku eru í kringum tóftina og lítlsháttar votlendisgróður þar. Þó var mjög þurr í kringum hana þegar vettvangsvinna fór fram í þurrkatíð í júní 2019.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_01 hleðsla heystæði

A 451071 N 361097



Uppmæling af fornleifum RA-200:041. Gula línan afmarkar torfristu og mógrafir við fornleifarnar. ©Loftmyndir ehf.

Nokkrir upphlaðnir pallar og ummerki um móskurð eru austan við Mosmýrargil og sunnan við tóft 040. Minjasvæðið er 130x65 m stórt og snýr NNV-SSA. Innan þess er eitt mógrafasvæði og átta upphlaðnir pallar sem líkjast heydesum en hafa líka getað verið notuð til að þurrka mó. Pallarnir eru 3-6 m á lengd og 1,5 m á breidd. Eru þeir ekki nema 0,1-0,2 m á hæð og í kringum þá alla sést pælan.

Minjarnar eru í aflíðandi halla til vesturs, niður að Mosmýrargili í hörðum valllendismóa sem er smáþýfður og vaxinn grasi og mosa. Nokkuð afgerandi gróin renna liggur í gegnum minjasvæðið og virðist leið RA-201:044_02 liggja eftir henni.

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 01 er nokkuð miðsvæðis á minjasvæðinu og snýr austur-vestur. Er það 6x1,5 m að stærð og 0,2



Des RA-200:041_1, borft til vesturs.

m á hæð. Í kringum það sjást ummerki um efnistöku.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_02 hleðsla heystæði

A 451083 N 361110

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 02 er fast suðvestan við afgerandi rennu (sjá leið RA-201:044_02), á milli heystæða 03 og 06. Er það 6x1,5 m að stærð og 0,2 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_03 hleðsla heystæði

A 451098 N 361109

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 03 er norðaustast á minjasvæðinu, um 13 m austan við hey-/móstæði 02. Er það 4,5x1,5 m að stærð og 0,2 m á hæð. Heystæðið snýr VNV-ASA.

Hættumat: engin hætta



Des RA-200:041_2, horft til norðvesturs.



Des RA-200:041_3, horft til vesturs.

RA-200:041_04 hleðsla heystæði

A 451074 N 361122

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 04 er norðvestast af heystæðunum, á milli tóftar 040 og hey-/móstæði 06. Það er 4x1,5 m að stærð og 0,1 m á hæð. Heystæðið snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: engin hætta



Des RA-200:041_4, horft til suðvesturs.



Mógafir RA-200:041_5, horft til suðvesturs.

RA-200:041_05 náma mógafir

A 451074 N 361129

Sjá má ummerki um mótekju í austanverðu Mosmýrargilli, neðan og vestan við hey-/móstæði og vestan og sunnan við tóft 040. Mógrafasvæðið er 130 m langt og 45 m breitt þar sem það er breiðast. Sjá má bakka á austurjaðri mógrafasvæðisins á nokkrum stöllum. Hæstu bakkarnir eru um 1 m. Svæðið er í halla til vesturs. Innan þess er deiglent og grasi gróið.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_06 hleðsla heystæði

A 451080 N 361118

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 06 er fast suðaustan við hey-/móstæði 04 og norðvestan við afgerandi rennu (sjá leið RA-201:044_02). Það er 3,5x1,5 m að stærð og 0,1 m á hæð. Heystæðið snýr ASA-VNV.



Des RA-200:041_6, horft til ANA.



Des RA-200:041_7, horft til norðvesturs.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_07 hleðsla heystæði

A 451078 N 361069

Hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 07 suðaustarlega á minjasvæðinu, á milli hey-/móstæða 08 og 09. Það er 3x1,5 m að stærð og 0,1 m á hæð. Heystæðið snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_08 hleðsla heystæði

A 451084 N 361079


Mjög óljós hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 08 suðaustarlega á minjasvæðinu, 12 m norðaustan við hey-/móstæði 07. Það er 4x1,5 m að stærð og 0,1 m á hæð. Heystæðið er gengið í þúfur og snýr austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

RA-200:041_09 hleðsla heystæði

A 451070 N 361056

Að lokum er annar mjög óljós hlaðinn pallur eða hey-/móstæði 09 suðaustarlega á minjasvæðinu og syðst af heystæðunum. Er hún 12 m suðvestan við hey-/móstæði 07. Það er 3x1,5 m að stærð og 0,1 m á hæð. Heystæðið er snýr VNV-ASA.



Des RA-200:041_8, horft til vesturs.



Des RA-200:041_9, horft til vesturs.

RA-200:042 gata leið

A 451076 N 361094

Allmiklar götur liggja upp frá Mosmýrargili til norðausturs. Þær sameinuðust leið RA-201:044 innan minjasvæðis 041. Þetta er ein af fjölmörgum leiðum uppi á heiðinni en flókið samgöngukerfi var þar á milli minjastaða sem og yfir á Rangárvelli.

Smápýfður mói þar sem vex gras og mosi. Halli til norðvesturs.

götunum var fylgt frá niðurgrafinni rennu til suðvesturs. Göturnar eru ekki djúpar eða mjög greinilegar fyrr en þær fara utan í meiri bratta í hlíðum Mosmýrargils. Þar grafast þær niður og þrengjast. Halda áfram yfir gilið á uppblásnu svæði. eru götur á 15-20 m breiðu svæði, mjóar og grunnar en líka allbreiðar og djúpar. 0,3-0,5 m á breidd og dýpt þar sem dýpstar.

Hættumat: engin hætta

RA-201 Arngeirstaðir

20 hdr. 1710, eyðihjálega Arngeirsstaðahjálega. JAM I, 155-156.

1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689. Tvíbyli til 1911.

1919: Tún 10,2 ha, 8,8 ha sléttað, garðar 1829 m² "Tún er grasgefin, en nokkuð óslétt. Engjar eru niður af túninu í mýrarhalla, hafa nú verið þurrkaðar með ræsiplógi og biða þess að verða ræktaðar. Hagar eru í hlíðinni upp frá bænum, algrónir og grösugir, þar er skjól í flestum áttum." SB IV, 420



Túnakort Arngeirsstaða RA-201 frá 1919, upprett ójan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar.

RA-201:001_01 *Arngeirsstaðir* bæjarhóll bústaður
Á túnakorti frá 1919 er bæjarstaðið á Arngeirsstöðum sýnt norðarlega í heimatúninu, austan við læk þar sem hann sveigir til austurs. Tvíbyli var á jörðinni fram til 1911 samkvæmt Sunnlenskum byggðum IV en ekki er ljóst hversu lengi þannig háttaði til. Báðir bæirnir voru á bæjarhólnum. Öll húsin sem eru sýnd á túnakortinu eru horfin en á bæjarhólnum eru heimildir eða ummerki um sex mannvirki. Því eru skráðar sjö minjæningar undir þessu númeri sem fá undirnúmer til aðgreiningar. Gamall braggi er 20 m norðan við bæjarhólinn og nýlegt íbúðarhús er 20 m norðaustan við hann.

Bæjarhóllinn er innan afgirts óræktarsvæðis sem er þurrrent, smáþýft og grasivaxið. Það er mikið um ójöfnur á hólnum og sést þar víða í grjót.

Bæjarhóllinn er ekki mjög afgerandi. Hann virðist þó vera 55x40 m stór og snýr norður-suður. Hóllinn er 0,5 -1 m á hæð, hæstur á austurjaðri. Vegslóði liggur þvert yfir suðurhluta hólsins. Að sögn Eggerts Pálssonar, heimildamanns, voru gömlu húsin á bæjarhólnum rifin og þeim rutt ofan í gryfju. Mikið rask hefur því átt sér stað á bæjarhólnum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; SB IV, 420

A 449902 N 359559



Bæjarhóll RA-201:001_1, horft til VNV.

RA-201:001_02 tóft fjós

Heimildamaður, Eggert Pálsson, greindi frá því að norðan við miðjan bæjarhólinn hafi verið fjós, hlaðið úr torfi og grjóti. Enn sjást óljós ummerki um fjósið 45 m vestan við íbúðarhús og 40 m sunnan við bragga. Þar er niðurgrafin tóft sem er 5x7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tvö umför hleðslu sjást neðst í innra byrði norðurveggjar þar sem hann er hæstur, um 0,3 m. Fjóstóftin er í aflíðandi halla til austurs og hafa sennilega verið dyr á austurgaffli.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

A 449907 N 359572



Fjós RA-201:001_2, horft til norðurs.

RA-201:001_03 frásögn hlaða

Eggert Pálsson greindi enn fremur frá því að norðan við fjós 001_02 hefði verið hlaða byggð úr timbri og bárujárni. Lítil sem engin ummerki um hlöðuna eru sjáanleg ef frá er skilin grunn lægð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

A 449905 N 359582

RA-201:001_04 þúst óþekkt

Þúst er norðvestarlega á bæjarhólnum, 8 m norðvestan við fjós 001_2 og 50 m vestan við íbúðarhús. Þústin er 7x4 m að stærð, flöt að ofan. Það sést í grjót í jöðrum hennar, þá helst austanmegin þar sem hún er hæst, eða um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

A 449899 N 359582



Dúst RA-201:001_4, borft til norðausturs.



Gryfja RA-201:001_5, borft til suðurs.

RA-201:001_05 gryfja óþekkt

A 449915 N 359566

Heimildamaður, Eggert Pálsson, greindi frá því að þar sem landið rís hæst á bæjarhólnum hafi síðasta húsið staðið en þó eru engin sjáanleg ummerki um það. Á sömu slóðum er gryfja, 6 m suðaustan við fjós 001_2 og 35 m suðvestan við nýlegt íbúðarhús. Gryfjan er 4x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,4 m á dýpt. Í henni vex arfi og njóli og ofan í henni er nðurgrafin plasttunna. Hlutverk gryfjunnar er óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:001_06 heimild um útihús

A 449892 N 359585

Á túnakorti frá 1919 er lítið hringlaga mannvirki, fast norðvestan við bæjarhúsin. Þar sem mannvirkið stóð gengur bæjarhóllinn nokkuð afgerandi út til vesturs í lækjarfarveginn. Á þeim stað grasi vaxinn flati og sést í grjót í sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:001_07 heimild um kálgarð

A 449892 N 359551

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stór kálgarður sunnan við bæinn og að stórum hluta innan bæjarhólsins eins og hann var skilgreindur á vettvangi. Kálgarðurinn var í lítilsháttar halla til suðurs en engin ummerki sjást um hann lengur vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:002 garðlag vörslugarður

A 450021 N 359705



Vörslugarður RA-201:002, borft til vesturs.

Torfhláðinn vörslugarður er ofan gamla heimatúnsins á Arngeirsstöðum en sýndur á túnakorti frá 1919. Hann er hins vegar ekki sýndur á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906. Garðurinn er 145 m norðan við bæ 001 og liggur í gegnum fornlegan garð 032. Garðlagið liggur yfir slétt tún sem nýtt er til beitar. Garðlagið snýr austur-vestur, er 164 m að lengd og 4,5 m að breidd. Það er mjög hlaupið í þúfur næst landamerkjum að Grjótá RA-200 en er hæst um 0,6 m. Til vesturs hverfur garðlagið í lækjargil en heldur áfram til austurs í landi Grjótár og er skráð þar undir númerinu RA-200:035.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:003 þúst óþekkt

A 449910 N 359623

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 60 m norðan við bæ 001 í norðvestur túnjaðri. Enn sjást óljós ummerki um útihúsið frammi á lækjarbakka, um 10 m vestan við bragga og 60 m norðvestan við núverandi íbúðarhús á Arngeirsstöðum.

Minjar um útihúsið eru á litillega röskuðu svæði og þar er þýft og grasivaxið. Heyvinnuvélar og brak úr húsum er á víð og dreif um svæðið.

Þar sem útihúsið var sést þúst sem er 8x5 m á stærð og snýr norður-suður. Þústin er 0,1-0,3 m á hæð og er hæst að vestanverðu. Þústin samlagast lækjarbakknum og er óskýr í austurjaðrinum. Hátt og bratt er fram af þústinni ofan í lækjargilið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Þúst RA-201:003, horft til NNA.


RA-201:004 tóft útihús

A 449901 N 359601

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var sporöskjulaga mannvirki, líklega útihús, um 20 m norðvestan við bæ 001 og 30 m suðvestan við útihús 003. Enn sést þar útflött tóft frammi á lækjarbakka.

Tóftin er í gömlu túni, þeim hluta sem komin í óráekt. Fast suðaustan við tóftina er þýft þúst sem virðist ungt rask, í henni er mold, steypubrot og grjótt.

Tóftin er einföld, 9x9 m að stærð og hefur líklega verið grafin inn í lækjarbakkann að hluta. Ætla má að op hafi verið inn í hana á vesturhlið, úr lækjargilinu. Innanmál tóftarinnar, sem er einföld, er ógreinilegt og grunnt. Veggir eru hæstir í vesturenda þar sem þeir eru 0,5 m á hæð, en þeir lækka hratt eftir því sem lengra dregur til austurs. Plaströr gengur út úr vesturhlið tóftarinnar og virðist einhvers konar rask



Uppmaling af tóft RA-201:004.



Tóft RA-201:004, horft til suðausturs.

hafa orðið á henni tengslum við það en ekki er ljóst hvaða tilgangi þetta rör þjónaði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:005 tóft útihús

A 449967 N 359620

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 80 m norðaustan við bæ 001 í norðausturhorni túnsins. Þar sést enn óljós tóft norðan við afgirta lóð í kringum núverandi íbúðarhús á Arngeirsstöðum. Nánara hlutverk útihússins er óþekkt.

Tóftin er í sléttuðu túni sem er í óráekt og er þar smáþýft og grasivaxið. Fast vestan við tóftina vex arfi í smá lægð.



Tóft RA-201:005, horft til suðvesturs.



Uppmaling af tóft RA-201:005.

Tóftin snýr norður-suður, er 9 x 5,5 m að stærð og eru veggir hennar 0,2 m á hæð. Tóftin er einföld og hvergi má sjá móta fyrir opi inn í hana. Hún er útfloft og ytri brúnir veggja er ógreinilegar en sjást best á vesturhlið. Innanmál tóftarinnar er óskýrt. Hvergi sést í grjóthleðslur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:006 heimild um túngarð

A 449857 N 359559

Samkvæmt túnakorti frá 1919 voru tveir samsíða garðabútar um 40 m suðvestan við bæ 001 og fast sunnan við læk sem afmarkaði heimatúnið að vestanverðu. Sunnan við svæðið sem garðarnir voru á liggur vegslóði, austur-vestur. Neðan við hann er afgirt tún sem enn er í rækt.

Garðarnir voru á lækjarbakkanum og þar er flatlent en smáþýft. Þarna á bakkanum eru greinileg ummerki um jarðrask og virðist jarðvegi hafa verið rutt niður að læknum úr bakkanum.

Það eru engin sjáanleg ummerki um garðana á yfirborði. Líklegt er að það sé vegna jarðrasks á bakkanum en ætla má að áður hafi verið búið að slétta yfir þá við túnasléttun. Hlutverk garðabútana er óþekkt en þeir gætu hafa verið hluti af einhverskonar gerði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:007 heimild um útihús

A 449818 N 359500

Á túnakorti frá 1919 er sýnd tóft af útihúsi 100 m suðvestan við bæ 001 og 20 m norðan við útihús 008. Hefur útihúsið verið 200 m suðvestan við núverandi íbúðarhús á Arngeirsstöðum.

Útihúsið var í sléttuðu túni sem enn er í rækt.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna túnasléttunar. Þó má greina örliðla bungu í túninu þar sem útihúsið var og má ætla að einhverjar leifar séu enn varðveittar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:008 heimild um útihús

A 449818 N 359482

Á túnakorti frá 1919 er tóft sýnd tóft af útihúsi í túni um 20 m sunnan við tóft af útihúsi 007 og 120 m suðvestan við bæ 001.

Útihúsið var í sléttuðu túni sem enn er í rækt og er í aflíðandi halla til suðurs. Túnið er nokkuð jafnlent en þó eru víða ójöfnur í því.

Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

- RA-201:009** heimild um útihús A 449698 N 359446
 Á túnakorti frá 1919 er merkt útihús um 260 m suðvestan við bæ 001 og 30 m austan við útihús 010. Á túnakortinu er útihúsið teiknað með punktalínu sem gefur til kynna að þá hafi það þegar verið orðið tóft þegar kortið var teiknað. Útihúsið er merkt á bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906 og þá í notkun. á bæjarteikningu danskra landmælingmanna frá 1906.
 Útihúsið var í sléttuðu túni sem enn er í rækt.
 Engin ummerki um útihúsið sjást lengur vegna túnasléttunar. Þó má greina örlytla bingu í túninu og sunnan og vestan við hana er afliðandi brekka til suðurs.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906
- RA-201:010** heimild um útihús A 449668 N 359447
 Samkvæmt túnakorti var allstórt útihús, líklega fjárhús, um 260 m suðvestan við bæ 001 og 10-15 m austan við læk sem skilur milli túnhluta.
 Útihúsið var í sléttuðu túni sem enn er í rækt, í afliðandi halla til suðurs.
 Nánast engin ummerki um húsið sjást í túni vegna túnasléttunar. Þó má óljóst greina grunna lægð þar sem það var.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919
- RA-201:011** heimild um útihús A 449642 N 359398
 Á túnakorti frá 1919 er sýnd tóft af útihúsi 325 m suðvestan við bæ 001, 15 m suðaustan við læk sem skilur á milli túnhluta og 55 m sunnan við útihús 010. Útihúsið er einnig sýnt á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906.
 Sléttað tún í halla til suðurs.
 Engin ummerki sjást um útihúsið vegna sléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906
- RA-201:012** heimild um útihús A 449803 N 359401
 Á túnakorti frá 1919 eru sýndar tóftir fjögurra útihúsa 200-220 m SSV við bæ (sjá einnig 013-015). Er útihús 012 norðvestast af þeim.
 Útihúsin voru í sléttuðu túni í afliðandi halla til suðurs. Túnið er enn í rækt.
 Engin ummerki sjást um minjarnar vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919
- RA-201:013** heimild um útihús A 449801 N 359392
 Á túnakorti frá 1919 eru sýndar tóftir fjögurra útihúsa 200-220 m SSV við bæ (sjá einnig 012 og 014-015). Er útihús 013 suðvestast af þeim, fast sunnan við útihús 012.
 Útihúsin voru í sléttuðu túni í afliðandi halla til suðurs. Túnið er enn í rækt.
 Engin ummerki sjást um minjarnar vegna túnasléttunar.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1919
- RA-201:014** heimild um útihús A 449831 N 359397
 Á túnakorti frá 1919 eru sýndar tóftir fjögurra útihúsa 200-220 m SSV við bæ (sjá einnig 012-013 og 015). Er útihús 014 norðaustast af þeim.
 Útihúsin voru í sléttuðu túni í afliðandi halla til suðurs. Túnið er enn í rækt.
 Engin ummerki sjást um minjarnar vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:015 heimild um útihús

A 449828 N 359386

Á túnakorti frá 1919 eru sýndar tóftir fjögurra útihúsa 200-220 m SSV við bæ (sjá einnig 012-014). Er útihús 015 suðaustast af þeim.

Útihúsin voru í sléttuðu túni í affliðandi halla til suðurs. Túnið er enn í rækt.

Engin ummerki sjást um minjarnar vegna túnasléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:016 *Sellág* örnefni sel

“Grásteinsgil kemur ofan úr brekkunum, vestan við Arngeirsstaða-land, í því er klettur sem heitir Grásteinn. Niður og austur frá Grásteini er laut sem kallast Sellág og austur af henni er Sléttaflöt,” segir í örnefnalýsingu Grjótár og Arngeirsstaða. Önnur Sellág er austar, í landi Grjótár, og dregur sú nafn sitt af Katrínarseli RA-200:009. Ekki er fullljóst hvar Sellágin í landi Arngeirsstaða er en af lýsingunni að dæma er hún litlu austan við Grástein, um 1 km NNA við bæ 001. Gengið var um svæðið austan við Grástein án þess að skrásetjari kæmi auga á selminjar sem lágin hefur dregið nafn sitt af.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 1; Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-201:017 *Arngeirsstaðahjáleiga* bæjarstæði býli

“Arngeirs-stadahialeiga hjet býli í Arngeirsstaða landi við engjarnar. Fyrst byggð fyrir elstu mana minni. Eyðilagðist fyrir 15 árum eða þar um. ... Kynni aftur að byggjast fjelitlem, ómagalausum manni, ef til fengist.” Ekki fengust neina upplýsingar um staðsetningu þessa býlis og eru engar sýnilegar leifar af því. Líklegt er að það hafi verið um 500 m suðvestan við Arngeirsstaði, í halla til suðurs niður að Arngeirsstaðaengjum. Í engjunum er nú þýfður mói, að mestu þurrt svæði. Á milli heimatúns og engja eru sléttuð ræktuð tún og engin sýnileg ummerki um býlið í þeim. Ólíklegra, en mögulegt, er að býlið hafi verið á Þurrholti fast sunnan við Fljótshlíðarveg. Þar er slétt tún í rækt og engin ummerki sýnileg.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: JÁM I, 156

RA-201:018_01 *Tungukot* bæjarhóll býli

A 449831 N 359896



Bæjarhóll Tungukots RA-201:018_1, horft til austurs.

“Í fasteignamatsbók frá 1811 er kot þetta, sem byggt var úr Arngeirsstöðum, kallað Arngeirsstaðatunga. Ekki er hún nefnd sem jörð í Johnsens jarðatali, en neðanmáls er þar sagt að prestur einn nefni hana. Árið 1848 er kot þetta í byggð ... Samkvæmt tíundarskýrslu árið 1903 var bústofn Páls 1 kýr, 4 ær, 3 geml, 2 hross. Tungukotið var mjög lítil jörð, metin árið 1861 á 1,95 hundruð og mun bústærð hafa verið samkvæmt því. Engin hús eru nú þar sem bærinn stóð, en glöggst má sjá þar rústir bæjarhúsa. Kotið stóð skammt norður af bænum á Arngeirsstöðum.” segir í Sunnlenskum byggðum. “Frá Grásteini [sjá 012] liggur keldudrag suð-austur í mýrina og heitir það Þverkelda. Neðar er svo Tungugil og Hjáleiguholt þar austar.” segir í örnefnalýsingu Grjótár

og líklega er um sömu hjáleigu að ræða. Býlið hefur verið 350 m NNV við bæ 001 og 460 m norðvestan við Grjótá RA-200:001.

Býlið hefur staðið þar sem nú (2019) er sléttað og plægt tún.



Uppmæling af fornleifum í Tungukoti RA-201:018. ©Loftmyndir ehf.

Bylið fór í eyði árið 1904. Ekki er að sjá tóftir eða aðrar minjar á hólnum vegna sléttunar og plægingar en hann er vel greinilegur efst í túni. Hóllinn er um 1 m hærrí en umhverfi sitt, 46,4 x 31,3 m að stærð og snýr norðaustursuðvestur. Samkvæmt heimildarmanni hefur lítilsháttar grjótt komið upp í hólnum staðið við plægingu.

Hættumat: hætta,

vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 421; Ö-Grjóta og Arngeirsstaðir, 1

RA-201:018_02 garðlag túngarður

A 449869 N 359787

Túngarður sem afmarkaði heimatún bæjarins sést um 60 m ASA við bæjarhól 018_1 og 300 m norðvestan við bæ 001. Nú (2019) er girt um Tungukot 018 en garðlagið sést austan við þá girðingu.

Garðlagið er í örækt, austan sléttads túns, á brún hins mýrlenda Grásteinsgils.

Garðlagið er greinanlegt í þremur bútum sem í heild eru 66,5 m langir en umlykja svæði sem er 103 x 23,5 m að stærð. Þessir sýnilegu bútar virðast mynda austasta hluta túngarðsins um Túnkot 018 sem var í nyrsta hluta heimatúnsins. Til norðurs sveigir það til norðvesturs, en til suðurs er stefnan til suðvesturs. Garðlagið er mest 3 m að breidd og hæst um 0,5 m en mjög raskað af ágangi búfjár. Er það því fremur slitrótt og rof í því á mörgum stöðum, en annars er garðlagið vel gróið.



Túngarður RA-201:018_2, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:018_03 garðlag túngarður

A 449887 N 3597823

Við yfirferð loftmynda sást túngarður um 15 m vestan við túngarð 018_2. Túngarðurinn er austan við núverandi girðingu umhverfis Tungukot, austan við ræktuð tún. Roft er á einum stað, á sama stað og rof í túngarði 018_2 sem bendir til þess að leið hafi legið þar í gegn. Ekki er hægt að lýsa túngarðinum nánar án vettvangsheimsóknar.

RA-201:019 Arngeirsstaðahólar heimild um býli

A 449959 N 359448

“Austur frá bænum á Arngeirsstöðum var smá lægð nálægt fornum rústum af byggingum og kallaðist

Dalur,” segir í örnefnaskrá Grjótár og Arngeirsstaða. Í annarri örnefnaskrá fyrir Butru, Grjótá og Arngeirsstaði segir: “Fyrir ofan og neðan bæinn á Arngeirsstöðum eru stórir, flatir hólar, sem heita Arngeirsstaðahólar. Eru líkur til, að þar hafi verið fornar stórbyggingar, og hefur verið getið til, að þar hafi staðið hin forna Grjótá.” Eru talsverðar líkur til þess að um sömu minjarnar sé að ræða. Dalur er á þeim stað sem íbúðarhúsið á Arngeirsstöðum stendur, byggt 2005. Ekki er vitað til þess að neinar mannvistarleifar hafi komið í ljós við húsbygginguna en þá breyttist landslagið talsvert og hóll sem var austan og norðaustan við Dal var jafnaður út að miklu leyti. Ásta og Ásrún Þorbjörnsdætur á Grjótá kölluðu þennan hól einfaldlega Hólinn eða Arngeirsstaðahólinn. Þær muna eftir fornlegum rústum sem voru sunnan við Dal og Arngeirsstaðahól, um 130 m suðaustan við bæ 001.

Rústirnar voru á nokkuð afgerandi flata í túninu sem er í aflíðandi halla til suðurs.

Ásta og Ásrún á Grjótá greindu frá því að í túni Arngeirsstaða sunnan og neðan við nýlegt íbúðarhús hafi sést einhver ummerki um mannvirki, skálalaga byggingu sem sneri austur-vestur og aðra minni vestan við hana, þar var aflöng laut. Af lýsingunni að dæma hefur þarna getað verið fornbyli. Engar minjar sjást lengur á yfirborði vegna túnasléttunar en ætla má að enn séu minjar varðveittar undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 2; Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 3

RA-201:020 *Kuðungur* heimild um útihús

“Suð-vestur af bænum á Arngeirsstöðum er smá hólbunga, sennilega gömul kofatóft, heitir Kuðungur,” segir í örnefnalýsingu. Nákvæm staðsetning Kuðungs er ekki þekkt en til greina kemur að átt sé við lága hæðarbungu í túni þar sem útihús 009 var. Einnig koma fleiri staðir til greina þar sem heimildir eru um útihús í túni suðvestan við bæ 001.

Túnið sunnan við bæ er sléttað og í aflíðandi halla til suðurs. Er það nokkuð jafnlent en í því eru ójöfnur, hæðir og lægðir.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-201:021 *Torfbali* örnefni rista

A 450186 N 360231

“Upp af Arngeirsstöðum, upp undir Brúnum heitir Sellág, vestast í Brúninni er Litla-Skjólholt efst, en suðvestur af því heitir Torfbali ...” segir í örnefnalýsingu. Torfbali er rúmum 700 m NNA við bæ 001.

Suðvestur af Litla-Skjólholti er mýrlent, smá þýft og grasi gróið.

Ekki er að sjá merki um torfristu nú (2019) í Torfbala eða því svæði sem næst honum er.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir, 2

RA-201:022 tóft beitarhús

A 450331 N 360469

Beitarhús eru 990 m norðan við bæ 001 og 132 m norðaustur af tóft 045. Tóftin er um 100 m suðaustan við vegslóða sem liggur upp hlíðina frá bænum, samhliða Grásteinsgili, á aflíðandi brún sem markar mýrlendi til suðurs og mólendi til norðurs. Líkast er þetta hús merkt er á herforingjaráðskort 48 NA frá 1908.

Næsta umhverfi tóftarinnar er vel grasi vaxið en sunnan hennar er aflíðandi brún þar sem land lækkar og verður mýrlent. Til norðurs tekur við mólendi.


Tóftin er tvöföld, 13,2 x 7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Syðra hólfíð er 6,5 x 2,7 m að stærð og snýr líkt og tóftin. Grjóthlaðinn garði liggur um hólfíð mitt eftir lengd þess og er hann mest 1,2 m að breidd. Hólfíð er opið til suðurs en líklegast hefur verið viðarþil þar. Enginn veggur skilur hólfín tvö að en nyrðra hólfíð er niðurgrafið um 0,2 m. Hólfíð er 3,3 x 2,0 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru hæstir um 0,5 m og eru þeir vel grónir grasi og stráum svo tóftin fellur vel inn í umhverfi sitt, þó hún sé heldur betur gróin en annars.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NA



Beitarhús RA-201:022, horft til norðausturs.



Uppmaling af tóft RA-201:022.

RA-201:023 heimild um traðir

A 449945 N 359541

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá leið (vegur eða traðir) frá bæ 001 til austurs að vegi RA-200:028 sem liggur til suðurs frá Grjótá og Arngeirsstöðum. Þar er malarslóði sem tengist moldarslóða og liggur hann á milli Kirkjulækjar og Arngeirsstaða.

Leiðin lá um sléttuð tún sem eru í halla til suðurs. Talsvert rask hefur orðið norðan við hana vegna byggingaframkvæmda.

Engin ummerki sjást um eldri veg eða traðir og má ætla að þau hafi horfið vegna sléttunar eða vegagerðar.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:024 heimild um túngarð

A 449976 N 359631

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var gamall túngarður efst og nyrst í heimatúninu. Var hann 80-90 m NNA við bæ 001.

Ofan og norðan við gamla bæinn á Arngeirsstöðum og nýtt íbúðarhús er gamallt sléttuð tún sem er ekki lengur slegið. Búið er að grafa skurð í lægð milli túnhluta fast ofan og norðan við þar sem túngarðurinn var.

Ekki sjást skýr ummerki um garðinn en þó má greina óljósa brún sem ekki er hægt að fylgja.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:025 tóft útihús

A 449996 N 359684

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var allstórt útihús um 150 norðaustan við bæ 001. Tóftin sést enn og er hún í þeim hluta túnsins sem er utan eldri túngarðs 024 en afmarkað til norðurs af vörslugarði 002. Nokkuð er um útflattar og fornlegar minjar í þessum hluta túnsins (031-034).

Túnið er í afliðandi halla til suðurs, er slétt og grösugt en virðist ekki lengur slegið.

Tóftin er útflött og nokkuð hringlaga, um 12 m í þvermál. Í henni virðist hafa verið eitt hólf en innanmálið mjög ógreinilegt og er tóftin fremur flöt að ofan. Ekki er hægt að greina op inn í tóftina en helst kemur til greina að það hafi verið á austurhlið. Þar eru veggir lægstir og ógreinilegastir. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,3 m, hvergi sést í grjót.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar



Tóft RA-201:025, horft til SSV.

Heimildir: Túnakort 1919

RA-201:026 heimild um útihús

A 449642 N 359400

Á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 er sýnt útihús um 220 m suðvestan við bæ 001 og 20-30 m austan við gleitt horn vestarlega í túni, þar sem tveir lækir mætast. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og hefur verið komið úr notkun og jafnvel horfið fyrir þann tíma.

Sléttað tún í rækt er þar sem útihúsið var,

Engin sjáanleg ummerki eru um útihúsið og má ætla að það hafi verið sléttað í tún. Enn sést smá bunga sem gefur staðsetningu þess til kynna og er líklegt að leifar af því séu enn undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

RA-201:027 heimild um útihús

A 449725 N 359353

Útihús er sýnt á bæjarteikningu danskra mælingamanna 1906 var neðst í túni á þeim tíma, um 200 SSV við bæ 001 og 50 m austan við útihús 011. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og hefur verið komið úr notkun og jafnvel horfið fyrir þann tíma.

Túnið sem útihúsið var í er sléttað og í halla til suðurs. Greina má gömlu túnmörkin á þessum stað en neðan við þau til suðurs er meira aflíðandi halli.

Engin ummerki sjást um útihúsið og má ætla að það hafi horfið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-201:028 gata leið

A 449079 N 358505



Leið RA-201:028, horft til suðurs.

Leið er um 460 m norðan við Bollakot RA-198:001. Hún liggur meðfram vesturbakka Grjótár, sunnan og austan við Bollakotsveg og fast norðan við rjómabúinu. Líkast lá hún að rjómabúinu.

Leiðin liggur á bakka ofan Grjótár sem er í órækt og vex þar gras og sina.

Leiðin er greinileg sem þó nokkrir renningar sem liggja norðaustur-suðvestur. Liggur hún á 180 m löngum kafla neðan við bakka og er um 3 m að breidd. Ofan af hæðinni er leiðin greinileg en sést illa þegar staðið er á henni. Hún er vel gróin grasi svo erfitt er að henda reiður á fjölda renninga, en þeir eru að minnsta kosti 5 talsins, eða breidd leiðarinnar.


Hættumat: engin hætta

RA-201:029 tóft útihús

A 449951 N 359626



Tóft RA-201:029, horft til suðvesturs.



Uppmaling af tóft RA-201:029.

Tóft er 60 m norðaustan við bæ 001 og 11 m VNV við útihús 005, á stað sem kemur vel heim við staðsetningu útihúss á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906.

Tóftin er í grasivöxnu túni, norðan íbúðarhúss.

Tóftin er einföld, gróflega ferhyrnd, 6,1 x 6,0 m að utanmáli, 2,2 x 1,8 m að innanmáli. Hún snýr norður-suður en hólfið er þvert á tóftina. Veggir hennar eru útflattir, hæstir um 0,2 m en vel grónir grasi. Innan tóftarinnar vex arfi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

RA-201:030 tóft rjómbú

Rjómbú sést á bæjarteikningu Hellishóla frá 1906, syðst í landi Arngeirsstaða. Steyptur grunnur þess sést enn, austan við veg sem liggur N-S að Hellishólum og Bollakoti. Grunnurinn er vestan við Grjótá. Rjómbúúð er um 1,4 km SSV við bæ 001 og 900 m suðvestan við meinta staðsetningu Arngeirsstaðahjáleigu 017.

Óræktaður mói er allt umhverfis. Rjómbúúð er við bratta brekkubrún og fast vestan við hana rennur Grjótá.

Steyptur grunnur er enn greinilegur og er hann ferhyrndur, um 7,3x7,3 m að stærð og um 0,1–0,3 m á hæð. Steypan er gömul og grjótblönduð. Líklegur inngangur er á norðurhlið. Óljós hryggur liggur N-S í miðri tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra mælingamanna 1906

A 449001 N 358473



Grunnur RA-201:030, borft til norðausturs.

RA-201:031 þúst útihús

Þúst er um 120 m norðan við bæ 001 skammt utan við heimatún Arngeirsstaða. Útihús er sýnt á þessum stað á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakstætt, ræktað tún á svæðinu. Garðlag 032 liggur að þústinni til vesturs og til norðausturs eru fornlegar minjar 033 og 034. Sterkar líkur eru á því að í grunninn sé þetta gamalt heimatúns óþekkts býlis sem hafi verið nýtt áfram sem fjárhús og að endingu sameinað heimatúni bæjarins.

Gamalt, ræktað tún sem nýtt er til beitar. Þústin skagar lítilega fram úr brekkubrún og er áberandi.

Þústin er 16,5x15,5 m að stærð og snýr norður-suður. Búið er að slétta yfir allar tóftir sem þarna voru og hliðar hennar orðnar aflíðandi. Þústin er grasivaxin og 0,5 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteiking 1906

A 449949 N 359683



Þúst RA-201:031, borft til suðurs.

RA-201:032 garðlag túngarður

Túngarður er 130 m norðan við bæ 001 og austurendinn liggur fast upp við þúst 031. Túngarður 002 er yngri og liggur yfir vesturenda túngarðsins sem endar við lækjargil.

Túngarðurinn liggur grónu túni sem nýtt er til beitar. Lækjarfarvegur er vestan við túngarðinn sem og

A 449923 N 359693



Túngarður RA-201:032, horft til austurs.

hið meita tún.

Túngarðurinn skiptist í fjóra parta og nær yfir svæði sem er 120x40 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er algróinn, 0,5 m á hæð og að öllum líkindum torfhláðinn. Að vestan liggur túngarðurinn frá lækjarbakka að brekku skammt austur. Hann snýr nálega austur-vestur, er 6,5x2 m að stærð. Næsti hluti er 8 m ASA, uppi á brekkunni. Hann er 6x3,5m að stærð og snýr austur-vestur. Þriðji hluti er 6 m austur og snýr NNV-SSA. Túngarðurinn er örlítið bogadreginn, 20x7m að stærð og endar til suðurs við túngarð 002. Fjórði hlutinn er sunnan við túngarð 002. Hann er 60x6m að stærð, 0,8m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur í 35m og sveigir svo til austurs í 25m.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:033 þúst óþekkt

A 449970 N 359700

Þúst er 130 m norðan við bæ 001 og 12 m sunnan við garðlag 002. Samkvæmt túnakorti frá 1919 var stakstætt, ræktað tún á svæðinu.

Gamalt, ræktað tún sem nýtt er til beitar.

Þústin er 7,8 x 7,0 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er um 0,3 m hærri en umhverfi sitt en eins og það, vel gróin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst RA-201:033, horft til suðurs.



Þúst RA-201:034, horft til vesturs.

RA-201:034 þúst óþekkt

A 449986 N 359695

Þúst er 140 m NNA við bæ 001 og 15 m norðvestan við útihús 025. Hún er í túni ofan og norðan við núverandi íbúðarhús á Arngeirsstöðum.

Þústin er í sléttuðu túni sem er í órækt.

Þústin 6x6 m á stærð og er um 0,1 - 0,2 m á hæð. Hún er ógreinileg og ekki skýrt afmörkuð, en sker sig úr umhverfinu. Hún er flöt að ofan og engar hleðslur eru sjánlegar. Þústin er á lágri ávalri hæð og suðvestan við hana á 16x11 m stóru svæði eru óljós ummerki um mannvistarleifar. Hlutverk minjanna er óþekkt en hugsanlega hefur þarna verið útihús, annaðhvort frá Arngeirsstöðum eða frá öðru býli sem ekki eru til heimildir um, en vestan við þústina er fornlegur garður 032 og þústir 031 og 033.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:035 heimild um beitarhús

A 449990 N 359785

Á herforingjaráðskorti 48 SA er sýnt hús í úthögum, rétt norðan við túnið á Arngeirsstöðum þar sem

heitir Holt. Má ætla að það hafi verið beitarhús og að það hafi verið 240 m NNA við bæ 001 og 110 m norðaustan við fornlegan garð 032.

Gamalt tún sem ekki er lengur slegið er þar sem beitarhúsin voru.

Engin ummerki sjást lengur um húsin sem hafa að öllum líkindum verið sléttuð út þegar túnið var ræktað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 SA

RA-201:036 heimild um útihús

A 449671 N 359354

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús, á kortinu merkt sem tóft, um 60 m sunnan við útihús 010 og um 310 m suðvestan við bæ 001, í jaðri heimatúnsins. Útihúsið var að öllum líkindum utan túnsins líkt og það var afmarkað 1906.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919


RA-201:037 tóft útihús

A 449917 N 359880

Tóftin er um 300 m við norðan við bæ 001 og 80 m austan við Tungukot 018, í vesturhlíð Hjáleiguholts. Tóftin er rétt utan við heimatún Tungukots og líklega nýtt frá þeim bæ.



Tóft RA-201:037, borft til norðausturs.



Uppmaling af tóft RA-201:037.

Tóftin er í óræktaðri brekku niður Hjáleiguholt. Hlíðin er vaxin grasi og stráum.

Tóftin er einföld, ferhyrnd, 5,3 x 5,2 m að utanmáli, 1,0 x 0,9 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru signir, hæstir um 0,4 m, og er op í henni til suðvesturs. Tóftin er öll vel grasivaxin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:038 tóft útihús

A 450298 N 360295

Tóftin er 800 m NNA við bæ 001 og 150 m austan við tóftir 039 á mjög mýrlendu svæði í hlíðinni norðan við bæinn.


Tóftin er á brún lítils holts, allt er deiglendi.

Tóftin er einföld og aflöguð. líklegast vegna hruns og sigs. Hún er 8,8 x 6,3 m að utanmáli, 4,4 x 2,5 að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru hæstir um 0,7 m en eru óskýrari til norðvesturs vegna sigs. Ekki er að sjá op í tóftinni en hún er öll grasivaxin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Tóft RA-201:038, horft til suðausturs.



Uppmaling af tóft RA-201:038.

RA-201:039_01 tóftir fjárhús

A 450146 N 360304



Tvær tóftir eru 760 m norðan við bæ 001, 50 m austan við Grásteinsgil og 45 m vestan við vegslóða sem liggur upp hliðina frá bænum á svæði sem er 23,4 x 13,2 m að stærð og snýr norður-suður.

Tóftirnar eru í brekku sem hækkar til norðurs. Svæðið er nýtt til beitar.

Syðri tóftin er tvöföld, 17,2 x 10,8 m að stærð og snýr norður-suður. Hólf tóftarinnar eru niðurgrafin að hluta og er norðurútrveggur ekki hlaðinn, heldur aðeins niðurgrafinn inn í hliðina. Syðra hólfid er 6,8 x 3,1 m að stærð og snýr líkt og tóftin en nyrðra hólfid er 3,8 x 2,3 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir eru hæstir um 1,2 m en lækka mjög til suðurs þar sem þeir eru skemmdir sökum ágangs hrossa. Þar er hæð veggja um 0,2 m. Í suðurvegg og syðst í vesturvegg má greina grjót í hleðslum, þó hvergi meira en eitt umfar. Ekki er greinilegt op í tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Uppmaling af fornleifum RA-201:039.



Tóft RA-201:039_1, horft til norðurs.



Tóft RA-201:039_2, horft til NNA.

RA-201:039_02 tóft óþekkt

A 450145 N 360318

Tóftin er 2 m norðan við tóft 039_01. Hún er einföld, 7,4 x 5,6 m að utanmáli, 2,5 x 1,5 m að innanmáli og

snýr austur-vestur. Veggir eru mjög signir, hæstir um 0,3 m og mjög raskaðir af ágangi hrossa. Tóftin er vel grasivaxin og er ekki að sjá op á henni eða grjót í veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:040_01 tóft beitarhús

A 450210 N 360414

Á herforingjaráðskorti 48 NA eru sýnd beitarhús ofarlega í úthaganum, í Brúnum. Þar eru tvær tóftir og ein gryfja á mörkum Mosmýrar og vallendis í Brúnum, um 1,7 km norðaustan við bæ 001 og 320 m norðaustan við beitarhús 042. Tóftirnar eru ofan við girðingu en gryfjan er neðan hennar. Minjarnar norðan og norðaustan við gamlan skurð og suðvestan við fremur nýlegan skurð, djúpan og breiðan. Þær eru á svæði sem er 63x20 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur.



Uppmaling af fornleifjum RA-201:040. ©Loftmyndir ehf.

Smáþýfður vallendismói. Fremur slétt er í kringum tóftirnar og meiri grasvöxtur en annarsstaðar í móanum.

Beitarhúsatóft 01 er á miðju svæðinu og sú sem er nyrst. Hún er torfhlaðin og virðist tvískipt. Tóftin er 9x5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í tóftina í norðvesturenda. Inn af því er allstórt hólfið en það er aflagað vegna rofs í suðvesturvegg. Er hólfið um 3x2 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ógreinilegt op er úr suðausturenda þessa hólfs inn í minna hólfið sem er 3x1,5 m að innanmáli og snýr líka eins og tóftin. Suðausturhluti tóftarinnar er orðinn mjög þýfður og erfitt að greina innri brún veggja af þeim sökum. Mesta hæð veggja er 0,5 m á norðaustur-langhlið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NA



Tóft RA-201:040_1, borft til suðausturs.

RA-201:040_02 tóft óþekkt

A 450765 N 361075

Einföld tóft 02 er um 10 m suðaustan við beitarhúsatóft 01. Suðausturveggur hennar sést einna best en óljóst má greina aðra hluta hennar. Hún er torfhlaðin, um 5x5 m að stærð og op virðist hafa verið á suðvesturhlið. Veggurinn sem stendur er um 0,5 m á hæð. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en

ætla má að hún hafi hýst fé eða hey.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-201:040_2, horft til suðvesturs.



Tóft RA-201:040_3, horft til suðausturs.

RA-201:040_03 gryfja heystæði

A 450711 N 361067

Gryfja 03 er 32 m suðvestan við beitarhúsatóft 01. Hún er hringlaga, 7x5,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst má greina ytri brún veggjar á suðvesturbrún. Gryfjan er 0,5-0,6 m djúp, lægst syðst. Ekki er ljóst hvaða hlutverki gryfjan hefur gegnt en helst kemur til greina að hey hafi verið geymt í henni.

Hættumat: engin hætta

RA-201:041 tóft heystæði


A 450330 N 360469

Stór hringlaga tóft er á mýrlendu svæði um 700 m norðaustan við bæ 001, rétt norðvestan við merkin móti Grjóta.

Tóftin er á lágri náttúrulegri hæð en þýfð mýri er allt í kring. Landið hækkar upp af tóftinni til norðurs. Grasgróid er allt í kring en áberandi grænn grasgróður vex á tóftinni.



Tóft RA-201:041, horft til SSA.



Uppmaling af tóft RA-201:040.


Torfhlaðin tóftin er hringlaga og er op syðst á henni. Opið og innanmálið er orðið samansigið og ógreinilegt en öll tóftin er gengin í þúfur. Tóftin er um 9,5 m í þvermál og veggir 2-2,5 m á breidd. Mesta hæð veggja er um 0,6 m. Út frá staðsetningu tóftar og lögun er líklegas að hún hafi gegnt hlutverki heystæðis en ekki er útilokað að um fjárborg sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

RA-201:042_01 tóft beitarhús

A 450530 N 360840

Fjórar beitarhúsatóftir eru fremst í Brúnum, suðvestan við Mosmýri og norðvestan við Klofningstanga. Minjarnar eru 1,4 km NNA við bæ 001 og rúmum 300 m suðvestan við beitarhús 040. Tóftirnar eru á svæði sem er 35x12 m að stærð og snýr VNV-ASA. Minjarnar eru ekki mjög fornar en veggir eru mjög



Uppmaling af tóftum RA-201:042.

illa farnir vegna rofs og eru mjög lágir af þeim sökum.

Minjarnar eru í smápýfðum móa sem er vaxinn grasi og mosa. Allmikið grafgil er austan við minjarnar og rofsvæði er suðvestan við þær í halla niður af Brúnum.

Lýsingin hefst í ASA-enda svæðisins á tóft 01. Hún er einföld og torfhlaðin, er 10x6,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru útlattir og ekki sjást innri brúnir veggja en í miðri tóftinni er lág þúst. Ekki sést skýrt op á tóftinni en það kann að hafa verið í suðausturenda. Þar er einn stakur steinn í austurhorni. Mesta hæð veggja er 0,1-0,2 m.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-201:042_1, horft til suðvesturs.



Tóft RA-2010:042_2, horft til suðurs.

RA-201:042_02 tóft óþekkt

A 450524 N 360850

Tóft 02 er 5 m norðvestan við tóft 01 og 2 m norðaustan við tóft 03. Hún er nokkuð ferhyrnd, einföld og torfhlaðin. Tóftin er 5x5,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Innanmál er ógreinilegt og ekki sést op á tóftinni. Veggir eru signir og rof er í þeim. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,3 m. Sjá má ummerki um efnistöku umhverfis tóftina. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi tóft hefur gegnt en líklegt er að hún hafi hýst sauðfé eða hey.

Hættumat: engin hætta

RA-201:042_03 tóft beitarhús

A 450516 N 360848

Tóft 03 er á milli tófta 02 og 04 en aðeins sunnar en þær. Hún er einföld og torfhlaðin. Tóftin er 7,5x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Veggir tóftarinnar eru mjög signir og er ytri brún þeirra 0,2-0,3 m há.

Í miðri tóftinni er lág þúst sem hefur myndast við hrun. Ekki sést skýrt op inn í tóftina og ekki er ljóst hvaða hlutverk hún hefur gegnt. Líklega hefur hún hýst sauðfé eða hey.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-201:042_3, horft til austurs.



RA-201:042_4, horft til norðausturs.

RA-201:042_04 tóft beitarhús

A 450508 N 360854

Tóft 04 er norðvestast á minjasvæðinu og snýr norður-suður, ólíkt hinum tóftunum. Hún er einföld og torfhláðin, 9x6 m að stærð. Tóftin er í mjög aflíðandi halla til suðurs og er innanmálið nær ógreinanlegt en ytri brún veggja er 0,4 m á hæð þar sem þeir eru hæstir á langhliðum. Ekki er vitað með fullri vissu hvaða hlutverki tóftin gegndi en þar sem hún er með stærri tóftum á svæðinu er líklegt að hún hafi verið beitarhús.

Hættumat: engin hætta

RA-201:043 tóft beitarhús

A 450710 N 360854


Lítill tvískipt beitarhúsatóft er uppi á Brúnum um 1,5 km frá bæ 001 og 180 m frá beitarhúsum 042. Tóftin er hlaðin á brún rofasvæðis ofan við lækjargil á merkjum á milli Grjótár og Arngeirsstaða. Rofsvæðið er að gróa upp en þó er virkt rof í tóftinni og greinilegt að sauðfé liggur þar og viðheldur því.

Tóftin er í smáþýfðum móa sem vaxinn er grasi og mosa. Aflíðandi halli er upp til norðurs en allbrött brekka norðan við Brúnir til suðurs.

Tóftin er tvískipt, er 9,5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Suðurhluti hennar stendur betur en norðurhlutinn og er grjóthlaðinn en þar er líka mikið rof í suðurvegg og á austurhlið. Op er inn í syðra hólfið í vesturenda. Það hólf er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Eki er skýrt op inn í nyrðra hólfið en líklegt að það hafi einnig verið á vesturhlið. Innanmál þess hólfs er ekki mjög skýrt því þar er þúst eða hrun á svæði sem er 3,5x1 m að stærð og snýr eins og syðra hólfið. Mesta hæð veggja er 0,5 m á vesturhlið en víðast eru þeir lægri. Ekki sést fjöldi umfara en talsvert sést af grjóti í rofi á suðurhlið.



Tóft RA-201:043, horft til norðausturs.



Uppmaling af tóft RA-201:043.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-201:044_01 gata leið

A 450720 N 360943

Nokkuð afgerandi götur sjást á tveimur stöðum ofan við Brúnir, um 25 m norðan við beitarhús 043 og 60 m ANA við beitarhús 042. Göturnar hafa sömu stefnu og eru líklega á sömu leið en á milli þeirra eru um 40 m þar sem þær voru skoðaðar. Er götunum lýst undir sínu hvoru númerinu. Ekki er ljóst hvaðan leiðin kemur eða hvert hún liggur.



Göturnar liggja um smápýfðan móa þar sem vex gras og mói. Nokkuð er um rof á svæðinu þegar kemur niður af Brúnum þar sem leiðin stefnir að merkjagili milli Kirkjulækjar og Arngeirsstaða.

Leið RA-201:044_1, borft til suðvesturs.

Í norðvestari götunum 01 er niðurgrafin renna norðaustast sem er 0,5 m djúp og 0,5-1,5 m á breidd.

Er hún um 140 m löng og liggur til suðvesturs. Götur liggja meðfram henni að suðaustanverðu. Þær eru 6-8 saman en eru ekki fornlegar að sjá og ekki heldur mjög reglulegar. Göturnar eru 0,1-0,2 m á breidd og dýpt. Einnig má sjá fáar götur norðvestan við rennuna. Í heildina má rekja þessar götur á um 250 m löngum kafla, úr norðaustri að beitarhúsum 042. Ekki er skýrt framhald af þeim þaðan til suðvesturs en ætla má að hún hafi legið niður að merkjagili þar sem Grásteinn er og heim að bæ 001.

Hættumat: engin hætta

RA-201:044_02 gata leið

A 450743 N 360900

Í suðaustari götunum 02 eru fleiri og fornlegri götur en í götum 01. Þar sem þær eru samsíða götum 01 má sjá 12-15 götur saman á um 15 m breiðu svæði, eru 0,1-0,2 m á breidd og 0,1-0,3 m á dýpt. Hægt er að rekja þessa leið af loftmynd á rúmlega 1 km löngum kafla þar sem hún liggur frá gili á merkjum milli Kirkjulækjar og Arngeirsstöðum, yfir í land Grjótár og hætta að sjást skýrt þar sem hún grefst niður í rennu inn á milli heystæða RA-200:041 austan við Mosmýrargil. Talsvert rof er á þessum götum austan við beitarhús 042 og kann það ef til vill að skýra að leiðin færðist til á götur 01 sem liggja norðan við rofið.




Leið RA-201:044_2, borft til suðvesturs.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-201:045, borft til suðausturs.



Uppmaling af tóft RA-201:045.

RA-201:045 tóft óþekkt

A 450211 N 360415

Tóft er 890 m norðan við bæ 001, 5 m norðan af vegslóða sem liggur upp hlíðina frá bænum og 60 m austur af Grásteinsgili.

Tóftin er í grasigrónni hlíð en til austurs lækkar landið og verður mýrlent.

Tóftin er einföld, 6,2 m á kant að utanmáli, 2,6 x 1,7 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggir eru mjög signir, hæstir um 0,4 m og vel grónir grasi og stráum svo hún fellur vel inn í landslagið. Ekki er hægt að greina op á tóftinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-201:046_01 heimild um útihús

A 449945 N 359579

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður með sambyggðu útihúsi fast austan við bæ 001. Útihúsið var norðan við kálgarðinn, rúmunum 20 m norðaustan við bæinn. Núverandi íbúðarhús er þar fast austar og alls ekki ólíklegt að það sé byggt yfir áætlaðri staðsetningu útihússins.

Malarpalan er vestan við húsið. Umhverfis er afgirtur bakgarður.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-201:046_02 heimild um kálgarð

A 449949 N 359557

Kálgarðurinn var sunnan við útihús 046_1. Hann er horfinn, þar er grasivaxið svæði sunnan við núverandi íbúðarhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202 Kirkjulækur

50 hdr. 1710 með hjáleigunum Ísólfskoti [sama og síðar var nefnt Kirkjulækjarkot SB IV, 423] 5 hdr., Hellirshólum 5 hdr., og Glámu 5 hdr. síðan var Tungukot eyðhjáleiga.

1332: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI II, 687-689.

1399: Jörðin seld Árna Einarssyni

1406: Jörðin nefnd í afskriptagjörð Vigfúsar Þorbjarnarsonar, Þorleifs Árnasonar og Jóhanness Arnviðssonar eftir Gunnar Eyjólfsson. DI III, 647, 613.

Fremsta hluta haganna var skipt milli eiganda árið 1958. Nú er þrjúbyli á Kirkjulæk. Hlíðarból nýbyli úr landi K, byggt árið 1953.

1919: Tún 4,9 ha, 4 ha sléttað, garðar 1668 m² “Tún eru góð en sumt af þeim er í nokkurri fjarlægð. Engjum hefur verið breytt í tún.” SB IV, 422



Þajarteikning Kirkjulækjar RA-1202 frá 1906 upprett ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar.

RA-202:001_01 *Kirkjulækur* bæjarhóll



Bæjarhóll RA-202:001_1, horft til vesturs.

bústaður A 449277 N 359516

Bæirnir á Kirkjulæk voru og eru á brekkubrún, í miðri hlíðinni. Þeir stóðu allir á sama hlaði, voru sambyggðir og snéru stöfnum til suðurs. Bæjarhóllinn er þakin byggingum og lítið sem gefur umfang hans til kynna nema til norðausturs. Bæirnir voru fluttir og breyttu um nafn um miðja síðustu öld, til hægðarauka eru bæirnir skráðir undir númerunum 001_2, 001_3 og 001_4.

Bæjarhóll allra bæjanna þriggja er um 60x35 m að stærð og snýr austur-vestur. Margar byggingar eru á hólnum og einungis norðausturhornið óraskað. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 voru bæjarhúsin sunnarlega á hólnum en nokkrar breytingar verða á túninu á þessum árum milli þess sem kortin eru gerð. Hluti af bæjarhólnum

sést enn fast norðan við reykkofa sem þar er.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-202:001_02 *Kirkjulækur austurbær*

mannvirki bústaður A 449284 N 359488



Grunnur RA-202:001_2, horft til vesturs.

Lýsingin hér neðar á við Austurbæinn (Kirkjulæk I) en núverandi hús er byggt 1954, suðaustan við bæjarhólinn. Grunnur af íbúðarhúsi sem byggt var á fyrrihluta 20. aldar sést hins vegar enn á bæjarhólnum. Húsið sést á loftmynd frá 1960 í eigu ábúenda. Torfbærinn var þar fast norðar að öllum líkindum (sjá 001_6). Grunnurinn er 7x4 m að stærð, snýr austur-vestur og 0,3 m á dýpt. Hann er steypur en sást lítið vegna gróðurs þegar skrásetjari var á ferðinni. Annað hús var byggt þar árið 1951 suðaustast í bæjarhólnum, grunnur þess húss sést enn fremur enn og steypur strompur þar inni. Hann er 2-3 m á hæð, 31x24 m að stærð og grasivaxinn. Á ljósmynd frá 1960 í eigu ábenda sést gamla fjósið, norðan við reykkofann á bæjarhólnum. Fjánhús frá bænum sjást

einnig á myndinni, fast vestan við bragga sem enn er varðveittur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202:001_03 *Kirkjulækur miðbær*

bæjarhóll bústaður A 449271 N 359496

Miðbærinn, nú Kirkjulækur III, var á milli austur- og vesturbæjarins (001_02 og 001_04), á miðjum bæjarhólnum. Bærinn var færður tæpum 110 m vestar, af bæjarhólnum um miðja síðustu öld. Miðbærinn stóð þar sem núverandi fjárhús frá Kirkjulæk I eru. Öll ummerki hans eru horfinn og hann sést ekki á ljósmynd frá 1960 í eigu ábúenda á Kirkjulæk I. Bæirnir voru nánast sambyggðir og stafnar snéru til suðurs. Mikið rask er á hólnum og m.a. fjós og hlaða sem byggð voru um 1920.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 424-425; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919.

RA-202:001_04 *Kirkjulækur vesturbær*

bæjarstæði bústaður A 449247 N 359505

Vesturbærinn (Kirkjulækur II) var á bæjarhólnum en íbúðarhúsið brann árið 1974. Bærinn var fast austan við núverandi hús á Kirkjulæk II en núverandi íbúðarhús var byggt 1957, vestarlega á bæjarhólnum.

Bæirnir voru allir færðir um miðja síðustu öld af bæjarhólnum. Samkvæmt túnakorti og bæjarteikningu varbæjarhlað þar sem núverandi íbúðarhús er byggt.

Vesturbærinn er nú innan bakgarðs Kirkjulækjar II sem kallaðist áður Miðbær. Bæirnir breyttu um nafn eftir 1930, þegar upphaflegi miðbærinn var færður til vesturs. Það hús er horfið. Mikill trjágróður er á svæðinu.

Minjarnar eru á svæði sem er 21x12 m og snýr austur-vestur. Tóftir bæjarhúsanna sjást að hluta en þær eru mikið raskaðar. Þar sem íbúðarhúsið (brann 1974) var er sléttur stallur til austurs. Hann er áberandi til vesturs og er 0,6 m á hæð þar. Til suðurs er hann 0,3 m. Tré eru á öllu bæjarstæðinu og ljóst að mikið rask er af þeim sökum. Til austurs sést þúst eða tóft. Grjóthleðslur eru í henni til suðurs og vesturs. Þústin er 0,5 m á hæð og 2-3 umför eru þar. Grónar grasflatir eru til annarra átta. Snúrur eru á miðju bæjarstæðinu og fast norðar er skemma. Vírgirðing afmarkar svæðið til austurs.



Tóft RA-202:001_4, horft til norðausturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 424-425; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919.



Staðsetning og skipulag bæjarhúsanna á Kirkjulæk RA-202 sést vel á túnakorti frá 1919. Svarti bringurinn afmarkar bæjarbólinn.

RA-202:001_05 heimild um fjós

Á loftmynd frá 1960 í eigu ábúenda sést gamla fjósið, norðan við reykofa 001_6. Fjósið var á þeim hluta bæjarhólsins sem ekki er sléttaður en hefur verið rífið og engin ummerki þess sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202:001_06 hús eldhús

A 449287 N 359000

Fast norðan við grunn 001_2 er reykkofi sem enn er undir þaki. Í grunninn er hann eldhúsið úr gamla torfbænum. Veggir þess eru hlaðnir en norðurhlið er hrunin inn. Búið er að gera húsið upp en þörf er á frekari viðgerðum. Veggirnir eru 1 m á hæð og nokkur umför af torfi og grjóti eru þar. Reykkofinn er um

6x6 m að stærð og þilið er til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Loftmynd af Kirkjulæk tekin árið 1960. Myndin er í eigu ábúenda.



Bær RA-202:001_6, borft til norðvesturs.

RA-202:002 heimild um kirkja

A 449259 N 359488

KIRKJULÆKUR Í FLJÓTSHLÍÐ (R) - Þorláki (TEIGSPING) - HÁLFKIRKJA

1371: xij. Þorlaks kirkia að kirkiulæk a xc j heimalande Það ber riett saman við vilchinsbok. vtann þesse ord eru vt ä spassiunne. Anno domini M. ccc. lxxj. var sett kirkia að kirkiulæk; Hítardalsbók, sjá 1371; DI III 216

1371 og síðar: LXII. Kirkiulækur. Anno domini M. ccc. lxxj var sett kirkia að kirkiulæk. Þorlaskirkia að kirkiulæk a xc j heimalande. rodukross steindann. þorlaks lykneski. Mariulykneski sliett pentad með hurdum. kirkiu kietill oc glodarker. ij alltarisklædi. einn glitadur dvkur oc hvjttur. jarnkiertistikyr. ij. kluckur. tiold kringumm korinn. Þar skal syngia annann hvern dag helgann portio Ecclesiae vmm. xj. ar. cc. oc vj. aurar. Vilchinsbók DI III 263, 1598: hálfkirkja; DI IV; AM 263 fol. bl. 58.

Sagnir eru um að mannabein hafi fundist innan bakgarðs núverandi íbúðahúss að Kirkjulæk II (miðbær) en Eggert, heimildamaður, taldi langt síðan. Ekki er vitað hvar kirkjan stóð nákvæmlega né hvar beinin fundust. Kirkjan var um 10 m sunnan við bæ 001 að öllum líkindum.

Kirkjan er að öllum líkindum innan bakgarðs Kirkjulækjar II, áður var þarna svæði tilheyrandi Miðbænum. Trjálundur, runnar og grasflöt er á þessu svæði nú. Kirkjan var mögulega skammt austar, í bakgarði Kirkjulækjar 001.

Engin ummerki um kirkjuna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: DI III 216; Vilchinsbók DI III 263, DI IV; AM 263 fol. bl. 58

RA-202:003 heimild um útihús

A 449230 M 359634

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 160 m norðvestan við bæ 001, á svæði sem nú tilheyrir Kirkjulækjarkoti RA-203. Þétt skógrækt er á þessu svæði.

Túnið er þakið trjám sem plantað hefur veiroð á síðustu áratugum. Að auki er einnig búið að slétta svæðið. Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-202:004 heimild um útihús

A 449274 N 359562

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 70 m norðan við bæ 001 en ekki er vitað frá hvaða bæ það var. Stórt fjós er þar sem útihúsið var.

Malarplan og fjós sem er í notkun.
Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-202:005 heimild um útihús

A 449097 N 359350

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 240 m SSV við bæ 001 og 100 m austan við útihús 006. Útihúsið var sunnarlega innan túnsins en ekki er vitað hvaða bær nýtti það.

Slétt tún nýtt til sláttar og beitar. Túnið er í halla til suðurs, niður hliðina.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:006 heimild um útihús

A 448999 N 359351

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 320 m suðvestan við bæ 001 og um 100 m vestan við útihús 005.

Slétt tún nýtt til sláttar og beitar. Túnið er í halla til suðurs, niður hliðina.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:007 þúst útihús

A 449158 N 359353

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 170 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 50 m austan við útihús 005. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og fallið úr notkun þá. Plan undir heyrúllur er skammt suðaustan við þústina og vegur að sumarhúsi er tæpum 20 m sunnar.

Þústin er í ræktuðu túni sem nýtt til sláttar og beitar. Túnið er í aflíðandi halla til suðurs, niður hliðina.

Þústin er 23x15 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er 1-1,2 m á hæð og flöt að ofan. Hliðar hennar eru aflíðandi.



Þúst RA-202:007, horft til vesturs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:008 heimild um túngarð

A 449246 N 359616

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 sést túngarður afmarka norðausturhlið heimatúnsins. Á túnakortinu er búið að bæta við þvergarði milli bæjarins til suðurs og útihúsa 003 og 0009 að norðan. Hann afmarkaði í raun lítið stakstætt tún þá. Aðar hliðar túnsins virðast ekki hafa verið með hlöðnum vegg og heimatún Kirkjulækjarkots RA-203 sameiginlegt til vesturs. Heimatúnið afmarkaðist af lækjum til austurs og vesturs en ekki er ljóst hvað réði til norðurs og suðurs. Svæðið er mikið raskað. Afgirt skógræktarsvæði er í túninu sem útihús 003 og 009 voru í og gróinn bakki að lækunum. Ekki var unnt að greina mannvist á yfirborði af þeim sökum. Vegslóði er fast austur og aflíðandi bakki að honum.

Engin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:009 heimild um útihús

A 449202 N 359616

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 140 m norðvestan við bæ 001 og 30 m suðvestan við útihús 003. Það var suðvestast í afgangu skógræktarhólfí og sést ekki á yfirborði.

Túnið er þakið trjám sem plantað hefur verið á síðustu áratugum. Að auki er einnig búið að slétta svæðið. Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:010 hús útihús

A 449252 N 359555



Útihús RA-202:010, borft til vesturs.

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 sést útihús um 70 m norðvestan við bæ 001 og um 70 m suðaustan við útihús 009. Enn er hús á þessum stað, útihús með tveimur burstum. Líklegt er að útihúsin hafi verið endurbyggð eftir að kortin eru gerð.

Útihúsið er fast norðan við úthús á Kirkjulæk II er enn eru í notkun og byggð eftir miðja síðustu öld að öllum líkindum. Malarvegir eru til austurs, vesturs og norðurs.

Útihúsið er 9x6,3 m að stærð og snýr norður-suður. Stafnar snúa til austurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:011 heimild um fjárhús

A 449577 N 359489

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 voru fjárhús utan heimatúnsins, á merkjum við Arngeirsstaði RA-201. Útihúsið er rúmum 80 m austan við fjárhús 040 og um 300 m austan við bæ 001.

Þar sem fjárhúsin voru er vírgirðing á merkjum og malarlóði.

Engin ummerki um fjárhúsin sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-202:013_01 stífla

A 449234 N 359747



Stífla RA-202:013_1, borft til vesturs.

Rafstöðvar voru byggðar við Kirkjulækinn árið 1938. Þær eru alls þrjár talsins, ein frá hverjum bæ. Þessi rafstöð er nyrst og líklega frá vesturbæ (Kirkjulæk II). Minjarnar eru á svæði sem er 30x10 m að stærð og sýr norður-suður. Rafstöðin er rúmum 210 m norðan við bæ 001 á vesturbakka læksins. Stíflan er við vað á læknum, á vegslóða sem liggur að fjárhúsum. Foss er í gegnum stífluna.

Skógrækt í landi Kirkjulækjarkots RA-203 er fast vestar og lækjargil til austurs. Svæðið er gróið.

Stíflan er norðar og hlutar úr henni sjást beggja vegna við lækinn. Norðan við lækinn sést 3,5 m langur og 0,7 m hár steypur veggur, þ.e. stíflan. Veggurinn liggur áfram til vesturs, norðan við lækinn er ekki reyndist unnt að rekja

hann vegna mikils gróðurs og trjáræktar. Hlaðinn kantur úr stóru grjóti er austan við stífluna. Fyrir

sunnan lækinn er stærri veggur, 1,8 m á hæð og bárujárn var notað við uppsláttinn. Stíflan er 2 m á breidd en tekin að hrynja niður. Syðri hlutinn er 2,5 m á lengd. Mikið grjót er í steypunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 424

RA-202:013_02 heimild

A 449239 M 359720

Rafstöðvarhúsið er horfið. Steypa og járn úr húsinu, sem og stíflunni er neðan við vegslóðann, milli hans og lækjarins. Húsinu var rutt niður.

Hættumat: engin hætta

RA-202:014_01 *Tungukot* bæjarstæði býli

A 449621 N 359733

“Tungu-kot hjet lítil hjáleiga frá Kirkjulæk, byggð úr austurpartinum. Hennar fyrstu byggð muna menn

ekki. Eyðilagðist fyrir 10 árum eða þar um. Landskuld minnir menn væri lx álnir. Lagðist í eyði sjerdeilis vegna ágangs af annarra manna peningum og örðugleika að verja slægjur. Kynni að sönnu aftur byggjast, ef ábúandi tilfengist, því ekkert grandar túni nje engjum, er áður fylgdi, sem nú er lagt til heimajarðarinnar. Austurpartsins byggíng er fallin.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Tungukot er að öllum líkindum sýnt á túnakoti frá 1919, innan stakstæðs túns sem ekki er sýnt á réttum stað. Útihúsið innan vallargarðs og vegur lá þar að úr suðvestri. Tungukot er tæpum 420 m norðaustan við bæ 001 og 250 m norðan við fjárhús 040. Bærinn féll úr byggð um 1700 en greinilega nýttur áfram undir beitarhús. Braggi er rétt sunnan við tóftina sem þarna er. Samtals eru fjórar minjæiningar á svæðinu sem er 165x25 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur.

Allt umhverfis minjarnar eru ræktuð tún. Bærinn var austan við Kirkjulækinn, á tungu sem náði til ausurs að landamerkjum Arngeirrsstaða RA-201. Tungan er mjó og liggur niður hlíðina til suðurs. Minjarnar eru ofarlega í tungunni. Bragginn er nýttur sem fjárhús.

Bæjarhóll eða hólmyndun er fast vestan og norðan við tóft

014_2. Hóllinn er nánast ferhyrndur og er 18x19 m að stærð. Tóftin er yfir austurhlutanum en til vesturs er hóllinn 0,2-1 m og hækkar til vesturs. Bæjarhóllinn sést lítið til annarra átta og fjarar út í grasivaxið tún.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 158

RA-202:014_02 tóft fjárhús

A 449623 N 359730

Tóftin er 14x12,5 m að stærð og ekki mjög forn. Hún er sýnd á túnakorti frá 1919 og miðað við lag hennar voru þetta beitarhús með sambyggðri hlöðu. Tóftin hefur látið á sjá síðan túnakortið var gert en skiptist í þrjú hólf líkt og þar er sýnt. Hólfaskipting er þó óljós. Hólf 1 er suðaustast. Innanmál þess er óljóst en það var opið til suðvesturs og grjóthlaðinn garði sést þar inni. Hólf 2 var norðvestar en veggir þessu eru horfnir. Hólf 3 var norðaustast, snéri norðvestur-suðaustur og var hlaða. Það er horfið. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 2 m á breidd og 0,5 m á hæð. Þeir sjást lítið sem ekkert að utan vegna þúfna og gróðurs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919



Uppmáldar fornleifar í Tungukoti RA-202:014.



Bajarbóll RA-202:014_1, borft til austurs.



Tóft RA-202:014_2, borft til norðausturs.

RA-202:014_03 garðlag túngarður

A 449666 N 359766

Á túnakorti sést túngarður umhverfis tóft 014_2. Lítil hluti hans er enn varðveittur, tæpum 40 m norðaustan við fjárhús 014_2. Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarðurinn svæði sem var 70x60 m að stærð og snéri austur-vestur. Lækur rann í gegnum vesturhluta þess, enn má sjá kant vestan lækjarins í framhaldi af túngarðinum sem enn sést. Túngarðurinn er 20x2,8 m að stærð og liggur austur-vestur. Hann mjókkar upp og er 0,5 m á hæð. Vírgirðing var ofan á honum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919

RA-202:014_04 þúst útihús

A 449563 N 359642

Þúst er um 100 m suðvestan við tóft 014_2. Hún er 9x6 m að stærð, 0,3-0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Staðsetningin bendir til þess að um útihús frá Tungukoti gæti verið að ræða. Svæðið er mikið raskað og þústin í sléttu túni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður RA-202:014_3, borft til vesturs.



Þúst RA-202:014_4, borft til suðurs.

RA-202:014_05 heimild um leið

A 449603 N 359718

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lá vegur að tóft 014_2 úr suðvestri. Hlið var líklega á túngarðinum við lækinn, á bakka gilsins. Engin ummerki um leiðina sjást í sléttu, ræktuðu túni.

Hættumat: engin hætta

RA-202:015 tóft beitarhús


A 449832 N 360135

Tóft af beitarhúsum er 350 m SSA við Árnagirðingu 028 og 840 m norðaustan við bæ 001. Tóftin er

austan við lítinn túnstíka í smápýfðri órækt. Um 20 m vestan við skurð í túninu.



Tóft RA-202:015, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft RA-202:015.

Smápýfð órækt er allt í kringum tóftina en sléttað tún vestan við hana.

Tóftin er 16x10 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og torfhlaðin. Innanmál tóftarinnar er 10x3 m og er grasið innan hennar mun grænna en utan hennar eða í veggjum. Hæð veggja 0,1 m og eru þeir útlattir og ógreinilegir.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:016 tóft beitarhús


A 450180 N 360734

Beitarhúsatóft er nokkuð neðar í brekkunni, 140 m suðvestan við Litluborg 053, 550 m norðaustan við Árnagirðingu 028 og 1,5 km norðaustan við bæ 001.

Svæðið í kringum tóftina er frekar þýft og grasivaxið. Brekkan liggur suðvestan við tóftina og ekki sést til bæjar frá þessari staðsetningu.



Tóft RA-202:016, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft RA-202:016.


Tóftin er 13x7 m að stærð og snýr suðvestur-norðaustur. Hún er einföld og líklega að mestu grjóthlaðin. Innanmál tóftarinnar er 10x1,5 og inngangur hennar snýr til suðvesturs. Veggir tóftarinnar eru 0,5-1,1 m á hæð og eru austur- og norðausturveggurinn hæstur. Norðvesturveggurinn er rofinn að hluta til, sérstaklega í austurhorninu. Mikið grjóthrun er í inngangi tóftarinnar og innan hennar. Grjóthleðslur eru að mestu grónar og en á stöku stað sést í 1-2 umför af grjóti. Veggir eru lítilega fallnir inn á við í norðvesturenda tóftarinnar. Norðvesturendinn er aðeins dýpri en annað innanmál tóftarinnar og gæti verið niðurgrafinn. Hugsanlega gæti hún verið tvískipt en sú skipting er mjög óljós og var hún því túlkuð sem eitt hólf.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Í Landnámu segir: „Þorkell bundinfóti nam land að ráði Hængs umhverfis Þríhyrning og bjó þar undir fjallinu; hann var hamrammur mjög. Börn Þorkels voru þau Börkur blátannarskegg, faðir Starkaðar undir Þríhyrningi, og Þórný, er átti Ormur hinn sterki, og Dagrún, móðir Bersa.“ “Selstaða var frá Kirkjulæk sunnan undir Þríhyrningi fram á miðja síðustu öld, þar hefur verið bær til forna og örlar þar enn á túngarði og tröðum,” segir í Sunnlenskum byggðum. “Innst er Hamragil, þá Bjalli, upp af honum Selhorn, þá Selgilsbotn, þá Kirkjulækjarsel (tættur),” segir í örnefnalýsingu. Minjar um Kirkjulækjarsel og mögulega bæinn Undir Þríhyrningi eru á svæði sem er 100x65 m að stærð og snýr ANA-VSV. Innan svæðisins eru 11 fornleifar, þrjár tóftir eru á meintum bæjarhóli auk öskuhaugs. Í kring eru svo fimm tóftir til viðbótar auk grjóthlaðinnar réttar frá um 1920. Friðlýsingarstaur er á staðnum. Selstæðið er mjög langt frá Kirkjulæk, rúmum 6 km norðaustan við bæ 001, og því gríðarlangur gangur þangað inn eftir. Minjar á selstæðinu eru beggja vegna við Selgil og rennur talsvert vatn eftir því en það beygir svo til austurs og héðan falla öll vötn til austurs í gamla Rangárvallahrepp.

Víðast er graslendi á selstæðinu, a.m.k. næst selinu en ekki virðist djúpur jarðvegur þegar lengra dregur frá selinu til suðvesturs. Þar er talsverður framburður úr Bólgili sem hefur hlaðist upp og myndar hæð þannig að ekki er mikið útsýni til suðvesturs. Varða 035 á Réttarhóli sést frá selinu. Dagmálahóll er allstór hóll austan við selið, efst í honum er melur og mosi en hann er gróinn í hlíðum. Til suðurs eru víðáttumiklar mýrar eða engjar og góður hagi. Þýfður mosamói er til norðausturs. Suðvestan við gilið og norðvestan við selið er nokkuð afgerandi hóll eða hæð sem gengur út úr fjallshlíðinni. Ofan í hann er alldjúp gryfja sem er líklega náttúruleg en ekki útilokað að hún sé manngerð.

Brynjúlfur Jónsson lýsti minjunum í Kirkjulækjarseli í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1902: “En suðaustanundir austurhorni fjallsins eru seltóftir, því þar hefir frá ómunatíð og fram á 19. öld verið selstaða frá Kollabæ eða Kirkjulæk. Í fyrravetur sagði Jónas bóndi Árnason á Reynifelli mér þá ætlun sína, að einmitt þar hefði fornþærinn undir Þríhyrningi staðið, og á það hefði dr. Finnur Jónsson fallist ... Rennur þar lækur ofan og er seltóftarbungan á bakka hans. Hún var nál. 12 fðm. löng og 6-7 fðm breið, en há að tiltölu, því hvert selið hefir verið bygt á annars rústum, og eru efstu tóftirnar allnýlegar. Undir öllu þessu getur hæglega falist allstór bæjarrúst. En ganga má þá að því vísu, að grjótið úr henni hafi verið tekið til selgerðarinnar og árangur af uppgreftri því hæpinn. Fyrir afgömlum tóftum vottar þar í kring. Ein er vestur frá bungunni, að stærð 4x3 fðm; önnur niður frá henni, nál 6x3 fðm, mjög óglögg. Ein



Uppmaling af fornleifum á Kirkjulækjarseli RA-202:017. Alls eru þar 12 fornleifar. ©Loftmyndir ehf.

er austan við lækinn, nál 4x5 fðm, og er þvergarður fyrir dyrunum. Fleiri smátóftir eru þar frá ýmsum tímum. Ég skoðaði rústir þessar í sumar (1901) og fylgdi Jónas mér þangað.” Skúli Guðmundsson fjallar um túngarð á þessum stað í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937: “Girðing. - Túngarðurinn er (um 40 faðma) suðaustur frá rústunum; hann liggur á jafnsljettu á 100 faðma svæði samhliða fjallinu, en þá hverfur syðri endi hans í gróid árennsli úr fjallinu, mikið um sig, en að norðurenda þverbeygir hann upp að læknum nálega í rjett horn. Sá spotti er 30 faðma að lengd, og virðist auk þess ná niður í gilið, að læknum, um 2 faðma. Beygist þar í brekkunni hæfilega inn á við, svo að aðsókn verður erfiðari utan-að. Garðurinn bendir til, eða öllu heldur sannar, að hjer sé um meira að ræða en



Bæjarhóll RA-202:017_1, horft til norðausturs.

selstöðu einungis. Hann er að vísu lágur, en svo þarf hann ekki að hafa verið. Hinn mjúki jarðvegur er næg orsök til þess, og hann samsvarar tóftarleifum þar frá fornöld, sem allar eru mjög jafnaðar við jörðu.” Í grein eftir Björn Guðmundsson í Morgunblaðinu 1936 segir: «Selkofar hafa verið að minsta kosti 3: Svefnkró, eldhúskofi og mjólkurhús; auk þess hafa verið hlaðnar kvíar, sem daglega hafa verið mokaðar út. Kofar þessir sennilega mjög ljelegir og oft þurft endurbyggingar.»

FRÍDLÝSTAR FORNMINJAR “Rústir undir Þríhyrningi suðaustanmegin; eru þar seljatóftir ofan á fornum bæjartóftum.” Sjá RA-642:001. Bæjarhóll/rústahóll 017_1 er stór og mikill hóll, að mestu sléttur en dálítið þýfi austast, sunnan við tóft 017_3. Hann er hæstur til vesturs þar sem hann er 2 m á hæð. Hóllinn er 38x28 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Á hólum eru seltóftir 017_2 og 017_3, þúst 017_4 og meintur öskuhóll 017_5.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: ÍF SB IV, 424; Ö-Kirkjulækjartorfa, 1; Friðlýsingarskrá, 66; Brynjúlfur Jónsson 1902, 3; Skúli Guðmundsson 1937, 109; Björn Guðmundsson 1936, 166

RA-202:017_02 *Kirkjulækjarsel* tóft sel

A 453027 N 364503

Tóft 017_2 er nyrst á miðjum bæjarhóli 017_1 og skiptist í fjögur hólf. Hún er 17x7,5 m að stærð og snýr nánast suðaustur-norðvestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin ef frá er skilið lítið hólf í norðvesturenda sem er bara torfhlaðið. Það er 2,5x1 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar, ekki er skýrt op á því. Næsta hólf suðaustan við er rúmír 2x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Þetta hólf stendur best en op inn í það á suðvesturhlið er samfallið. Í innra byrði veggja sjást fjögur umför hleðslu og er móberg í henni. Þá er næst hólf sem er 1,5x1 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóft. Það er samansigið og yfirgróid eins og opið inn í það sem er á suðvesturhlið. Að lokum er stærsta hólfíð sem er í norðvesturenda tóftar en það snýr austur-vestur og er greinilegt op inn í það á miðjum suðurvegg. Það er 3x1,5 m að innanmáli. Mesta hæð veggja er utanmáls er 0,8 m. Á milli tófta 017_2 og 017_3 er eins og óverulegt hólf, kannski heystæði eða álíka, sem er afmarkað af tveimur mjög stuttum og lítilfjörlegum veggjum. Nokkurt þýfi er við vesturhorn tóftarinnar á annars sléttum bæjarhóli 017_1. Þar kann að vera útflatt mannvirki.



Tóft RA-202:017_2, horft til norðausturs.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_03 tóft sel

A 453039 N 364495

Tóft 017_3 er austast á meintum bæjarhóli 017_1. Hún er áþekkt seltóft 017_2 en virðist geta verið litlu

eldri. Hún er hlaðin úr torfi og grjóti en signari og grónari en tóft 017_2. Tóftin er 11x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Í tóftinni sjást tvö greinileg hólf. Í austurenda tóftar er hólf sem er 2,5x1,5 m að innanmáli, snýr SSA-NNV og er op inn í það í SSA enda. Norðvestan við það og nyrst í tóftinni er hólf sem er 4x1,2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Opið inn í það er allt samansigið og sést illa en það hefur verið á miðjum suðurvegg. Suðvestan við þetta hólf er þykkur veggur (3 m breiður) sem gengur út til suðurs og kann þar að hafa verið þriðja hólf en innanmál þess sést ekki. Gróið er yfir allar hleðslur og er mesta hæð veggja um 0,6 m.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:017_3, horft til NNV.



Tóft RA-202:017_4, horft til suðvesturs.

RA-202:017_04 tóft óþekkt

A 453022 N 364487

Tóft 017_4 er vestast á meintum bæjarhóli 017_1. Hún er mjög sigin og sést ekkert grjót í henni en greina má innanmáls eins hólf. Tóftin er 9x8 m að stærð og snýr ANA-VSV. Rof er í austurenda hennar þar sem ætla má að op hafi verið inn í hana. Nokkuð afgerandi kantur er suðaustan við tóftina og er líklegt að þar séu leifar af vegg sem hefur að mestu horfið vegna rofs. Mesta hæð veggja er 0,8 m í norðurhluta tóftar. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_05 öskuhaugur

A 453025 N 364496

Þúst 017_5 er framan og suðvestan við miðja tóft 017_2 á meintum bæjarhóli 017_1. Hún er 2,5x3 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er kúpt og slétt og er 0,4 m á hæð. Kemur vel til greina að í þústinni sé öskuhaugur en ekki er hægt að útiloka að þarna séu leifar af eldra mannvirki sem byggt hefur verið ofan á að hluta.

Hættumat: engin hætta



Öskubaugur RA-202:017_5, horft til ANA.



Rétt RA-202:017_6, horft til norðvesturs.

RA-202:017_06 tóft rétt

A 453042 N 364520

Grjóthlaðin rétt 017_6 er á norðurbakka Sellækjar á sléttlendu flatlendi neðan og sunnan við bakka til norðurs og svo tekur brött fjallshlíðin við til norðurs. Réttin er 20 m suðvestan við tóft 017_7 og 10 m norðaustan við bæjarhól 017_1. Tóftin er grjóthlaðin og nokkuð hringlaga, er 13x12 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurhliðin er hlaðin inn í bakka og gróið rof er aftan og norðan við hana. Segja má að vesturhliðin sé að hluta hlaðin í afliðandi halla og þar vestan við eru ummerki um niðurgröft. Op er inn í réttina nærri norðausturhorni. Réttin er víðast einhlaðin úr allstóru móbergsgrjóti. Sumsstaðar er aðeins eitt umfar en víða eru þau tvö og sumsstaðar þrjú. Veggir víða 0,5-0,6 m á breidd og 0,4-0,5 m á hæð utanmáls. Þar sem veggur sveigir lengst til norðurs, norðan við op, er hann breiðastur, 1,2 m. Ekki eru skýr ummerki um að réttinni hafi verið skipt upp í minni hól en þó má sjá stutta grjótröð sem liggur inn í tóftina frá miðjum austurvegg og kann að gefa slíka skiptingu til kynna. Einnig sveigir veggur inn í tóft í norðvesturhorni sem kann einnig að gefa til kynna einvhers konar skiptingu innan réttarinnar en einnig getur vel verið að þar hafi veggurinn aðeins sigið inn á við. Nokkuð afgerandi brún er vestan við réttina.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_07 tóft óþekkt

A 453069 N 364540

Tóft 017_7 er fremur fornleg. Hún er norðaustast á svæðinu, norðan við læk úr Selsgili og er 40 m norðaustan við bæjarhól 017_1 og 25 m austan við tóft 017_8. Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er 11x6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er byggð inn í brekku neðst í fjallshlíð. Veggir hennar eru útflattir en innanmál nokkuð skýrt. Op er inn í tóftina í suðausturhorni. Mesta hæð veggja er 0,3 m. Aðeins sést eitt greinilegt hól í tóftinni en ekki er útilokað að annað hól hafi verið í austurenda þar sem veggir eru aflagaðir við inngang. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_08 tóft óþekkt

A 453034 N 364539

Einföld tóft 017_8 er á norðausturbakka Selsgils, um 25 m vestan við tóft 017_7 og 30 m norðan við bæjarhól 017_1. Hún er sporöskjulaga, 6,5x5,5 m að stærð, snýr ANA-VSV. Tóftin er samansigin og gróin en nokkuð vel greinileg. Ekki sést op inn í tóftina en það hefur líklega verið á ANA-hlið eða í norðausturhorni. Hlutverk tóftarinnar er óljóst. Mesta hæð veggja er 0,4 m.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:017_7, horft til suðausturs.



Tóft RA-202:017_8, horft til suðurs.

RA-202:017_09 tóft kvíar

A 453012 N 364532

Aflöng tóft 017_9 er í kverk á suðvesturbakka lækjar í Selgili, um 30 m norðan við meintan bæjarhól 017_1 og 6,5 m austan við tóft 017_10. Í kverkinni er hlaðinn veggur í vinkel sem nær fram á lækjarkakkann og er líklegt að norðausturendi tóftarinnar sé rofinn af læknum í Selgili. Op eða rof er á miðjum veggnum, á suðaustur-langhlið tóftarinnar. Afgerandi kantur, 1 m á hæð, myndar norðvesturvegg tóftarinnar sem er

9x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Torfhlaðnar veggjahleðslur eru 0,3-0,4 m á hæð. Suðaustan við tóftina er þúst sem líkist helst stórrí þúfu en kann að vera veggjabrot í tengslum við tóftina. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en vel kemur til greina að hér hafi verið kvíar fyrir selið.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_10 tóft óþekkt

A 453003 N 364528

Tóft 010 er suðaustan undan háum hól ofan við selið. Hún er 6 m VSV við kvíar 017_9 og 30 m norðvestan við seltóft 017_2. Tóftin virðist vera einföld en norðaustan við hana er greinilegur niðurgröftur, líklega eftir efnistöku frekar en að þar sé annað hól. Hún er torf- og grjóthlaðin en ekki er hlaðinn veggur í suðausturenda þar sem op er inn í tóftina. Veggir eru veigalitlir, um 1 m á breidd og 0,4 m á hæð á norðausturhlíð þar sem þeir eru hæstir. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:017_9, horft til austurs.



Tóft RA-202:017_10, horft til suðausturs.

RA-202:017_11 tóft óþekkt

A 452996 N 364484



Tóft RA-202:017_11, horft til VNV.

Um 8 m vestan við meintan bæjarhól 017_1 er fremur fornleg tóft 017_11, líklega sú sem Brynjúlfur Jónsson nefnir vestan við selið. Tóftin er allstór en sigrin og illa farin af rofi. Hún er um 22x10 m að stærð og sést innanmál lítills hólf í suðausturhorni. Það er 1,5x2,5 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur. Op er inn í það á norðausturhlíð. Veggir í hólfinu eru aðeins 0,3 m á hæð en aðrir hlutar tóftarinnar eru 0,6 m á hæð. Norðan við þetta litla hól sést óljóst innanmál í öðru hólf en það er illa farið af rofi.

Hættumat: engin hætta

RA-202:017_012 gerði óþekkt

A 453105 N 36444

Skúli Guðmundsson lýsir túngarði suðaustan við meintan bæjarhól 017_1 og seltóftir á honum í grein í Árbók Hins íslenska fornleifafélags frá 1937. Engar minjar fundust á vettvangi sem koma heim og saman við lýsingu hans en á úrvinnslustigi sáust óljós ummerki um ferkantað gerði á nýlegri loftmynd af svæðinu. Gerðið er um 55 m suðaustan við bæjarhól 017_1. Er það um 40x35 m að utanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sjást ummerki um hlaðinn vegg á norðvesturhlíð. Um mjög fornlegar minjar virðist vera að ræða en fara þyrfti aftur á vettvang til að geta tekið af allan vafa um að þetta sé hlaðið gerði og til þess að lýsa því nánar. Óvíst er að um sama mannvirki sé að ræða og Skúli lýsir en það virðist geta verið á svipuðum slóðum.

Hættumat: engin hætta

RA-202:018 mannvirki rétt

A 448026 N 359028

“Í landi Kirkjulækjar hafa skilaréttir staðið frá ómunatíð, fyrr á öldum innarlega í högunum, hjá Réttarhól, [027] en síðan suður á Þverárbakka vestur frá Hellishólum til ársins 1926 [RA-204:017]...” segir í Sunnlenskum byggðum. Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Frá 1926 hafa réttirnar staðið við Kvoslækjará upp við Þjóðveg.“. Réttirnar eru rúmum 1,3 km suðvestan við bæ 001 og um 270 m vestan við tóft 026. Réttirnar eru enn í notkun, steinsteypar og hvítmálaðar. Líklega hafa þær verði endurnýjaðar frá 1926 og ekki um elstu réttirnar á þessum stað að ræða.

Réttirnar eru tæpum 40 m sunnan við Þjóðveginn, á austurbakka Þverár.

Réttin er hringlaga og um 45 m í þvermál. Almennurinn er í miðju og rekið inn í hann að sunnan. Alls eru 18 dilkar í réttinni sem raðast meðfram almenningum. Veggirnir eru 1 m á hæð, 0,2 m á breidd og gras inni í þeim öllum. Tvö op eru á dilkunum, inni í þá sem og út.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: SB IV, 424; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-202:019 heimild um beitarhús

A 449941 N 360753

Samkvæmt heimildarmanni, Eggerti Pálssyni, voru beitarhús frá Kirkjulæk í brekkunni Lútanda, sunnan við Útburðargil 048. Brekkan Lútandi er 1,4 km norðaustan við bæ 001 og 350 m norðaustan við Árnagirðingu 028.

Brekkan er grasi vaxin og hallar niður frá Útburðargili til suðvesturs.

Ekki sjást nein ummerki um beitarhús á þessu svæði og óvíst er hversvegna húsin eru horfin.

Hættumat: engin hættu


RA-202:020_01 *Hellishólasel* tóft sel

A 450539 N 362678

Hellishólasel er í sameiginlegu landi Kirkjulækjarhverfis niðri við Kvoslækjará, um 3,4 km norðaustan við bæ 001 og 2,4 km NNA við Árnagirðingu 028. Tóftasvæðið er í skjóli við litla hæð og raða sér upp við vesturrætur hennar. Minjasvæðið samanstendur af fjórum tóftum sem liggja í röð meðfram hæðinni; 020_3 er nyrst, 020_1 og 020_2 í miðjunni og 020_4 er syðst. Hlutverk þeirra hefur verið túlkað sem sel enda benda staðsetning þeirra og útlit til seltófta auk þess sem örnefnið Hellishólasel er á svæðinu. Líklega er syðsta tóftin, 020_4, íveruhús og aðrar tóftir á svæðinu hafa verið notuð til ólíkra selstarfa.

Undir hæðinni og austan við hana er svæðið smáþýft og grasi vaxið en sunnan við er mikið mýrarflæði. Ofan við hæðina er einnig mjög blautt og erfitt yfirferðar.

Tóft 020_1 er á miðju minjasvæðinu og er 14x9 m að stærð. Hún snýr NNA-SSV og var túlkuð sem þrískipt þó svo að mörk milli hólfa 1 og 2 séu óljós. Inngangur er á norðvesturhlið, inn í hólfa 3 en enginn sjáanlegur inngangur er inn í hin hólfin. Tóftin er að öllum líkindum öll torfhláðin og veggjahæð er 0,2-0,3 m nema norðausturveggurinn sem liggur í meira skjóli upp við hæðina, en hann er 0,8 m á hæð.



Uppmaling af Hellishólasel RA-202:020. ©Loftmyndir ehf.

Hólf 1 er staðsett í miðri tóftinni og er það 4,5x1,5 m að stærð og snýr nokkrunveginn austur-vestur. Hólf 2 er tengt hólfi 1 og liggur út frá norðurenda þess. Það er 3x0,7 m að stærð og liggur NNA-SSV. Hólf 3 er suðvestan við hin hólfin og snýr VNV-ASA. Tóftin er frekar ógreinileg og sokkin en norðausturveggurinn sést best.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:020_1, horft til norðausturs.



Þúst RA-202:020_2, horft til NNA.

RA-202:020_02 þúst óþekkt

A 450535 N 362687

Þúst 020_2 er fast norðvestan við tóft 020_1 en er ekki samtengd henni. Þústin er 9,5x7 m á stærð og snýr NNA-SSV. Þústin er frekar þýfð en þó mjög sokkin enda aðeins um 0,3 m á hæð. Ekki sést neitt greinanlegt innanmál né inngangur.

Hættumat: engin hætta

RA-202:020_03 tóft heystæði

A 450548 N 362697

Tóftin er 5,5 m NNA við tóft 020_1. Hún er 10x8 m að stærð og snýr NNA-SSV. Hún er einföld og innanmál hennar er 4x1,5 m. Tóftin er mjög útfloft og flestir veggir hennar aðeins 0,1 m á hæð fyrir utan austurvegginn sem er 0,4. Enginn inngangur er greinanlegur inn í tóftina og er tóftin frekar þýfð og sokkin í gróður. Hún er torfhláðin eins og aðrar seltóftir á svæðinu.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:020_3, horft til norðausturs.



Tóft RA-202:020_4, horft til vesturs.

RA-202:020_04 tóft sel

A 450516 N 362648

Tóft 020_4 er stærsta tóftin á minjasvæðinu og hefur líklega verið íveruhúsið sem hefur verið torfhláð. Hún er 18x10 m og snýr, líkt og hinar þrjár, NNA-SSV. Ekki er greinilegur inngangur inn í tóftina, nema í hólfi 2, en það mun líklega ekki hafa verið undir þaki. Veggir tóftarinnar eru fallnir saman og hlaupnir í þúfur. Hæð veggja er allt frá 0,3-0,7 m en austurveggurinn er best varðveittur og hæð hans á

einum stað er allt að 1,5 m. Fimm hólf eru greinanleg á tóftinni. Hólf 1 og 2 eru greinilegust en hólf 3-5 eru frekar ógreinileg og tóftin þar mjög mikið fallin saman og hlaupin í þúfur. Hólf 1 er syðst í tóftinni og snýr ASA-VNV. Það er 3x1 m að innanmáli. Hólf 2 er staðsett norðaustan við hólf 1 hefur líklega ekki verið undir þaki. Það snýr norðvestur-suðaustur. Hólfíð er 8x1,5 m að innanmáli og inngangur er augljós inn í það frá norðvestri. Hólf 3 er staðsett norðaustan við hólf 2 og er 1,5x1,5 m að stærð. Hólf 4 er staðsett austan við hólf 3. Það er 1,5x1 m að stærð og liggur norðaustur-suðvestur. Hólf 5 er staðsett norðaustan við hólf 3 og 4. Það er 2x1,5 m að innanmáli og liggur norðvestur-suðaustur. Hólf 3-5 eru mjög ógreinileg og þýfð og greinilegt að þessi hluti tóftarinnar hefur hrunið saman og gert uppbyggingu hennar mjög ógreinilega.

Hættumat: engin hætta


RA-202:021 tóft óþekkt

A 452761 N 364347

Útflött, hringlaga tóft er á sléttum flötum suðaustan undir Þríhyrningi, um 265 m suðvestan við Kirkjubæjarsel og meintar minjar um býlið Undir Þríhyrningi 017 en um 6 km norðaustan við bæ 001. Tóftin er flatlendi sem er vaxið mosa og grasi. Grjóthrun úr fjalli er í kring. Allmiklar götur á leið RA-641:006 eru litlu neðan og sunnan við tóftina.



Tóft RA-202:021, horft til norðurs.



Uppmaling af tóft RA-202:021.

Tóftin er alveg útflött, eru veggir hennar líklega torfhlaðnir og aðeins 0,1 m á hæð. Hún er um 8,5 m í þvermál. Ekki sést skýrt op inn í hana en mögulega hefur það verið í syðst í henni þar sem veggir eru hvað lægstir. Óveruleg ummerki um efnistöku (pælu) eru ofan og norðvestan við tóftina. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

RA-202:022 heimild um sel

“Hagabeitarland sem verið hefur fyrir sunnan Þverá og brúkað var til forna fyrir selstöðu er meir en að helmíngi eytt fyrir sandi og blástri.” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1709. Selið er týnt og líklega eytt vegna ágangs bæði sands og vatns. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja selið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: JÁM I, 157

RA-202:023 gata leið

A 450955 N 363135

“Selvegur er hjer lángr og örðugur.” Ekki er ljóst hvar leiðin að selinu liggur upp hjá Kirkjulæk en skoða má þær leiðir sem skráðar voru í Lambalæk í því samhengi. Á Réttartungu eru gríðarmiklar og djúpar götur RA-641:006 sem stefna annars



Leið RA-202:023, horft til suðvesturs.

vegar á gömlu réttina 027 við Réttarhól og hins vegar vestan við hólinn og hafa þær líklega legið að selinu. Vel getur verið að báðar leiðir hafi verið farnar að selinu. Hér er verið að skrá vestari leiðina.

Á Réttartungu er smáþýfður heiðarmói, aðallega mosi en einnig gras. Talsvert jarðvegsrof er niður við Réttargil og á Réttarhóli.

Götur 023 sem stefna á selið eru mun umfangsminni en þjóðleiðin vel greinanlegar. Þær stefna til norðausturs upp með Tómagili. Þar eru yfir 20 götur á svæði sem er 50 m á breidd. Flestar álíka djúpar og breiðar, 0,1-0,2 m á breidd og dýpt.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: JÁM I, 157

RA-202:024_01 hús rafstöð

A 449318 N 359335

Rafstöð frá austurbænum á Kirkjulæk (Kirkjulæk I) er um 170 m suðaustan við bæ 001 og rúmum 60 m norðan við helli 046. Rafstöðin er við læk og minjarnar ofan í gili á svæði sem er 90x10 m að stærð og snýr austur-vestur.

Bakkar lækjargilsins eru um 4 m háir til vesturs en 1 m að austan. Lækurinn er 1-2 m á breidd og straumharður. Svæðið er gróið til allra átta og nýtt til sláttar og beitar.

Rafstöðvarhúsið er sunnar. Það er í opnum hvammi, ofan í gili. Gilið er fremur vítt og bakkarnir grónir og aflíðandi. Húsið er eins og lengflest rafstöðvarhúsin í Fljótshlíð: steipt, hæst til suðurs og þakið lækkar til norðurs. Op og gluggi eru til suðurs en austurhliðin er hrunin niður. Þak er enn á húsinu. Rafmagnstafla er enn er ennþá inni í húsinu. Húsið er um 2,5x2,5 m að stærð.

Hættumat: engin hættu



Rafstöð RA-202:024_1, horft til norðurs.



Stífla RA-202:024_2, horft til norðausturs.

RA-202:024_02 stífla

A 449345 N 359419

Hluti af stíflu rafstöðvarinnar er enn varðveitt. Um 1 m hár hluti sést enn, vestan við lækinn. Eystri hlutinn er horfinn. Foss fellur yfir stífluna og steypa sést undir honum.

Hættumat: engin hættu, vegna landbrots

RA-202:025 Broddastaðir bæjarstæði býli

A 448822 N 358685

“Kot hefur staðið skammt austur frá Hlíðarbóli, í engjum Kirkjulækjar og hét það Broddastaðir. Hvenær þetta kot var í byggð veit nú enginn, ekki heldur um ábúendur eða hvenær það fór í eyði.” segir í Sunnlenskum byggðum. Broddastaðir eru um 900 m sunnan við bæ 001 og 240 m norðvestan við beitarhús 047. Á 20. öld var reist fjárhús á bæjarstæðinu, grunnur þess sést enn og hluti af hól norðaustar. Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir að reimt hafi verið á Broddastöðum í gamla daga.

Slétt, ræktað tún er allt umhverfis bæjarstæðið. Í því eru gamlir vatnsfarvegir, lægðir gefa vatnsrennsli til kynna. Túnið er slegið og nýtt til beitar.

Hóllinn sést einna best til norðurs og norðausturs. Hann er um 30 m í þvermál, 0,6-1 m á hæð og

algróinn. Hóllinn hækkar að tóftinni. Hún er ógreinileg, yfir suðurhluta hennar er bárujárn og timbur. Þakið liggur einnig yfir tóftinni að hluta. Að norðan sést innanmál hlöðunnar, það er 6,4x5,4 m að stærð og 1 m á dýpt. Bárujárn og timbur eru þar inni. Veggirnir eru algrónir en það mótar fyrir steinum á stöku stað. Ekki er vitað hvort að tóft hafi verið á svæðinu þegar fjárhúsin voru byggð eða hvort hóllinn sé uppsöfnð mannvistarlæg.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 431; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>



Tóft RA-202:025, horft til norðurs.

RA-202:026 Smalaskáli tóft rétt


A 448282 N 358956

“Skammt vestan við félagsheimilið Goðaland er aflöng laut og norður af henni er forn bygging, sem kölluð hefur verið Smalaskáli, þetta er stór ferhyrningur og hefur verið allmikið mannvirki, þarna kunna að vera leifar af fleiri byggingum.” segir í Sunnlenskum byggðum. Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpí, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Þetta er ferhyrndur reitur sem hár garður hefur verið hlaðinn umhverfis. Horn gerðisins eru mjög bogadregin og garðurinn lægri að vestan og norðan. Engar dyr eru á þessu gerði sem er 11x12 metrar að flatarmáli. Þetta mannvirki hefur verið kallað Smalaskáli. Óvíst er til hverra nota þessi bygging hefur verið. Vestan og norðan við Smalaskálann gætu verið fornar byggingar, en sé svo eru þær orðnar mjög ógreinilegar.“ Smalaskáli er rúmum 1,1 km suðvestan við bæ 001 og 240 m austan við rétt 018. Tóftin er 50 m norðvestan við Goðaland, fast vestan við heimreiðina að félagsheimilinu.

Sunnan og vestan við tóftina eru slétt, ræktuð tún. Til austurs er malbikuð heimreið.



Tóft RA-202:026, horft til norðurs.



Uppmæling af Smalaskála RA-202:026.

Tóftin er 26x24 m að stærð og nánast hringlaga. Hún er einföld, ekkert op sést þar inn og hún líkist einna helst grænni eyju í túninu. Veggirnir eru 3-4 m á breidd, 1-1,5 m á hæð að utan en 0,3-0,6 m að innan. Þeir eru hæstir til suðurs. Tóftin er mun hærri en nánasta umhverfi að innan og líklega byggð á hól eða rima upphaflega. Áfok gæti einnig haft sitt að segja.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 431; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-202:027_01 tóft rétt

A 451761 N 363184

“Þar er lækur, Flóðalækur. Hann rennur úr flóðunum í Kvoslækjará; vestan við hann er slétt graslendi, Sölvabreiða. Fram af henni er Réttarhóll. Í honum voru almenningsréttir Fljótshlíðinga fyrr á tímum. Fram af honum er Réttartunga,” segir í örnefnalýsingu. Stór torfhlaðin skilarétt er á grösugum og stórþýfðum bakka Flóðalækjar, austan undir Réttarhóli. Auk skilaréttarinnar er lítil, mjög ógreinileg



Uppmaling af rétt RA-202:027. Bleiku linurnar tákna óljósar brúnir. ©Lofimyndir ehf.

rétt á sama svæði en litlu norðaustar. Saman eru þessar minjar á svæði sem er 104x45 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Skilaréttin er um 1,8 km suðvestan við býli/sel 017 og 4,4 km norðaustan við bæ 001.

Minjarnar eru á tveimur stöllum neðan við Réttarhól, sem fyrir segir. Er þar grösugt og stórþýft. Hátt og bratt er fram af bakkanum ofan í Flóðalæk til austurs. Inni í miðri rétt, í almenningi og norðaustan við réttina eru miklir jarðvegshryggir á milli götuskorninga og hafa þeir aflagað minjarnar mikið.

Tóft af skilarétt 027_1 er gríðarstór og skiptist í fjölda hólf sem erfitt er orðið að greina vegna þess hversu samansigin tóftin er orðin. Henni hefur einnig verið raskað mikið af djúpum götum sem liggja eftir henni endilangri og er suðaustari hlutinn orðinn sérlega ógreinilegur. Heildarstærð tóftarinnar virðist vera um 90x40 m og snýr hún norðaustur-suðvestur. Rekið hefur verið inn í réttina í suðvesturenda og er þar nokkuð afgerandi veggur á gilbrún Flóðalækjar sem hefur myndað eins konar trekt á móti brekkunni á móti til norðvesturs. Almennurinn í réttinni er í henni miðri og er um 60m langur og 10 m breiður. Þess ber að geta að norðausturmörk réttarinnar eru ekki

skýr og getur verið að meint tóft 027_2 hafi verið hluti af skilaréttinni og verið í norðausturenda hennar. Þá hefur almenningurinn verið 75 m langur. Mikill fjöldi dilka er í norðvesturhluta réttarinnar sem er á flötum stalli ofan við almenninginn og hefur sá hluti réttarinnar sloppið við rask að mestu. Tóftin er öll gengin í þúfur og eru dilkarnir samansignir og ógreinilegir. Svo virðist sem að víða hafi verið tvöföld röð dilka í þessum hluta réttarinnar en allt er þetta býsna óljóst sem fyrir segir. Nyrst í tóftinni eru nokkur hólf sem ekki virðast hafa op sem vísa inn að almenningi. Allra nyrst í tóftinni virðist vera hluti af henni sem er laustengdur öðrum hlutum hennar og er lítillega frábrugðinn gróður þar sem gæti gefið til kynna að hann sé aðeins yngri eða hafi verið notaður áfram eftir að hætt var að nota réttina. Suðausturhluti réttarinnar er miklu minni um sig og illa farinn af götuskorningum. Þar eru aðeins fáir dilkar og virðast þeir flestir hafa opnast inn í almenninginn. Mesta hæð veggja í réttinni er um 0,8 m en þeir eru víða lægri og lægstir eru þeir um 0,4 m.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 1

RA-202:027_02 tóft rétt

A 451790 N 363225

Meint tóft 027_2 er frammi á gilbrún við Flóðalæk og brotnar af henni ofan í gilið og rof er í bakkanum sem gengur inn undir tóftina. Að auki er tóftin orðin aflöguð af götum sem liggja yfir hana. Tóftin er 13,5x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst má greina tvö hólf í henni sem snúa þvert á tóftina og eru op inn í þau á suðvesturhlið sem vísa inn að almenningi í rétt 027_1. Veggir tóftarinnar eru signir og gengnir í þúfur og eru víðast 0,3 m á hæð. Fleiri ójöfnur og lægðir eru frammi á gilbrún til norðvesturs en engin þeirra virðist sannfærandi mannvirki.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Rétt RA-202:027_1, horft til NNV.




Rétt RA-202:027_2, horft til suðausturs.

RA-202:028_01 Litlistakkur tóft fjárhús

A 449703 N 360459

Í örnefnaýsingu Kirkjulækjartorfu segir: «Austur af gilinu [Útburðargili] hækkar landið, og heitir þar Brúnir. Sunnan við þær er Grásteinn. Vestur af honum er Lútanda. Vestur af Lautenda er Puttagil ... Austan við Pyttagilið eru gömul mannvirki, Árnagirðing og Litlistakkur (tótt).» Í örnefnaýsingu Kirkjulækjar og Lambalækjar segir einnig: «Suður af Lúrandu er hól, fjárhústættur og gömul garðlög kallast Árnagerði.» Árnagirðing er staðsett rúmum 1 km NNA við bæ 001 og 430 m suðvestan við Útburðargil 048. Minjasvæðið samanstendur af 10 einingum; 5 tóftum, 3 þústum, rústahól og garðlagi. Nýleg girðing liggur þvert yfir minjasvæðið norður-suður. Flestar tóftirnar eru á smávegis hól en austan við hólnn er gamalt tún sem ekki er lengur í rækt. Ræktuð tún eru allt í kringum svæðið.

Tóft 028_1 er ofan á rústahól 028_10. Hún er 16,5x9 m að stærð og snýr NNV-SSA. Tóftin virðist vera torfhlaðin og er hún frekar gróin. Hæð veggja er 0,4-0,7 m. Tóftin er tvískipt en ekki er neinn greinanlegur inngangur inn í hólfin tvö né á milli þeirra. Hólf I er nyrst í tóftinni og innanmál þess er 6x3 m að stærð. Það snýr NNV-SSA. Hólf II er sunnan við hólf I og innanmál þess er 4x2,5 m. Hólfíð snýr ASA-VNV.



Uppmaling af fornleifum RA-202:028. ©Loftmyndir ehf.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 2; Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 2



Tóft RA-202:028_1, borft til VSV.



Þúst RA-202:028_2, borft til suðvesturs.

RA-202:028_02 þúst óþekkt

A 449703 N 360423

Þúst 028_2 er syðst á minjasvæðinu, 35-40 m sunnan við fjárhústóft 28_1. Þústin er 18x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög þýfð, óljós og innanmál eða skipting hólfa sést ekki á yfirborði. Á ytra byrði norður- og austurhliðar þústarinnar sést mjög greinilegur beinn kantur. Hlutverk þústarinnar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:028_03 tóft óþekkt

A 449690 N 360422

Tóft 028_3 er syðst á minjasvæðinu, 5 m vestan við þúst 028_2. Tóftin er 9x7,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er torfhláðin og veggir hlaupnir í þúfur. Hæð veggja er 0,3-0,5 m. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 4,5x2,5 m. Hlutverk hennar er óþekkt en tengist líklega húsdýrahaldi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Tóft RA-202:028_3, borft til suðvesturs.



Tóft RA-202:028_4, borft til vesturs.

RA-202:028_04 tóft fjárhús

A 449714 N 360475

Tóft 028_4 er staðsett fast norðan við rústahól 028_10 og 5-6 m norðaustan við fjárhústóft 028_1. Hún er 13x7 m að stærð og snýr vestur-austur. Tóftin er torfhláðin og veggjahæð er 0,2 m. Hún er einföld og innanmál hennar er 10x3 m. Tóftin er opin til vesturs og þar hefur að öllum líkindum verið op á húsinu. Rústin hefur verið túlkuð sem fjárhús, hugsanlega þá eldra en 028_1.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:028_05 tóft óþekkt

A 449668 N 360469

Tóft 028_5 er staðsett vestan við girðinguna sem liggur þvert yfir svæðið, 30 m vestan við fjárhús 028_1. Tóftin er uppi á smá hól. Hún er 12x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torfhlaðin og veggir hennar eru sokknir í gróður. Hæð veggja er 0,2-0,3 og á henni er enginn sjáanlegur inngangur. Tóftin er tvískipt. Hólf I er staðsett nyrst í tóftinni og er 4,5x3 m. Það snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er suðvestan við hólf II. Það er 3,5x1,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en hefur líklega eitthvað með húsdúrahald að gera.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:028_06 tóft óþekkt

A 449666 N 360454

Tóftin er staðsett vestan við girðingu sem liggur þvert yfir minjasvæðið, 40 m VSV við fjárhústóft 028_1 og 10 m sunnan við tóft 028_5. Tóftin er 5,5x5 m að stærð og er nánast hringlaga. Hún snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhlaðin og veggjahæð er 0,1-0,2 m. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 2x1 m. Inngangur vísar út til suðvesturs. Tóftin er hlaupin í þúfur og innanmál hennar er orðið mjög óljóst. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en líklega var það tengt húsdýrahaldi.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Tóft RA-202:028_5, horft til suðvesturs.



Tóft RA-202:028_6, horft til suðvesturs.

RA-202:028_07 *Árnagirðing* garðlag túngarður
Túngarður 028_7 er staðsettur austan við minjabyrpinguna. Hann sést sem hryggur á vettvangi í tveimur hlutum en hefur líklega umkringgt túnið á einhverjum tímápunkti. Hluti A er norðaustast á svæðinu og sést fyrst um 50 m norðaustan við 028_01. Hann er 45 m langur og 2 m breiður þar sem hann er breiðastur. Hæð hans er í mesta lagi 0,1 m. Hluti B er 90 m SSV við hluta A, syðst á svæðinu. Sá hluti sést einnig sem hryggur og hefst 65 m SSA við fjárhús 028_1. Hann er 35 m að lengd og 3 m á breidd þar sem hann er breiðastur. Hæð hans er 0,1 m. Á loftmynd sést móta fyrir túngarðinum áfram til austurs þar sem hann beygir svo að lokum til norðurs og mæti hluta A. Túngarðurinn hefur á einhverjum tímápunkti verið sléttaður í túnið og leifar hans er líklega að einhverju leyti sjáanlega undir yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

A 449774 N 360480



Túngarður RA-202:028_7, horft til austurs.

RA-202:028_08 þúst óþekkt

A 449742 N 360479

Þúst 028_8 er staðsett nokkru austar en aðrar minjar, tæpum 40 m ANA við fjárhústóft 028_1. Þústin er

9x7 m að stærð og snýr norður suður. Hún er ekki mjög há eða aðeins um 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:028_09 þúst óþekkt A 449741 N 360465

Þúst 028_9 er staðsett rúmum 30 m austan við fjárhústóft 028_1. Þústin er 11x7,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er svipuð þúst 028_8 að nema stærri en svipuð að hæð eða um 0,2-0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-202:28_10 Árnagirðing þúst beitarhús A 449706 N 360450



Þúst 028_10 er rústahóll á miðju svæðinu og fjárhústóft 028_1 er á honum miðjum. Hóllinn er 28x20.5 m að stærð og snýr norður-suður. Hæð hólans er um 0.7 -1 m. Greinilegt er að undir sverði leynast eldri minjar en fjárhúsin og má ætla að þar séu eddri fjárhús eða jafnvel uumerki um býli. Sunnan við fjárhúsið sem nú stendur á hólnum er smávegis flati og með góðum vilja má greina þar óljós innanmál. Garðlagið og hinn mikli fjöldi minja gefur sterklega til kynna að hér hafi verið býli.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Fornleifar RA-202:028_8, 9 og 10, borft til suðvesturs.

RA-202:029 tóft beitarhús A 450482 N 361373

Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 voru beitarhús 2,2 km norðaustan við bæ 001 og 100 m vestan við beitarhús 030. Skrásetjarar vissu ekki af þessum minjum meðan á vettvangsvinnu stóð og af þeim sökum var ekki farið á staðinn. Á loftmynd mótar fyrir tóft norðvestast á ílöngu holti, á mörkum þess og mýrlendis. Tóftin virðist vera hringlaga, um 8,5 m í þvermál. Efnistaka virðist einnig austan hennar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LMI 48 1:50000

RA-202:030 heimild um beitarhús A 450575 N 361339

Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 voru beitarhús 2,2 km norðaustan við bæ 001 og 100 m austan við beitarhús 030. Skrásetjarar vissu ekki af þessum minjum meðan á vettvangsvinnu stóð og af þeim sökum var ekki farið á staðinn. Ekki móta fyrir minjum á loftmynd en það þyrfti að staðfesta.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LMI 48 1:50000

RA-202:031_01 hús rafstöð A 449339 N 359588



Rafstöð frá einum Kirkjulækjarbæjanna, líklega Miðbænum, er austan við bæjarhól 001. Húsið var sunnar en stíflan skammt norðar. Minjarnar eru á svæði sem er 55 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Rafstöðin er rúmum 100 m norðaustan við bæ 001 og 30 m austan við Stöðulhól 034.

Gil Kirkjulækjar er vítt og ekki mjög djúpt. Búið er að fylla upp í það til vesturs, frá Stöðulhól. Gilið er 5-8 m djúpt.

Húsið er eins að gerð og flest önnur rafstöðvarhús í Fljótshlíð og víðar á Suðurlandi. Það er ferkantað, op og

Rafstöð RA-202:031_1, borft til NNW.

dyr eru til suðurs og þakið er einhalla til norðurs. Það er fokið af. Ekki er ljóst hvar vatninu var veitt inn í húsið. Inni sjást enn ummerki um túrbínu en húsið var notað sem leikstaður barna í seinni tíð. Þvottavél og eldavél eru þar inni.

Hættumat: engin hætta

RA-202:031_02 heimild

Stífla rafstöðvarinnar var 50 m norðvestar en er horfin. Þar er nú brú yfir lækinn gerð úr magvíslegu efni, m.a. hellum og jarðvegi.

Hættumat: engin hætta

RA-202:032 frásögn brunnur

A 449171 N 359552

Samkvæmt Eggerti Pálssyni, heimildamanni, var brunnur fast suðaustan við íbúðarhúsið á Kirkjulæk III. Ekki er ljóst hvenær hann var gerður en líklega er hann tengdur íbúðarhúsinu sem var byggt 1930. Það er ekki hægt að staðfesta og brunnurinn því talin hér með fornleifum. Um 10 m austar voru útihús og kálgarðar samkvæmt túnakorti frá 1919 og ekki útilokað að hann sé tengdur þeim. Brunnurinn er tæpum 130 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 50 m vestan við brunn 033.

Brunnurinn er innan bakgarðs hússins. Þar er trjágróður og grasflatir. Líklega var fyllt upp í brunninn. Engin ummerki um brunninn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202:033_01 heimild um útihús

A 449220 N 359538

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 voru útihús og kálgarðar vestan og norðvestan við bæ 001. Á túnakortinu sjást nokkur hús og kálgarðar á svæðinu sem er 70x42 m að stærð og snýr norður-suður. Ekki er hægt að aðskilja þessar minjar hér, svæðið er mikið raskað og nokkrar byggingar þar yfir.

Á bæjarteikninguni er útihúsið á sama stað og núverandi hesthús á Kirkjulæk III. Það hvarf að öllum líkindum við þá framkvæmd. Fjögur önnur hús voru þar til norðurs og norðvestur, að útihúsi 010. Staðsetning þeirra er að mestu undir núverandi húsum.

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 2-3; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-202:033_02 heimild um kálgarð

A 449211 N 359555

Á bæjarteikningunni sést kálgarður fast vestan við útihús 033_1, að mestu undir núverandi útihúsi. Kálgarðurinn er einnig sýndur á túnakorti frá 1919 ásamt tveimur öðrum kálgörðum þar sunnar. Ekki er hægt að aðskilja þá vegna mikils rasks.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202:033_03 frásögn brunnur

A 449220 N 359538

Samkvæmt Eggerti Pálssyni, heimildamanni, var brunnur um 60 m norðvestan við bæ 001, við útihús 033_1. Hann var við suðausturhorn útihús sem þarna er nú og sést ekki lengur vegna fyllingar. Enn kemur þó vatn þarna upp og deiglent þar inni í afgangi gerði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-202:034 *Stöðulhóll* heimild um kvíar

A 449304 N 359579

“Ofan við bæinn heitir Rimi og Stöðulhóll ...” segir í örnefnalýsingu. Nýja fjósið er byggt í Stöðulhól að sögn Eggerts Pálssonar, heimildamanns. Það er niðurgrafið og ekki mjög gamalt. Eggert man ekki eftir tóftum þarna. Stöðulhóll sést vel á loftmynd frá 1960 og ekki mótar fyrir minjum þar. Stöðullinn var tæpum 90 m norðan við bæ 001 og 30 m norðaustan við útihús 004. Ólíklegt er að minjar séu eftir undir sverði.

Engin ummerki um kvíar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 3

RA-202:035 varða samgöngubót

A 451628 N 363452



Varða RA-202:035, horft til norðurs.

Varða er á Réttarhóli suðaustan undir Þríhyrningi, um 260 m norðvestan við skilarétt 027 og 4,6 km norðaustan við bæ 001. Réttarhóll er hár og afgerandi í landslaginu. Ætla má að varðan hafi verið hlaðin sem mælingavarða því að mælingarpunktur er á sama stað á Herforingjaráðskorti af svæðinu sem gefið var út 1908.

Móbergsklettur standa upp úr Réttarhóli hér og hvar en annars er nánast gróðurlaus melur uppi á honum. Hlíðar hólins eru að mestu grónar og þar vex mosi, gras og krækiberjalyng.

Varðan er á lítilli móbergsklöpp, er hún gróin í botninn og virðist nokkuð gömul. Varðan er hlaðin úr móbergi og er tæpur 1 m á kant og 0,7 m á hæð. Sjást mest 4-5 umfór hleðslu í henni. Hrunið hefur úr hleðslunni til

norðausturs.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Herforingjaráðskort 48 NA - Oddi-Þríhyrningur

RA-202:036 heimild um traðir

A 449246 N 359466

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til suðurs frá bæjunum á Kirkjulæk. Þær eru horfnar og núverandi heimreið er nánast á sama stað.


Engin ummerki um traðirnar sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-202:037 *Flosadalur* sögustaður

A 451743 N 364627



Flosadalur RA-202:037, horft til austurs.

“Dalur er milli horna Þríhyrnings, sem heitir Flosadalur, kenndur við Flosa Þórðarson, sem um getur í Njálssögu. Í þessum dal segir sagan að Flosi hafi dulist eftir brennuna á Bergþórshvoli. Fram úr Flosadal gengur mikið hamragil, sem heitir Tómagil. Þetta gil er mest allra gilja í Þríhyrningi og er markagil milli Kirkjulækjar og Kollabæjarjarða,” segir í örnefnalýsingu. Flosadalur er hátt uppi í fjallinu Þríhyrningi um 1,4 km norðan við skilarétt 027 og 5,7 km norðaustan við bæinn á Kirkjulæk 001.

Í dalnum er gróðurlítill melur en inn á milli er samfelld gróðurhula, mest mosi og gras.

Sé eitthvert sannleikskorn í því að Brennu-Flosi hafi dulist í Flosadal er ólíklegt að umfangsmiklar minjar sé

þar að finna sem vitni um það. Tilsýndar og af loftmyndum er ekki að sjá nein ummerki um mannaverk í dalnum en hann var ekki þaulgenginn. Nokkuð erfitt aðgengi er að dalnum og hefur hann vissulega geta hentað vel sem fylgsni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 1

RA-202:038 heimild um fjárhús

A 449397 N 35991

“Vestur af Flesi er hóll, þar voru lengi fjárhús, hann heitir Svínhóll,” segir í örnefnalýsingu. Svínhóll er áberandi, sunnarlega á brekkubrún. Fjárhúsin voru um 430 m norðan við bæ 001 og tæpum 50 m suðaustan við rétt 056. Fjárhúsið var ofan (norðaustan) við núverandi fjárhús frá Kirkjulæk II. Tóftin er horfin. Hóllinn er um 30x15 m að stærð og snýr austur-vestur.

Svínhóll er í raun brekkubrún. Allt nánasta umhverfi er ræktað tún sem nýtt er til beitar og sláttar. Hóllinn skagar fram úr brúninni í halla til suðurs og er 5-6 m á hæð. Að ofan er hóllinn flatur.

Engin ummerki um fjárhúsin sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 2

RA-202:039 Þinghóll örnefni þingstaður

A 449125 N 359603

“Norðan við veststa bæinn á Kirkjulæk er smá hóll, heitir Þinghóll,” segir í örnefnalýsingu. “Þingstaður var fyrrum á Kirkjulæk.” segir í Sunnlenskum byggðum. Samkvæmt Eggerti Pálssyni, heimildamanni, var Þinghóll líklega þar sem núverandi vegur að Kirkjulækjarkoti er, nánast á merkjum þar. Hann er þó ekki viss og frekari heimildir þyrfti til að staðfesta það. Annað þinghús var reist í landi Miðbæjarins árið 1929, það var jafnframt nýtt sem skóla- og samkomuhús. Það var á einni hæð með porti og risi. Eldingu laust niður í húsið 1968 og skemmdi það. Það er ekki sami þingstaður og sá sem hér er skráður og ekki talin til fornleifa. Það var staðsett rétt við Goðaland, við Kvoslækjará. Einnig gæti Þinghóll tengst Kirkjulækjarkotshelli RA-203:003 en þar er fornfrægur þingstaður.

Þinghóll hvarf að öllum líkindum þegar vegur var lagður að Kirkjulækjarkoti RA-203.

Engin ummerki um Þinghól sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 3; SB IV, 425.

RA-202:040_01 Lambhúsbakki tóft lambhús


A 449490 N 359510

“Smá gilrás er framan við Tunguna og framan við hana er tún frá Kirkjulæk 3, kallast Lambhúsbakki.” segir í örnefnalýsingu. Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna er sýnt útihúsi á þessum slóðum og án efa er um lambhúsið að ræða. Á túnakorti frá 1919 er stakstætt tún með útihúsi og eldri tóft líklega á þessu svæði. Hér er um sama stað að ræða, áttahorf og stærð túnsins bendir til þess. Útihúsið er um 210 m austan við bæ 001 og tæpum 90 m vestan við fjárhús 011.

Ræktað tún.



Tóft RA-202:040, horft til austurs.



Uppmaling af tóft RA-202:040_1.

Tóftin er 15x7,5 m að stærð, einföld og snýr ASA-VNV. Hún skiptist í tvö hólfa en er mikið röskuð vegna ágangs hrossa. Til vesturs er hólf 1. Innmál þess er óljóst, norðurveggurinn er horfinn og einungis steypur undirstöður sem gefa staðsetninguna til kynna. Til suðurs er steypur garði inni í hólfinu. Það var líklega um 9x4,5 m að innmáli og snéri austur-vestur. Op á vesturhlíð. Hólf 2 er austar. Það er um

3,5x3,5 m að innanmáli eru mikið raskað líkt og öll tóftin. Þetta er líklega niðurgrafin hlaða. Hólfíð er 0,3 m dýpra en hólf 1. Norðurveggurinn sést enn sem hlaðinn kantur. Til austurs og suðurs eru veggirnir hlaðnir, þeir eru um 0,2-1 m á hæð og það glittir í 5 umför af grjóti í þeim í suðausturhorni. 2-3 umför sjást í kantinum. Þetta er líklega yngra hús og stærra en það sem sýnt er á túnakortinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 3; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:040_02 heimild um útihús

A 449450 N 359520

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var eldra útihús um 30 m vestan við útihús 040_1. Á túnakortinu er það merkt sem tóft. Öll ummerki þess eru horfin af yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-202:041 *Siggapollur/Sigurðarpollur* heimild um sundlaug

A 448267 N 358863

“Vestur af Goðalandi [félagsheimilinu] er aflöng laut, sem notuð var sem sundlaug um eitt skeið og Kvoslækjará þá veitt í lautina, sem kallast Siggapollur eða Sigurðarpollur.” segir í örnefnalýsingu. Siggapollur er tæpum 1,2 km suðvestan við bæ 001 og tæpum 90 m sunnan við Smalaskála 026. Sundlaugin var fast suðvestan við bílaplanið í Goðalandi en er horfin og ánni ekki veitt þangað lengur. Ekki er vitað hvers konar mannvirki voru gerð til að veita vatni að sundlauginni, líklega var ánni veitt í skurði og einhvers konar fyrirhleðsla hélt vatninu í lauginni.

Lautin er 20-30 m löng, snýr norður-suður og ræktað tún allt umhverfis. Lautin opnast eða lækkar til suðurs. Eystri bakkin er 4-5 m á hæð og þýfður. Vestari bakkin er lægri, 1-2 m og sléttur.

Engin ummerki um sundlaugina sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 3

RA-202:042 tóft fjárhús


A 450007 N 360848

Tóft af fjárhúsum er staðsett 20 m norðan við Útburðargil 048 og 1,5 km norðaustan við bæ 001. Minjarsvæðið við Árnagirdingu 028 er tæpum 490 m suðvestan við tóftina.

Svæðið norðan við gilið er grasi vaxið og fremur smáþýft.



Tóft RA-202:042, horft til norðausturs.



Uppmæling af tóft RA-202:042.

Tóftin er 11x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er torfhláðin að mestu en austasti hluti hennar er þó líklega niðurgrafinn. Tóftin er tvískipt og hæð veggja er 0,2-0,3 m. Hólf I er staðsett vestast í tóftinni og er 5x1,5 m að stærð. Það snýr austur-vestur og inngangur er út til vesturs. Hólf II er niðurgrafið og enginn hlaðinn veggur austast. Það hefur verið notað sem hlaða. Það er 4x2,5 m að innanmáli og er dýpst austast eða um 1,2 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

RA-202:043 heimild um legstað

A 453065 N 364481

Í Frásögum um fornaldarleifar segir: «Haugar edur Fornmannaleidi eru í Sokninni eingin sjáanleg nema ef telja skylde þúfur nockrar edur leide fyrir framann Vatnsdal /:hvör bær mun áður kallast hafa undir Þríhyrningi [sjá 017] / 12 til 14 að tölu, og er sem votte til gyrðingar kringum þau.» Ekki er fullvíst hvort að lýsingin hér að framan eigi við um þúfur framan við minjar 017 þar sem eru meintar minjar um býlið Undir Þríhyrningi og Kirkjulækjarsel, en það verður að teljast líklegt. Stórbýfi er framan við selið til suðausturs og má vera að vísað sé til þess hér að framan. Þvífið líkist ekki sérstaklega leiðum og ekki sást móta fyrir gerði í kringum það.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF I, 129

RA-202:044 heimild um rétt

A 449360 N 359954

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: “Á Kirkjulæk var ein rétt fyrir Kirkjulækjarbæina, Kirkjulækjarkot og Hellishóla. Þessi rétt var skammt ofan við tún á Kirkjulæk ... Falin til grunna,” segir í lýsingu Oddgeirs Guðjónssonar. Réttin var rúma 450 m norðan við bæ 001 og rúmum 50 m suðaustan við bæ 001. Yfir meintri staðsetningu réttarinnar er skánarhaugur úr fjárhúsum sem eru skammt sunnar. Skánarhaugurinn er stór og yfir allri réttinni að öllum líkindum. Allt umhverfis eru gróin tún sem búið er að slétta yfir.

Engin ummerki réttarinnar sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-202:045 *Gapi* hellir fjárskýli

A 452749 N 364635

“Nokkru sunnar [en Kirkjulækjarsel 017_2] er Bólgil; það er allstórt og grasi gróið að neðanverðu. Dregur það nafn af tveimur bólum, sem eru þar hvort gegnt öðru. Heitir annað Tvídyraða-ból, því það er opið í báða enda, þótt nú sé raunar annar endi þess fallin saman, en hitt er nefnt Gapi. Áður var haft fé frá Kirkjulæk fram-undir jólin.” segir í grein Helgu Skúladóttur sem birtist í Árbók hins íslenska fornleifafélags 1936. Ekki er að sjá nein mannaverk á Tvídyraðabóli en hleðsla er fyrir Gapa og inni í honum. Gapi er allstór, nátturulegur hellisskúti, vestanvert í miðju Bólgili; móbergsgili sem er fullt af skútum og hellamyndunum. Er þetta fjárskýli um 310 m norðvestan við minjar 017 þar sem eru leifar af meintu býli og tóftir Kirkjulækjasels, en rúmum 6 km norðaustan við bæ 001.



Gapi RA-202:045, horft til vesturs.

Brött brekka er framan við Gapa til austurs og er mikill grasvöxtur í henni.

Munni Gapa er um 7 m á breidd og snýr norður-suður. Skútinn er breiðastur um 5 m í suðurenda og mjókkar til norðausturs. Grjóthlaðinn veggur er utarlega í skútanum sem hefur lokað munnann. Hann er 3 m langur og 0,5 m á breidd en innri brún er illgreinileg því að mikið af taði er inni í skútanum. Hleðslur utanmáls eru 0,4 m á hæð og sjást 2-3 umför í henni. Við norðurenda veggjarins er op inn í skútann. Önnur hleðsla er 2 m innan og vestar í skútanum sem er jafnlöng hinn. Hún er 0,3 m á hæð utanmáls og sjást 1-2 umför en innri brún sést ekki. og í henni eru. Þar má sjá leifar af annarri hleðslu sem er jafnlöng hinn, sjást 1-2 umför, er 0,3 m á hæð. Lofthæð í skútanum er 1,5-1,6 m út við munnann en eftir því sem innar dregur er meira af taði og því minnkar lofthæðin sem því nemur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Helga Skúladóttir 1936, 22

RA-202:046 heimild um útihús

A 449288 N 359279

Ísvörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Austast og neðst í heimatúninu á Kirkjulæk I í brekkunni við lækinn, ofan vegarins er hellir, sem er nú lokaður. Ekki er mér kunnugt um hvað stór hann er eða hvort hann er manngerður.“ Ekki er vitað hvar hellirinn var með vissu en sé tekið mið af staðsetningu var hann nýttur sem útihús. Nokkuð stórt svæði kemur til greina syðst í túninu, sunnan við rafstöð 024. Hellirinn var um 230 m sunnan við bæ 001.

Bakkar Kirkjulækjar er grónir. Þar er nú gil og brúnir þess eru afliðandi og hvergi glittir í berg eða skúta. Engin ummerki um hellinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-202:047_01 tóft beitarhús

A 450460 N 362633



Uppmaling af fornleifum RA-202:047. ©Lofitmyndir ehf.

Tóftir eru um 70 m suðvestan við Hellishólasel 020 og 3,3 km NNA við bæ 001. Tóftirnar eru neðar í brekkunni en seltóftirnar, suðvestarlega á svæðinu. Minjasvæðið samanstendur af fjórum tóftum og einni leið sem liggur að tóftunum. Það er 50x20 m að stærð og snýr nokkrunvegin austur-vestur. Þrjár tóftanna eru líklega beitarhús frá mismunandi tímum en ein þeirra er mun minni og óvíst hvaða hlutverki hún gegndi. Tóftirnar eru frekar sokknar og grónar og gætu því allar verið gamlar. Líklega er 055_1 yngsta tóftin og 055_2 sú elsta.

Minjasvæðið er þýft og grasi

vaxið en sunnan við það eru blautar mýrar. Tóftirnar standa uppi á hærri bakka norðan við mýrina og þar er þurrt.

Tóft 055_1 er staðsett suðaustast á minjasvæðinu. Hún er 8,5x6 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er einföld og innanmál hennar er 7x3 m. Enginn veggur er á vesturhlið. Norður- og suðurveggur eru nokkuð heillegir en austurveggurinn er lítill og aumingjalegur og hæð hans aðeins um 0,2 m en aðrir veggir 0,6 m. Líklegast þykir að þessi tóft sé yngst af þeim þremur beitarhúsatóftum sem eru á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

RA-202:047_02 tóft beitarhús

A 450447 N 362651

Tóft 055_2 er staðsett nyrst á minjasvæðinu, 20 m norðvestan við tóft 055_1. Hún er 10x9 m að stærð, snýr austur-vestur og er torfhláðin. Hún er einföld og innanmál hennar er 7x4 m. Inngangur er til vesturs og er hann frekar breiður. Veggir tóftarinnar eru mjög grónir og hlaupnir í þúfur. Hæð veggja er mjög misjöfn eða 0,2-0,6 m. Suðurveggurinn er sérstaklega óljós og óreglulegur, suðausturhornið er t.d. alveg horfið. Líklega er þessi tóft elst af þeim beitarhúsartóftum sem eru á svæðinu.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-202:047_1, horft til austurs.



Tóft RA-202:047_2, horft til norðurs.

RA-202:047_03 tóft beitarhús

A 450428 N 362644

Tóft 055_3 er staðsett vestarlega á minjasvæðinu, 35 m VNV við tóft 055_1. Hún er 8,5x7 m að stærð og snýr nokkurnvegin austur-vestur. Hún er torfhlaðin og inngangur snýr út til vesturs. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 5x1,5 m. Veggir tóftarinnar eru misjafnlega vel farnir líkt og hjá hinum tóftunum á svæðinu. Hæð veggja er 0,1-0,7 m og er norðurveggurinn stór og sterklegur á meðan suðurveggurinn er nánast horfinn. Tóftin er mjög gróin og veggir hlaupnir í þúfur.

Hættumat: engin hætta

RA-202:047_04 gata leið

A 450571 N 362576

Mjór kindastígur liggur frá VNV-ASA á bakkanum norðan við mýrlendið, upp að tóftasvæðinu. Stígurinn er 140 m langur, einfaldur kindastígur en um hann miðjan myndast krossgötur sem liggja norður-suður á 30 m kafla, upp að Hellishólaseli 020. Stígurinn er gróinn og um 0,3 m á breidd.

Hættumat: engin hætta



Leið RA-202:047_4, horft til austurs.



Tóft RA-202:047_5, horft til suðurs.

RA-202:047_05 tóft óþekkt

A 450422 N 362653

Tóft 055_5 er staðsett vestast á svæðinu, rúmum 40 m VNV við tóft 055_1. Tóftin er 5,5x3,5 m stór og snýr VSV-ANA. Hún er einföld og innanmál hennar er 2x1,5 m. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru 0,2-0,3 m á hæð. Veggir eru mjög gróinir og signir en ekki eins þýfðir og í hinum þremur tóftunum. Lögung og stærð þessarar tóftar er einnig ólík hinum þremur, sem allar eru fernyrningslaga með inngang til vesturs. Þessi tóft er hinsvegar nokkurnvegin hringlaga og með útgang til NNV. Veggir eru ekki eins illa farnir né hlaupnir í þúfur, þrátt fyrir að vera mun signari. Þrátt fyrir að vera í þyrpingu með beitarhúsatóftunum á svæðinu, gæti því vel verið að hlutverk tóftarinnar tengist heldur Hellishólaseli 020 og þeirri starfsemi sem þar fór fram, en hún er tæpum 100 m vestan við íveruhús selsins 020_4. Tóftin verður þó flokkuð

með beitarhúsatóftunum þar til annað kemur í ljós enda mun nær þeim tóftum.

Hættumat: engin hætta

RA-202:048 *Útburðargil* þjóðsaga draugur

A 449939 N 360821



Útburðargil RA-202:048, horft til austurs.

“Austur af gilinu [Útburðargili] hækkar landið, og heitir þar Brúnir. Sunnan við þær er Grásteinn. Vestur af honum er Lautendi. Vestur af Lautenda er Puttagil ... Austan við Pyttagilið eru gömul mannvirki, Árnagirðing og Litlistakkur (tótt),” segir í örnefnalýsingu. Útburðargil er grunnt gil sem liggur niður eftir Kirkjulækjarmóum, þvert yfir landið. Það er 1,5 m NNA við bæ 001 og 440 m norðaustan við Árnagirðingu 028.

Neðst er gilið grasi gróið en stór moldarbörð eru í hliðum þess. Það er um 3–4 m á dýpt og lækur rennur niður gilið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 1

RA-202:049 *Kúavaðslækur* heimild um vað

“Annar lækur sameinast þessum læk [Brókarlæk] austur undir landamerkjum Breiðabólstaðar og Kirkjulækjar og kallast Kúavaðslækur,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað með vissu hvar þessi lækur er. Hann er nú á merkjum Aurasels og Kirkjulækjar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vaðið.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Aurasel OG, 1

RA-202:050 hleðsla kálgarður

A 449225 N 359487



Hleðsla RA-202:050, horft til suðurs.

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1917 var kálgarður sunnan við bæina á Kirkjulæk. Kálgarðurinn var tvískiptur og nýttur frá austurbæ og miðbæ að öllum líkindum. Svipað stór kálgarður var vestan við vesturbæinn (sjá 033). Kálgarðarnir voru náðu lengra til suðurs árið 1906 en nokkrar breytingar verða á árunum á milli kortanna. Kálgarðarnir minnka og útihúsum við bæina fjölga í grófum dráttum. Enn má sjá tvo veggj sem tilheyra kálgarðinum.

Fyrir sunnan bæina er flatt svæði. Bakgarðar bæjanna eru þar nú. Tré, malarplan og vegur að Kirkjubæ I eru fast sunnan við kálgarðana líkt og þeir voru afmarkaðir á

túnakorti frá 1919.

Tveir veggir úr kálgarðinum eru enn varðveittir. Til vesturs sést hluti af þvergarði sem skipti kálgarðinum í tvennt, á merkjum Austur- og Miðbæjar. Hann er 14x1,5 m að slengd og liggur norður-suður. Hleðslan er mikið röskup, ekki síst vegna runna og trjágróðurs í bakgarði Kirkjubæjar II (áður miðbæ). Hann er 0,2–0,4 m á hæð og það glittir hér og þar í grjóti. Austurveggurinn er 35 m austur. Hann liggur til suðurs frá bæ 001 og endar við veg að núverandi íbúarhúsi. Tré eru vestan við vegginn og gróið svæði til austurs að veginum. Hann er 18x2 m að stærð, grjóthlaðinn og 0,2–0,4 m á hæð. Það glittir hér og þar í grjóti. Kálgarðurinn var allur um 85x33 m að stærð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:051 heimild um kálgarð

A 449318 N 359484

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús með sambyggðum kálgarði um 20 m austan við bæ 001, uppi á vesturbrún Kirkjulækjar. Á loftmynd frá 1960 sést fjárhús fast vestan við bragga sem reistur var á svæðinu um miðja síðustu öld. Fjárhúsið sem og kálgarðurinn eru horfin og mikið rask átt sér stað vegna framkvæmda.

Gróið svæði, malarvegur og bílaplan eru á þessu svæði.

Engin ummerki um útihúsið og kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-202:052 þúst óþekkt


A 450074 N 360561

Óljósar þústir og hleðslur eru 380 m norðaustan við Árnagirðingu 028 og 1,3 km NNA við bæ 001. Minjasvæðið er 95 m austan við framræstan skurð en minjaþyrpingin við Árnagirðingu er vestan þessa skurðar.

Svæðið er frekar þýft og grasi vaxið. Svæðið hefur ekki verið nýtt til sláttar í einhvern tíma og er því komið í órákt.



Þúst RA-202:052 horft til suðvesturs.



Uppmæling af þúst RA-202:052.

Minjasvæðið samanstendur af tveimur þústum og tveimur hleðslum en var allt túlkað sem ein og sama byggingin og verður því lýst saman. Svæðið er alls 12,5x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin sem er norðvestast er 10x5 m að stærð og út frá austurenda hennar liggur torfhleðsla sem er 6 m á lengd og 1,5 m á breidd. Fast suðaustan við þústina er önnur ferhyrningslaga þúst sem er 6x6 m á stærð. Meðfram suðvestur hlið hennar liggur hleðsla sem er 4 m á lengd og 1,5 m á breidd. Ekki sést móta fyrir neinu innanmáli á þústunum og þær eru um 0,3 m á hæð. Óvíst er hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt enda er það mjög sokkið í gróður.

Hættumat: engin hætta


RA-202:053 Litlaborg tóft fjárhús

A 450262 N 360844

Í örnefnalýsingu Kirkjulækjar og Lambalækjar segir: «Frá Brúnum [054] er gil niður með mörkum Kirkjulækjar, í því er stór grágrýtissteinn, sem heitir Grásteinn, en gilið Grásteinsgil. Gamlar fjárhústættur eru neðar í brekkunni, vestan Grásteinsgils, heita Litlaborg.» Fjárhúsin Litlaborg eru staðsett 680 m norðaustan við minjasvæðið við Árnagirðingu 028 og 1,7 km norðaustan við bæ 001.

Svæðið er smáýft og gróið. Mjög lítill grágrýtissteinn er í gilinu austan við tóftina sem líklega er Grásteinn, þar sem ekkert annað grjótt sést á svæðinu.

Tóftin er 10x8,5 m að stærð og snýr norður suður. Hún er hringlaga og hugsanlegur inngangur er í norðausturhorni en hann er þó mjög óljós. Veggir eru útflettir og hlaupnir í þúfur en hæð veggjanna er aðeins 0,2 m. Innanmál tóftarinnar er 5x5 m. Innan tóftarinnar er lítill þúst sem er 2,5x2 m á stærð og snýr austur-vestur. Hún er 0,3 m á hæð.



Uppmæling af tóft RA-202:053.



Tóft RA-202:053, horft til suðurs.

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur,
Hættumat: engin hættu


RA-202:054 *Brúnir* tóftir fjárhús

A 450308 N 360901

Í örnefnalýsingu Kirkjulækjar og Lambalækjar segir: «Austur af Lútanda eru austurmörk í landi Kirkjulækjar, þar eru gamlar fjárhústættur og kallast þar Brúnir.» Fjárhústóftirnar eru staðsettar rúmum 70 m norðaustan við Litluborg 053 og rúmum 1,7 km norðaustan við bæ 001. Svæðið er þýft og grasi vaxið. Lítið gil liggur austan við tóftina.



Tóft RA-202:054, horft til norðurs.



Uppmæling af tóft RA-202:054.

Tóftin er 18x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhláðin og veggir hennar er útflattir og mjög þýfdir sem gerir tóftina mjög ógreinilega. Enginn greinilegur inngangur sést inn í tóftina og hæð veggja er 0,2-0,3 m en þeir eru að miklu leyti fallnir inn í tóftina sem og utan hennar sem gerir það að verkum að erfitt er að greina nákvæmlega hvernig hún liggur. Tóftin var þó túlkuð sem þrískipt. Hólf I er norðaustast í tóftinni og er það 8.5x3 m. Það liggur norðvestur-suðaustur. Hólf II er suðvestan við hólf I, snýr norðvestur-suðaustur og er 4x3 m að stærð. Það gæti þó hafa verið stærra þar sem lítil tota kemur út úr vestur horni þess. Hólf III er syðst í tóftinni og er 2x2 m.

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur,
Hættumat: engin hættu

RA-203 Kirkjulækjarkot

5 hdr 1710. Ísólfskot, sama og síðar var nefnt Kirkjulækjarkot SB IV, 423. Segir að býlið hafi verið byggt fyrir minni elstu manna, en nú er þrífýli á Kirkjulækjarkoti.

1919: Tún 3,9 ha, 3 ha sléttað, garðar 1687 m²



Túnakort Kirkjulækjarkots RA-203 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar.

RA-203:001 *Kirkjulækjarkot* bæjarhóll bústaður A 449110 N 359731



Bæjarhóll RA-203:001, borft til norðvesturs.

Bærinn er sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Áður fyrr var einn bær á bæjarhólnum en nú eru þar þrjú hús. Austasta húsið er byggt árið 1912 og sést á túnakorti frá 1919. Hin húsin eru reist á árunum 1942-1950 í vesturhluta bæjarhólsins. Stutt er á milli húsanna og mikið rask af þeirra sökum. Fjórða íbúðarhúsið er skammt vestan við bæjarhólinn, þar sem útihús 005 var áður. Stafnar bæjarins snéru til suðurs, fram í brekkuna en lítil sem engin ummerki bæjarhóls sjást á yfirborði. Bakgarðar húsanna eru allt umhverfis bæjarhólinn og mikill trjágróður þar.

Bæjarhólinn sést ekki á yfirborði. Á honum eru þrjú íbúðarhús með viðbyggingum, grasflatir og trjágróður.

Kirkja Hvítasunnusöfnuðarins er skammt norðar. Fyrir sunnan bæjarhólinn er gróðrastöð með tilhreyrandi jarðraski. Samkvæmt bæjarteikningunni má gera ráð fyrir að bæjarhólinn hafi verið um 40x22 m og snúið austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906: Túnakort 1919

RA-203:002 heimild um útihús A 449116 N 359852

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 120 m norðan við bæ 001 og 8 m sunnan við útihús 013. Útihúsið er horfið en var utan túnsins líkt og það er afmarkað á bæjarteikningu frá 1906. Túnið var stækkað sama ár til norðurs og útihús 006 og 009 lentu þá innan þess, líkt og þetta útihús.

Slétt malarplan.

Engi ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-203:003 *Kirkjulækjarkotshellir* hellir þingstaður A 449077 N 359810

“Þingstaður var í Kirkjulækjarkotshelli um árabíl, þar til þinghús var byggt í Teigi um 1896. Hellirinn er í gilinu n.v. af bænum.” segir í Sunnlenskum byggðum. “Í gili við Lambalæk norðvestur af gamla bæjarhúsinu er hellir sem nefnist Kirkjulækjarkotshellir. Hann er í dálitlum hól sem er lítið áberandi sunnan og austan að séð, en þeim mun betur að vestan og norðan.” segir í bókinni Manngerðir hellar á Íslandi. “Gengið er inn í hellinn að vestanverðu, þeim megin sem lækurinn er. Hleðsla úr torfi og grjóti er fyrir munanum sem er talsvert víður og eru dyr um það bil fyrir miðju. Hrunið hefur úr hleðslunni inn í hellinn svo gólfíð gengur niður á við fyrstu 2 metrana en hækkar svo smátt og smátt og hefur



Hellir RA-203:003, borft til austurs.

náð sömu hæð innst sem fremst. Allþykkt moldar- og malarlag er á gólfinu. Hellirinn er víðastur og hæstur fremst. Mesta breidd hans er um 5 metrar og mesta lofthæð um 2,25 metrar. Innri helmungurinn er um 3 metrar á breidd og um 1,5 metrar á hæð fyrir miðju. Við suðurvegg nálægt miðju er hálfhrunin hleðsla fyrir hliðarskúta sem er um 1,80 metrar á hæð, tæpir 3 metrar á breidd en um lengd hans er ekki auðvelt að dæma. Þar var strompur á þakinu sem hlaðið var fyrir með torfi. Nú er innfall á norðurvegg nálægt munanum. Innst í aðalhellinum er hleðsla sem farin er

að gefa sig og er breidd hans þar um 3 metrar og hæðin 1,50 m. Ekki er vitað hver lengd hellisins er innan við þessa hleðslu en vafalaust er hún allnokkur. Annars segir gömul munnmælasaga að göng séu frá þessum hellir í hellisskúta við bæinn Kirkjulæk sem er 400-500 m suðaustur af hellinum. Kálfur á að hafa farið inn í annan hellinn, týnst þar og komið úr um hinn. Frá innri hleðslunni fram að dyrunum eru 8 metrar en syðst er hann 8,5-9 m á lengd. Nokkuð er hellirinn óreglulegur í laginu en þó heldur á lengdina frá vestri til austurs. Hvelvingin er víða talsvert ójöfn og sums staðar stölluð. Kirkjulækjarkotshellir má muna sinn fífil fegri því nokkuð hefur hrunið framan af honum. Að sögn Guðna Guðnasonar í Kirkjulækjarkoti mun hann hafa náð fram



Langeldur inni í helli RA-203:003.

á brúnina ofan við lækinn. Vegalengdin frá hellisdyrunum fram að brún er 5,5 m. Það þýðir að lengd hellirins hefur verið yfir 13 m. Þessi fremsti hluti mun að sögn heimamanna hafa verið álíka víður og hár og fremsti hluti þess sem uppi stendur. Þannig var hellirinn fram undir aldamótin síðustu eða til jarðskjálftans mikla 1896. Kirkjulækjarkots hellir hefur eflaust verið nýttur frá ómunatíð en er einkum merkilegur fyrir þær sakir að hann var lengi þingstaður Fljótshlíðinga eða þar til þinghús var byggt í Teigi um 1896. Samkvæmt Manntalsbók Rangárvallasýslu fyrir árin 1892-1897 var síðast hadlið manntalsþing í Kirkjulækjarþingsókn 28. maí 1895. Árið eftir er Kirkjulækjarþingsókn ekki nefnd, en í staðinn er komin Teigaþingsókn en þá var risið þinghús í Teigi. Í elstu Manntalsbók Rangárþings sem er til í Þjóðskjalasafni, frá 1823-30, er þingsókn Fljótshlíðinga nefnd Kirkjulækjarþingsókn. Daníel Jónasson, sem skrifað hefur um Kirkjulækjarkotshelli, nefnir að dómur hafi gengur á Kirkjulækjarþingi 1578 um eignarhald Breiðabólstaðakirkju á Goðaland. Af þessum tilvitnunum í manntalsbækurnar er augljóst að þingsókn Fljótshlíðarhrepps hét Kirkjulækjarþingsókn frá 1823- til 1895. Daníel telur að þinghald á þessum stað nái jafnvel nokkrar aldir aftur í tímann. Skýrslurnar nefna ekki hvaða hús eða staður var notaður til þinghaldsins. Af augljósum ástæðum gat sýslumaður ekki skráð manntalsskýrslurnar utan dyra því allra veðra var von í þesari sveit sem annars staðar á Íslandi. Hann hlaut því að leita skjóls undir þaki og hefur án efa þurft að eiga til þess vísan samastað frá ári til árs. Ekki fer miklum sögum af búnaði til þinghalds í hellinum. Þó mundu gamlir menn í sveitinni að í hellinum var skrifborð. Á borðplötunni var rifa sem atkvæðaseðlum var stungið niður um. Undir henni var skúffa. Mjög er ólíklegt að hellirinn hafi eingöngu verið notaður sem þinghús. Hefur hann eflaust verið notaður á vetrum fyrir fjárhús, enda hætt að hafa fé inni er þinghald fór fram í lok maímánaðar. Að sögn Guðna Guðnasonar var stungið út úr hellinum árlega meðan hann var notaður sem fjárhús. Stungið var og hreinsað alveg niður í sand þannig að núverandi moldar- og malarlag er ekki gamalt. Hin síðari ár hefur hellirinn verið notaður sem kartöflugeymsla, enda geymast kartöflur óvíða betur.” segir ennfremur í bókinni Manngerðir hellar. Hellirinn er um 90 m norðvestan við bæ 001 og 60 m norðan við útihús 005. Hans Guðni Magnússon, heimildamaður, gróf út úr hellinum fyrir c.a. 25-30 árum og kom þá niður á langeld. Hann varðveitti langeldinn sem enn sést inni í hellinum. Ofan á langeldinum var járnstaur sem eyðilagðist. Hellirinn er enn í notkun sem kartöflugeymsla.

Hellirinn er í bakgarði íbúarhússins sem er vestan við bæjarhólinn (yfir útihúsi 005). Annar hellir var til suðus en hann er fallinn. Uppi á gilbrúninni sést “lág” þar sem sá hellir var en ekki er vitað hvær nær han hrundi. Enn sést lítið gjögur þar og Hans man eftir hleðslum. Á milli hellanna var líklega gangur að sögn Hans Guðna.

Litlu er við lýsingar á hellinum að bæta. Hann er opinn til vesturs, fram í lækjargil.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 427; Manngerðir hellar, 232-234

RA-203:004 heimild um myllu

“Kornmylla var sett við lækinn um 1926 og starfrækt í nokkur ár.” segir í Sunnlenskum byggðum. Ekki er vitað hvar myllan var staðsett við lækinn. Í landi Kirkjulækjarkots er þéttur trjágróður við lækinn og engin ummerki um mannvirki fundust þar. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja mylluna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB IV, 427

RA-203:005 heimild um útihús

A 449062 N 359751

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 50 m vestan við bæ 001 og rúmum 60 m sunnan við helli 003. Útihúsið var á brekkubrún, innan núverandi bakgarðs íbúðarhúss sem þar er. Útihúsið gæti allt eins hafa lendt undir húsinu. Gilið að Lambalæk er skammt til vesturs.

Gróinn bakgarður. Í gílinu sem og garðinum er mikil trjárækt og inn á milli eru sléttar grasflötir.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-203:006 heimild um útihús

A 449111 N 359833

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 60 m norðan við bæ 001 og tæpum 70 m sunnan við útihús 013. Útihúsið var rétt utan við heimatúnið líkt og það var afmarkað 1906 en innan þess samkvæmt túnakorti frá 1919 en fallið úr notkun þá. Útihúsið sést líka á herforingjaráðskorti frá 1908.

Skjólbelti og malarplan eru þar sem útihúsið var áður. Svæðið er mikið raskað.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906: LMI 48 1:50000

RA-203:007_01 hús

A 449214 N 359785



Rafstöð RA-203:007_1, horft til norðurs.

Rafstöð var byggð árið 1938 við lækinn og ætluð til heimilisnota segir í Sunnlenskum byggðum IV. Hún er rúmum 110 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 140 m austan við helli 003. Rafstöðin er í gili Kirkjulækjar, þar sem hann rennur austur-vestur norðan við heimatún Kirkjulækjarbæjanna. Rafstöðvarhúsið og stíflan eru á svæði sem er 40x15 m að stærð og snýr austur-vestur.

Gróið svæði. Mikil trjárækt er í gílinu og mýrlent. Það er vítt og ekki djúpt.

Húsið sést enn og er hrúnið. Túrbínan sést enn inni í húsinu og líklega var það svipað og hin húsin sem varðveitt eru í Fljótshlíð. Gróið er yfir veggina að mestu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB VI, 427

RA-203:007_02 heimild

A 449177 N 359798

Stíflan var um 40 m vestan við hús 007_1, tæpum 20 m austan við malarveg. Stíflan er horfin er var þar sem lækurinn sveigir til austurs samkvæmt Eggerti Pálssyni, heimildamanni.

Hættumat: engin hætta

RA-203:008 frásögn þvottastaður

A 449048 N 359797

Að sögn Hans Guðna Magnússonar, heimildamanns, var ull þvegin í Lambalæk, um 90 m VNV við bæ 001 og rúmum 30 m suðvestan við helli 003. Þar voru hlóðir úr grjóti sem enn eru varðveittar undir

gróðri.

Lambalækur er 2-3 m á breidd og grunnur. Pyttur var í læknum þar sem ullin var þvegin. Gilið er fullt af trjágróðri sem plantað hefur verið á síðusu áratugum. Stórt tré er nánast þar sem hlóðirnar eru.

Engin ummerki um þvottastaðinn sjást á yfirborði vegna mikils gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

RA-203:009 heimild um traðir

A 449088 N 359829

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til vesturs frá bæjunum á Kirkjulæk RA-202, sveigðu til norðurs á milli túnanna Miðbæjar og Vesturbæjar sem þar voru og komu að bæ 001 úr suðaustri. Traðirnar lágu áfram til NNV frá bænum og út heimatúnið. Traðirnar eru ekki sýndar á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Á túnakortinu sér móta fyrir eldri tröðum nyrst í túninu milli yngri traðanna og útihúss 002. Þær eru jafnframt horfnar.

Fyrir norðan bæ 001 eru hús, bakgarðar og malarpaln. Milli bæjarins og Kirkjulækjar ery vegir, slétt tún og trjágróður.

Engin ummerki traðanna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-203:010 frásögn brunnur

A 449110 N 359729

Samkvæmt Hans Guðna Magnússyni, heimildamanni, var brunnur við austurhorn eystra íbúðarhússins, nánast við horn þess. Brunnurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1919 en húsið er byggt 1912 og líklega er brunnurinn frá svipuðum tíma sé tekið mið af staðsetningu hans. Fyllt var upp í brunninn.

Yfir brunninum er steipt stétt innan bakgarðs hússins.

Engin ummerki um bruninn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-203:011 heimild um kálgarð

A 449110 N 359713

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við bæ 001, í afliðandi brekku til suðurs.

Á svæðinu eru nú grónir bakgarðar íbúðarhúsanna á Kirkjulækjarkoti og yfir austurhluta er gróðrastöð.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-203:012 heimild um útihús

A 449115 N 359795

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var úthús um 60 m norðan við bæ 001 og rúmum 70 m sunnan við útihús 013.

Þar sem útihúsið var er skemma sem enn er í notkun og malarvegur.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-203:013 heimild um útihús

A 449114 N 359867

Á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 140 m norðan við bæ 001 og rúmum 30 m norðan við útihús 006. Á árunum fram til 1919 var útihús 002 byggt á milli útihúsa 006 og 013.

Slétt malarplan.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-203:014 heimild um útihús

A 449090 N 359743

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 30 m vestan við bæ 001 og um 60 m sunnan við útihús 012.

Íbúðarhús byggt um 1950 er á þessum stað nú.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-203:015 heimild um túngarð

A 449204 N 359749

Á túnakorti frá 1919 sést gamall túngarður umhverfis hluta heimatúnsins. Túngarðurinn afmarkaði túnið til norðurs og austurs árið 1906, hann er á sama stað og mörk túnsins á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 en ekki sýndur þar. Túngarðurinn afmarkaði svæði sem var 150x145 m að stærð og til norðurs sést lítið sambyggt gerði. Öll útihúsin norðan við bæinn voru utan heimatúnsins samkvæmt þessu og líklega byggð á árunum á milli þess sem kortin eru gerð.

Þar sem túngarðurinn var eru bakgarðar, skógrækt, byggingar og malarvegir. Allt heimatúnið er raskað.

Engin ummerki túngarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205 Lambalækur

15 hdr. 1710. "Lambalækur er allgóð bújörð en ekki landmikil." SB IV, 430

1710. "Á slægjur ber grjót, líka brýtur nokkuð af túni og engjum." JÁM I, 158.

1919: Tún 6,5 ha, 5 ha sléttað, garðar 2111 m²

"Tún eru að nokkru á mýrlendi, sem þurrkað hefur verið, grasgefið og gott land." SB IV, 430



Túnakort Lambalækjar RA-205 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar mínjar innan þess sjást sem hvítir punktar, grænir flákar, svartar línur og rauðar punktalínur.

RA-205:001 Lambalækur bæjarhóll bústaður

A 448902 N 359665



Bæjarhóll RA-205:001, horft til norðausturs.

Gamli bærinn á Lambalæk og um leið bæjarhóllinn er fast norðan við núverandi íbúðarhús. Bæjarhúsin eru sýnd á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Um miðja síðustu öld voru byggð tvö íbúðarhús og fleiri útihús á bæjarhólnum. Eitt útihús er eftir af þeim í norðvesturhorni bæjarhólsins. Yngri skemma er þar fast suðaustar, á miðjum hólnum. Stafnar bæjarins sneru til suðurs, fram brekkuna.

Milli íbúðarhússins og bæjarhólsins er steipt stétt og grunnur. Þau tilheyra íbúðarhúsum sem byggð voru um miðja síðustu öld. Þar sem bæjarhúsin voru er slétt svæði austan við yngri skemmu. Grasivaxið malarplan er yfir vesturhluta bæjarhólsins en til austurs er skjólbelti við Lambalækinn.

Lítill sem engin uppsöfnun mannvistarlagá sést á yfirborði vegna mikil rasks á síðustu áratugum. Bærinn snéri stöfnum til SSV og húsagarður var að baki. Beggja vegna við bæjarhóllinn er kantur, sá syðri er 0,5-0,6 m á hæð, vesturhlutinn er steiptur og þar eru jafnframt tröppur. Norðurkanturinn er ójafn og gróinn, 0,6-1 m á hæð. Mögulega tilheyrði þetta heygardi en samkvæmt ljósmynd í Sunnlenskum byggðun var hóllinn þakin byggingum. Ekki er vitað hvænær bæjarhúsin eða flest húsin sem gerð voru um miðja síðustu öld voru rifin. Gera má ráð fyrir að mannvistarlæg séu undir sverði og hóllinn sé a.m.k. jafn hár kantinum til suðurs. Bæjarhóllinn var um 40x20 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:002 heimild um útihús

A 448928 N 359734

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 70 m norðan við bæ 001 og rúmum 30 m SSA við útihús 025. Sé tekið mið af merkingum á kortunum var þetta rétt eða kálgarður. Útmokstur úr fjárhúsum, jarðvegur og steypubrot eru yfir áætlaðri staðsetningu réttarinnar. Líklega er þetta hluti húsanna sem rifin voru á bæjarhólnum.

Gróið tún sem komið er í órækt. Túnið er nýtt til beitar og er í halla til suðurs, niður hlíðina. Hér og þar sjást grónar brúnir í túninu.

Engin ummerki um réttina sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:003 heimild um útihús

A 448952 N 359814

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 160 m norðan við bæ 001 og rúmum 80 m norðan við rétt 002. Útihúsið var uppi á brún í bekku sem hallar til suðurs. Útihúsið var utan túnsins líkt og það var afmarkað 1906.

Gróið, þýft tún.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205:004 heimild um útihús

A 448851 N 359848

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús um 10 m austan við útihús 005 og rúmum 180 m NNV við bæ 001. Það var utan heimatúnsins líkt og það var afmarkað 1906.

Heimatúnið er gróið og smáþýft í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205:005 heimild um útihús A 448838 N 359851

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 190 m norðvestan við bæ 001 og 50 m sunnan við útihús 024. Húsið er jafnframt sýnt á herforingjaráðskorti 48 frá 1908.

Heimatúnið er gróið og smápýft í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919: LMI 48 1:50000

RA-205:006 heimild um útihús A 448810 N 359887

„Norðvestur af Lambalækjarbæ eru fjárhús í túninu og er gil norðanvið túnið kallað Fjárhúsgil, segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 240 m norðvestan við bæ 001 og 30 m suðvestan við útihús 024. Húsið er jafnframt sýnt á herforingjaráðskorti 48 frá 1908. Hér er um sama stað að ræða í öllum tilvikum.

Heimatúnið er gróið og smápýft í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919: LMI 48 1:50000; Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 4

RA-205:007 heimild um útihús A 448814 N 359911

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 260 m norðvestan við bæ 001 og um 20 VNV við útihús 024. Húsið er jafnframt sýnt á herforingjaráðskorti 48 frá 1908.

Heimatúnið er gróið og smápýft í aflíðandi halla til suðurs. Lækjargil er fast til norðurs og malarvegur yfir áætlaðri staðsetningu hússins.

Engin ummerki úthússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919: LMI 48 1:50000

RA-205:008_01 hús rafstöð A 448935 N 359631

“Rafstöð var sett á Lambalæk 1937 og notuð um mörg ár og nægði til allra heimilisnota. Aflögð 1946.” segir í Sunnlenskum byggðum. Rafstöðin er rúmum 40 m suðaustan við bæ 001, niðri í gili Lambalækjar. Til austurs er hólmi í læknum en ekki er ljóst hvort að hann var gerður í tengslum við rafstöðina. Minjarnar eru á svæði sem er 75x4 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur.

Gil Lambalækjar er djúpt, bakkar þess eru 6-10 m á hæð til austurs frá bænum. Það er um 50 m vítt en lækurinn sjálfur er einungis 1 m á breidd, fremur djúpur og straumharður. Svæðið við rafstöðvarhúsið er deiglent.

Húsið er sunnar. Það er steinsteypt, þakið einhalla og lækkar til suðurs. Það liggur í heilu lagi neðan við húsið. Dyr, um 1,5 m á hæð eru til suðvesturs og gluggi þar austar. Allt umhvefis er mýri og vatn er inni í húsinu. Mikið grjót er í steypunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 430

RA-205:008_02 stífla A 448981 N 359694

Stíflan er norðar. Vesturhluti hennar er enn varðveittur en til austurs er hún hrunin. Foss steypist yfir botn

hennar. Hún er 2x0,5 m að stærð og 1 m á hæð. Vírgirðing liggur yfir stífluna.

Hættumat: hætta, vegna landbrots



Rafstöð RA-205:008_1, horft til norðurs.



Stífla RA-205:008_2, horft til austurs.

RA-205:009_01 mannvirki rafstöð

A 448531 N 359717


“Önnur rafstöð var reist við Kvoslækjará árið 1946 og var hún sameign Kirkjulækjarkots, Lambalækjar, Kvoslækjar og Litla-Kollabæjar. Stöð þessi var aflögð skömmu eftir að rafmagn frá Sogsveitu var leitt um hreppinn.” segir í Sunnlenskum byggðum IV. Rafstöðin er 370 m vestan við bæ 001 og 100 m sunnan við garðlag 027. Rafstöðin er á svæði sem er 125x10 m að stærð og snýr norður-suður. Húsið er neðan við stóran foss í ánni en stíflan er ofan hans.

Norðar er gilið opnara og bakkar þess um 15 m á hæð. Til suðurs þrengist það í bratt gil og dýpkar. Bakkar þess eru alls staðar grónir.

Húsið er sunnar, ofan í djúpu gili, suðaustan við fallegan foss. Það er hlaðið úr holsteini og enn undir þaki. Húsið liggur undir miklum skemmdum, gler og gluggar eru brotnir en túrbínan er ennþá inni. Til norðurs sést vatnsrör liggja að húsinu, gat er á norðurvegg þar sem hún kemur inn. Raflagnir eru inni í húsinu að auki. Veggjakort skemmir ásýnd hússins. Rafstöðin er mun stærri en eldri rafstöðvarhús í hreppnum, 7,5x4,5 m að grunnfleti.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB IV, 427



Rafstöð RA-205:009_1, horft til norðurs.



Stífla RA-205:009_2, horft til norðurs.

RA-205:009_02 stífla

A 448588 N 359828

Stíflan er enn varðveitt og mikið mannvirki. Hún er 1 m á breidd neðst en mjókkar upp. Hún er 2 m á hæð, 13 m á lengd og vatni veitt að henni austan við ána. Þrjú op eru í gegnum stífluna og vatni hleypt var þar í gegn. Áin rennur ekki hér lengur. Grijóthleðslur eru í steypunni og steypur stokkur liggur frá

henni, vatnsrörið lá þar ofan í. Rörið sést víða þar sem stökkurinn er brotinn, allt að húsi 009_1.

Hættumat: engin hættu

RA-205:010 *Akratunga* örnefni akur

A 448938 N 359580

“Á Lambalækjartúni austast heitir Akuratunga, vestur af henni Lambatún, þar í norðvestur Lambhústún og niður af því Bólnef [011] ...” segir í örnefnalýsingu. Túnið milli Lambalækjar til austurs og grófar í túninu til vesturs kallast Akuratunga að sögn Eggerts Pálssonar, heimildamanns. Túnið sést vel á túakorti frá 1919 sem og á yfirborði enda landfræðilega vel afmarkað. Örnefnið bendir til þess að akur hafi verið á svæðinu en engin ummerki þess sjást á yfirborði.

Hættumat: hættu, vegna ábúðar

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 3

RA-205:011 *Bólnef* örnefni kvíar

“Á Lambalækjartúni austast heitir Akuratunga, vestur af henni Lambatún, þar í norðvestur Lambhústún og niður af því Bólnef og í því Hellirsskúti,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað hvar Bólnef er staðsett með vissu, líklega var það niður (sunnarlega) af miðju heimaúninu. Klettur gætu hafa verið á mörkum hlíðarinnar og láglendis. Hvergi sást hellir á því svæði við vettvangsvinnu. Ekki var unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju. Í Fljótshlíðinni er yfirleitt átt við kvíar þegar talað er um ból og ekki ástæða til að halda annað í þessu tilviki.

Hættumat: engin hættu

Heimildir: Ö-Kirkjulækjartorfa, 3

RA-205:012 heimild um legstað

A 448703 N 360141

“kringlóttur Hóll upp með kvokslækjar Á, fyrir ofann Lambalæk, ummáls /: á að giska: / yfer 120. Fadma og vel 30. fadmar á Hæd; Ofan til j sama er gjörd Lág: Lyklega einhvern tíma til Efftergrendslunar; þó nú sie Grase vaxenn.” segir í bókinni Frásögur um fornaldarleifar. “Við Kvoslækjará norð-vestur af bænum á Lambalæk eru hólar, sem kallast Lambalækjarhólar eða aðeins Hólar og er talið að þar sé haugur Lamba Sigfússonar, en talið var að hann hefði búið á Lambalæk,” segir í örnefnalýsingu. Í Safni til sögu Íslands segir: “Skammt fyrir ofan Lambalæk er hóll, sem kallað er Lambahaugur, og eru fornar sagnir, að Lambi, sá er fyrst byggði Lambalæk, sé þar heygðr; en ekki vita menn, hvort Lambi, son Sighvats rauða, sem Landnáma nefnir, hafi byggt bæ þennan, eða annar af þeirri ætt, með sama nafni, þó hið fyrra sé líkara. Hóll þessi er holr að inna, og ekki ólíkr fyrri, að sé forn hellir, því snemma á þessari öld fundu drengir nokkrir lítið op ofan í topp hólsins, og rendu þar niðr í nokkurra faðma færi, þar til þeir fundu botninn. Hafi hóll þessi verið hellir, og þá tekinn til greptrunarstaðar, þá hefir hann verið byrgðr vandlega, en annars hefir hóll þessi að líkindum verið forn fjárhellir, og síðan hrunið fyrir dyrnar, og hann svo verið lagðr niðr; en þeir, sem nú hafa ráð á hól þessum, hafa ekki viljað leyta gröpt hólsins, af ótta fyrir þar af leiðandi óhöpum.” Í Árbók Ferðafélags Íslands 1966 segir: “Lambahaugur er norðvestur frá bænum við Kvoslækjará, er það strýtulagaður hóll, og fylgir sú trú, að ekki megi í hann grafa; þar á að vera heygður Lambi sá, er bærinn er við kenndur.” Hólar eru rúmum 510 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 100 m vestan við beitarhús 015. Hóllinn er innan afgirtrar sumarhúsagirðingar.



Hóll RA-205:012, borft til vesturs.

þennan, eða annar af þeirri ætt, með sama nafni, þó hið fyrra sé líkara. Hóll þessi er holr að inna, og ekki ólíkr fyrri, að sé forn hellir, því snemma á þessari öld fundu drengir nokkrir lítið op ofan í topp hólsins, og rendu þar niðr í nokkurra faðma færi, þar til þeir fundu botninn. Hafi hóll þessi verið hellir, og þá tekinn til greptrunarstaðar, þá hefir hann verið byrgðr vandlega, en annars hefir hóll þessi að líkindum verið forn fjárhellir, og síðan hrunið fyrir dyrnar, og hann svo verið lagðr niðr; en þeir, sem nú hafa ráð á hól þessum, hafa ekki viljað leyta gröpt hólsins, af ótta fyrir þar af leiðandi óhöpum.” Í Árbók Ferðafélags Íslands 1966 segir: “Lambahaugur er norðvestur frá bænum við Kvoslækjará, er það strýtulagaður hóll, og fylgir sú trú, að ekki megi í hann grafa; þar á að vera heygður Lambi sá, er bærinn er við kenndur.” Hólar eru rúmum 510 m norðvestan við bæ 001 og rúmum 100 m vestan við beitarhús 015. Hóllinn er innan afgirtrar sumarhúsagirðingar.

Gróið svæði sem ekki er nýtt. Við sumarbústaðinn eru sléttar flatir, trjágróður og tilheyrandi rask. Sjálfur hóllinn er í órákt.

Lýsingarnar eiga við hóllinn í miðjunni en alls eru þeir þrjár talsins. Hann er um 36x36 m að stærð, 10 m

á hæð og algróinn. Ofan á hólnum er rof, um 2x2 m að strö og 0,3 m á dýpt. Þar sunnar er annað minna rof. Hóllinn er náttúrulegur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: FF I, 124; Páll Sigurðsson 1886, 534; Haraldur Matthíasson 1966, 106; Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 4

RA-205:013 *Borgarholt* heimild um fjárskýli A 448981 N 360496

“Vallendishæð er austan við Mýrarholtið, kallast Borgarholt,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er vitað nákvæmlega hvar Borgarholt var staðsett. Það var um 800–900 m norðan við bæ 001, þar eru nú framræst tún og skurðir. Allt vallendi sem og tóftir voru án efa sléttaðar út við þá framkvæmd. Ekki reyndist unnt að staðsetja Borgarholt með innan við 50 m skekkju en hnit var tekið á hæsta punkti holtsins.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kirkjulækur og Lambalækur, 4


RA-205:014 tóft fjárhús A 448827 N 360107

Fjárhústóft er tæpum 450 m norðan við bæ 001 og rúmum 100 m austan við hól 012. Malarvegur er fast austan við tóftina sem voru fjárhús að sögn Eggerts Pálssonar, heimildamanns. Fjárhúsin voru rifin en einn hlaðinn veggur er auk niðurgraftar þar sem hlaðan var.

Gróið, smáþýft svæði. Það er sléttað og slegið en komið í órækt. Framræst tún er austan við veginn og landið lækkar til suðurs, niður hlíðina.



Tóft RA-205:014, horft til austurs.



Uppmaling af tóft RA-205:014.

Tóftin er 19x11,5 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Þrátt fyrir mikið rask er enn hægt að sjá lögun þeirra. Hólf 1 er sunnar. Það er 11x9 m að stærð og lítið annað en þúst sem er 0,2 m á hæð. Austurveggurinn er hlaðinn, 2 m á breidd, 0,6–1,3 m á hæð og það glittir í 2–3 umför af grjóthleðslu að innan. Að utan er veggurinn algróinn. Hólfíð var opið til suðurs. Hólf 2 er norðar. Það er 11,5x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Það sést sem niðurgroftur, 0,5 m á dýpt. Inni í hólfinu sést járn og bárujárn.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

RA-205:015_01 *Selbugar* tóft sel A 449455 N 361900

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Drápufoss heitir efsti fossinn í Kvoslækjará. Neðan við fossinn eru sléttir bugar beggjamegin með ánni, kallast Selbugar, sjálfsagt kenndir við sel, sennilega frá Lambalæk.“ Minjasvæðið er staðsett 2,3 km NNA við bæ 001 og 1,3 km suðvestan við Hellishólasel RA-202:020, skammt neðan við Drápufoss. Áin beygir í annað skipti til vesturs neðan við fossinn og stór bugur myndast austan megin hennar. Minjasvæðið samanstendur af tveimur seltóftum og mjórri götu. Rúmir 70 m eru á milli tóftanna tveggja en þær liggja þó báðar á sama bugnum, Selbug.

Selbugurinn er grasi gróinn og smávegis mosaþemba er á svæðinu. Tóftin er í skjóli undir smá hól sem



Uppmaling af seli RA-205:051. ©Loftmyndir ehf.

liggur út með bugnum. Hún liggur alveg við brúnina niður í árgilið og hefur hluti hennar þegar rofnað þar niður.

Tóft 015_1 er norðvestast á minjasvæðinu. Hún er 14x6,5 m að stærð og snýr nokkurn veginn norður-suður. Norðurveggur hennar er rofinn af árgilinu sem liggur norðan hennar. Tóftin skiptist í fjögur hólf en óvíst hvort fleiri hólf hafi verið þar norðan við. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru frekar útflattir eða aðeins um 0,2 m á hæð. Austurveggur tóftarinnar er ógreinilegastur, líklega vegna þess að rof er hafið á því svæði. Nokkrir hugsanlegir inngangar gætu verið inn

í tóftina en greinilegastur er inngangur á vesturhlið, inn í hólf I. Hólf I er staðsett syðst í tóftinni og er 3x1,5 að innanmáli. Það snýr norður-suður. Nokkuð greinilegur inngangur er út til vesturs en annar hugsanlegur inngangur er einnig út til suðausturs úr hólfinu. Hólf II er norðan við hólf I og er 1,5x1 m að innanmáli. Hólfíð snýr austur-vestur og hugsanlegur, mjög ógreinilegur inngangur er út til vesturs. Hólfíð er einnig opið inn í hólf IV. Hólf III er norðan við hólf II og er einnig 1,5x1 m að stærð. Það snýr sömuleiðis austur-vestur, er með mjög ógreinilegan inngang út til vesturs og er opið inn í hólf IV. Hólf IV er austan við hólf II og III og er 6x1,5 m að stærð. Það liggur norður-suður. Hluti af hólfinu er rofið til norðurs



Tóft RA-205:015_1, borft til vesturs.

og hefur það verið lengra og einnig er óvíst hvort að inngangur hefur verið á norðurhlið vegna þessa rofs. Tóftin er í stórhættu vegna landbrots sem á sér stað við gilsbrúnina þegar jarðvegur fellur niður gilið. Stórt moldarrofabað er undir nyrsta enda tóftarinnar og mun hún líklega bráðum falla enn frekar.

Hættumat: stórhætta, vegna landbrots

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-205:015_02 Selbugar tóft sel

A 449531 N 361855

Tóft 015_2 er staðsett suðaustast á minjasvæðinu, rúmum 80 m suðaustan við tóft 015_1. Hún er stór og aflöng og veggir hennar er mjög þýfðir. Tóftin er 22x7 m að stærð og snýr austur-vestur. Hæð veggja

er mismunandi. Hæsti punkturinn er um 1 m en venjulega er þeir 0,2-0,5 m á hæð. Tóftin skiptist upp í fjögur hólf sem liggja frá vestri til austurs. Hólf I er vestast og er það 7,5x2 m að innanmáli. Það liggur, líkt og tóftin, vestur-austur og hugsanlegur inngangur er úr því til vesturs. Hólf II er austan við hólf I og er 1,5x1,5 m að innanmáli. Hólf III er austan við hólf II og er 1,5x1 m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Hólf IV er austast í tóftinni og er 3x2,5 m að innanmáli. Það snýr vestur-austur og inn í það liggur inngangur sem snýr til suðurs. Hlutverk tóftarinnar er sel og líklega er það yngra en 015_1 og hefur jafnvel tekið við af því, hvort sem rofið af árgilinu hefur verið byrjað að hafa áhrif á það eða ekki.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-205:015_2, horft til vesturs.



Leið RA-205:015_3, horft til norðausturs.

RA-205:015_03 gata leið

A 449443 N 361888

Gata 015_3 liggur frá árgilinu til austurs, meðfram seltóft 015_1 og norður út í mýrina neðan við Drápufoos. Hún sést í tveimur hlutum, annarsvegar sem einfaldur stígur á 130 m löngum kafla. Sá hluti er um 0,3 m á breidd en frekar djúpur eða allt að 0,5 m á dýpt. Hann er oftast gróinn en þar sem hann er sem dýpstur eru stór moldarbörð í honum. Gatan hverfur í mýrinni en á loftmynd sést að hún heldur áfram upp með ánni við Drápufoos á að minnsta kosti 120 m löngum kafla.

Hættumat: engin hætta

RA-205:016_01 heimild um kálgarð

A 448891 N 359599

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður með sambyggðu útihúsi í norðvesturhorni um 20 m suðaustan við bæ 001 og 6 m austan við kálgarð 018. Báðar minjarnar eru horfnar af yfirborði en voru 50x20 m að stærð á svæði sem snéri NNA-SSV. Flatt, grasivaxið tún. Í miðju svæðisins er lág þúst, að öllum líkindum náttúruleg. Túnið er í halla til SSA. Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:016_02 heimild um lambhús

A 448902 N 359629

Túnið til suðvesturs gæti verið svokallað Lambhústún sé tekið mið af örnefnaskrá. Lambhúsið var í norðvesturhorni kálgarðsins en er horfið. Það sést ekki á túnakorti frá 1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:017 heimild um kálgarð

A 448863 N 359663

Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var kálgarður 5 m vestan við bæ 001, vestast á bæjarhlaðinu.

Malarvegur að bænum og gróin tún.

Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:018 heimild um kálgarð

A 448883 N 359651

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður fast sunnan við bæ 001, milli kálgarða 016 til austurs og 017 til vesturs.

Sunnan við bæjarhólinn er núverandi íbúðarhús, byggt innan þessa kálgarðs. Bakgarður er fyrir sunnan húsið og greinileg jarðvegsfylling. Engin ummerki um kálgarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:019 renna traðir

A 448836 N 359583

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til suðurs og norðurs frá bæ 001. Traðirnar sjást ekki á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Til suðurs sést gróin lág í túninu, nokkuð frá þeim stað sem traðirnar á túnakorti eru sýndar. Að norðan sjást traðirnar enn, aðeins verstar en á túnakortinu. Þetta gæti verið eldri útfærsla á tröðunum sem sýndar eru sem hellulagaðar.

Slétt, rætað tún.

Fyrir sunnan bæ 001 er gróin lág í túninu. Hún er 25 m löng, 10 m breið, gróin og mesta dýpt er 0,3 m. Láginn stefnir á brú 023.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Traðir RA-205:19, horft til norðurs.

RA-205:020 renna traðir

A 448919 N 359745

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir til norðurs frá bæ 0010, upp túnið. Leið RA-641:006 sefnir í átt að heimatúninu og án efa að tröðunum.

Heimatúnið er grasvaxið, slétt í afliðandi halla til suðurs. Traðirnar skera brekkuna.

Traðirnar sjást enn á 120 m löngum kaffa. Við útihús 002 er búið að raska þeim með vegslóða frá fjárhúsum og losa skán þar ofan á. Ofan við útihús 002 má enn sjá hlaðana veggj á tveimur stöðum, beggja vegna við vegslóðann. Þeir eru stórþýfðir, 0,2-0,4 m á hæð og algrónir. Restin af tröðunum sést sem lág eða renna. Vélgrafinn skurður er að auki fast vestan við traðirnar að hluta en raskar þeim ekki. Efst í túninu eru traðirnar 3-4 m á breidd, 0,6-0,4 m á hæð til austurs en 0,5 m til vesturs. Þær eru niðurgrafnar og veggirnir sjást víða sem lágir kantar meðfram rennunni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919



Traðir RA-205:020, horft til SSV.

RA-205:021 heimild um áveitu

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var áveita í heimatúninu, norðan við bæ 001. Skurðirnir sjást ekki á bæjarteikningu danskra landmælinganna frá 1906. Tilgangur var án efa framræsla og vatni veitt úr lækjum og deiglendi í Lambalæk og að öllum líkindum Kvoslækjará. Skurðirnir eru að mestni horfnir

en með góðum vilja má á sumum stöðum sjá beina kanta og línur í jörðu. Þessar minjar fóru illa við túnasléttun og frekari framræslu um miðja síðustu öld.

Heimatúnið er í halla til suðurs, grasgróið og nýtt til beitar. Það er slétt og framræst. Skurðirnir náðu yfir svæði sem er 340x210 m að stærð og snéri austur-vestur.

Engin ummerki um framræsluna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205:022 heimild um túngarð A 448954 N 359862

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var nýlegur túngarður sem afmarkaði norðurhlíð heimatúnsins. Á milli 1906 og 1919 var túnið stækkað til norðurs, með gerð túngarðs árið 1906 sem lá eftir Fljótshlíðinni endilangri. Túngarður 027_4 lá í famhaldi af þessum garði sem er horfinn að mestu. Ekki sást annar túngarður á yfirborði, né er hann sýndur á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Hann lá að Fjánhúsgili til vessturs og Lambalæk til austurs.

Gróið, þýft tún.

Engin ummerki um túngarðinn sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205:023 heimild um brú A 448835 N 359549

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var brú yfir lækjar drag eða mýrarsund innan heimatúnsins. Brúin var um 130 m SSV við bæ 001 og rúmum 180 m sunnan við útihús 026. Traðir 019 lágu að brúnni að öllum líkindum sé tekið mið af legu þeirra og áætlaðri staðsetningu brúarinnar.

Túnið er grasvaxið og búið að ræsa læk og mýrar fram í skurði.

Engin ummerki um brúna sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-205:024 heimild um útihús A 448837 N 359903

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 250 m NNV við bæ 001 og tæpum 20 m austan við fjárhús 007. Útihúsið var fast austan við svokallað Fjánhúsgil.

Heimatúnið er gróið og smáþýft í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-205:025 heimild um útihús A 448919 N 359768

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 100 m norðan við bæ 001 og 30 m norðvestan við rétt 002. Útihúsið sést ekki á túnakorti frá 1919 og líklega fallið úr notkun þá. Útihúsið var efst í heimatúninu árið 1906 og túnið stækkað á milli þessarra ára.

Útihúsið var undir náttúrulegri brún í túninu. Heimatúnið er gróið en í órækt. Tveir hólar eru á svæðinu en líklega tilheyra þeir sléttun eða eru skán úr fjárhúsum.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-205:026 tóft útihús A 448838 N 359736

Um 100 m norðvestan við bæ 001 og tæpum 80 m vestan við traðir 020 er útihús. Það er í brekku sunnan við steypnan bragga sem nýttur er sem fjárhús. Suðurhlutinn er ekki forn og veggir eru steyptr að austan.



Útihúsi RA-205:026, horft til norðvesturs.



Uppmæling af útihúsi RA-205:026.

Nyrðri veggurinn virðist eldri og af þeim sökum er útihúsið talið hér til fornleifa. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti né bæjarteikningu.

Brekkann er í halla til suðvesturs niður túnið sem er grasivaxið og þýft.

Tóftin er 12,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún skiptist í tvö hólf og er grafin inn í brekkuna til norðurs. Hólf 1 er suðaustar. Það er 4,3x2,3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfíð er fallið saman vegna framskriðs brekkunnar. Op er til suðvesturs en veggirnir eru 1 m á hæð og 0,1 m á breidd. Mikið grjóti er í steypunni. Undirstöður veggjarins gætu verið hlaðnar. Norðvestar er hólf 2. Það er 4,3x1,3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og eru 0,4-0,8 m á hæð. Til norðurs er kantur sem afmarkar tóftina. Ekki var hægt að greina stök umför vegna gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-205:027 garðlag vörslugarður

A 448576 N 360139

Norðvestan við heimatúnið má sjá fimm garðlög og tilheyra þau líklega útsetu þ.e. garðlagi sem var hlaðið eftir endilangri Fljótshlíðinni árið 1906. Hægt er að rekja það í gegnum stóran hluta jarðanna enn. Garðlögin sjást innan afgirtra sumarhúsalóða en til austurs eru þau sléttuð í tún. Garðlögin eru á svæði sem er 270x230 m að stærð og snýr austur-vestur.

Gróin svæði og tún. Svæðið er að mestu óraskað en einnig eru þar byggingar og slétt tún.

Nyrsta garðlagið, liggur til norðausturs frá Kvsólækjará, ofan við foss í ánni. Það liggur fram á klettasnös ofan við fossinn og snarbratt er þar niður í djúpt gilið. Garðlagið liggur í gleitt horn og endar til norðurs við vélgrafinn skurð. Þar hverfur garðlagið, skurðurinn er á sama stað þar. Garðlagið sést aftur skammt norðvestan við fjárhús 014 á 23 m löngum kafla og liggur austur-vestur. Óljóst mótast fyrir því allt að skurðinum en það er óljóst vegna mikils gróðurs. Það er 60x52 m að stærð, 2 m á breidd og algróið. Garðlagið er torfhlaðið, mjókkar upp og var fast norðan við Hóla 012. Þriðja garðlagið er 115 m sunnar. Á milli þeirra var tún að öllum líkinum. Það liggur einnig til austurs frá fossi í Kvsólækjará en fjarar úr norðvestan við sumarhústað í trjárækt. Þessi hluti er líklega sá sem var hlaðinn 1906 sé tekið mið af legu hans á



Garðlög RA-205:027 sjást sem grænir flákar.
©Loftmyndir ehf.



Garðlag RA-205:027 við Kvoslækjará. Horft er til norðurs.



Nyrsta garðlag RA-205:027, horft til vesturs.

jörðinni Kvoslæk en hinir hlutarnir gætu verið viðbætur. Hann er 50x2 m að stærð, örlítið bogadreginn og er í halla til vesuts að gílinu. Garðlagið sést aftur í túni austan við heimreið að sumarhúsum. Þar mótar fyrir grónum hrygg í túninu en hann er mun greinilegri á loftmynd og lá allt að Fjánhúsgili. Hann er 110 m að lengd og 2,5-3 m á breidd sökum sléttunar. Líklega sameinaðist hann túngarði 022 en tengslin á milli þeirra eru horfin. Fimmti hlutinn er rúmum 100 m sunnar. Hann sést á 35 m löngum kafla og er 2 m breiður. Garðlagið snýr austur-vestur og náði líklega að Fjánhúsgili en skógrækt og slétt grasflöt er yfir austurhluta þess. Garðlagið liggur til austurs frá Kvoslækjará en gilið er víðara og ekki eins bratt og það er norðar.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-205:028_01 tóftir fjárhús

A 448729 N 360683

Tvær tóftir eru rúmum 1 km norðvestan við bæ 001 og 560 m suðvestan við tóftir 034. Þetta er fjárhús og heystæði/gjafahringur sé tekið mið af lögun þeirra. Tóftirnar eru á svæði sem er 35x12 m að stærð og snýr norður-suður. Vegslóði liggur á milli tóftanna sem eru skammt austan við Kvoslækjará.

Flatt gróid svæði skammt austan við Kvoslækjará. Framræst mýri og skurðir eru til norðurs og austurs en túnin þar eru nýtt til sláttar og beitar. Tóftirnar eru þurru valllendi við ána.



Uppmaling af tóftum RA-205:028.



Tóft RA-205:028, horft til austurs.

Tóft 028_1 er norðar. Hún er 11,5x6,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og opin til vesturs. Veggirnir eru torfhlaðnir, 2 m á breidd og 0,7 m á hæð. Vegslóðin er fast vestan við tóftina og sveigir til suðurs þar. Mikill gróður á svæðinu gerir tóftina óskýra. Ekki mótar fyrir garða inni í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

RA-205:028_2 tóft heystæði

A 448715 N 360663

Tóft 028_2 er 16 m sunnar. Hún er hringlaga, 8,5 m í þvermál og er einföld. Umfang tóftarinnar er mun

minna en tóftar 028_1 og ekkert op sést þar inn. Veggirnir eru torfhlaðnir, 2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Veggirnir eru einna lægstir að innan. Líklega er þetta heystæði.

Hættumat: hætta



Tóft RA-205:028_2, horft til suðurs.

RA-205:029 heimild um fjárhús

A 448911 N 360168

Samkvæmt herforingjaráðskorti 48 frá 1908 voru fjárhús um 500 m norðan við bæ 001 og rúmum 100 m norðaustan við fjárhús 014. Ekki er útilokað um um sömu húsin sé að ræða. Fjárhúsin eru horfin, vélgrafinn skurður er fast norðan og austan við áætlaða staðsetningu þess.

Ræktuð og framræst tún eru á þessu svæði sem var mýrlent áður. Túnin eru nýtt til beitar.

Engin ummerki um fjárhúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: LMI 48 1:50000

RA-205:030 garðlag vörslugarður

A 449270 N 361110

Garðlag er 100 m norðaustan við fjárhústóft 031_1 og 1,4 km norðaustan við bæ 001.

Svæðið er mjög þýft og grasi vaxið.

Garðlagið liggur VNV-ASA, á 30 m löngum kafla. Það er útflatt og rof er í miðju þess. Það er 4 m að breidd og 0,4 m á hæð. Líklega er þetta hluti af eldri túngarði en 034_5 sem hefur verið á svæðinu til að afmarka eitthvað tún fyrir eldri fjárhús. Það gæti náð lengra til vesturs en þar sem svæðið er mjög þýft er erfitt að gera sér grein fyrir því.

Hættumat: hætta, vegna rofs



Garðlag RA-205:030, horft til austurs.


RA-205:031_01 tóft fjárhús

A 449208 N 361023

Rúmum 1,1 km norðan við bæ 001 er svokölluð Fjárhúskelda. Fjárhúskelda er löng og nokkuð djúp dæld sem liggur austan við ána og beygir vestur að henni. Í botni dældarinnar er mikil mýrarbleyta. Gamlar fjárhústóftir og gerði umhverfis þær, eru 20-40 m vestan við kelduna og gata RA-641:006 liggur austan við kelduna. Minjasvæðið samanstendur af fjórum tóftum, einni þúst og gerði. Tóftirnar eru ekki allar samtíða og hafa ný fjárhús verið byggð upp á sama stað þegar eldri hús voru tekin úr notkun. Fjárhústóftirnar standa allar austan megin innan gerðisins en þar er landslagið öllu hærra og þar af leiðandi þurrara. Svæðið er blautt og mýrlent vestan við tóftirnar. Svæðið er



Tóft RA-205:031_1, horft til norðurs.



Uppmaling af minjum RA-205:031. ©Loftmyndir ehf.

þýft og grasi vaxið og verður blautara eftir því sem vestar, nær Kvoslækjará dregur.

Tóft 031_01 er staðsett í austurhorni gerðis 031_5 og er greinilega yngsta fjárhústóftin á minjasvæðinu, líklega frá 19.-20. öld. Hún er 20x15 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin. Oftast sést aðeins í staka steina en sumsstaðar má þó sjá tvö umför af hellugrjóti. Torfið í veggjunum er fremur illa farið á köflum en sumsstaðar má sjá stórt rof í veggjum. Hæð veggja er mjög mismunandi eða allt frá 0,4-1,2 m. Tóftin skiptist upp í þrjú hólf og er inngangur inn í hólf I og II á suðvesturhlið. Hólf I er staðsett suðvestast í tóftinni og 9,5x2,5 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur og í miðju hólfins er torfhlaðinn garði sem er 9x0,8 m að stærð. Hólf II er suðvestan við hólf I og þar er 10x2,5 m að innanmáli. Það snýr einnig norðaustur-suðvestur og í miðju hólfins er torfhlaðinn garði sem er 9x1 m að stærð. Hólf III er norðaustan við hólf I og II og er 7,5x3,5 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og er niðurgrafið. Hólf I og II eru fjárhús en hólf III er niðurgráfin hlaða.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-205:031_02 tóft fjárhús

A 449190 N 361025



Tóft RA-205:031_02, horft til norðvesturs.

Tóft 031_02 er staðsett 5 m vestan við fjárhús 031_01 og er eldra. Tóftin er 17x11 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er alveg torfhlaðin og veggir eru hlaupnir í þúfur. Tóftin er tvískipt og hæð veggja er 0,3-0,4 nema í hólf II, þar er veggjahæð aðeins um 0,1 m. Hólf I er staðsett suðvestast í tóftinni. Það er 7x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Inngangur er úr hólfinu á suðvesturhlið. Hólf II er norðaustan við hólf I og er það 6,5x3 m að stærð. Það snýr norðvestur-suðaustur og inngangur í hólfid er á suðausturhlið. Hólf I hefur verið notað sem fjárhús og hugsanlega hefur hólf II þá verið hlaða. Það er þó ekki niðurgrafið.

Hættumat: engin hætta

RA-205:031_03 tóft fjárhús

A 449174 N 361010

Tóft 031_3 er staðsett 30 m suðvestan við fjárhús 031_1 og er líklega elsta fjárhústóftin á svæðinu. Hún er 13x12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhláðin og veggir hennar er signir og hlaupnir í þúfur og aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Tóftin er tvískipt en innanmál í hólfi II er þó mjög óljóst. Hólf I er staðsett syðst í tóftinni og er 5,5x2 m að stærð. Það snýr norðvestur-suðaustur og inngangur er inn í það frá norðvesturhlið. Hólf II er norðaustan við hólfi I og það er mjög lítið og ógreinilegt, nánast orðið að þúst. Með góðum vilja má greina innanmál sem er 2,5x1 m og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I hefur verið notað sem fjárhús en hólfi II þá hugsanlega sem hlaða.

Hættumat: engin hætta

RA-205:031_4 þúst heystæði

A 449185 N 361001

Þúst 031_4 er staðsett suðaustast á minjasvæðinu, 5 m suðaustan við 34_3 og tæpum 25 m sunnan við 031_1. Hún er nánast hringlaga og 8x8 m að stærð. Hæð hennar er 0,5 m. Þústin er mjög þýfð og innanmál er nú ógreinanlegt. Hugsanlega hefur þessi þúst verið heystæði á svæðinu en það er erfitt að segja þar sem innanmál er alveg horfið.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-205:031_3, horft til austurs.



Þúst RA-205:031_4, horft til suðausturs.

RA-205:031_5 gerði túngarður

A 449180 N 360968

Gerði 031_5 er ferkantað og afmarkast af vallargarði nánast allan hringinn í kringum fjárhústóftirnar. Vestasti hluti þess er horfinn í þýfi og bleytu en sést þó ennþá á loftmynd. Gerðið er 150x85 m stórt en ef þau garðlög sem voru vestast eru tekin með eins og þau sjást á loftmynd þá er gerðið 160x85 m á stærð. Það snýr norðvestur-suðaustur og er rofið á fimm stöðum en erfitt að segja hvort að einhvert þessara rofa hafi verið hlið inn í gerðið. Það er þá helst á suðvesturhlið eða norðausturhlið. Garðlagið sjálft er fremur mjótt, 0,8-1,2 m á breidd. Það er 0,5 m á hæð austast lækkar eftir því sem vestar dregur og er þar komið niður í 0,2 m á hæð þar til það hverfur alveg í þýfið og mýrina. Mjó rás og mjög gróin er við utanverða hlið túngarðsins og má því ætla að hann hafi verið byggður upp með mokstursefni við hlið hans en ekki beint torfhláðinn.



Túngarður RA-205:031_5, horft til norðvesturs.

Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-205:031_06 gerði óþekkt

A 449224 N 361035




Norðan við fjárhústóft 031_1 er lítið gerði áfast túngarðinum at utan. Gerðið er fast norðaustan við fjárhústóft 031_1 í austurhorni túngarðsins. Gerðið er 10x9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það er torfhláðið og veggir eru mjög signir og hlaupnir í þúfur, 0,3-0,4 m á hæð. Gerðið er einfalt og innanmál þess er 6x5 m. Það eru inngangar meðfram túngarðinum til norðvesturs og suðausturs inn í gerðið.

Hættumat: engin hætta

Gerði RA-205:031_6, horft til austurs.

RA-205:032_01 tóft sel

A 449735 N 361740



Uppmæling af seli RA-205:032. ©Lofthmyndir ehf.

Minjasvæðið er staðsett 2,2 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 250 m suðaustan við seljatóftir 015. Gata RA-641:006 liggur í gegnum minjasvæðið og niður í átt að bænum. Minjasvæðið samanstendur af fimm tóftum, er um 40x30 m að stærð og snýr vestur-austur. Tóftirnar eru líklega ekki allar samtíða og má ætla að þær hafi flestar verið notaðar undir búfenað, og eitt mannvirki tekið við að öðru þegar það fyrra var orðið lélegt. Tóft 032_1 sker sig þó dálítið úr þessu mynstri en hólfskipan minnir frekar á selstöðu.

Svæðið er þýft og grasi vaxið

en grasið áberandi grænna í kringum tvær tóftir, 032_2 og 032_3. Minjasvæðið liggur örlítið hærra en landið í kring en utan þess er mýrlent og mjög blautt.



Tóft RA-205:032_1, horft til norðurs.

Tóft 032_1 er austast á minjasvæðinu. Hún er 12,5x8 m að stærð og snýr vestur-austur. Tóftin er torfhláðin og skiptist líklega upp í fjögur hólf. Veggir eru mjög signir og þýfðir og því erfitt að greina hólfín. Hæð veggja er 0,2-0,4 m. Inngangur er inn í tóftina frá suðri, inn í hólf I. Hólf I er suðaustast í tóftinni og er 2,5x1 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og er opið inn í hólf II. Hólf II er norðan við hólf I, er 3,5x2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hólf III er vestan við hólf II og er 4x1 m að innanmáli. Það snýr nokkurnveginn vestur-austur en er ólögulegt og líklega hafa veggir tóftarinnar hrunið inn í það og myndað þessar ólögulegur línur. Hólf IV er sunnan við hólf III og er pínulítið, 1,5x0,7

m að innanmáli. Það snýr VNV-ASA. Enginn inngangur er greinilegur inn í hólfi III og IV. Hlutverk tóftarinnar er ekki fullkomlega ljóst. Vegna staðsetningar tóftanna og undirlendis mætti ætla að um beitarhús væri að ræða en minjasvæðið er rúma 2 km frá bæ og nægilegt beitarland í kring. Hinsvegar fellur hólfaskipan tóftarinnar ekki vel að hefðbundnu beitarhúsi og minnir jafnvel íveruhús selstæðis. Hlutverk var því skráð sem selt þar til annað kemur í ljós.

Hættumat: engin hættu

RA-205:032_02 tóft fjárskýli

A 449722 N 361727

Tóft 032_2 er staðsett í miðju minjasvæðinu, 10 m suðvestan við tóft 032_1. Hún er 8x6 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og veggir eru útflattir og hlaupnir í þúfur. Hæð þeirra er 0,1-0,2 m. Tóftin er tvívskipt og hólfin eru mjög ógreinileg. Hugsanlega er inngangur inn í tóftina á norðvesturhorni inn í hólfi I en það er þó mjög ógreinilegt. Hólfi I er staðsett norðvestast í tóftinni og er 2.5x1 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur. Hólfi II er suðaustan við hólfi I. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Tóftin situr á grænum grasbletti sem gæti bent til þessa að lífrænn úrgangur sé mikill frá henni. Því má ætla að hlutverk hennar hafi verið einhversskonar gripahús eða beitarhús þó það sé engan veginn víst.

Hættumat: engin hættu



Tóft RA-205:032_2, horft til vesturs.



Tóft RA-205:032_3, horft til suðausturs.

RA-205:032_03 tóft fjárskýli

A 449720 N 361719

Tóft 032_03 er staðsett syðst á minjasvæðinu, fast sunnan við tóft 032_2. Hún er 14,5x8 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og skiptist upp í tvö til þrjú hólfi. Veggir tóftarinnar er mjög útflattir og þýfðir og því erfitt að átta sig nákvæmlega á því hvernig hún liggur eða hvað eru veggir. Hæð veggja er 0,2-0,3 m. Hólfi I er vestast í tóftinni og er 6x1.5 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur og enginn sjáanlegur inngangur er á því. Hólfi II er norðaustan við hólfi I og er 5x1 m að innanmáli. Það snýr einnig norðvestur-suðaustur og inngangur er út til suðausturs og inn í hugsanlegt hólfi III. Hólfi III er staðsett suðaustan við hólfi I og II en aðeins er greinanlegur utanverður kantur á þessu hólfi og því er nákvæmt innanmál þess óljóst. Það hefur verið á bilinu 6x3 m. Tóftin situr á grænum grasbletti, rétt eins og 033_2 og hefur hún líklega verið notuð til að skýla búfænaði á beit á þessu svæði.

Hættumat: engin hættu

RA-205:032_04 tóft fjárskýli

A 449707 N 361737

Tóft 032_4 er staðsett vestast á minjasvæðinu, fast norðvestan við götu RA-641:006 og rúmunum 15 m norðvestan við tóft 032_3. Hún er 7x6,5 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhlaðin og veggir eru útflattir og hlaupnir í þúfur en hæð þeirra er um 0,1-0,2 m. Tóftin er einföld og enginn greinilegur inngangur er inn í hana. Innanmál hennar er 2,5x2 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt þó svo að líklega sé hlutverk þess eitthvað tengt gripahaldi á svæðinu, beit eða öðru.

Hættumat: engin hættu



Tóft RA-205:032, horft til suðvesturs.



Þúst RA-205:032_5, horft til norðurs.

RA-205:032_05 tóft fjárskýli

A 449712 N 361741

Tóft 032_5 er staðsett fast norðaustan við tóft 032_4 og rúmum 10 m norðvestan við tóft 032_1. Hún er hringaga og 4x4 m á stærð. Hún er torfhláðin og veggir eru útflettir og hlaupnir í þúfur og aðeins um 0,1 m á hæð. Tóftin er einföld og enginn greinilegur inngangur er inn í hana. Innanmál hennar er mjög ógreinilegt en mælist vera 1x1 m. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt þó svo að líklega sé hlutverk þess eitthvað tengt gripahaldi á svæðinu, beit eða öðru.

Hættumat: engin hættu

RA-207 Kollabær (stóri)

60 hdr. 1710 með hjáleigunum Litla Kollabæ (10 hdr), Stöðlakoti (5 hdr) og Tumastöðum (5 hdr). 1217: Getið í máldaga Oddakirkju. DI II, 86-88

1470: Selur Sumarliði Eiríksson Þorleifi Björnssyni Kollabæ. DI V, 572.

1475: Ganga stefnumál um eignarhald á jörðinni. DI V, 802-806.

1496: Jörðin er nefnd í máldaga kirkjunnar á Breiðabólstað. DI VII, 316.

1496: Selja Gunnar Gunnarsson og Guðrún Teitsdóttir séra Jóni Gíslasyni 42 hndr. í Kollabæ. DI VII, 316.

1803 hafði Ormskot byggst á hálfum Litla Kollabæ. Jörðin á upprekstrarland á Miðmörk og í Frænafalli og á fjórðung af reka fyrir landi Bakka og Stakkaholti í Eystri Landeyjum á móti Múla, Breiðabólstað og Stórahofi. JÁM I, 160-161. Nú er tvíbylí á Kollabæ fram til 1900 og síðan aftur frá 1936. Allt beitiland Kollabæjarjarða og Kvoslækjar var óskipt. Ekki er föst ábúð á Kollabæ lengur og áætlað að nýta jörðina til frístundabyggðar.

1710: Á túnparti Þorbjargar fýkur sandur og mold, líka rennur á það leir og mól í leysingum. Af landinu strax við engjarnar brýtur árlega Þverá og liggur það við meiri spjöllum." JÁM I, 160-161 1839: "... með sléttum góðum túnnum, engjum litlum, snöggglendum og kostaslæmum, høgum, eftir sem talið er í þessari landþrengslasveit, fremur miklum." SSR, 95

1919: Tún 8,6 ha, garðar 1840 m² "Gömlu túnin eru nokkuð brött, en engjar flatlendar, þær hafa nú verið þurrkaðar og ræktaðar, einnig hefur stórt tún verið ræktað í høgum, upp frá bænum." SB IV, 438

RA-207:001 *Kollabær (stóri)* bæjarhóll bústaður
Hér er verið að skrá austurbæinn. "Fyrir aldamótin 1900 stóð austurbærinn í Kollabæ fyrir austan traðirnar, þar sem fjós og hlaða frá Sveini standa nú, en hann byggði sitt íbúðarhús áfast og austan við vesturbæinn árið 1936." segir í Sunnlenskum byggðum. Bærinn sést bæði á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Bær 001 er sunnan við bæ 006 og traðir 047 lágu á milli þeirra. Á bæjarhól austurbæjarins er mikið rask og útihús þekja allan hólinn. Gróið tún í halla til suðurs, niður Kollabæjarás. Víðsýnt er til allra átta en túnin næst bænum eru ekki nytjuð nema til beitar.

Öll húsín á bæjarhólnum eru líklega byggð um og eftir miðja síðustu öld og eru undir þaki. Þetta eru útihús.

Þau eru flest úr bárujárni og holsteini en í miðjunni er niðurgrafið hús, líklega hlaða. Undirstöður þess húss eru grjóthlaðnar. Fjárhúsin eru með hlöðnum veggjum, þeir eru 1 m á breidd og þar má sjá 6 umför af grjóti. Það er grafið inn í brekku til norðurs og veggurinn látið undan þunga að hluta. Fyrir sunnan vestustu húsín er kantur, 0,3-,4 m á hæð. Kanturinn gæti verið hluti eldri bæjarhúsa en á ljósmynd í Sunnlenskum byggðum sést hús þar rétt sunnar sem er horfið. Bæjarhóllinn er algróinn. Hann er óljós sökum rask en stafnar bæjarins snéru til suðurs. Erfitt er að áætla uppsöfnun en sé tekið mið af kantinum eru hún án efa töluverð. Sé tekið mið af túnakortinu var bæjarhóllinn 40x15 m hið minnsta.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 437; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919


RA-207:002 þúst útihús

A 447723 N 359397

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var útihús um 50 m austan við bæ 001, austast í heimatúninu. Gamall túngarður 051 er fast austan við þústina.



Bæjarhóll RA-207:001, horft til norðausturs.



Hluti af þajarteikningu danskra landmalingamanna frá 1906 upprétt ofan á loftmynd. Á kortinu má sjá heimatún Kollabæjar RA-207. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, grænir flákar og rauðar línur.

Gróið tún sem komið er í órækt er Kollabæjarmegin við giðingu sem er á merkjum við Stöðlakot RA-210 og Litla-Kollabæ RA-208. Þeim megin eru ræktuð tún.

Þar sem útihúsið var er flatt svæði fast við túngarðinn. Þústin er á svæði sem er hærra en nánasta umhverfi og gæti hafa verið sambyggð túngarðinum eða byggð áfoki eða hrúni úr honum. Húsið var líklega rífið. Þústin er 0,3 m á hæð og útlínur hennar eru óljósar. Mikið gras hafði einnig sitt að segja þegar skrásetjari var á ferðinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningardanskralandmælingamanna 1906; Túnakort 1919



á

Þúst RA-207:002, horft til suðurs.

RA-207:003 þúst útihús

A 447689 N 359522

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús fast við túngarð 054, um 110 m norðan við bæ 001. Útihúsið var ofarlega í túni í allbrattri brekku sem hallar til vesturs.

Túnið er komið í órækt, fremur slétt en orðið smáþýft. Er það mjög grasi vaxið.

Lítill ummerki sjást um útihúsið en það hefur verið grafið 2 m inn í brekkuna. Framan og suðvestan við niðurgröftinn er dálítill pallur sem er um 4 m breiður og halla lítilla til suðvesturs. Ummerki um útihúsið eru á svæði sem er 9,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906



Þúst RA-207:003, horft til NNV.

RA-207:004 heimild um útihús

A 447582 N 359556

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið útihús neðarlega í túni 18 m sunnan við útihús 005, 18 m vestan við útihús 085 og 140 m norðvestan við bæ 001.

Ætla má að útihúsið hafi verið þar sem nú er þéttur trjálundur fast norðvestan við gamalt útihús undir þaki úr blönduðu efni. Hefur það verið undir nokkuð afgerandi brún í túninu sem er í halla til suðvesturs. Engin ummerki eru lengur sýnileg um útihúsið vegna sléttunar og trjáræktar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-207:005 heimild um útihús

A 447581 N 359573

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var lítið útihús neðarlega í túni 18 m norðan við útihús 004 og 160 m norðvestan við bæ 001.

Túnið er komið í órækt og er mjög grösugt og smáþýft. Útihúsið var litlu ofar og norðaustan við trjálund sem nær niður að gömlum vegi að Tumastöðum.

Engin ummerki eru lengur sýnileg um útihúsið vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-207:006_1 Kollabær (stóri) bæjarhóll bústaður

A 447679 N 359451

Hér er verið að skrá vesturbæinn. "Fyrir aldamótin 1900 stóð austurbærinn í Kollabæ [001] fyrir austan traðirnar, þar sem fjós og hlaða frá Sveini standa nú, en hann byggði sitt íbúðarhús áfast og austan við



Bæjarhóll RA-207:006_1, horft til norðurs.

vesturbæinn árið 1936.” segir í Sunnlenskum byggðum. Bærinn sést á túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Vesturbærinn var í ábúð allt fram til 2008 eða svo en ekki er ljóst hvenær skepnuhald lagðist þar af. Unnið er að endurbótum á íbúðarhúsinu. Bæjarhóllinn er mikið raskaður og ekki er ljóst hvort að bærinir hafa einhvern tíma verið sambyggðir en tvíþýlt var á jörðinni oftar en ekki í gegnum tíðina og tveir bæjarhólar eru þar af þeim sökum. Núverandi hús eru nánast yfir öllum bæjarhólum og stafnar snúa til suðvesturs.

Ekki er föst ábúð á bænum. Svæðið er mjög gróið og nýtt til beitar að einhverju leyti og túnin eru slegin. Suðurhluti hólsins er sléttaður þar er flatt og gróið svæði.

Lítill sem engin ummerki um bæjarhól sjást á yfirborði. Sé tekið mið af bæjarteikningu og túnakorti var hann um 35x20 m og snéri norðvestur-suðaustur. Íbúðarhúsið er yfir hólum að mestu. Til norðausturs frá íbúðarhúsinu er “renna” sem er 0,5 m á breidd og 0,3 m djúp. Það er hægt að rekja hana til rafmagnskassa og raflínu um 70 m norðar. Hún er grafinn ofan í bæjarhólinn og gera má ráð fyrir að enn sé töluverð mannvist undir sverði. Fyrr sunnan bæinn er afgirt svæði, líklega bakgarður íbúðarhússins en ekki sér móta fyrir uppsöfnuðum mannvistarlögum þar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 437: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-207:006_2 *Kollabær (stóri)* tóft bústaður

A 447668 N 359460



Uppmæling af Kollabæ RA-207:006. © Loftmyndir ehf

Íbúðarhúsið er byggt árið 1925 í gömlum stíl, þar voru fjórar



Hluti af bæjarhúsum RA-207_006_2, horft til norðausturs.

burstir en hlaðan sem var næst vestur er horfin. Austasta burstin var byggð árið 1936. Fast vestan við húsið sést enn eitt hól, þar var fjórða burstin sem var hlaða. Hlaðan er 15 x 11 m að stærð og

snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er opið til norðvesturs við malarveg en jafnframt voru dyr til suðurs. Húsið sést á mynd í Sunnlenskum byggðum. Veggirnir eru 0,2-2,5 m á hæð, hæstir til norðurs. Hlaðan er 0,8 m djúp og það glittir í 2-3 umför þar en mikill gróður var á svæðinu þegar skrásetjarar voru á ferðinni. Íbúðarhúsið er fast til austurs, ekki er op á milli þess

og hlöðunnar. Steypa sést syðst í hólfinu en til norðurs frá miðburstinni er steypur sökkull. Einn veggur hans er varðveittur og er hann 0,2 m á hæð, 0,3 m á breidd og 7 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:007 gripir

1867: “Forn Gjarðahríngja úr kopar, stór, 3 þumlungar þvert yfir, með snúning allt í kríng að framan og á hliðunum, og liljulögðuði þorni, og tveim ferstrendum typpum uppúr að ofanverðu. Hún er of ferhyrnd til þess að geta kallast hófhríngja, þó hefir hún helzt það lag, og er hún að því lík hinni fornu járnhríngju úr Hafurbjarnastaða-fundinum ... Hún fannst á víðavangi fyrir innan Kollabæ í Fljótshlíð.” Ekki er vitað hvar þessi hringja fannst enda langt um liðið.

Heimildir: Skýrsla FÍ II, 14-15

RA-207:008_01 *Selgil* þúst sel

A 450727 N 363489

“Austan í Þríhyrningshálsi inn við Þríhyrning eru vallendisflatir, sem heita Kverk. Upp af Kverk, sunnan í Þríhyrningi, er Ingiríðargil, kallað af sumum Selgil,” segir í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis. “Kverkin nefnist slakkinn suðvestan [rétt suðaustan] á móti. Þar hafa sumir látið sér detta í hug að bærinn “Undir Þríhyrningi” [sjá RA-202:017] hafi staðið, en mjög er það ólíkara. Er sennilegt, að þar hafi verið haft í seli frá Kollabæ,” segir í grein Helgu Skúladóttur, “Örnefni í Þríhyrningi”, sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1933-1936. Seltóft og fleiri minni tóftir eru á milli Bárðarborga 015 og tófta 016 vestan við Ingiríðargil/Selgil, um 5 km norðaustan við bæ 001. Auk seltóftar og lágs rústahóls undir henni voru skráðar fimm minni tóftir sunnan við selið sem kunna að hafa tilheyrt því. Hlutverk þeirra er ekki þekkt en eini þeirra kann að hafa verið kvíar og hinar gætu verið leifar af heystæðum eða litlum fjárborgum. Eru þær á svæði sem er 105x35 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Selið er í smáþýfðu og grösugu vallendi sem er fremur flatlent. Lítil mýri er fast suðvestan við minjarnar þar sem heitir Litlu-Hlaup.

Seltóftin 008_2 er norðvestast á minjasvæðinu og undir henni er lágur rústahóll 008_1. Er hann 20x15 m að stærð og snýr austur-vestur. Seltóft 008_2 er vestast á hólnum og þar eru mörk hans illgreinanleg en hæstur er hóllinn í austurhluta þar sem hann er 0,2-0,3 m á hæð. Líkist hann helst þýfðum kraga austan við seltóftina. Nokkuð afgerandi niðurgráfin dæld er í austurhluta hólsins sem virðist geta verið heystæði frá síðari tímum frekar en að um innanmál hóls í eldri minjum sé að ræða. Er dældin 3,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hún er 0,3 m djúp og mögulega hefur verið op inn í hana í suðvesturhorni. Frá dældinni er eins og grunn renna sem liggur til norðausturs, fram á hólbrún. Rennan er um 4 m löng og virðist vera grjóthleðsla meðfram henni að suðaustanverðu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 2; Helga Skúladóttir 1936, 23



Uppmæling af minjum í Selgili RA-207:008. © Loftmyndir ehf.



Hóll RA-207:008_1 og tóft 008_2, horft til norðausturs.

RA-207:008_02 tóft sel

A 450715 N 363486

Meint seltóft er vestast á rústahóli 008_1, nyrst á minjasvæðinu. Hún er 11x10 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin skiptist í fjögur hólfr og virðist að mestu torfhlaðin. Stæðilegasta hólfið í tóftinni er í suðausturhorni, það er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Það er mjög samansigið. Op er inn í hólfið í suðurenda en ekki virðist hafa verið op úr því inn í önnur hólfr. Á miðri vesturhlið tóftar er breitt op inn í ílangt hólfr sem er 5x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ógreinilegt op er úr því miðju til suðurs inn í samansigið hólfr sem er 2,5x2 og snýr einnig austur-vestur. Nyrst í tóftinni er svo lítið hólfr sem er allt minna um sig en aðrir hlutar tóftarinnar; veggir þess eru mjórri og lægi en innanmálið nokkuð greinilegt. Óljóst op er úr ílanga hólfrinu í miðri tóft inn í þetta nyrsta hólfr og mögulega er annað op inn í það utan frá á norðurhlið. Hæð veggja í tóftinni er mest í suðausturhorni þar sem hún er 1,2 m en víðast eru veggir 0,8 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-207:008_03 tóft óþekkt

A 450728 N 363447

Lítill torfhlaðin tóft 008_3 er um 30 m sunnan við seltóft 008_2. Hún er við austurjaðar deiglendis og er talsvert gengin í þúfur, líkt og svæðið í kringum hana. Tóftin er lítillaga aflöguð en virðist vera 5x4 m að stærð, snýr norður-suður. Op er inn í hana í suðurenda. Innanmálið er nokkuð vel greinanlegt og hæð veggja er 0,4-0,5 m. Nokkuð afgerandi lægð er fast norðan við tóftina sem kann að hafa myndast við efnistöku en einnig kemur til greina að þar hafi verið annað hólfr í tóftinni. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta

RA-207:008_04 tóft óþekkt

A 450739 N 363443

Einföld torfhlaðin tóft 008_4 er 8,5 m ASA við tóft 008_3 og 37 m suðaustan við seltóft 008_2. Hún er 5,5x4 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í suðurenda. Framan við hana til suðurs er allmikið þýfi og er ekki útilokað að tóftin hafi verið lengri til þeirrar áttar. Veggjahleðslur standa ágætlega en hrun er inni í tóftinni. Mesta veggjahæð er 0,5 m. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:008_3, borft til norðausturs.



Tóft RA-207:008_4, borft til NNV.

RA-207:008_05 þúst óþekkt

A 450737 N 363424

Allstór þúst 008_5 er 7 m vestan við tóft 008_7 og 50 m SSA við seltóft 008_2. Þústin er 8,5x6 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er lítillaga þýfð en aflöguð af fjárgötum sem liggja yfir hana. Ekki er greinanlegt innanmál í þústinni og hún lækkar mikið til norðurs en er hæst að austan- og vestanverðu þar sem hún er 0,4-0,5 m há. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þetta mannvirki hefur gegnt.

Hættumat: engin hætta



Dúst RA-207:008_5, borft til norðurs.



Tóft RA-207:008_6, borft suðurs.

RA-207:008_06 tóft óþekkt

A 450775 N 363408

Ílöng tóft 008_6 er á lágri hæð um 88 m suðaustan við seltóft 008_2 og fast vestan við brún Selgils en þó ekki svo nálægt að hún muni hrynja ofan í gilið í bráð. Tóftin er torfhlaðin, 11x4,5 m að stærð og virðist skiptast í tvö hólf. Op er inn í tóftina í suðvesturhorni. Í suðurenda tóftar er hólf sem er 4x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður eins og tóft. Óljós veggur skilur á milli hólfanna og er op á honum miðjum inn í lítið hólf í norðurenda sem er 2x1,5 m að innanmáli og snýr líka eins og tóft. Veggir eru aðeins 0,2-0,3 m á hæð og 1-1,5 m á breidd, sýnu breiðari á austurhlið en á vesturhlið. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ekki er útilokað að um kvíar sé að ræða þó að þær hafi yfirleitt ekki verið tvískiptar. Mögulega er meintur veggur á milli hólfanna aðeins hrún. Norðan við tóftina eru afgerandi kantar sem vitna líklega um efnistöku.

Hættumat: engin hætta

RA-207:008_07 tóft óþekkt

A 450750 N 363425

Niðurgrafin tóft eða gryfja 008_7 er 7 m austan við tóft 008_5 og 58 m suðaustan við seltóft 008_2. Mjög óverulegir veggir eru umhverfis niðurgrafið hólf sem er 4x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Það mjókkar lítillega til NNV og op inn í það virðist vera á miðri SSA-hlið. Hólfíð er grafið niður um 0,2 m en veggir eru 0,1-0,2 m á hæð utanmáls. Í heildina er tóftin 6x5,5 m að stærð. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:008_7, borft til NNV.

RA-207:009 gata leið

A 449498 N 362798



Leið RA-207:009, borft til austurs.

“Selvegur [að Katrínarseli 010 og seli 008 við Selgili?] er örðugur og langt í haga, líka blæs haglendið upp,” segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710. “Sauðhús [líklega 015_2] voru við Þríhyrning, langur vegur þangað,” segir í Sunnlenskum byggðum. Allmiklar götur hafa legið frá Kollabæ að seljum og beitarhúsum sunnan undir Þríhyrningi og í Þríhyrningshálsi. Þær sjást fyrst sunnan við Fjallgarðsmýri og svo aftur norðarlega á Fjallgarði. Hægt er að rekja þær langleiðina að Selgili (sjá 008). Af þessari leið liggja götur 011 eftir vestanverðum

Þríhyrningshálsi. Líklega hefur þessi leið aðallega verið farin inn í úthagana og af sauðfé og öðrum búsmala en einnig er líklegt að hún sé hluti af samgöngukerfinu ofan byggðar í Fljótshlíð.

Göturnar liggja um þurr og smáþýft valllendi sem vaxið er grasi og mosa.

Frá Kollabæ að Selgili eru um 5,5 km en götur á leiðinni sjást fyrst tæpum 3 km norðan við bæinn. Þaðan má rekja miklar götur á breiðu svæði á um 2,5 km löngum kafla. Göturnar eru víða 0,1-0,2 m á dýpt og breidd en sumsstaðar hafa þær grafið niður í alldjúpar rennur sem eru allt að 1 m á breidd og 0,5 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: JÁM I, 161; SB IV, 437

RA-207:010_01 tóft beitarhús

A 449685 N 362860

“Sunnarlega í hálsinum austan til eru gamlar tættur, Katrínarsel, en fyrir sunnan það er mýrarslakki, sem kallaður er Litlu-Hlaup,” segir í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu eftir Oddgeir Guðjónsson. Í svörum Oddgeirs við spurningarlista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: “Syðst í Þríhyrningshálsi, mót suðaustri eru rústir af beitarhúsum frá Kollabæ sem kallast Katrínarsel, þar var selstaðafrásamabæ.”

Svo virðist sem að lýsingin á staðsetningu minjanna bendi eindregið á stað þar sem sjá má beitarhúsatóftir suðaustan í Þríhyrningshálsi, ofan og norðvestan við mýrina Hlaup. Á svæði sem er 62x40 m að stærð og snýr ANA-VSV eru níu fornleifar sem hver fær sitt auðkennisnúmer og umfjöllun hér á eftir. Minjarnar eru 1,2 km suðvestan við meint sel 008 og 4 km norðaustan við bæ 001. Ekki sjást skýr ummerki um sel á svæðinu og er ekki útilokað að Katrínarsel hafi verið 600 m



Uppmaling af tóftum RA-207:010. ©Lofmyndir ehf.

norðaustar þar sem seltóft 035 er.

Vallendisgróður er á hálsinum og mýrargróður í mýri en meiri og grænni grasvöxtur er á tóftasvæði en utan þess. Minjarnar eru á flatlendu svæði á milli mýrar og háls ef frá eru taldar efstu tvær tóftirnar (010_1-2) sem eru í afliðandi halla til SSA. Á flatlenda hluta svæðisins eru mishæðir og nokkurt rót virðist hafa verið á jarðvegi, líklega vegna efnistöku og rofs. Talsvert jarðvegsrof er norðaustan við minjarnar og hefur grjótið verið tekið úr því í efstu tóftina (010_1).

Lýsingin hefst á greinilegustu tóftinni sem er efst og nyrst á svæðinu. Tóft 010_1 er beitarhúsatóft sem er 8,5x5,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er inn í tóft í suðvesturhorni en í suðurenda hefur rof eytt torfhlöðnum veggjum að hluta. Innrabyrði veggja er að hluta hlaðið úr grjóti og sjást tvö umför hleðslu. Norðurendi tóftarinnar er hlaðinn inn í halla og ytri brún norðurveggjar óljóst af þeim sökum. Skarð er í vegg í norðvesturhorni en það hefur líklega myndast eftir umferð búfénaðar. Mesta hæð veggja utanmáls er 0,8 m í suðurenda en víða eru veggir 0,6 m á hæð. Óljós ummerki um hlöðu eða heystæði eru ofan og

norðan við tóft. Innanmál þess er 4x4 m. Skýr kantur er utan við norðvesturhorn tóftar sem ekki er hægt að sjá hvernig tengist henni en er manngerður. Mögulega hefur hann myndast við efnistöku. Ekki sjást ummerki um jötu eða garða í tóftinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 2; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>



Tóft RA-207:010_1, horft til norðurs.



Þúst RA-207:010_2, horft til norðvesturs.

RA-207:010_02 þúst óþekkt

A 449678 N 362860

Þúst 010_2 er fast vestan við tóft 010_1 og er hún í halla til suðurs eins og tóftin. Þústin er fremur ferköntuð og skýrt afmörkuð til suðvesturs en er þýfð og útlínur hennar víðast óljósar. Hún er 5x2,5 að stærð og 0,5-0,6 m á hæð, snýr suðaustur-norðvestur. Ekki er að sjá skýrt innanmál í þústinni eða op. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi þúst hefur getað gegnt, helst kemur þó heystæði til greina.

Hættumat: engin hætta

RA-207:010_03 tóft beitarhús

A 449685 N 362832

Tóft 010_3 er 12 m sunnan við tóft 010_1 og 4 m austan við tóft 010_4. Hún er torfhlaðin og mjög illa farin af rofi. Tóftin er um 10x10 m stór en innanmálið er 6,5x3 m og snýr norðaustur-suðvestur. Ekkert skýrt op sést. Enn eru greinanlegir heillegir veggir í suðvesturenda. Þeir eru um 1 m á hæð utanmáls en annarsstaðar eru þeir útlattir. Tóftin er líklega að mestu leyti úr torfi en einnig má finna fyrir grjóti undir fæti í suðvesturenda. Ætla má að tóftin sé af litlum beitarhúsum.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:010_3, horft til suðausturs.



Tóft RA-207:010_4, horft til S.S.A.

RA-207:010_04 tóft beitarhús

A 449671 N 362840

Beitarhúsatóft 010_4 er nokkuð miðsvæðis og er mitt á milli tófta 010_3 og 010_6. Hún er allstór og skiptist í tvo greinanleg hólfi. Tóftin er 10x14,5 m að stærð, snýr austur-vestur. Vesturhluti tóftarinnar er á hólfbungu og þar kunna að vera eldri minjar undir, mögulega leifar af Katrínarseli 010_9. Hólf í vesturhluta er 3x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Líklega er op inn í það í norðausturhorni en sést þó ekki mjög skýrt. Austurhluti tóftarinnar er mun ógreinilegri. Þar er hólf sem er 7,5x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Suðurveggur þess er útflattur og norðurveggurinn er mjög ógreinilegur. Ekki sést skýrt op á því. Á milli hólfanna tveggja er stöndugur veggur og þar rís tóftin hæst. Tóftin virðist að mestu leyti hlaðið úr torfi en eitthvað af grjóti kann að vera í vesturhluta tóftarinnar. Mesta hæð veggja er um 0,5 m (austast) en hóllinn sem vesturhluti tóftarinnar er á er um 1 m á hæð þar sem hann er hæstur.

Hættumat: engin hætta

RA-207:010_05 þúst óþekkt

A 449667 N 362827

Þúst 010_5 er sunnarlega á minjasvæðinu, fast sunnan við tóft 010_4 og 15 m austan við gryfju 010_8. Hún er 7,5x4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er hæst í vesturhorni, 0,7 m. Suðaustur- og suðvesturhliðar þústarinnar eru greinilegar en aðrar hliðar eru óskýrari vegna rofs. Þústin er algróin og hvergi sést í grjót. Óljós bunga er til suðausturs í aflíðandi halla og er hún fremur skýrt afmörkuð til norðausturs. Líklega er hún náttúrumyndun en á henni er harðara undir fæti en annarsstaðar í kring. Ekki er augljóst um hvers konar mannvirki er að ræða.

Hættumat: engin hætta



Þúst RA-207:010_5, borft til austurs.



Þúst RA-207:010_6, borft til suðurs.

RA-207:010_06 þúst óþekkt

A 449653 N 362842

Þúst 010_6 er grafin inn í brekkurætur og sjást greinileg ummerki um efnistöku í kring. Þústin er 8 m austan við þúst 010_7 og 9 m vestan við tóft 010_4. Hún er 9x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í henni má óljóst greina innanmál lítills hólfis og op úr því í austurhorni. Þústin er 0,3-0,4 m á hæð þar sem hún er hæst í norðausturenda. Hlutverk þústarinnar er óljóst en helst kemur til greina að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

RA-207:010_07 þúst óþekkt

A 449633 N 362842

Þúst 010_7 er grafin inn í brekkurætur eins og þúst 10_6 og sjást greinileg ummerki um efnistöku í kring um hana. Þústin er 8 m vestan við þúst 010_6 og 13 m norðvestan við gryfju 010_8. Hún er 11x7,5 m að stærð og snýr norður-suður. Mesta hæð er 0,3 m. Þústin er í aflíðandi halla til suðurs. Hún er nokkuð afgerandi en mörk hennar eru þó mun óljósari en á þúst 010_6. Hlutverk þústarinnar er óljóst.

Hættumat: engin hætta

RA-207:010_08 gryfja óþekkt

A 449648 N 362823

Gryfja 010_8 er suðvestast á minjasvæðinu, alveg við mýrarjaðar. Hún er 10 m sunnan og neðan við þústir 010_6 og 7. Gryfjan er 5x2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hún er 0,2-0,3 m á dýpt. Gryfjan kann að hafa myndast við efnistöku en gæti einnig verið niðurgrafið heystæði. Ógreinileg ummerki eru um torfveggi eða þúfnakraga í kringum gryfjuna nema í vesturenda.

Hættumat: engin hættu



Dúst RA-207:010_7, horft til suðurs.



Gryfja RA-207:010_8, horft til vesturs.

RA-207:010_09 *Katrínarsel* heimild um sel

A 449662 N 362835

Heimildir geta þess að Katrínarsel hafi verið á sama stað og beitarhús frá Kollabæ sunnarlega á austanverðum Þríhyrningshálsi. Ekki fundust óyggjandi ummerki um seltóft á minjasvæðinu en helst kemur til greina að það hafi verið undir beitarhúsatóft 010_4.

RA-207:011 gata leið

A 449257 N 363290

Allmiklar götur liggja af leið 009 eftir vestanverðum Þríhyrningshálsi og sjást m.a. austan við beitarhús 034. Leiðin hefur legið að þeim og áfram í úthaga jarðarinnar vestan í Þríhyrningi. Líklega hefur hún einkum verið farin af búfénaði en einnig má ætla að hún hafi að einhverju leyti verið hluti af samgöngukerfi ofan við byggðina í Fljótshlíð.

Leiðin liggur um smápýfðan valllendismóa sem vaxinn er grasi og mosa.

Hægt er að rekja götur utan í Þríhyrningshálsi á tæplega 1 km löngum kafla þar sem þær liggja norður-suður. Göturnar eru á breiðu svæði, allt að 30 m breiðu. Þær eru víða 0,2 m á breidd og dýpt en hafa víða grafist niður í djúpar rásir sem hafa gróið að mestu.

Hættumat: engin hættu



Leið RA-207:011, horft til norðvesturs.

RA-207:012 heimild um mógrafir

A 448172 N 360758

Í ritinu Sunnlenskar byggðir segir: «Allir bæir í Kollabæjartorfundi áttu mótak í Dalagili.» Dalagil liggir í gegnum lönd Kollabæjar, Tumastaða og Tungu. Dalgil er gróið smá gil sem liggur vestur- austur 1,4 km NNA við bæ 001.

Gilið er gróið og svæðið er fremur blautt í gilbotninum. Þar rennur lækur. Mikið hefur verið plantað af trjám bæði ofan og neðan gilsins og svæðið hefur því líklega breyst mikið á síðustu árum

Ekki sáust nein ummerki um mógrafir í eða við gilið og má ætla að þær séu horfnar vegna þeirra breytingar sem hafa átt sér stað á svæðinu á síðustu árum. Við úrvinnslu sáust hugsanleg ummerki á loftmynd sem

voru mæld upp, þó svo að þessara ummerkja hafi ekki orðið vart á vettvangi.

Heimildir: SB IV, 437

RA-207:013 heimild um mógrafir

A 447944 N 361917

“Tunga á mótak í Illalæk í Kollabæjarhverfislandi en ekki notað í yfir 60 ár.” segir í Sunnlenskum byggðum IV. Mógrafirnar voru um 70 m sunnan við tóft 081 og 2,5 km norðan við bæ 001. Illalækur hefur grafið sig niður, gilið er mjótt en 5 m djúpt.


Allt umhverfis Illalæk er skógrækt og mikill gróður.

Engin ummerki um mógrafirnar sjást á yfirborði.

Heimildir: SB IV, 440

RA-207:014_01 Tóttarhóll tóft fjárhús

A 448711 N 361197



Í örnefnaskrá Kollabæjarhverfis segir: «... en suðaustur af Fjallgarðinum er hóll, nokkuð aðskilin af smámýrarsundi. Á honum eru tættur gamlar [014_1 og 014_2], og einnig fjárhús [014_3] frá Kollabæ. Þessi hóll heitir Tóttarhóll.” Tóttathóll er 2,1 km NNA við bæ 001 og rúmum 150 m norðvestan við Hillugötur 018. Minjasvæðið samanstendur af þremur tóftum sem liggja á 110x35 m stóru svæði sem snýr NNA-SSV. Tvær tóftanna eru efst á hólnum en sú þriðja er neðar og sunnar í brekkunni. Tóftirnar eru ekki allar samtíða og er líklegt að þau hafi tekið hvort við af öðru eftir því sem tíminn leið og torfið í þeim varð lélegra.



Tóttarhóll er grasi gróinn. Sunnan hans lækur landið og þar er dálítið mýrlendi, þýft og smáblautt. Norðan við Tóttarhól eru fleiri hólur og hæðir og landið þurrara. Tóft 014_1 er

Uppmæling af tóftum RA-207:014 á Tóttarhóli.

Tóft RA-207:014_1, horft til suðurs.

staðsett syðst á minjasvæðinu, 70 m suðvestan við tóft 014_2 og neðar í brekkunni. Hún er 16x6,5 m og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhláðin og einföld. Veggir eru mjög þýfðir og útlattir, aðeins 0,1-0,3 m á hæð og innanmál suðvestast í tóftinni alveg horfið. Sjáanlegt innanmál er því aðeins 6,5x2 m. Hugsanlega hefur verið inngangur á norðvesturhlíð tóftarinnar. Tóftin er líklega elsta fjárhúsið á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 1

RA-207:014_02 tóft fjárhús

A 448756 N 361251

Tóft 014_2 er staðsett 60 m norðaustan við tóft 014_1, ofar í brekkunni. Hún er 13,5x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhláðin að mestu en tveir mjög grónir steinar sjást þó í suðausturvegg hennar. Suðausturveggurinn er hæstur og er 0,5 m á hæð meðan aðrir eru aðeins 0,2-0,3 m. Veggir tóftarinnar eru mjög útlattir, útlínur og innanmál tóftarinnar eru óljós af þeim sökum. Tóftin er þó að öllum líkindum tvískipt en enginn greinilegur inngangur sést inn í hana. Hólf I er staðsett nyrst í tóftinni og er 3x2 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er sunnan við hólf I og er 2x1,5 m að

stærð. Það snýr nánast vestur-austur. Þetta voru fjárhús sem líklega féllu úr notkun þegar fjárhús 014_3 kemur til skjalanna.

Hættumat: engin hættu



Tóftir RA-207:014_2 og 014_3, horft til S.S.A.

RA-207:014_03 tóft fjárhús

A 448736 N 3612873

Tóft 014_3 er staðsett 90 m norðan við fjárhús 014_1 og 40 m norðvestan við 014_02. Hún er 13x7.5 m að stærð og sný norðaustur-suðvestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og sést í grjót á nokkrum stöðum, 1-2 umför í suðausturvegg og 1 umfar í inngangi á norðvesturvegg. Veggir tóftarinnar eru smápýfðir og grónir og standa 0,7-1 m háir. Tóftin er tvískipt og er hólfi I sunnan við hólfi II. Það er 4x1.3 m að innanmáli og snýr líkt og tóftin, norðaustur-suðvestur. Inngangur er á norðvestur-langhlið. Hólfi II er norðan við hólfi I og er 3,5x2 m að stærð. Það er örllítið niðurgrafid og utanverðir veggir eru mjög lágir. Þessi tóft er án efa yngsta tóftin á Tóttarhól og líklega fjárhúsið frá Kollabæ sem talað er um í örnefnaskrá.

Hættumat: engin hættu


RA-207:015_01 *Bárðarborg* þúst óþekkt

A 450698 N 363620

“Austan í Þríhyrningshálsi, inn við fjallið, eru vallendisflatar, kallast Kverk, og Ingiríðargil upp af henni, snann í Þríhyrningi (kallað af sumum Selgil [sjá 008]). Syðst í kverkinni, austur við Ingiríðargil, eru gamlar kofatættur, kallaðar Bárðarborg,” segir í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu. Í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis eru þessar tóftir kallaðar Bárðarborgir.” Vestan við Ingiríðargil/Selgil eru tóftir af fjárborgum og stórra beitarhúsatóft. eru þessar minjar 125 m norðan við meint sel 008 og 5,1 km norðaustan við bæ 001. Í Sunnlenskum byggðum er sagt að sauðahús Kollabæjar sem notuð voru á veturnum hafi verið höfð inn við Þríhyrning. Má vera að þar sé átt við beitarhúsin sem eru við Bárðarborgir



Þúst RA-207:015_1 og tóft 015_2, horft til norðurs.



Uppmaling af Bårdarborg RA-207:015. ©Lofmyndir ehf.

og skráð eru með þeim. Minjasvæðið við Bårdarborgir er 80x35 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Innan þess eru sjö fornleifar; fimm tóftir og tveir rústahólar.

Minjarnar eru í flatlendu, smáþýfðu og grasi grónu vallendi. Viða sjást ummerki um torfskurð (pælu) á minjasvæðinu.

Minjalýsingin hefst suðvestast á svæðinu þar sem beitarhúsatóft 015_2 er á lágum rústahól 015_1. Hóllinn er nokkuð hringlaga og tæpir 20 m í þvermál. Hann er um 0,4 m á hæð. Ætla má að leifar af eldri beitarhúsum eða fjárborgum séu í hólnum.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 2; Ö-Kollabæjarhverfi, 2; SB IV, 437

RA-207:015_02 tóft beitarhús

A 450710 N 363619

Stór beitarhúsatóft 015_2 er á rústahól 015_1. Tóftin skiptist í þrjú hólf og er 15x12,5 m á hæð, snýr ASA-VNV. Op er inn í tóftina í SSA-horni og er komið inn í fjárhúshluta tóftarinnar sem er 5x3 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Ekki er að sjá að garði hafi verið í fjárhúsum og ekki sjást undirstöður jötu heldur. Op er úr fjárhúsum til VNV inn í hlöðu sem stendur hærra og er 3x1,5 m að innanmáli og snýr einnig eins og tóftin. Veggir hlöðunnar standa nokkuð vel og gæti verið grjót í innra byrði þeirra en það sést ekki vegna gróðurs. Í fjárhúshluta eru veggir mjög útflattir og gengnir í þúfur. Lítið hólf er utan við fjárhús, byggt utan í NNA-langvegg. Það er 2x1,5 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Veggir þess eru lágir og ekki er skýrt op á því. Í því hefur verið heystæði. Veggir í því eru 0,2-0,3 m á hæð en hæstir eru veggir í ASA- og VNV-göflum þar sem þeir eru 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-207:015-03 tóft fjárskýli

A 450690 N 363642

Tóft 015_3 er 17 m norðvestan við beitarhúsatóft 015_2 og 12 m vestan við tóft 015_5. Hún er torfhláðin og einföld og um 6 m í þvermál. Tóftin er samansigin og hefur myndast krugi kringum innanmál sem lætur líta út fyrir að tóftin sé hlaðin ofan á eldri tóft. Op er inn í tóftina á vesturhlið. Mesta hæð veggja er um 1 m en þeir ytri brún þeirra er varla hærra en 0,5 m. Ætla má að tóftin sé af lítilli fjárborg.

Hættumat: engin hætta

RA-207:015_04 þúst fjárskýli

A 450706 N 363643

Allmikill rústahóll 015_4 er undir fjárborg 015_5 sem er mitt á milli tófta 015_3 og 015_6. Rústahóllinn er 13x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hann sést aðallega suðvestan við tóftina. Þar er stórþýft svæði sem er um 0,5 m á hæð. Líklegt verður að teljast í að hólnum séu eldri minjar um fjárborgir sem byggt hefur verið ofan á.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:015_3, horft til suðurs.



Þúst RA-207:015_4 og tóft 015_5, horft til norðurs.

RA-207:015_05 tóft fjárskýli

A 450708 N 363644

Fjárborgartóft 015_5 er á rústahól 015_4 mitt á milli tófta 015_3 og 015_6. Tóftin sjálf er um 7 m í þvermál og er líklega eingöngu torfhlaðin. Líklega er aðeins eitt hól í tóftinni en suðurhlutinn er talsvert aflagaður þar sem op hefur verið inn í hana. Tóftin er öll mjög samansigin og er innanmálið ógreinilegt. Mesta hæð veggja utanmáls er 1,2 m.

Hættumat: engin hætta

RA-207:015_06 tóft fjárskýli

A 450724 N 363651

Tóft 015_6 er torfhlaðin og virðist einföld. Hún er hlaðin frammi á barmi Selgils og er aðeins byrjað að brotna af henni í suðurenda. Tóftin er útflött og illa farin af rofi en er öll gróin. Hún er 6x5 m að stærð og snýr norður-suður. Innanmál hennar er orðið illgreinanlegt. Líklegt er að op hafi verið inn í hana í suðurenda en það sést nánast ekki. Veggirnir eru útflattir nema innri brún þeirra. Innamáls eru þeir 0,5 m en utanmáls 0,1-0,2 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt er líklegt er að hún hafi gegnt hlutverki fjárskýlis. Einnig kemur til greina að hún hafi verið heystæði.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:015_6, horft til suðurs.



Tóft RA-207:015_7, horft til norðausturs.

RA-207:015_07 tóft fjárskýli

A 450740 N 363680

Að lokum er tóft 015_7 sem er norðaustast á minjasvæðinu. Hún er eina tóftin þar sem sést í grjóti í hleðslum og eru þær í innanverðum veggjum. Í kringum tóftina er greinileg þæla og virðist tóftin því vera nokkuð ung miðað við aðrar tóftir á svæðinu. Tóftin er einföld, 6,5x5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í suðurenda. Í innra byrði veggja er allstórt hleðslugrjót og sjást 2-3 umför. Utanmáls eru veggjahleðslur 0,6 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt. Hún er ekki hringhlaðin eins og

fjárborgir en gæti hafa gegnt hlutverki fjárskýlis engu að síður.

Hættumat: engin hætta

RA-207:016_01 tóft óþekkt

A 450763 N 363382



Uppmaling af tóftum RA-207:016. © Lofimyndir ehf.

Fjórar tóftir og mógrafir eru vestan við Ingiríðargil/Selgil sunnan undir Þríhyrningi. Tóftirnar eru fast vestan við beitarhús 078 og 90 m SSA við meint sel 008 en syðsta tóftin á selstæðinu (008_6) er 20 m til NNA. Skilin á milli þessra tófta og þeirra tófta sem taldar eru tilheyra selinu á einhvern hátt eru því ekki skýr og eins kann að vera að einhverjar af þeim tóftum sem hér eru skráðar saman hafi verið í tengslum við beitarhús 097. Minjasvæðið er 90x40 m að stærð og snýr norður-suður. Um flestar tóftirnar gildir að hlutverk þeirra er ekki þekkt. Þær kunna að hafa verið litlar fjárborgir eða heystæði.

Minjarnar eru í flatlendum, smápýfðum og grösugum valllendismóa. Vestan við þær er mýrlent í Litlu-Hlaupi. Lýsingin hefst nyrst á tóft 016_1 sem er á þurru hól í deiglendi þar sem hallar nður af brún ofan í Selgil. Svo virðist sem að mór hafi verið stunginn upp í kringum hólinn og tóftina, sjá 016_2. Er því líklegt að mór hafi verið geymdur í tóftinni en einnig kemur til greina að hún hafi verið notuð sem heystæði. Tóftin er torfhláðin og er einföld, 9x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er breiðust nyrst og mjókkar lítillega til suðurs. Op er á tóftinni í suðausturhorni. Suðurveggurinn er þýfður og ógreinilegur og kann innanmál tóftarinnar að

hafa náð lengra til suðurs en hægt er að greina á yfirborði. Tóftin er öll sigrin, einkum vesturveggur, og eru hleðslur 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-207:016_02 náma mógrafir

A 450759 N 363387

Ummerki um móskurð eru í kringum lágan hól sem tóft 016_1 er á nærri vesturbrún Selgils. Mógrafirnar eru á svæði sem er 30x25 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Víða eru þær um 1 m á dýpt, grónar en deiglendir. Óljós ummerki um móskurð eru víðar á gilbrúninni.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:016_1, borft til suðurs.



Mógrafir RA-207:016_2, borft til norðurs.

RA-207:016_03 tóft óþekkt

A 450739 N 363358

Tóft 016_3 er frammi á vesturbrún Selgils og er hún miðsvæðis á minjasvæðinu, 23 m suðvestan við tóft 016_1 og 16 m norðan við tóft 016_4. Tóftin er torfhlaðin og einföld. Hún er 8x4,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Op er inn í hana í austurenda og virðist hún lítillaga niðurgrafin. Innri brún suðurveggjar er mjög geinileg en hrúnið hefur ofan í norðurhluta tóftarinnar. Tóftin er nokkuð fornleg og gengin í þúfur. Veggir hennar eru 0,2-0,3 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta**RA-207:016_04** tóft óþekkt

A 450746 N 363336

Tóft 016_4 er sunnarlega á minjasvæðinu, 16 m sunnan við tóft 016_3 og 23 m norðan við tóft 016_5. Hún er torfhlaðin og einföld. Tóftin er 7,5x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á henni í norðurenda og austurhliðin er illa farin vegna rofs. Veggjahleðslur eru hæstar á vesturhlið þar sem þær eru 0,5-0,6 m á hæð. Sjá má ummerki um efnistöku (pælu) í kringum tóftina. Hlutverk hennar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta*RA-207:016_3, horft til austurs.**RA-207:016_4, horft til suðurs.***RA-207:016_05** tóft óþekkt

A 450753 N 363305

Syðsta tóftin á minjasvæðinu er fremur ungleg og torfhlaðin. Hún er samt sem áður úr lagi gengin vegna rofs sem hefur gróið aftur. Tóftin virðist vera einföld og er 9x6 m að stærð, snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturgafi heldur sér að utanverðu og er 0,7 m á hæð, annarsstaðar eru veggir víðast 0,2-0,3 m á hæð. Líklega hefur verið op á miðri norðvesturhlið en það sést orðið mjög illa. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt.

Hættumat: engin hætta*Tóft RA-207:016_5, horft til suðausturs.***RA-207:017** renna áveita

A 448749 N 361128

Í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis segir: «Þá kemur allhá valllendistorfa með ánni, Steinbogatorfa. Austan undir henni var Kvosalækjará tekin til áveitu á árunum 1875-76. Forgöngu í því verki hafði Bárður Sigurðsson bóndi í Kollabæ og unnu allir hverfisbændur að því með honum.» Rúmum 70 m suðaustan við Tóttarhól 014, 20 m norðan við Fjánhústóft 074_1 og 2 km norðaustan við bæ 001 er stór handgrafinn áveituskurður. Skurðurinn skiptist í tvo hluta, annars vegar austurhlutinn sem er breiður og



Áveita RA-207:017, horft til norðvesturs.

Óreglulegur og vesturhlutinn sem er beinn og mjór. Skurðurinn liggur í neðan við Tóttarhól í jaðri mýrinnar. Svæðið er þýft og smáblautt og nokkur bleyta er í skurðinum sjálfum.

Eystri hluti áveitunnar er 125 m langur og skurðurinn grafinn í smá gil sem liggur austur-vestur á svæðinu. Hluti hans er því náttúrulegur. Hann er 2,5-4 m á breidd og frekar óreglulegur, 0,5 m á dýpt. Vesturendinn endar við nýrri framræsluskurð sem liggur norðaustur-suðvestur. Sá skurður liggur þvert í gegnum áveituna. Fyrir vestar framræsluskurðinn er áveitan ekki eins breið enskurðurinn er alls 370 m langur. Hann liggur vestur-austur á 60 m löngum kafla en beygir svo til suðvesturs á 310 m löngum kafla. Hann er mjór og beinn og gæti því

verið nýrri en austurhlutinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 2

RA-207:018 *Hillugötur* gata leið

A 448650 N 361000



Hillugötur RA-207:018, horft til suðvesturs.

Í örnefnaskrá Kollabæjarhverfis segir: «Hillugötur nefnast götur, sem liggja fram með ánni, þar sem hún beygir lengst til vesturs, sunnan við Steinbogatorfu [sjá 017]. Hillugötur liggja frá Torfholti 019 meðfram Kvoslækjará upp eftir ánni og voru skráðar á fjórum stöðum. Ekki er ljóst hvert þessi leið lá.

Göturnar liggja oftast yfir gróin og grasivaxin svæði en sjást ekki í mýrlendinu á milli þeirra.

Göturnar hlykkjast norður-suður meðfram ánni á 220 m löngum kafla skammt vestan við helli 036 og tóft 075.

Þar sést leiðin sem einfaldur stígur, yfirleitt ógróinn en sumstaðar eru nokkrir stígar hlið við hlið. Hún er 0,3 m á breidd og yfirleitt ekki mjög djúp. Leiðin sést aftur

skammt austar og liggur norðaustur-suðvestur á 325 m löngum kafla, framhjá fjárhústóft 074 og áfram til norðurs meðfram ánni. Hún er frekar gróin á köflum en ógróin þar sem hún liggur yfir ógróin holt. Gatan sést oftast sem einfaldur stígur, 0,3 m á breidd og ekki mjög djúp. Gatan liggur nokkurnvegin vestur-austur á 200 m löngum kafla. Hún er frekar gróin á köflum en ógróin þar sem hún liggur yfir ógróin holt.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 2

RA-207:019 *Torfholt* örnefni rista

A 448414 N 360203

Í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis segir: «Austan við ána, fram af Hillugötum [sjá 014], er allstórt holt, kallað Torfholt. Vestur af því er mýri, Torfholtsmýri, og nær hún norður að Dalagili, og vestur að Ás, og suður að Kvoslækjarkeldu, sem er upptök Kvoslækjargils.» Torfholt er 1,5 km norðaustan við bæ 001 og 600 m austan við Bárðarskúta 021.

Torfholt er staðsett í miðri mýri. Mýrin er mjög þýfð og grasi vaxin. Sömuleiðis er hún nokkuð blaut en verður þurrari nær holtinu.

Ekki sjást nein ummerki um mótóftir á holtinu né torfristu í mýrinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 2

RA-207:020 Þvergarður garðlag vörslugarður

A 448165 N 360203

“Austur af Torfholtsmýri [sjá 019] er foss í ánni. Sunnan við hann eru klettur í ánni, Fremri-Steinbogi. Ásmýrar eru kallaðar mýrarnar austan og vestan í ásnum. Þvert yfir ásinn liggur garðbrot, afar mikið og fornt, sem heitir Þvergarður,” segir í örnefnalýsingu. Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Á Kollabæjar Ási er garður þvert yfir Ásinn, hann ber við loft séð héðan frá Tungu, þetta hefur verið mikið mannvirki. Hlið hefur verið á garði þessum á há Ásnum og aðflutt grjót í þömpum [?] þess. Ekki er alveg ljóst hvar hann byrjar að vestan, því þar er blaut mýri, en austur fyrir Ásinn er hann enn all fyrirferðarmikill, svo mótur fyrir honum austur yfir Ásmýrina allt austur í Kvoslækjarkeldu, en hvort hann nær lengra, hef ég ekki grannskoðað, hann gæti hafa náð austur í Kvoslækjará.“ Þetta mikla mannvirki er horfið vegna trjáræktar og jarðraski henni tilheyrandi. Á Kollabæjarási er nú þéttur skógur og svæðið hefur verið kílræst. Hnit var tekið við Kvoslækjarkeldu og mótur þar fyrir lág sem gæti verið ummerki um garðlagið. Hann var um 900 m sunnan við forngarð 041 og rúma 900 m norðan við bæ 001.

Á Kollabæjarási er þétt trjárækt og hefur verið svo síðustu áratugi.

Engin ummerki garðlagsins sjást á vettvangi.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 3; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:021 Bárðarskúti hellir óþekkt

A 447809 N 360735

Í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis segir: «Dalagil rennur nærri í vestur fyrir norðan Ásinn, en beygir mjög til suðvesturs, þegar honum sleppir; er þar kallað Áshorn innan við Leynir. Þar í horninu niður við lækinn er smá-hellirsskúti, sem kallast Bárðarskúti, kenndur við Bárð í Kollabæ, sem áður er nefndur; hann gróf þar dálítinn helli, sem nú er hálfhruninn, því bergið reyndist ekki traust.» Bárðarskúti er staðsettur 1.3 km norðan við bæ 001 og 600 m vestan við Torfholt 019. Hann er sunnan við lækinn í Dalgili en alveg við lækjabrúnina.

Svæðið er grasivaxið og að mestu smápýft. Mikið hefur verið plantað í kring, um 25-100 frá skútanum en ekkert niðri í gilinu sjálfu, þó svo að stöku birkitré hafi sjálfsáð sér þar.



Bárðarskúti RA-207:021, horft til suðvesturs.



Uppmaling af Bárðarskúta RA-207:021. ©Lofmyndir ehf.

Hellirinn er mjög hruninn og nánast engin hvelfing eftir í honum. Lág torfhlaðin hleðsla hefur verið hlaðin á einhverjum tímapunkti við norðurhlið hellisins til að loka honum. Hún er 3 m á lengd, 0,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún er alveg gróin. Hún hefur afmarkað svæði inn í hellinum sem er 4x2 m að stærð. Hæð hellisins hefur gert lágvaxinni manneskju kleift að standa nokkurnvegin upprétt þegar hellirinn var upp á sitt besta. Grjóthrun er innan hellisins sem gæti hafa verið einhverjar aðrar hleðslur.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 3

RA-207:022 tóft fjárhús


A 447956 N 359883

Tóft er um 160 m austan við tóft 061 og rúmum 50 m norðan við bæ 001. Þetta voru fjárhús sem afi Önnu Sigurðardóttur, heimildamanns, gerði og tilheyrðu Stöðlakoti RA-210. Tóftin er á ræktuðu svæði, nvestan við framræsta mýri.

Gróið svæði nýtt til beitar. Það er smápýft, framræst og líklega sléttað. Túnið er flatt og hallar til suðausturs allt að Kvoslækjará.



Fjárhús RA-207:022, borft til norðurs.



Uppmaling af tóft RA-207:022.

Tóftin er 5x5 m að stærð og einföld. Veggirnir eru torfhláðnir, 1 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er opin til suðurs. Enign hólfaskipting sést inni í tóftinni sem er rofin í austurenda.

Hættumat: engin hætta

RA-207:023 þúst útihús

A 447676 N 359482



Þúst RA-207:023, borft til norðurs.

Þúst er 10 m sunnan við rafmagnsstaur innan heimátúnsins. Ekki er sýnt útihús á þessum slóðum á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 né túnakorti frá 1919. Malarslóði er fast sunnan við þústina. Sé tekið mið af staðsetningu er um útihús að ræða.

Þústin er á ræktuðu svæði í halla til SSV. Mikið rask er umhverfis hana, líklega vegna túnasléttunar.

Þústin er 6x3 m að stærð og snýr austur-vestur. Rof er í gegnum hana miðja, mögulega er þetta innri brún veggjar. Þústin er 0,5-0,6 m á hæð, algróin og óregluleg í laginu vegna þúfna og mikils gróðurs. Hliðar þústarinnar eru ójafnar til vesurs en eru einna greinilegastar til suðurs.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:024 Gatnatunga gata leið

A 449806 N 364049



Gatnatorfa RA-207:024, borft til austurs.

“Tungan innan við gilið [Grákollugil] heitir Mýrartunga, Mýrartungugil er fyrir innan hana, þá kemur Mýrartunga, svo Oddatungugil, og innan við það Oddatunga eða Gatnatunga,” segir í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis. Miklar götur eru í Gatnatorfu en þær eru hins vegar ekki mjög greinilegar vegna gróðurs og smápýfis. Gatnatunga er norðvestan í Þríhyrningshálsi og sunnan við Engidal, um 400 m suðvestan við Innri-Kofatungu 025 og rúma 5 km norðaustan við bæ 001.

Gatnatorfa er há og allbrött þegar austar dregur, grasi vaxin og smápýfð. Jarðvegsrof er á henni miðri á norðausturjaðri.

Á Gatnatungu má sjá götur á um 150 m löngum kafla þar sem þær liggja eftir tungunni frá suðaustri til norðvesturs, niður brekkuna. Í norðvesturenda virðist leiðin sveigja til norðurs eða NNV en gæti líka hafa haldið stefnu áfram til norðvesturs. Þetta sést ekki vel. Göturnar hverfa í rof í suðausturenda. Ekki er ljóst hvert þessi leið lá. Á Gatnatungu sjást 15-20 götur saman á 20 m breiðu svæði. Göturnar eru grónar, 0,1-0,2 m á dýpt og breidd.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 5

RA-207:025_01 *Innri-Kofatunga* tóftir fjárskýli


Tvær tóftir sem virðast hafa verið fjárborgir eru efst í Innri-Kofatungu vestan undir Þríhyrningi. Djúp rofgil eru á milli gróinna tungna í vestanverðu fjallinu og er jarðvegsrof víða í tungunum, á brúnum þeirra og efst í þeim. Ekki virðist þó vera um mjög virkt rof að ræða. Vestan tungnanna er flatlent vallendi í Engidal. Tóftirnar í Innri-Kofatungu eru 75 m suðaustan við tóft og gerði 092, 380 m norðaustan við Gatnatorfu 024 og 5,4 km norðaustan við bæ 001.

Innri-Kofatunga er grasi gróin og smápýfð. Áberandi grænni gróður er í kringum tóftirnar en annarsstaðar í tungunni.

Tóftirnar eru á svæði sem er um 32x8 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í norðausturenda svæðisins, frammi á gilbrún er hringlaga torf- og grjóthlaðin tóft 025_1. Hún líkist lítilli fjárborg en ekki sést op á henni. Tóftin er 5,5 m í þvermál og er öll gróin að utan en innanmáls sést í grjóthleðslu. Talsvert stórt grjót er í hleðslum og hefur hrunið úr þeim inn í tóftina. Sjást 2 umför í hleðslum. Utanmáls er tóftin 0,7 m á hæð þar sem hún er hæst að vestanverðu, undan halla, en tóftin er lítillaga grafin inn í brekku til austurs. Hóll er suður af tóftinni og austur af tóft 025_2 og er talsvert rof í honum vestanverðum sem hefur gróið.

Hættumat: engin hætta

A 450208 N 364244



Uppmaling af tóftum RA-207:025.



Tóft RA-207:025_1, borft til austurs.



Tóft RA-207:025_2, borft til vesturs.

RA-207:025_02 tóft fjárskýli

A 450188 N 364227

Tóft 025_2 er 20 m suðvestan við tóft 025_1, frammi á hæð í hallanum vestan við rof í hól sem er ofan og austan við. Tóftin er að hluta grafin inn í hæðina. Tóftin er nokkuð hringlaga og er 6,5x6 m að stærð, snýr

norðvestur-suðaustur. Ekki sést op inn í hana en mögulega hefur það verið í VNV-horni. Eitt sýnilegt hólfr er í miðri tóft en í kringum það eru veggirnir hæstir, mögulega vegna þess að grjótt hefur verið í innra byrði þeirra, það sést þó ekki. Utanmáls eru veggir tóftarinnar aðeins 0,2-0,3 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

RA-207:026 varða samgöngubót

A 448671 N 362108



Varða RA-207:026, horft til norðausturs.

Varða er um 400 m austan við beitarhús 027 og tæpum 3 km norðan við bæ 001. Varðan er austan við Fjallgarð og líklega varðaði hún leið 009 sem er 50 m suðaustar. Umfang leiðarinnar er mikið við vörðuna sem bendir til þess að hún hafi haft annan tilgang er til selja.

Gróin heiði.

Varðan er torfhlaðin, norðarlega í brekku sem hallar að mýrlendi. Varðan er torfhlaðin og sést einna best að suðvestan eða norðaustan. Varðan er um 1x1m að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Umfang hennar er slíkt að ólíklegt að um fuglavörðu sé að ræða.

Hættumat: engin hætta


RA-207:027 tóft beitarhús

A 448273 N 36218

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Oddur sonur Benedikts byggði fjárhús á Seylugilshöfða, skammt innan við Seylugil.“ Beitarhúsatóft er um 170 m sunnan við tóftir 082 og rúma 2,8 km norðan við bæ 001. Tóftin er innan skógræktar á Tumastöðum en er líklega áður í landi sem tilheyrði Tungu. Ekki mun líða á löngu (10 ár) þar til að tóftin skemmist vegna skógræktar, trjám er plantað nærri henni til allra átta. Tóftin er í suðvesturhorni á holti sem kallast Fjallgarður. Svæðið er gróið, tré eru allt umhverfis tóftina, að mestu genitré.



Tóft RA-207:027, horft til vesturs.



Uppmæling af tóft RA-207:027.

Tóftin er 17x8 m að stærð, snýr VSV-ANA og skiptist í þrjú hólfr. VSV er hólfr 1. Veggirnir eru hlaðnir úr torfi og grjóti og það glittir í 2 umför í norðurvegg. Þeir eru 0,5-1,5 m á hæð og algrónir. Tekið er að hrynja úr norðurvegg og suðurveggur er hruninn inn í hólfríð. Eftir hólfrinu endilöngu er grjóthlaðinn garði sem er 0,6 m á hæð og 1 m á breidd. Veggirnir eru 2,5 m á breidd. Hólfr 2 er VNV við hólfr 1, í miðri tóftinni. Það sést illa á yfirborði en hefst þar sem garðinn endar til ANA. Það er 4,3x4 m að stærð og nánast ferkantað. Það nær að hlöðu 3 til norðausturs. Ekki er hægt að greina milliveggi á yfirborði sem gætu allt eins hafa verið úr timbri. Að utan eru veggirnir 0,2-0,3 m á hæð en 0,8 m að innan og algrónir. Hólfríð er niðurgrafið um 0,3 m. ANA í tóftinni er hólfr 3 og er niðurgrafin hlaða. Hólfríð er 7,5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hlaðan er grafín inn í brekku til norðurs og sést sem kantur þar, 1,3 m

á hæð. Hvergi glittir í grjót. Runni er fast vestan við tóftina og raskar opi inn í hól 1 nokkuð. Þar utan við er sléttur pallur en ekki var hægt að skoða hann vegna gróðurs. Gæti verið hluti af aðrekstrargarði en það þafnast frekari rannsókn.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:028 heimild

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Einhverskonar grjótbygging hefur verið á grjótmel austur af Stóralaut, til hvers þessi bygging hefur verið notuð veit ég ekki, gæti verið heytóft eða fjárhús.“ Stóralaut er laut sem liggur norður-suður, norðan við Dalgil og er hún 1,4 km norðan við bæ 001 og rúmum 24 m norðaustan við Bárðarskúta 021.

Stóralaut liggur niður að Dalgili og er grasi vaxin og þýfð. Melarnir austan við hana eru nánast horfnir enda búið að planta þar mikið af trjám sem hefur greinilega grætt svæðið upp á síðustu árum.

Svæðið austan við Stóralaut var gengið er ekki sáust nein ummerki um grjótbyrgið. Svæðið hefur breyst mikið og þarna er nú mikið af trjágróðri og grasi og því líklegt að byrgið hafi eyðilagst við plöntunina eða horfið undir gróður.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:029_01 Stekkjabakki þúst stekkur

A 447238 N 359154

Í örnefnalýsingu Kollabæjarhverfis segir: «Neðan við þessa hóla [RA-210:005] er Kollabæjarkelda. Hún er sennilega gamall farvegur eftir Torfastaðagróf og liggur allt að Þverá. Vestan og neðan við kelduna er vallendisbakki, Stekkjabakki.» Stekkjabakki er 500 m suðvestan við bæ 001 og 50 m sunnan við Rokhól RA-210:005. Minjasvæðið samanstendur af tveimur þústum sem eru staðsettar á túninu og eru um 90 m á milli þeirra.

Svæðið hefur verið ræktað undir tún en tvær óslegnar þústir eru í því og gætu verið leifar af stekknium sem heimildir segja að hér hafi verið.

Þúst 029_1 er staðsett vestar á túninu og er 12x6,5 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Hún er aflöng og innan hennar sést móta fyrir óreglulegu þýfi og innanmál því mjög ógreinilegt. Þústin er um 0,3 m á hæð. Gæti verið mjög útlöft, torfhlaðin stekkjatóft.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 7



Þúst RA-207:029_1, horft til suðvesturs.



Þúst RA-207:029_2, horft til suðvesturs.

RA-207:029_02 Stekkjabakki þúst stekkur

A 447335 N 359110

Þúst 029_2 er staðsett austar á túninu og er 13,5x9,5 m að stærð. Hún snýr norðvestur-suðaustur. Hún

er sporöskjulaga og 0,5 m á hæð. Hún er mun reglulegri þúst og ekki eins þýfð.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-207:030 *Álfabrekka* örnefni huldufólksbústaður

A 447586 N 359300



Álfabrekka RA-207:030, horft til austurs.

“Upp af Stebbadyi [sjá 029] er brött brekka sunnan í túnunum, Álfabrekka,” segir í örnefnalýsingu. “Í vestur frá bænum er mjög brött brekka, Álfabrekka. Það var trú manna, að þar væri bústaður álfa,” segir í örnefnalýsingu. Álfabrekka er 140 m sunnan við bæ 001 og tæpum 150 m suðvestan við túngarð 053.

Brekkan er brött, niður Kollabæjarás. Hún er um 20 m há, slegin tún eru efst í henni en annars er hún stórþýfð og nýtt til beitar.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabæjarhverfi, 7; Ö-Kollabær og Tunga, 7


RA-207:031 *Katrínarlind* heimild um vatnsból

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Katrínarlind er lítil uppspretta neðan við tún í Kollabæ.“ Ekki er vitað hvar Katrínarlind er staðsett og ekki var hægt að staðsetja hana með innan við 50 m skekkju.

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:032 *Kollabæjarkot* tóft býli

A 447589 N 359686



Uppmaling af Kollabæjarkoti RA-207:032.

Í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu segir: «Upp frá bænum í Kollabæ, ofanvið túnið, kallast Útseta. Vestan við bæinn er slakki, sem kallast Dalur. Annar slakki er vestar og heitir Vesturdalur. Norðvestan við hann er nokkuð bratt tún, sem nær að Tumastaðamarki, nefnist Megra. Ofarlega þar í túninu eru fornar bæjarrústir.» Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Vestast í túninu í Kollabæ nálægt túnamörkum Kollabæjar og Tumastaða ofarlega í svokallaðri Megru eru rústir af fornu býli. Ég tel víst að þar sé að finna Kollabæjarkot, víst er að það var í byggð árið 1792 það styður prestþjónustubók Breiðabólsstaðar, það ár er grafinn maður frá þessum bæ.“

Tóftin er staðsett tæpum 300 m NNV við

bæ 001 og tæpum 40 m vestan við fornlegan túngarð 054_1. Hér er líklega um svokallað Kollabæjarkot að ræða.

Tóftin liggur í afliðandi brekku niður til vesturs. Hún er grasgróin og smáþýfð. Blágreni hefur verið plantað í tóftina og er hún því í stórhættu vegnja trjáræktar.

Tóftin er 23,5x18 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er stór og torfhlaðin en veggir hennar eru útflattir, aðeins um



Tóft RA-207:032, horft til vesturs.

0,1-0,2 m á hæð. Hún skiptist upp í 3-4 hólf og inngangur er til vesturs úr hólfum II og III. Hólf I er staðsett syðst í tóftinni. Það er 5x1,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólf II er norðvestan við hólf I. Það er 4,5x2,5 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Inngangur er út til vesturs. Hólf III er stærsta hólfid og er staðsett norðan við hólf II. Það er fremur óreglulegt og gæti þess vegna verið 3 mismunandi hólf. Innanmál þess er 11x4 m, en á einum stað er það 5,5 m á breidd (gæti verið annað hólf). Það snýr vestur-austur og inngangur er út til vesturs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 8; Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:033 varða landamerki

A 451403 N 364764

Í grein Helgu Skúladóttur, «Örnefni í Þríhyrningi», sem birtist í Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1933-1936 kemur fram að landmælingavarða eftir Björn Gunnlaugsson standi á vestasta horni Þríhyrnings. Björn vann að kortlagningu Íslands á árunum 1831-1843. Gönguleið liggur frá Fiská upp á Þríhyrningshálsa og þaðan upp á vestasta horn Þríhyrnings. Mælingavarða Björns er 1,4 km norðaustan við meint sel 008 og 6,5 km norðaustan við bæ 001.



Varða RA-207:033, horft til norðurs.

Uppi á Þríhyrningi er lítið um gróður og bratt er niður af fjallinu, einkum norður af því. Stórbrotið útsýni er til allra átta.

Móbergsdrangar standa upp úr molnuðu bergi á mel efst í Þríhyrningi og á þeim hæsta er líklega landmælingavarða

Björns Gunnlaugssonar en miklu af grjóti hefur verið bætt í hana af ferðafólki og önnur unleg varða hefur verið hlaðin litlu vestan við. Fleiri vörður (a.m.k. 3) eru til viðbótar á gönguleiðinni en þær eru ekki skráðar þar sem allar líkur eru til þess að þær séu hlaðnar í tengslum við gönguleiðina á síðari tímum. Varðan sem ætla má að sé sú sem talið er að Björn hafi hlaðið er um 1,5 m í þvermál og 0,8-0,9 m á hæð en það er búið að hlaða grjóti á hana þannig að hún er lengri til norðurs og hærrí, líklega um 1,2 m á hæð. Sjást 4-5 umför af upprunalegri móbergshleðslu.

Hættumat: engin hætta


Heimildir: Helga Skúladóttir 1936, 24; Uppdráttur Íslands: <https://islandskort.is/is/map/show/7>

RA-207:034_01 tóft beitarhús

A 449253 M 363423

Beitarhúsatóft og önnur minni tóft eru í suðvestanverðum Þríhyrningshálsi ofan og austan við mýrlendi. Eru tóftirnar á svæði sem er 25x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hvor tóft fær sitt auðkennisnúmer og umfjöllun hér á eftir. Minjarnar eru í smáþýfðum grasgefnum vallendismóa. Nokkurt jarðvegsrof er í kringum minjarnar en það hefur gróið aftur að nokkru leyti.

Norðvestast á minjasvæðinu er beitarhúsatóft 034_1. Hún er sem er í norðvestur-enda. Tóftin er 13x8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Samansigið op er inn í tóftina í norðvesturenda, inn í fjárhúshlutann. Tóftin er torf- og grjóthlaðin en aðeins sést í grjóthleðslu í fjárhúsum. Rof er í veggjum í norðvestur-enda tóftarinnar og hafa hleðslur fallið út. Fjárhúshlutinn stendur vel og lítið hefur hrunið inn í þau af grjóti úr hleðslum. Þau eru 5x2 m að innanmáli. Þar eru veggir



Uppmaling af tóftum RA-207:034.

rúmur 1 m á hæð og í þeim sjást 5 umför hleðslu, blágrýti og móberg. Ekki sjást ummerki um jötur eða garða. Hlaðan er í suðausturenda og er niðurgrafin, sem og innri hluti fjárhúsa. Hlaðan er litlu dýpri en fjárhús (0,2 m). Hún er mjög samansigin, 1,5x2 m að innanmáli, og rof komið í veggj hennar þar sem þeir standa upp úr jörðu. Veggir fjárhúsa utanmáls eru hæstir tæpur 1 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: SB IV, 437



Tóft RA-207:034_1, borft til ASA.



Tóft RA-207:034_2, borft til norðausturs.

RA-207:034_02 tóft heystæði


A 449262 N 363407

Tóft 034_2 er torfhlaðin og er fast sunnan við tóft 034_1. Hún er illa farin af rofi. Tóftin er einföld og um 7,5x7,5 m að stærð. Mögulega var op á henni í suðurhorni. Stór þúfa eða þúst í miðri tóft og er líklegt að veggir hafi náð alveg að henni. Þústin er tæpir 2 m í þvermál og hæst á NNV-hlið, 0,4-0,5 m á hæð. Hæð veggja í tóftinni er 0,3-0,5 m. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en líklegt verður að teljast að um heystæði sé að ræða.

Hættumat: engin hætta

RA-207:035_01 tóft sel

A 450150 N 363226



Uppmaling af fornleifum RA-207:035.

Stór tóft, líklega af seli eða býli, er í suðaustanverðum Þríhyrningshálsi á milli beitarhúsa (Katrínarsels) 010 og meints sels 008 og um 4,5 km norðaustan við bæ 001. Framan við tóftina er lág þúst, mögulega öskuhaugur. Saman eru þessar minjar á svæði sem er 21x17 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Heimildir virðast ekki geta þessara minja en ekki er ótrúlegt að Katrínarsel hafi verið á þessum stað frekar en 600 m suðvestar þar sem selið er sagt hafa verið á sama stað og beitarhúsatóftir 010. Minjarnar eru í dálitilli kvos uppi í miðjum hliðum og er aflíðandi halli frá

þeim til suðausturs. Rofgil (líklega Vondiskurður) er fast vestan við tóftina og einnig er jarðvegsrof efst á hálsinum. Engin aðstedjandi hætta er vegna rofsins í kringum tóftina en næst henni, einkum norðan

og austan við hana, má sjá hvar torf í hana hefur verið stungið upp. Ekki liggja fyrir neinar upplýsingar um nafn eða hlutverk minjanna.

Í Þríhyrningshálsi er grasi gróinn valllendismói. Mjög smápýft er í kringum tóftina og nánast alveg slétt neðan við hana. Lítill munur er á gróðrinum á tóftinni og í kringum hana en hann er þó aðeins gróskumeiri. Víðfedm og grösug mýri sem heitir Hlaup er neðan og sunnan við minjarnar.

Lýsingin hefst á tóftinni sjálfri sem er 21x12,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðsvestur. Hún skiptist í sjö hólfa og er að líkindum að mestu torfhlaðin en þó gæti einnig verið grjót í norðausturenda þar sem hleðslur standa best. Fjögur af hólfum tóftarinnar eru í röð fremst og suðaustast í henni. Hin þrjú hólfin eru mun ógreinilegri og eru baka til í norðausturenda tóftarinnar. Lýsingin hefst í austurhorni tóftar en þar er hólfa sem er 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr þvert á legu tóftar. Op er inn í það í suðausturenda. Næsta hólfa þar suðvestan við er 3x1,5 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er inn í það á miðri suðausturhlið. Þessi tvö fyrstnefndu hólfa standa best og kunna að hafa verið lengst í notkun eða hlaðin upp eftir að aðrir hlutar hússins voru fallnir úr notkun. Næsta hólfa til suðvesturs er fremur ógreinilegt, um 2x2 m að innanmáli og op inn í það á suðausturhlið. Ekki er opið á milli þessara hólfa. Að lokum er svo óljóst framhald af tóft til suðvesturs en utanmál á norðvesturhlið og suðvesturenda nokkuð skýrt afmarkað. Óljóst mótast fyrir innanmáli hólfa sem er 4,5x2,5 m að stærð. Mögulega hefur verið heystæði í þessu hólfa. Aftan við tvö norðaustustu hólfin eru líklega 3 hólfa. Þau eru öll áþekkt að stærð; 3-4 m á lengd og 2 m á breidd, snúa þau eins og tóftin. Aftasta og norðvestasta hólfið er skýrast af þessum þremur og er op á því í norðausturenda. Veggir í norðvesturhluta tóftar eru mosa- og grasi vaxnir, 0,6-0,8 m á breidd og 0,4 m á hæð. Í suðausturhluta, einkum í norðausturenda, eru veggir mun breiðari og hæstir eru þeir 0,8 m.

Hættumat: engin hætta

RA-207:035_02 öskuhaugur

A 450150 N 364227

Lítill þúst 035_2 er framan við norðaustustu hólfin í tóft 035_1. Kemur vel til greina að um öskuhaug sé að ræða. Þústin er 2x1,7 m að stærð og snýr NNV-SSA. Hún er 0,3 m á hæð og ekki þýfð.

Hættumat: engin hætta

RA-207:036 hellir fjárskýli

A 448846 N 360992

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni kemur fram að neðan við Hillugötu [018] og neðan við Kvosækjará voru hellisskútar, sem hlaðið var fyrir og notaðir fyrir fjárhús frá Kvoslæk. Lítill, grunnur hellisskúti er niðri í gilinu við Kvoslækjará, tæpum 2 km norðaustan við bæ 001 og rúmum 35 m suðaustan við tóft 074.

Svæðið er grasi vaxið. Stórir stakir klettur eru rétt suðaustan við skútann, úti í ánni og mynda smávegis skjól fyrir veðri og vindum.

Skútinn er lítill, 2,5 m á lengd og 1,5 m á breidd. Engin ummerki eru um hleðslur við hann.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>




Tóft RA-207:035_1, borft til NNV.



Hellir RA-207:036, borft til norðausturs.

RA-207:037_01 tóftir beitarhús

A 449417 N 361979



Uppmaling af tóftum RA-207:037.

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni kemur fram beitarhús voru í Drápu og Drápuhól. Beitarhúsin eru rúmum 3 km norðan við bæ 001 og rúmum 150 m SSA við tóftir 087. Beitarhúsin eru í hvammi, syðst undir svokölluðum Drápuhól. Til norðurs er 5-8 m brött brekka upp á hólinn. Hvammurinn er skjólgóður, fast vestan við Kvoslækjará og sunnan við Drápuvoss. Minjarnar eru á svæði sem er 21x21 m að stærð.

Tóftirnar eru á gróinni Tungu milli tveggja gilja, Drápuvill er austar og þar eru fossar í Kvoslækjará. Lækur rennur í vestara gilinu sem er bratt að austan. Allt svæðið er gróið. Tóft 037_1 er vestar og yngri sé tekið mið af ástandi og gerð hennar. Hún er 20x8 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö

hólf. Hólf 1 er sunnar og er 10x3,5 m að innanmáli. Veggir eru 1-1,5 m á hæð og það glittir í 2-4 umför af grjóti í þeim að innan. Hrun úr veggjum er inni í hólfinu. Hólfíð er opið til suðurs, er 6,5x4,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Veggirnir eru algrónir að utan. Grjóthlaðinn garði liggur eftir hólfinu endilöngu. Hann er 0,1-0,3 m að stærð. Hólf 2 er norðar og er niðurgafið um 0,5 m. Það er 6,5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Inni í hólfinu er bárujarn og timbur og ekki margir áratugir síðan hætt var að nota beitarhúsin. Veggirnir eru 1-2 m á hæð, hæstir til norðurs þar sem hlaðan er grafinn inn í brekkuna.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>



Tóft RA-207:037_1, horft til norðvesturs.



Tóft RA-207:037_2, horft til norðurs.

RA-207:037_02 tóft fjárhús

A 449431 N 361976

Tóft 037_2 er 6 m austan við tóft 037_1. Hún er mun minni, torfhláðin og gæti tilheyrð eldri minjum. Líklega voru þetta fjárhús sé tekið mið af lagi tóftarinnar og staðsetningu. Hún er 7,5x4 m að stærð, einföld og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru 0,3 m á hæð og tóftin er opin til suðausturs.

Hættumat: engin hætta

RA-207:038 heimild um fjárskýli

A 449449 N 361964

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Einn hellir er í landi Kvoslækjar, neðst í svokölluðum Drápuhól, sem er tangi milli Drápugild og Kvoslækjarár, hann er ekki stór, var notaður fyrir fé um nokkurt skeið.“ Gengið var meðfram Drápugili án þess að hellirinn væri sýnilegur. Gilið er víða bratt en opnast austan við beitarhús 037. Þar er aflíðandi brún og ekki ólíklegt að helliinn hafi verið þar, um 3 km norðan við bæ 001 og tæpum 40 m austan við beitarhús 037. Líklega var hann nýttur sem fjárskýli.

Gróið svæði er vestan við Drápugil. Virgirðing á merkjum Kollabæjartorfu og Lambalækjar er við ána. Engin umerki hellisins sjást á yfirborði.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:039 Hald garðlag vörslugarður

A 450173 N 362666

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: «Fram af mýrinni [Hlauf] er þurr tangi eða bugur við ána. Þvert yfir tangann er hefur verið hlaðinn garður, þessi bugur kallast Hald.» Gríðarmikill garður sést afmarka tangann Hald að hluta.



Hald RA-207:039, horft til norðausturs.

Hald er grösugur, flatlendur og þurrlendur tangi. Hann er nokkuð stórpýfður og mikið um ójöfnur á honum. Kvoslækjará rennur meðfram tanganum og hefur mótað landið sem er sífellt að taka breytingum.

Garðurinn er útlattur og liggur yfir hæsta hluta tangans frá norðaustri til suðvesturs. Hann er 72 m langur og virðist vera allt að 16 m breiður. Ekki er ljóst hvers vegna garðurinn er svona tröllslegur en mögulega hefur hann verið endurhlaðinn reglulega og svo hefur jarðvegur safnast upp að honum. Utanvert, eða að norðvestanverðu, er garðurinn 1,5 m á hæð en lægri að innanverðu. Þar er hann víðast um 1 m á hæð þar sem hæstur. Garðurinn er ójafn og grasi vaxinn.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:040 heimild vörslugarður

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Vestan í ásnum, um það bil sem mætast mýrin og vallendið (sem nú er tún) sést enn móta fyrir garði frá Þvergarðinum [020] og allt fram að túnnum í Kollabæ.“ Ekki e vitað með vissu hvar þessi garður var staðsettur. Líklega er hann innan skógræktarsvæðis eða búið að slétta í tún. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja vörslugarðinn.

Hættumat: sórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:041 garðlag vörslugarður

A 447688 N 361416

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Vestan í ásnum, um það bil sem mætast mýrin og vallendið (sem nú er tún) sést enn móta fyrir garði [040] frá Þvergarðinum [020] og allt fram að túnnum í Kollabæ. Annar garður hefur verið hlaðinn vestan í Ásnum úr Þvergarðinum, inn allan Ás, yfir Dalgil og áfram nokkuð langt inn á Fjallgarðsmýri. Þessi garður hefur stefnu á forna vörðu [042] fremst og vestast á Fjallgaðri. Næstum á miðri Fjallgarðsmýri tekur þessi garður vinkilbeygju á norð-vestur og hefur þá stefnu á stórt bjarg á Sléttafelli. Þessi garður endar við Klittur, glöggt sér móta fyrir honum vestur yfir Langholtsmýri og fast


norðan við Skyggni. Áður en Langholtsmýri var þurrkuð með plógræsnum var næstum ófær kelda norðan við þennan garð og hét hún Illakelda, það var pælan þar sem hleðsluefnið hefur verið tekið í garðinn.“ Garðlagið sást ekki á vettvangi sökum mikillar skógræktar. Á loftmynd sést hins vegar vel móta fyrir garðlaginu og þá sérstaklega pælunni norðan þess. Hægt er að rekja garðlagið á tæplega 1 km kafla á loftmyndinni.

Hættumat: sórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:042 varða óþekkt

A 448442 N 361558



Varða RA-207:042, borft til norðurs.

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Frá þvergarði [020] liggja ævaforin garðar annar fram með Ásnum að Kollalbæjartúni, hinn liggur inn Ásin og stefnir á vörðu, vestast á Fjallgarðinum hann nær inn á miðja Fjallsgarðsmýri tekur þá stefnu á bjarg á Sléttafelli. Hann endar við Kletta“ Varðan vestast á Fjallgarði er 230 m norðan við tóftir 093 og tæpum 2,3 km norðan við bæ 001.

Varðan er suðvestarlega á svokölluum Fjallgarði, efst á brekkubrún. Hún er á rofnum hól, melur og lúpína er allt umhverfis hana.

Varðan sést víða að og er áberandi. Hún er 2x2 m í þvermál og 1 m á hæð. Hleðslurnar eru ekki vandaðar, það má greina 6-8 umför af grjóti og hellum í henni. Varðan er hrunin að hluta.


Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:043_01 tóft beitarhús

A 447882 N 360744

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Skammt austan við Bárðarskúta [021] norðanmegin í gílinu er fjárhústóft frá Tumastöðum.“ Minjasvæðið er staðsett 1,3 km NNA við bæ 001 og 70 m austan við Bárðarskúta 021. Það samanstendur af þremur tóftum, fjárhústóft 043_1 og tveimur minni tóftum. Fjárhústóft 043_1 er staðsett austast á minjasvæðinu, tæpum 70 m austan við Bárðarskúta 021 og situr á flötum stalli ofarlega í norðanverðu Dalgili. Hún er 7,5x6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torf- og grjóthlaðin og veggir eru stórir og sterklegir, 1-1,5 m á hæð. Norðausturveggurinn er hæstur.



Uppmaling af tóftum RA-207:043.

Grjóthleðslurnar eru að mestu grónar en þó sést í 1 umfar á nokkrum stöðum. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 4x2,5 m. Inngangur er á suðvesturvegg. Tóftin var notuð sem fjárhús eða beitarhús. Tóftin er í stórhættu vegna trjáræktar og hefur trjám verið plantað í 1-1,5 m fjarlægð frá henni.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>



Tóft RA-207:043_1, horft til suðurs.



Tóft RA-207:043_2, horft til suðvesturs.

RA-207:043_02 tóft heystæði

A 447911 N 360741

Tóft 043_2 er staðsett rúmum 20 m austan við beitarhús 043_1, í litlum lundi þar sem mikið af furu og birki vex. Hún er hálf hringlaga, 5,5x5 m á stærð og snýr vestur-austur. Hún er torfhláðin og veggir hennar eru 0,3-0,4 m á hæð. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 1,5x1,5 m. Inngangur er á suðurhlið. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en þó má gera ráð fyrir að líklega sé um einhverskonar gripahús að ræða, líklega lítið beitarhús. Tóftin er í stórhættu vegna trjáræktar en furu og birkitré eru 3-5 m vestan og norðan hennar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:043_03 tóft óþekkt

A 447984 N 360764

Tóft 043_3 er staðsett rúmum 70 m norðaustan við heystæði 043_2. Hún er 5,5x3,5 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er torfhláðin og veggjahæð er 0,3-0,7 m. Norðurveggurinn er hæstur. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 1x1 m. Inngangur er á suðurhlið hennar. Hlutverk tóftarinnar er óþekkt en líklega hefur hún verið notuð sem einhverskonar gripahús. Nokkur stór tré eru í norður- og austurveggjaum tóftarinnar og er hún því í stórhættu vegna trjáræktar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:043_3, horft til suðvesturs.

RA-207:044 tóft beitarhús


A 447928 N 361028

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Skammt austan við Bárðarskúta [021] norðanvegin í gílinu er fjárhústóft frá Tumastöðum [043_1], önnur á Bólunum ofan við...“. Beitarhústóftin er staðsett 1,6 km norðan við bæ 001 og 320 m norðaustan við Bárðarskúta 021. Skógræktarvegur liggur frá Dalgili og upp í skógræktarreitina norðan við hann. Tóftin er austan við veginn.

Austan við tóftina er smáþýft opið svæði annars staðar hefur trjám verið plantar allsstaðar umhverfis



Rétt RA-207:044, horft til norðurs.



Uppmaling af tóft RA-207:044.

hana.

Tóftin er 15,5x8 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er mjög gróin og hátt og mikið gras þekur hana. Það sjást ekki neinar grjóthleðslur í henni svo líklega er hún alveg torfhlaðin. Veggjahæð er 0,5-0,6 m. Tóftin er tvískipt, fjárhús og hlaða. Hólf I, fjárhúsið, er staðsett syðst í tóftinn og er 5,5x1,5 m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Hólf II er norðan við hólf I og er 5.5x2 m að innanmáli. Það snýr norður-suður.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:045 heimild um útihús

A 447642 N 359471

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús tæpum 30 m suðvestan við bæ 006 og 5 m austan við kálgarð 048. Útihúsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1919 og fallið úr notkun þá. Útihúsið var syðst í túni, þar sem vegur að Tumastöðum liggur til norðvesturs og malarvegur að sumarbústöðum fer til norðausturs. Ekki er ólíklegt að útihúsið hafi lent undir veginum.

Engin ummerki útihússins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-207:046 gata traðir

A 447711 N 359472



Traðir RA-207:046, horft til suðurs.

Traðir eru sýndar bæði á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Þær lágu þvert í gegnum heimatúnið og komu að bænum úr vestri, lágu á milli bæjanna og út túnið til NNA. Norðausturhluti traðanna sést enn að mestu en vestari hlutinn er kominn undir veg.

Slétt, ræktuð tún í halla til suðurs og suðausturs. Bæði slegin og nýtt til beitar.

Traðirnar sjást liggja til norðausturs, milli bæjanna þar sem bugur er á malarveginum. Þær liggja að húsunum á bæ 006 og áfram til norðausturs. Vestan við Stöðlakot RA-210:001 fer yngri upphlaðinn vegur þvert yfir traðirnar og rennur saman við malarveg sem þar er og liggur frá Tumastöðum. Hlaðnir veggir voru beggja

vegna traðanna en þær eru 5-8 m breiðar og sléttar í botninn. Deiglent er inni í tröðunum til norðurs, yngri vegurinn gæti haft áhrif og stíflað vatnrennsli. Vesturveggurinn er 1,2 m á hæð og algróinn. Hann sést ekki að utan sem bendir til þess að traðirnar séu niðurgrafnar. Eystri veggurinn er 3-3,5 m á hæð og sést einnig bara að innan. Traðirnar náðu lengra til norðurs á bæjarteikningunni, örlítið lengra en

Stöðlakot. Á túnakortinu eru þær mun lengri og kölluðust Götur (sjá 065). Skil hafa verið þar sem eldri traðirnar enduðu. Vesturhluti traðanna er horfinn, undir núverandi malarvegi. Traðirnar sjást á tæplega 70 m lögum kafla, austan og norðan við bæ 006.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteiking danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-207:047 renna traðir

A 447584 N 359391

Renna sést liggja til suðurs frá vestari hluta traða 046, niður Kollabæjarás. Að öllum líkindum er þetta leið eða eldri traðir.

Gróin tún, nýtt til sláttar og beitar eru syðst í Kollabæjarás. Rennan hlykkjast niður suðurenda Kollabæjaráss og fjarar út þegar niður er komin. Hún er tæplega 90 m að lengd, 3-4 m á breidd og mesta dýpt er 0,3 m. Túnasléttun raskaði leiðinni án efa mikið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Traðir RA-207:047, horft til suðurs.

RA-207:048 hleðsla kálgarður

A 447624 N 35946

Kálgarður var neðan (vestan) við vesturbæ 006 samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919. Lítil hluti af suðurvegg sést enn, restin er undir girðingu eða komin í tún. Fast norðaustan við kálgarðinn er malarvegur sem liggur að Tumastöðum. Gróin tún, malarvegir og trjágróður er allt umhverfis kálgarðinn.

Kálgarðurinn afmarkaði svæði sem var 40x30 m. Lítil ummerki um kálgarðinn sjást nú. Heimreið að bæjunum er fast sunnan, þar lágu traðir 046 áður. Rabarbari er í suðausturhorni kálgarðsins. Hleðslan sem enn sést er 7,5x1,5 m að stærð og liggur austur-vestur, suðaustast í kálgarðinum. Vírgirðing er ofan á henni en til annarra átta eru veggir horfnir. Hleðslan er 0,3 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919



Kálgarður RA-207:048, horft til norðurs.

RA-207:049 heimild um útihús

A 447669 N 359434

Samkvæmt túnakorti frá 1919 var útihús tæpum 5 norðvestan við bæ 001 og 10 m sunnan við bæ 001. Það tilheyrði líklega austurbænum, það var fast sunnan við traðir 046. Útihúsið er horfið, nú er bakgarður bæjar 006 á þessu svæði.

Gróið svæði í bakgarði. Trjágróður er fast austar og vírgirðing.

Engin ummerki um úthúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-207:050 garðlag túngarður

A 447702 N 359663

Unglegur torfhlaðinn garður liggur meðfram norðausturmörkum túnsins á Kollabæ eins og það var



Túngarður RA-207:050, horft til norðurs.

skilgreint á túnakorti frá 1919. Var hann hlaðinn eftir 1906 því að hann er ekki sýndur á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá því ári. Garðurinn nær frá mörkum á mótum Tumastöðum RA-211 að tröðum 065. Eldri túngarður 054_1 afmarkaði túnið áður en hefur verið aflagður þegar túnakortið var gert. Líklegt er að á milli eldri túngarðs og yngri túngarðs hafi verið náttthagi áður fyrr og að hann hafi upphaflega verið afmarkaður af garði 054_8 sem liggur í sveig af eldri túngarðinum og afmarkar svipað svæði og yngri túngarðurinn.

Gamla túnið á Kollabæ er að mestu leyti í halla til vesturs og suðurs en garðurinn er ofan við mesta hallann á mishæðóttu svæði. Þar er smáþýft og grösugt en ennig lítilsháttar trjágróður, birki og víðirunnar. Túnið er allt

komið í órækt og er óvíst að yngsti hluti þess hafi nokkurn tímann verið véltækt.

Garðurinn er 166 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er rofinn hér og hvar en 33 m langt rof er í suðausturhluta hans þar til kemur að tröðum 065. Norðvestan við þær og suðaustan við malarveg að sumarhúsi sést útflattur hluti garðsins á 7-8 m löngum kafla. Þessi garður liggur í gegnum allforan garð 054_8 á tveimur stöðum. Garðurinn er 0,5-0,6 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-207:051 garðlag túngarður

A 447724 N 359370



Túngarður RA-207:051, horft til suðurs.

Forn túngarður er á landamerkjum Stöðlakots RA-210 og Kollabæjar, merkin eru sýnd á túnakorti 1919. Hann er tæpum 50 m austan við bæ 001 og útihús 002 er nánast byggt ofan á honum, það er á flötu svæði sunnan við sveigju á túngarðinum. Líklega er þetta hluti af túngarði 054 sem virðist eldri samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna en öll tengsl á milli þeirra eru horfin. Túngarðurinn er bogadreginn og hluti af austur- og norðurhlið túnsins við Kollabæ. Vírgirðing er fast vestan hans, núverandi mörk á milli jarðanna. Vestan girðingarinnar er túngarðurinn horfinn, líklega vegna sléttunar og annars rasks.

Allt umhverfis túngarðinn eru gróin tún, austurhluti þeirra eru slegin.

Túngarðurinn liggur til norðurs frá túngarði 053 og sveigur til VNV norðan við áætlaða staðsetningu útihúss 002. Hann er 46 m að lengd, 0,7-2,5 m að hæð til austurs en til vesturs, að "innan", sést hann nánast ekki. Túngarðurinn myndar græna eyju til austurs, túnasléttun ykir hæðina verulega. Hann er 3-5 m á breidd og óljóst mótar fyrir sambyggðu hólfi til vesturs, sunnan við áætlaða staðsetningu útihúss 002. Ekki er um sama stað að ræða. Veggjabrot sjást til suðurs og norðurs, hólfið var líklega opið til vesturs og var 3,6x2 m að innanmáli og snéri norður-suður. Túngarðurinn er sigin, útflattur og algróinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-207:052_01 tóft útihús

A 447725 N 359601

Útflött, unleg tóft og grunn gryfja eru suðvestan undir lágri hæð í yngsta hluta heimatúnsins sem er á milli yngri túngarðs 050 og eldri túngarðs 054_1. Minjarnar eru fast suðaustan við fornlegan garð 054_8 og 150 m norðaustan við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 10x5,5 m að stærð og snýr austur-vestur.

Túnið er komið í órækt og er mishæðótt og smápýft. Á því vex gras og elfting. Frá minjunum er afliðandi halli til suðurs.

Lýsingin hefst á tóft 052_1 sem er austast á svæðinu. Hún er illa farin af rofi og sést innanmál hennar ekki. Tóftin er 5,5x4,5 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Austurhlíð er grafin inn í lága hæð sem virðist náttúruleg. Ekki sést op inn í tóftina. Veggir hennar eru aðeins 0,2 m á hæð og hafa ekki verið grjóthleðslur í þeim. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en ætla má að um einhvers konar útihús hafi verið að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft RA-207:052_1, horft til NNV.



Gryfja RA-207:052_2, horft til ANA.

RA-207:052_02 gryfja óþekkt

A 447719 N 359600

Fast vestan við þúst 052_1 er grunn, gróin gryfja 052_2, alveg upp við garð 054_8. Hún er 3,5x3 m að innanmáli, snýr norðvestur-suðaustur og er 0,1-0,2 m á dýpt. Ekki útilokað að hún hafi myndast við efnistöku þegar tóft 052_1 var hlaðin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:053 garðlag túngarður

A 447739 N 359344

Túngarður sést á merkjum milli Stöðlakots og Kollabæjar, fast sunnan við túngarð 053. Þessi túngarður er mun minni umfangs en túngarður 051 og hafður sér af þeim sökum. Líklega er hann samtíða eða hluti af túngarði 050. Garðlagið er rúmum 60 m suðaustan við bæ 001 og endar við merki Litla-Kollabæjar til austurs. Túngarðurinn er suðaustan í Kollabæjarási.

Slétt, ræktuð tún eru til allra átta.

Garðlagið er rúmlega 100 m að lengd, 2-3 m á breidd og 0,4 m á hæð. Það er torfhlaðið og vírgirðing er ofan á því öllu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Túngarður RA-207:053, horft til suðurs.

RA-207:054_01 garðlag túngarður

A 447629 N 359672

Fornlegur útflattur garður afmarkaði túnið á Kollabæ og er hann sýndur á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906. Ýmsar minjar eru sambyggðar garðinum eða í tengslum við hann og eru alls skráðar níu fornleifar undir þessu númeri, sem hver fær sitt undirnúmer og sérstaka umfjöllun hér á eftir. Minjarnar eru á svæði sem er 280x90 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Þær eru ofan og norðaustan við elsta túnið í Kollabæ, uppi á brún Kollabæjaráss, 70-80 m norðaustan við bæ 001. Minjasvæðið er að mestu leyti innan yngsta hluta túnsins sem túngarður 050 afmarkaði og sýndur er á túnakorti frá 1919.



Uppmaling af fornleifum RA-207:054. ©Loftmyndir ehf.

Gamla túnið á Kollabæ er að mestu leyti í halla til vesturs og suðurs en ofan við mesta hallann er mishæðótt svæði sem er smáþýft og grösugt en ennig vex þar lítilsháttar trjágróður, birki og víðirunnar. Túnið er allt komið í órækt og er óvíst að yngsti hluti þess hafi nokkurn tímann verið véltækur.

Lýsingin hefst á túngarði 054_1 sem afmarkaði elsta hluta túnsins í Kollabæ til ANA og er frammi á brún Kollabæjaráss. Garðurinn nær frá merkjum á móti Tumastöðum í norðri eftir brún ássins til suðurs á um 270 m löngum kafla en garðurinn verður mjög ógreinilegur í suðurenda og öll ummerki um hann hætta að sjást um 70 m norðan við bæ 001. Garðurinn torfhláðinn og víðast fornlegur en hlutar hans hafa verið hlaðnir upp og eru unglegri en aðrir, einkum á það við um syðsta hluta hans. Þar er innri garðurinn 1,5-2 m á breidd og allt að 1,2 m á hæð á innri/vestari hlið. Þar sem garðurinn er hvað mest útflattur er hann um 6 m breiður og 0,3 m á hæð. Garðurinn er rofinn á nokkrum stöðum vegna vatnsrennslis niður hallann til vesturs. Þrjár tóftir eru sambyggðar garðinum (054_2, 054_3 og 054_6) og tvær tóftir eru byggðar utan í eða ofan á garðinn vestanverðan (054_4 og 054_5).

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919



Túngarður RA-207:054_1, horft til norðvesturs.



Tóft RA-207:054_2, horft til norðausturs.

RA-207:054_02 tóft útihús

A 447625 N 359758

Óljós og útflótt tóft 054_2 virðist sambyggð garði 054_1, nærri norðurenda hans. Tóftin er um 13x8 m að stærð og snýr NNV-SSA. Lægðir eru á tveimur stöðum í tóftinni þar sem kann að hafa verið innanmál í hólfum en þær gætu einnig hafa myndast við rof. Tóftin er í halla til vesturs og virðist allt að 1 m á að vestanverðu. Neðan og suðvestan við tóftina er lágur og smáþýfður hryggur sem kann að vera hluti af tóftinni. Hann er um 7,5x7,5 m stór og 0,3 m hár. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki útihúss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:054_03 tóft útihús

A 447630 N 359746

Einföld tóft er sambyggð vestanverðum garði 054_1 eða réttara sagt garði 054_8 þar sem hann er hlaðinn ofan á eldri garðinn. Tóftin er 5,5x4,5 m að stærð og snýr norður-suður. Op er á miðri vesturhlið en það hefur mögulega myndast vegna rofs. Tóftin er torfhláðin og eru veggir hennar 0,2-0,3 m á hæð. Stórt birkitré vex fast norðan við tóftina. Hlutverk hennar er ekki þekkt en helst kemur til greina að hún sé af litlu útihúsi eða heystæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar*Tóft RA-207:054_3, horft til austurs.**Tóft RA-207:054_4, horft til ASA.***RA-207:054_04** tóft heystæði

A 447629 N 359713

Afar ógreinileg tóft er fast vestan við túngarð 054_1 og 20 m norðan við svipaða tóft 054_5. Tóftin er einföld og torfhláðin, er 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst op er í norðvesturenda. Veggir eru útflattir, 0,1-0,2 m á hæð. Helst kemur til greina að tóftin sé af heystæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**RA-207:054_05** tóft heystæði

A 447629 N 359689

Einföld og torfhláðin tóft sem er vart greinanleg lengur er byggð ofan á vesturjaðar túngarðs 054_1 og er 20 m sunnan við svipaða tóft 054_4. Tóftin er 4,5x4 m að stærð og snýr austur-vestur. Óljóst op er á vesturgaffli. Veggjahleðslur eru mjóar og lágar, um 0,1-0,2 m á hæð. Helst kemur til greina að tóftin sé af heystæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar**RA-207:054_06** dæld óþekkt

A 447633 N 359703

Grunn dæld 054_6 er í túngarð 054_1 á milli tófta 054_4 og 054_5. Eru þar mögulega leifar af sambyggðri tóft sem er orðin útflött. Dældin er 5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Á þessum stað er garður 054_1 um 9 m breiður.

*Tóft RA-207:054_5, horft til NNA.**Dæld RA-207:054_6, horft til norðurs.*

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:054_07 kantur óþekkt

A 447627 N 359722

Nokkuð afgerandi kantur 054_7 er vestan við og samsíða túngarði 054_1 á 35 m löngum kafla ofan og austan við býlistóft 035. Mögulega er þar um eldri útgáfu af túngarði að ræða. Hæstur er kanturinn 1 m á hæð en lækkar til suðurs uns hann hverfur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:054_08 garðlag vörslugarður

A 447722 N 359638



Túngarðar RA-207:054_8 og 9, horft til norðvesturs.

Nokkuð fornlegur garður 054_8 virðist liggja ofan á garði 054_1 á stuttum kafla norðarlega á honum en beygir svo af honum til austurs og afmarkar svæði austan við garð 054_1 sem er um 210x90 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Tóft 054_9 er hlaðin á innanverðan garðinn í norðurenda svæðisins. Garðurinn er víða orðinn ógreinilegur og sést sem hryggur í grónum mishæðum utan við elsta túnið. Hann er lítilla genginn í þúfur, er 2-3 m á breidd og allt að 0,5 m á hæð en víða lægri. Rof er á garðinum á nokkrum stöðum og ungur túngarður 050 liggur í gegnum hann á tveimur stöðum. Mögulega hefur þessi garður afmarkað nátthaga utan við heimatúnið.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:054_09 tóft heystæði

A 447642 N 359727

Lítill tóft 054_9 er byggð ofan á garð 054_8, fast vestan við rof á garðinum. Hún er einföld, 3,5x3 m að stærð og snýr norður-suður. Norðurveggur tóftarinnar er raskaður, líklega vegna rofs. Rof er einnig í suðausturhorni en líklegt er að op hafi verið þar eða á suðurhlíð. Veggir tóftarinnar eru torfhlaðnir og fremur mjóir nema á austurhlíð þar sem þeir eru 0,6 m á beidd. Mesta hæð veggja í tóftinni er 0,2-0,3 m. Tóftin virðist ekki samtíða garðinum og er að öllum líkindum eitthvað yngri en hann. Hlutverk tóftarinnar er ekki ljóst en helst kemur til greina að hún sé af heystæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:055 heimild um kálgarð

A 447673 N 359393

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakorti frá 1919 var kálgarður sunnan og suðaustan við bæ 001.

Þar sem kálgarðurinn var er nú gróið svæði og tún.

Engin ummerki kálgarðsins sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906; Túnakort 1919

RA-207:056 þúst óþekkt

A 447731 N 359661

Stór, smápýfð þúst er uppi á hólþungu sem gengur til vesturs úr Kollabæjarási. Þústin er 10 m utan og norðaustan við garð 054_8 og 100 m NNA við bæ 001.

Þústin er í grasgefnum valllendismóa. Upp frá henni til austurs er afliðandi halli upp á næsta hjalla ássins. Þar er sumarhúsaloð, mjög skógi vaxin. Eins er nokkur trjágróður utan við sumarhúsaloðina til norðurs. Þústin stendur hátt og er ekki ólíklegt að fjárhús hafi verið á þessum stað en ekkert er vitað um hvers konar mannvirki hefur verið í þústinni. Hún er 17x7 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Áframhaldandi smápýfi er suðaustan við þústina. Hún er flöt að ofan og mesta hæð 0,2-0,3 m. Fast norðaustan við þústina eru ummerki um jarðrask og niðurgroft, líklega eftir efnistöku.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Dúst RA-207:056, horft til suðvesturs.



Renna RA-207:057, horft til norðurs.

RA-207:057 renna áveita

A 447630 N 359646

Gróin renna sést austan við túngarð 054. Til norðurs stefnir hún á op á túngarði 054, þar sem hann tengist túngarði 050. Rennan tengist að öllum líkindum framræslu á túni sem varð til við stækkun milli árána 1906 og 1919 sé tekið mið af bæjarþeikningu og túnakorti. Einnig gæti verið að vatni hafi verið veitt á heimatúnið í gegnum op suðvestan við rennuna.

Smápýft og mishæðótt svæði suðvestarlega í Kollabæjarási. Það er í aflíðandi halla til suðurs og er deiglent þar sem að rennan er.

Rennan er rúmlega 60 m að lengd og sést í tveimur hlutum. Sá nyrðri er 0,4 m á breidd og álíka á dýpt. Rennan er í lægð og deiglent er þar ofan í. Til austurs sést hlaðinn garður á 15 m löngum kafla. Ann er 0,3 m á hæð og 0,5 m á breidd, líklega uppmokstur úr rennunni. Suðurhlutiinn er 27 m að lengd en ástand og gerð er hin sama, Á milli þeirra er 12 m langt svæði en ekki er ólíklegt að rennuna sé þar að finna. Svæðið var mjög gróid þegar skrásetjari var á ferðinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:058_01 brunnur brunnur

A 447743 N 359546

Anna Sigurðardóttir, heimildamaður frá Stöðlakoti, benti skrásetjurum á að brunnur hafi verið við suðausturendann á garði 050 við veg sem liggur að sumarhúsi uppi á Kollabæjarási. Ummerki um tvo brunna eru í geil á milli traða 065 að Kollabæ og túns, fast ASA undir kanti sem afmarkar túnið. Þeir eru 100 m norðaustan við bæ 001, 70 m norðan við eldra bæjarstæði Stöðlakots RA-210:001 og 50 m VNV við yngra bæjarstæði Stöðlakots RA-210:002.

Brunnarnir eru í aflíðandi halla til suðurs í smápýfðum og fremur þurrum vallendismóa, en neðri brunnurinn er í deiglendu svæði litlu sunnan við efri brunninn.

Efri og nyrðri brunnurinn 058_1 er nokkuð ferkantaður, um 1,5x1 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hæst er upp úr honum til VNV, upp á kant meðfram túni en annars grunnt ofan í hann. Um 0,1-0,2 m eru niður að vatnsborði og er vatnið ekki dýpra en 0,2 m svo að mesta dýpt er um 0,2-0,4 m.



Brunnur RA-207:058_1, horft til SSV.



Brunnur RA-207:058_2, horft til suðurs.

Brunnurinn er gróinn í botninn og ekki sést í grjóti.

Hættumat: engin hætta

RA-207:058_02 brunnur brunnur

A 447740 N 359534

Um 10 m neðar og sunnar en brunnur 058_1 er uppspretta og möguleg ummerki um annan brunn 058_2. Hann er rúmur 1 m á kant innanmáls en allbreið vatnsrás liggur frá honum til suðurs og hefur aflagað hann. Í honum vex arfi og hófsóley en einnig er nokkur slýmyndun. Í þessum meinta brunni finnst fyrir grjóti en hann er ekki djúpur. Í heildina er hann 0,3-0,4 m á dýpt en grunnt vatn stendur í honum (0,1-0,2 m djúpt). Mögulegaummerki um uppmokstur eru fast SSV við brunninn.

Hættumat: engin hætta

RA-207:059 Grænaborg tóft fjárskýli


A 447993 N 360080

Grænaborg er tæpum 740 m NNA við bæ 001 og 40 m sunnan við beitarhús 067. Tóftin er á hól í hvammi og trjágróður er allt umhverfis, að mestu birki.

Grænaborg er í miðju skógræktarsvæði, trjám hefur verið plantað allt meðfram og umhverfis hana. Djúp renna er til vesturs, neðan við hólinn sem tóftin er á, líklega skurður.



Tóft RA-207:059, horft til norðurs.



Uppmaling af Grænaborg RA-207:059.

Hóllinn er 14x9 m að stærð, 1,5 m á hæð og snýr norður-suður. Hann er aflagður vegna trjáræktar og er algróinn. Hóllinn er stórbýfður en uppi á honum, til norðurs er veggur. Veggurinn myndar 90°horn, er 2,5 m á breidd og 0,3 m á hæð. Veggurinn er 5,5x5,5 m að stærð. Ekki er hægt að gera sér grein fyrir lagi Grænuborgar að öðru leyti. Minjarnar eru mjög óljósar vega gróðurs.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:060 garðlag akur

A 447652 N 359523



Garðlag RA-207:060, horft til norðvesturs.

Mjög breiður og útflattur garður er í gamla heimatúni Kollabæjar neðan og suðvestan við útihús 064 og 50 m norðan við bæ 001. Hann er hvorki sýndur á túnakorti frá 1919 né á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906.

Túnið er komið í órækt en er grösugt og lítið þýft.

Garðurinn er 45 m langur og liggur norðvestur-suðaustur. Hann er neðarlega í brekku í túninu sem hallar til suðvesturs. Aðeins sést ytri brún garðsins sem er um 1 m á hæð þar sem hún er hæst um miðbikið en lækkar til beggja enda. Ekki er hægt að greina innri brúnina en þar sem garðurinn er í túninu er 5 m breiður flati. Garðurinn kann að vera litlu mjörri en þó er það óvíst því að hann

er orðinn útflettur. Hlutverk þessa garðs er ekki ljóst en mögulega hefur hann afmarkað akurgerði innan túnsins.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:061 tóft rétt


A 447786 N 359843

Ísvörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: “Ein rétt var fyrir Kollabæjarhverfið, spölkorn ofan við túnið í Kollabæ.” Réttin er um 440 m norðan við bæ 001 og rúma 160 m suðvestan við útihús 022, uppi á Kollabæjarás. Sumarbústaður er tæpum 90 m sunnar. Fyrir vestan og sunnan réttina er skógrækt en ræktuð tún til austurs. Réttin er í rjóðri.

Svæðið er mjög gróið og ekki nýtt. Búið er að planta trjám til allra átta frá réttinni nema norðurs. Réttin er á brekkubrún sem hallar til vesturs.



Rétt RA-207:061, horft til vesturs.



Uppmaling af rétt RA-207:061.

Réttin er 32x22 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er mikið skemmd, líklega vegna sléttunar. Réttin er torfhláðin og búið að ýta út öllum dilkum og hólfulum. Mesta raskið er til austurs þar sem slétt tún og vegslóði eru í jaðri réttarinnar. Þó mótar enn fyrir öllum innri og ytri brúnum veggja. Veggirnir eru hæstir að utan til vesturs þar sem þeir eru 1,3 m á hæð og 3-4 m á breidd. Þeir lækka síðan og meginhluti þeirra er 0,3 m á hæð. Op er á réttinni til austurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:062 þúst útihús

A 447714 N 359494

Afgerandi þúst er efst í túni Kollabæjar, norðvestan við traðir 065 og veg sem liggur upp með þeim að sumarhúsi uppi á Kollabæjarásnum. Þústin er á flatlendum palli efst í túni um 50 m norðaustan við bæ 001 en neðar og vestar er brekka sem hallar til vesturs.

Mikill grasgróður er í gamla túninu sem er ekki lengur slegið. Í kringum þústina eru njólar á stangli.

Þústin er 6x3 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er nokkuð skýrt afmörkuð en þó síst í norðvesturenda. Þústin er 0,2-0,4 m á hæð. Ekki sést móta skýrt fyrir innanmáli. Litlu norðvestan við þústina er grunn lægð og svo er lágur hryggur þar norðvestan við. Mögulega eru þau ummerki um mannvirki en þau gæti einnig hafa myndast vegna jarðrasks. Ekki er ljóst hvers konar mannvirki kann að leynast í þústinni en út frá staðsetningu hennar í túni er líklegt að um



Þúst RA-207:062, horft til norðurs.

leifar af útihúsi sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:063 heimild um rétt

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningaskrá 81a sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: “Önnur eldri [en 061] hefur verið framur og nær túni undir smá brík.” Ekki er vitað hvar þessi rétt var staðsett, mögulega þar sem sumarbústaður er nú. Frekari heimildir þarf til þess að staðsetja réttina með innan við 50 m skekkju.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-207:064 gryfja útihús

A 447671 N 359549



Gryfja RA-207:064, borft til NNA.

Nokkuð afgerandi niðurgröftur eða gryfja er efst í gamla heimatúni Kollabæjar um 30 m norðvestan við útihús 003 og 80 m norðan við bæ 001. Til norðausturs er allhá og brött brekka utan túns. Sömuleiðis er í túni allhá og brött brekka til suðvesturs.

Túnið er í órækt og er grösugt og lítið þýft.

Gryfjan er öll gróin. Hún er 5x2 m að innanmáli, snýr NNA-SSV, og er 0,1-0,2 m á dýpt. Mörk hennar til NNA eru óljós. Í miðri gryfjunni er bunga og eru mjóar rennur meðfram henni. Líkur eru til þess að gryfjan sé leifar af útfloðu útihúsi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-207:065 Göturnar gata traðir

A 447749 N 359502



Leið RA-207:065, borft till norðurs.

Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildamanni, tóku svokallaðar Götur við norðan við traðir 046. Þær lágu upp á heiði, yfir óskipt beutiland. Traðir frá Litla-Kollabæ lágu hingað og sameinuðust þessari leið öllum líkindum. Göturnar sjást á túnakorti frá 1919 er syðsti hluti þeirra lenti innan heimatúnsins eftir að það var stækkað til norðurs.

Göturnar sjást enn vel. Þær liggja til norðurs frá norðurenda traða 046 og eru um 170 m langar. Göturnar eru mjög breiðar til suðurs en mjókka til norðus. Þær liggja í sveig og vesturhlið þeirra er hlaðin. Til suðurs er leiðin um 15 m, í miðju um 21 m á beidd en mjókkar eftir því sem norðar dregur. Við túnhlið á túnakorti frá 1919 er leiðin um 7,5 m á breidd. Leiðin fjarar út

í þéttum trjágróðri við nyrsta sumarhúsið á jörðinni. Til vesturs er beinn kantur meðfram götunum. Vírgirðing er eftir honum endilöngum en hér og þar sjást veggbútar. Þeir eru 0,3-1 m á hæð. Kanturinn/veggurinn er hæstur á milli bústaða. Eysti veggurinn er einnig túngarður Stöðlakots RA-210:010. Hann er grjóthlaðinn og sést á túnakorti frá 1919.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-207:066 garðlag túngarður

A 447672 N 359581

Stuttur garður er ofarlega í Kollabæjarási á svæði á milli eldri túngarðs 054_1 og yngri túngarðs 050. Hann liggur til norðurs af eldri garðinum en er sýnilega miklu yngri en hann.

Valllendismói er á svæðinu á milli túngarðanna og óvíst að það hafi nokkurn tímann verið slegið. Það virðist í það minnsta aldrei hafa verið véltækt. Vatnsbrunnur er litlu norðan við garðinn og er vatn leitt úr honum í sumarhús uppi á ásnum.

Garðurinn er torfhlaðinn, er 21 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Vesturhlið hans er hærri en austurhliðin. Garðurinn liggur norður-suður og er norðurhlutinn genginn í þúfur og þar virðist hafa orðið rof. Þar vex einnig meira af klóelftingu en annarsstaðar á garðinum. Ekki er ljóst hvaða hlutverki þessi garður hefur þjónað.

Hættumat: engin hætta



Túngarður RA-207:066, horft til norðurs.

RA-207:067_01 tóftir beitarhús


A 448012 N 360133

Tvær tóftir eru tæpa 800 m NNA við bæ 001 og um 50 m norðan við Grænuborg 059. Anna Sigurðardóttir, heimildamaður kallar þau sauðahús. Tóftirnar eru í rjóðri innan í skógræktarsvæði, þar eru aðallega birki- og víðitegundir. Trjám er plantað þétt við tóftirnar, inni í tóft 1 er stórt stakt tré. Austurhlið þeirrar tóftar er röskuð til austurs, tré eru þar fast við. Tóftirnar eru á svæði sem er 21x18 og snýr austur-vestur.

Stórþýft, gróið svæði sem nýtt er til skógræktar.

Tóft 067_1 er austar og er af beitarhúsum. Tóftin er 18x6,5 m að stærð og snýr norður-suður. Tóftin er torfhláðin og skiptist í tvö hólf. Að sunnan er hólf 1. Það er 3,5x2,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Norðurveggurinn afmarkast af óljósum þúfum en annars eru þeir 2-3 m á breidd, 0,4-0,6 m á hæð og algrónir. Op er til suðvesturs og annað til norðurs, yfir í hólf 2. Það hólf er norðar og dýpra. Það er 6,3x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Tré er í suðurenda hólfins og það er örlítið dýpra en hólf 1. Veggirnir eru 1-1,5 m á hæð að utan.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Uppmaling af fornleifum RA-207:067.



Tóft RA-207:067_1, horft til norðurs.



Þúst RA-207:067_2, horft til vesturs.

RA-207:067_02 þúst heystæði

A 448003 N 360136

Þúst 2 er 5 m vestar. Lílkega er þetta heystæði sé tekið mið af staðsetningu. Þústin er 8,5x5,5 m að stærð og 0,5 m á hæð. Ekki sér móta fyrir hóflum eða minjum ofan á þústinni. Til austurs er þústin 0,3 m á

hæð og lækkar í þá átt. Þústin er algróin.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:068 þúst útihús

A 447491 N 359593



Þúst RA-207:068, borft til norðvesturs.

Stór og afgerandi þúst er innan skógræktar neðst í túni Kollabæjar í jaðri þurrlendis fast suðvestan við malarveg sem liggur að Tumastöðum. Þústin er 220 m norðvestan við bæ 001 og 125 m suðvestan við býlistóft 032.

Aspir eru allt í kringum tóftina nema til suðausturs og einnig eru tré farin að vaxa á sjálfri þústinni. Mýrlent er vestan við túnið og þústina.

Þústin er fremur flöt en lítilla kúpt, 15x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hæst er hún um 0,3 m en lækkar til suðvesturs. Mikill grasvöxtur er á þústinni og stöku njóli. Gróðurinn og staðsetning þústarinnar innan túnsins gefa til kynna að á þessum stað hafi verið útihús.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:069 hleðsla óþekkt

A 447792 N 359875



Ein af hleðslum RA-207:069, borft til norðausturs.

Tvær hleðslur eru rúmum 20 m norðan við rétt 061 og rúmum 460 m norðan við bæ 001. Tilgangur þeirra er óljós, mögulega er sú eystri aðrekstrargarður inn í rétt 061 eða minni tóftir við réttina. Hleðslurnar eru á grónu, flötu svæði og tré allt umhverfis.

Gróið svæði sem nýtt er til skógræktar.

Hleðslurnar eru á svæði sem er 50x14 m að stærð og snýr austur-vestur. Eysti hleðslan er 15x3 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Til suðurs líkist hún vegg en til norðurs er hún aflíðandi og fjarar út. Hleðslan er 0,3-0,5 m á hæð og rof eða lág er ofan á henni endilangri. Hleðslan er algróin og óljós. Hleðsla 2 er vestar. Hún sést sem gróinn, sveigður hryggur í túni. Hleðslan er 15x6 m að stærð, 3 m á breidd og 0,3 m á hæð. Hún er

þýfð, algróinn og fjarar út til austurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:070 garðlag óþekkt

A 447924 N 3595507

Óljós hryggur er staðsettur 290 m norðaustan við bæ 001 í framhaldi af kálgarði RA-210:007. Hann er rétt utan við heimatún Kollabæjarhverfisins.

Hryggurinn liggur í gömlu, þýfðu túni sem nú er komið í órækt.

Garðlagið sést ekki á vettvangi en sést ágætlega á loftmynd. Það liggur nokkurnveginn vestur-austur á 30 m löngum kaffa.

Hættumat: engin hætta

RA-207:071 heimild um þvottastað

A 447930 N 359508

Þvottur var þveginn í mýrarpolti sunnan við heimatún Kollabæjarhverfis, samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, en erfitt var að ná í vatn í brunninn [058]. Austan við heimatún Kollabæjarhverfisins er lítið gil eða djúp dæld í túninu, tæpum 270 m norðaustan við bæ 001.

Gilið er nú uppþornað enda heftur svæðið verið ræktað upp og framræst, þó svo að það sé komið aftur í órækt nú.

Dældin er fremur djúp eða 3-4 m á dýpt.

Hættumat: engin hætta

RA-207:072 garðlag óþekkt

A 447926 N 359595

Óljós hryggur er staðsettur 280 m norðaustan við bæ 001 og rétt utan við heimatún Kollabæjarhverfisins. Hryggurinn liggur í gömlu, þýfðu túni sem nú er komið í órækt.

Garðlagið sést ekki á vettvangi en sést ágætlega á loftmynd. Það liggur norðaustur-suðvestur á 44 m löngum kafla.

Hættumat: engin hætta

RA-207:073 þúst óþekkt

A 448900 N 361516

Norðvestan við Steinbogatorfu og 300 m NNA við Tóttarhól 014 er lítil, aflöng þúst. Götur 077 liggja rétt austan þústarinnar og beitarhústöft 079 er 120 m norðvestan við hana.

Hlíðin sem þústin liggur í er grasi vaxin og smáþýfð. Brekkan hallar niður að Steinbogatorfu, til ASA

Þústin er 12x7 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Hún er frekar þýfð og myndast smávegis flati á henni efst. Hún er frekar há eða 0,5 m. Hugsanlega hefur verið inngangur á suðurhlíð en þar er smá partur sem er mokkuð lægri en annarsstaðar. Ekki sést neitt innanmál. Líklega er þetta gömul tóft sem er alveg fallin saman.

Hættumat: engin hætta



Þúst RA-207:073, horft til austurs.


RA-207:074_01 tóft beitarhús

A 448826 N 361092

Mínjasvæðið samanstendur af tveimur tóftum á svæði sem er 80x20 m og snýr norður-suður. Það er staðsett við Hillugötur 018, rúmum 2 km norðaustan við bæ 001 og 160 m suðaustan við Tóttarhól 014.

Svæðið í kringum tóftirnar er grasi vaxið og smáþýft. Landslagið samanstendur af dældum og smáhólum. Kvoslækjará rennur í árgilinu suðaustan við tóftirnar.

Tóft 074_1 er staðsett nyrst á mínjasvæðinu. Hún er 16,5x12 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torf- og grjóthlaðin og sjást 1-2 umför af grjóti víða í henni þó að hlutar hennar séu grónir. Hæð veggja er 0,4-0,7 m á hæð og inngangur er inn í tóftina á norðvesturhlíð. Tóftin er tvískipt, hólfi I er staðsett nyrst í tóftinni og 11x8 m að innanmáli. Það snýr norðvestur-suðaustur. Hólfi II er niðurgrafið innan hólfs I. Það er 6x3,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Það sést í grjóthleðslur í hólfi II. Þetta eru beitarhús og hugsanlega hlaða, en það hafa verið einhver innviði í henni sem hafa varnað sauðfénu að ganga beint í heyið.



Uppmaling af fornleifum RA-207:074.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:074_1, horft til norðvesturs.



Tóft RA-207:074_2, horft til suðvesturs.

RA-207:074_02 tóft beitarhús

A 448829 N 361025

Tóft 074_2 er staðsett syðst á minjasvæðinu, rúmum 55 m sunnan við tóft 074_1. Hún er 13x7 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhláðin og veggir eru útlattir. Hæð veggja er 0,2-0,3 m. Tóftin er hugsanlega tvískipt en það er þó erfitt að gera sér nákvæmlega grein fyrir því sökum þess hve innanmál er ógreinilegt. Inngangur er á suðvesturhlið inn í hólfi I. Hólf I er staðsett suðvestast í tóftinni. Það er 4,5x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er norðaustan við hólfi I og er opið á milli þeirra. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Þetta er líklega eldra beitar heldur en 074_1 og hefur þá verið í notkun þar til nýrra hús var byggt.

Hættumat: engin hætta

RA-207:075 heimild um útihús

A 447691 N 359415

Samkæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var útihús um 17 m suðaustan við bæ 001. Á túnakorti frá 1919 er þetta að öllum líkindum austasta húsið í bæjarröndinni og ljóst að breytingar eru á túni og byggingum á þessum árum.

Gróið svæði, fast norðan við núverandi útihús sem eru yfir bæ 001.


Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-207:076_01 tóft óþekkt

A 448024 N 36097



Uppmæling af tóftum RA-207:076.

Tværtóftireruinnanskógræktarsvæðis, 1,6 km NNA við bæ 001 og 320 m norðaustan við Bárðarskúta 021. Minjasvæðið samanstendur af þessum tveimur tóftum á svæði sem er 30x10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Skógræktarvegur liggur 50 m vestan við tóftirnar og niður að Dalgili sem er rúmum 260 m sunnan við tóftirnar.

Mikið af trjám hefur verið plantað í tóftirnar. Undirlendi er smáþýft, grasi- og mosavaxið.

Tóft 076_1 er staðsett norðvestast á minjasvæðinu, 15 m norðvestan við

076_2. Hún er 4,5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhláðin og hæð veggja er 0,2-0,3 enda mjög sigin og veggir útflattir. Tóftin er einföld og inngangur er óljós en líklega á norðausturhlið. Innanmál hennar er 2,5x1,5 og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er í stórhættu vegna trjáræktar og hefur þegar hluti af suðausturveggnum raskast vegna skógræktarinnar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:076_1, borft til SSV.



RA-207:076_2, borft til SSV.

RA-207:076_02 tóft óþekkt

A 448038 N 360961

Tóft 076_02 er 15 m suðaustan við tóft 076_01. Hún er 9x6,5 m að stærð og snýr nokkurnvegin vestur-austur. Tóftin er torfhláðin og mjög gróin. Vestur- og norðurveggur eru mjög þýfðir og því erfitt að greina nákvæma hólfaskipan. Suðurveggurinn er hinsvegar stærri, um 0,7 m á hæð á meðan aðrir eru um 0,4 m á hæð. Tóftin skiptist upp í þrjú hólf. Hólf I er vestast í tóftinni. Það er það 2,5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf II er staðsett suðaustan við hólf I og er 2,5x2 m að innanmáli. Það snýr einnig norðaustur-suðvestur. Hólf III er austast í tóftinni og er óljóst enda vantar alveg norðausturvegginn á því. Það er líklega 1,5x1 m og snýr norðaustur-suðvestur eins og hin hólf. Inngangur er inn í tóftina á suðausturhlið. Tóftin er í stórhættu vegna trjáræktar og hefur þegar tveimur trjám verið plantað í vegg hennar, grenitré og ösp.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:077 gata leið

A 448868 N 361401

Gata liggur frá Hillugötum 018, yfir Tóttahól 014 og áfram til NNA framhá tóftum 073 og 079. Hún sameinaðist götum 009 skammt norðar. Gatan er 2,3 km norðaustan við bæ 001 og tæpum 20 m ofan við áveituskurð 017. Gatan liggur í tveimur hlutum á svæðinu.

Svæðið er grasi vaxið og smáþýft.

Gatan sést vel sunnan við Tóttarhól 014 og liggur NNV-SSA á um 400 m löngum kafla. Hún er gróin og sést sem mjór stígur, 0,3 m á breidd og ekki mjög djúpur.

Hættumat: engin hætta

RA-207:078 tóft beitarhús

A 450777 N 363333

Stór beitarhúsatóft er neðan við efstu brún í vestanverðu Selgili (sjá 008), sunnan undir Þríhyrningi. Er tóftin fast austan við tóftir 016, 150 m SSA við sel 008_1 og 5 km norðaustan við bæ 001.

Deiglent er í kringum beitarhús undir gilbrúninni en þurrt og smáþýft uppi á bakkanum.

Tóftin er 16,5x12 m að stærð og snýr austur-vestur. Í austurhlutanum eru tvö hólf sem tilheyra beitarhúsum og er hann hlaðinn úr torfi og grjóti en í vesturhlutanum er torfhláðið hólf sem er sambyggt beitarhúsunum. Op er inn í beitarhúshlutann austast á suðurhlið. Komið er inn í stórt hólf sem er 8,5x3,5 m að innanmáli og snýr norður-suður. Nyrst í því er greinilega rúnuð hleðsla í innanverðum hornum. Ekki er hlaðinn veggur á milli þessa hólfis og annars, minna hólfis sem er vestar. Það er 4x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur, mjókkar til vesturs. Í innra byrði veggja sjást 5 umför hleðslu og er bæði



Tóft RA-207:078, horft til austurs.



Uppmaling af tóft RA-207:078. ©Loftmyndir ehf.

móberg og blágrýti í henni. Veggir standa grónir en hleðslur eru farnar að hrynja inn í tóftina. Ekki eru jötur eða garður sýnilegur í tóftinni. Suðausturhorn tóftarinnar er frammi á brattri brún og því er tóftin í hættu vegna rofs/landbrots. Mesta hæð veggja utanmáls er um 1 m. Vestan við beitarhús og sambyggð þeim er lítið hól sem er 1,5x1,5 m að innanmáli og eru veggir þess miklu lægri og mjórri en í beitarhúsum. Op er líklega inn í það í suðausturhorni en kann einnig að hafa verið á suðurhlíð. Veggir þess eru samansignir, 0,6 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna landbrots

RA-207:079 tóft beitarhús


A 448799 N 361594

Beitarhúsatóft er í grasi gróinn hlíð ofan við Steinbogatorfu, 2,5 km norðaustan við bæ 001 og 360 m norðan við Tóttarhól 014. Hún liggur ofarlega í hlíðinni, um 10-20 m neðan við girðingu sem liggur norður- suður upp á fjall.

Hlíðin er grasi vaxin og smáþýfð og hallar niður til suðausturs.



Tóft RA-207:079, horft til austurs.



Uppmaling af tóft RA-207:079.


Tóftin er 14x10 m að stærð og snýr norður-suður. Hún er torf- og grjóthlaðin og sjást 2-8 umför á nokkrum stöðum. Hæð veggja er 1-2 m og breidd veggja 1,5 m. Mikið hrun er innan tóftarinnar og veggir í norðvesturhorni eru alveg fallnir inn í tóftina. Hæstu hleðslurnar eru í norðurveggnum. Tóftin er tvískipt og er inngangur úr hólfi I út til suðurs. Hólf I er syðst í tóftinni og er 5x2 m að innanmáli. Það sést grjóthleðslur nánast í öllu innanverðu hólfinu og það snýr norður-suður. Hólf II er norðan við hólfi I og er 5x2 að innanmáli. Það snýr vestur-austur og mikið hrun er í vesturhluta þess.

Hættumat: engin hætta

RA-207:080_01 tóftir heystæði

A 447978 N 362244

Sextóftir eru suðaustast á lágu holti, um 250 m norðan við tóft 081 og 2,8 km norðan við bæ 001.



Uppmaling af tóftum RA-207:080.

Tóftirnar raðast í hnapp á svæði sem er 38x16 m að stærð og snýr austur-vestur. Allar tóftirnar, utan einnar eru heystæði. Tóftirnar eru innan skógræktarsvæðis. Nýlega er búið að planta furutrjám til norðurs, í holtiþrúnina. Tóftirnar munu skemmast á næstu árum af þeim sökum.

Svæðið er algróið og smápýft. Fast sunnan við holtið er mýri. Í mýrinni eru víða sjálfssáðir víðirunnar. Tóft 080_1 er til austurs, á milli tóftar 080_3 að sunnan og tóftar 080_2 til norðurs. Hún er 7,5x4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Tóftin er torfhlaðin og opin til austurs. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd, víða rofnir og nánast útflattir. Þeir eru 0,2-0,4 m á hæð og eru hæstir til norðurs.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:080_1, horft til austurs.



Tóft RA-207:080_2, horft til norðurs.

RA-207:080_02 tóft heystæði

A 447977 N 362251

Tóft 080_2 er fast norðan við tóft 080_1. Mögulega voru þær sambyggðar en tengslin á milli þeirra eru horfin. Tóftin er 3,7x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Ekkert op sést inn í tóftina. Veggirnir eru 0,2 m á hæð og 1 m á breidd, lægstir til suðurs við tóft 080_1. Tóftin er í afliðandi halla til suðurs, niður brekku.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:080_03 tóft heystæði

A 447982 N 362240

Tóft 080_3 er 2 m sunnan við tóft 080_1. Hún er 6x6 m að stærð og op er í norðausturhorni. Tóftin er í afliðandi halla til suðurs, niður að mýrinni. Veggirnir eru torfhlaðnir, 0,2-0,4 m á hæð og algrónir. Þeir eru nánast útflattir til vesturs og tóftin aflöguð í þá átt.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:080_3, horft til suðausturs.



Tóft RA-207:080_4, horft til suðausturs.

RA-207:080_04 tóft fjárskýli

A 447956 N 362239

Tóft 080_4 er tæpum 17 m VSV við tóft 080_1, neðst í brekkunni. Gæti verið eina fjárskýlið á svæðinu, umfang veggja gefur það einna helst til kynna. Tóftin er 5x3,5 m að stærð og snýr austur-vestur. Tóftin er einföld og opin til suðurs. Veggirnir eru 2 m á breidd, 0,5-0,7 m á hæð og torfhláðir. Þessi tóft er best varðveitt og gæti allt eins verið yngsta tóftin á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:080_05 tóft heystæði

A 447946 N 362242

Tóft 080_5 er 5 m vestan við tóft 080_4. Hún er 6,5x3 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Tóftin er sigin, óljós og líkist einna helst þústi til norðurs. Veggir eru greinilegir til suðurs, 0,2-0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Op er til suðurs. Að vestan eru veggirnir beinir og 0,3 m á hæð. Þústin til norðurs gæti verið annað hólf eða hrun.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:080_06 tóft heystæði

A 447970 N 362241

Tóft 080_6 er 1,5 m vestan við tóft 080_3, milli hennar og tóftar 080_4. Tóftin er mjög óljós, þýðir bakkar gefa veggina einna helst til kynna. Veggirnir eru 0,1-0,2 m á hæð og 0,5 m á breidd. Op er í suðvesturhorni. Tóftin er 5,5x3 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:080_5, horft til suðurs.



Tóft RA-207:080_6, horft til suðurs.


RA-207:081_01 tóft heystæði

A 447961 N 361985

Tóft er sunnan undir litlu holti, skammt norðan við Illagil 013. Tóftin er rúmum 240 m sunnan við tóftir



Tóft RA-207:081_1, borft til austurs.



Uppmaling af tóftum RA-207:081.

080 og tæpum 2,6 km norðan við bæ 001. Staðsetningin gefur til kynna að um hey- eða móstæði sé að ræða. Á loftmynd mótar fyrir annarrri tóft tæpum 40 vestar en skrásetjari varð hennar ekki var við vettvangsvinnu. Svæðið er kílræst og búið að planta barrtrjám um allt. Tóftin varð illgreinileg á yfirborði við þá framkvæmd að öllum líkindum.

Brekkan er 10 m há og afliðandi niður að mýri til suðurs. Svæðið er kílræst stórpýft og nýtt til skógræktar. Tóftin er 13,5x11 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Hún er í afliðandi halla niður brekku. Veggirnir eru 2-3 m á breidd, grasivaxnir og þýfðir. Þeir eru 0,2 m á hæð og nánast útflattir. Tóftin er torfhláðin og ekkert op sést inn. Víða er rof og þar glittir í mold. Suðurhluti tóftarinnar er ógreinilgur og þúfur sýna hann einna best.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:081_02 tóft heystæði

A 447909 N 361987

Tóft 080_2 sést á loftmynd um 30 m vestan við heystæði 81_1. Hún er mikið röskuð vegna plægingar en virðist 11x9 m að stærð, einföld og snúa NNV-SSA. Á loftmyndinni má greina að tóftin er opin til suðausturs, fram í mýrina.


RA-207:082_01 tóft beitarhús

A 448390 N 362326

Beitarhús eru í heiði, norðvestan við svokallaðan Fjallgarð. Beitarhúsin eru tæplega 170 m NNA við beitarhús 027 og um 3 km norðan við bæ 001. Tóftirnar eru í brekku sem hallar til suðurs, á "stalli" þar er. Lækjargil er fast til norðurs. Tóftirnar eru alls þrjár, á svæði sem er 40x25 m að stærð og snýr NNA-SSV.

Gróinn ás. Hann er grasivaxinn og þýfður innan skógræktarsvæðis. Búið er að planta barrtrjám til allra átta frá tóftunum. Fyrir norðan eru sléttir flákar, líklega eftir efnistöku við gerð þeirra.


Tóft 082_1 er syðst. Hún er á grónu, flötu svæði og grafin inn í brekku til austurs. Hún er 14x5 m að stærð, snýr austur-vestur og skiptist í tvö hól. Hólf 1 er vestar. Það er 6x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Ekki mótar fyrir jötu né garða þar inni. Veggirnir eru torfhláðnir, 0,4-0,6 m að stærð og 2-2,5 m á breidd. Þeir eru signir og lækka til austurs að utan. Hólf 2 er austar og er niðurgrafin hlaða að baki beitarhúsunum. Hún er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur.



Uppmaling af fornleifum RA-207:082.

Að austan afmarkast hólfíð af kanti. Veggirnir eur 0,2 m á hæð að utan en 1,8 m að innan. Ekkert op sést á yfirborði inn í hlöðuna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:082_1, borft til vesturs.



Tóft RA-207:082_2, borft til vesturs.

RA-207:082_02 tóft fjárskýli

A 448400 N 362353

Tóft 082_2 er tæpum 30 m norðar, á suðurbrún lækjargils. Lögun tóftarinnar bendir til þess að um fjárskýli sé að ræða. Tóftin er 7x4 m að stærð, einföld og snýr austur-vestur. Veggirnir eru bogadregnir og op er til austurs, upp í brekkuna. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Þeir eru skýrastir að utan til suðurs. Til vesturs eru þeir signir, niður brekku. Inni í tóftinni er stórþýfi, líklega hrún.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:082_03 þúst heystæði

A 448407 N 362354



RA-207:082_3, borft til norðvesturs.

Þúst 082_3 er 2 m austan við tóft 082_2. Líklega er þetta heystæði sé tekið mið af staðsetningu þústarinnar. Hún er 7x5 m að stærð, græn og mikið af þúfum eru á henni. Ofan á tóftinni mótar fyrir beinum bökkum eða ekki var hægt að mæla þá né sjá greinilegt tóftalag. Þústin er 0,3 m á hæð.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

RA-207:083 þúst óþekkt

A 448207 N 361501



Þúst RA-207:083, borft til SSV.

Lítill þúst er í brekku, 65 m norðaustan við rústahól 089 og tæpum 2.2 km NNA við bæ 001, milli skógrækarreita á svæðinu.

Svæðið er grasi vaxið og smáþýft. Trjám hefur verið plantað 25 m norðaustan við þústina.

Þústin er 8.,5x8,5 m að stærð og er nánst hringlaga. Hún er fremur óljós og þýfð en ekki er neitt greinilegt innanmál. Þústin er 0,5 m á hæð en þúfur efst á henni gera hana þó örllítið hærri á nokkrum stöðum. Ekki eru neinar aðrar þústir á svæðinu og landið fremur flatt og var því áveðið að

skrá hana með sem hugsanlega fornleif.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:084 varða óþekkt

A 448522 N 362249

Torfhlaðin varða er tæpum 3 km norðan við bæ 001 og tæpum 260 m norðaustan við beitarhús 027. Varðan er norðvestan í Fjallgarði, á brún ássins og sést víða að. Hlutverk hennar er óþekkt.



Þýfð, gróin brekka. Bratt er til austurs, niður að læk og mýri. Varðan er innan skógræktarsvæðis og mikið af trjám eru vestan við Fjallgarðinn.

Varðan er torfhlaðin, 1,5x1,5 m að grunnfleti og 0,5 m á hæð. Varðan líkist pýramída í laginu og er mun grænni en nánasta umhverfi.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

Varða RA-207:084, horft til vesturs.

RA-207:085 heimild um útihús

A 447601 N 359556

Samkvæmt bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 var útihús um 18 m austan við úthús 004 og 130 m norðvestan við bæ 001. Gömul fjárhús undir þaki eru 20 m sunnar í túninu.

Túnið er í halla til suðurs og mikil trjárækt er fast suðvestan við ætlaða staðsetningu útihússins.

Engin ummerki um útihúsið sjást á yfirborði og hefur það líklega verið sléttað í tún.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-207:086_01 tóft fjárskýli

A 449439 N 362176

Tvær tóftir eru nyrst í Drápuhól, rúmum 130 m norðaustan við tóftir 087 og tæpa 3,3 km NNA við bæ 001. Þær eru á svæði sem er 11x55 m að stærð og snýr austur-vestur. Minjarnar eru uppi á bakka, fast vestan við Kvoslækjará. Drápufoos er skammt sunnar og áin rennur í djúpu gili. Lögum og staðsetning minjanna benda til þess að um fjárskýli sé að ræða.



Tóftirnar eru á mörkum holts og deiglendis.

Vírigirðing er fast austar, meðfram Kvoslækjará.

Rof er meðfram gilinu til suðurs.

Tóft 086_1 er vestar. Hún er 6x5 m að stærð og snýr austur-vestur. Hún er afar sigin, torfhlaðin og óskýr.

Veggirnir er 0,2-0,3 m á hæð, 1,5 m á breidd og algrónir. Það mótar óljóst fyrir opi til suðausturs, upp í holtið.

Hættumat: engin hætta

Uppmæling af tóftum RA-207:086.

RA-207:086_02 tóft fjárskýli

A 449446 N 362177

Tóft 086_2 er 1 m austan við tóft 086_1. Hún er 4,8x3,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Tóftin er 0,2-0,3 m á hæð. Hún er óskýrari en tóft 1 og lítið annað en græn þúst með óljósu innra byrði veggja.

Tóftin er opin til VSV.

Hættumat: engin hætta




Tóft RA-207:086_1, borft til norðurs.



RA-207:086_2, borft til austurs.

RA-207:087_01 tóftir beitarhús

A 449312 N 362122



Uppmaling af fornleifjum RA-207:087.


Skammt vestan við Drápuhól eru beitarhús, á svæði sem er 60x37 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Á svæðinu eru samtals sjö fornleifar. Tóftirnar eru á hólbungu, innan svæðis sem tilheyrir Kvoslæk í dag. Minjarnar voru líklega ekki í notkun á sama tíma sé tekið mið af ástandi þeirra. Tóftirnar eru 180 m norðvestan við beitarhús 037 og rúmum 3,1 km norðan við bæ 001. Svæðið er raskað, vírgirðing liggur fast vestan þess.

Frá tóftunum er víðsýnt

til allra átta nema vesturs, þar er ás sem kallast Fjallgarður. Á milli tóftanna og ássins er mýrarsund.

Tóftir 087_1 - 087_4 eru austan og norðaustan við holtið, í aflíðandi brekku. Tóft 087_1 er nyrst þeirra og er af beitarhúsum. Hún er 6,7x5,6 m að stærð, einföld og snýr norður-suður. Veggirnir eru torfhlaðnir, 2 m á breidd og 0,3 m á hæð. Tóftin er sigin og óljós á köflum. Hún er nánast hringlaga og algróin.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:087_1, borft til norðurs.



RA-207:087_2, borft til suðausturs.

RA-207:087_02 tóft heystæði

A 449315 N 362116

Tóft 087_2 er 2 m suðaustan við tóft 087_1. Hún er 6x4 m að stærð, snýr norður-suður og er einföld. Tóftin er umfangslítill og líklega heystæði. Veggirnir eru 1-1,5 m á breidd og 0,2 m á hæð. Þeir eru torfhlaðnir og algrónir. Óljóst mótar fyrir opi til suðurs. Þúfur sýna útlínur tóftarinnar einna best.

Hættumat: engin hætta

RA-207:087_03 tóft beitarhús

A 449309 N 362109

Tóft 087_3 er 4 m suðvestan við tóft 087_2 og er af beitarhúsum. Tóftin er 9,5x6 m að stærð, snýr norður-suður og skiptist í tvö hólf. Veggirnir eru algrónir, torfhlaðnir og signir. Þeir eru 2 m á breidd og 0,3-0,4 m á hæð. Op er á báðum hölfum til austurs, niður brekkuna. Hólf 1 er norðar. Það er 2,5x1,8 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Hólf 2 er sunnar og er 2x1,4 m að innanmáli.

Hættumat: engin hætta



Tóft RA-207:087_3, borft til austurs.



Tóft RA-207:087_4, borft til norðvesturs.

RA-207:087_04 tóft fjárskýli

A 449293 N 362112

Tóft 087_04 er rúmum 8 m vestan við tóft 087_3, uppi á holtinu. Hún er á lágum, stakstæðum hól og er nánast ferköntuð. Hún er 5,5x5,5 m að stærð, er einföld og opin til suðausturs. Skammt norðar er mýrarlæg og deiglendi. Veggirnir eru 0,3-0,4 m á hæð og algrónir.

Hættumat: engin hætta

RA-207:087_05 gryfja brunnur

A 449278 N 362100

Gryfja 087_5 er líklega brunnur. Hún er uppi á hólnum, 5 m norðan við beitarhús 087_6. Gryfjan er 2x2 m að stærð og 0,4 m djúp. Hún er full af grasi og ekki sér móta fyrir hleðslu meðfram henni.

Hættumat: engin hætta

RA-207:087_06 tóft beitarhús

A 449276 N 362093

Tóft 087_6 er 5 m sunnan við brunn 087_5 og er af beitarhúsum, þeim yngstu á svæðinu. Vesturendi tóftarinnar er mikið raskaður vegna vírgirðingar á merkjum milli Kvoslækjar og Kollabæjar, girðingin fer m.a. yfir vegg tóftarinnar. Tóftin er torfhlaðin og vesturendinn líkist þúst m.a. vegna girðingarframkvæmda. Tóftin er 12x7 m að stærð, skiptist í þrjú hólf og snýr austur-vestur. Hólf 1 er austast og er niðurgráfin hlaða. Hólfið er 3x2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,3-1,7 m á hæð, lægstir að utan en hæstir að innan. Hólfið er 0,6 m dýpra en aðrir hlutar tóftarinnar. Ekkert op sést þar inn. Veggirnir að utan eru 0,2-0,4 m á hæð. Hólf 2 er sunnan við hólf 1. Það er skýrt afmarkað til allra átta nema suðurs, sá veggur er horfinn. Hólfið var líklega 7x3 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Veggirnir eru 0,1-0,3 m á hæð og algrónir. Hólfið er opið til vesturs. Hólf 3 er syðst og sést til austurs og suðurs. Það var 2,5x2,5 m að stærð og opið til vesturs. Veggirnir eru eins og í hólfi 2.

Hættumat: engin hætta



Brunnur RA-207:087_5, horft til austurs.



Tóft RA-207:087_6, horft til ASA.

RA-207:087_07 þúst heystæði

A 449286 N 362093

Þúst 087_7 er 3 m norðaustan við beitarhús 087_6. Hún er uppi á háhólnum, er 0,4 m á hæð og lækkar til norðausturs, niður hólinn. Hún er algróin og um 5 m í þvermál.

Hættumat: engin hætta



Þúst RA-207:087_7, horft til norðvesturs.



Varða RA-207:088, horft til norðurs.

RA-207:088 varða

A 449299 N 361806

Varða er 200 m suðvestan við beitarhús 037 og tæpa 2,9 km norðan við bæ 001. Hún er á lágum hól í mýri, sunnan við Drápuhól.

Varðan er torfhláðin, 0,5 m á hæð og 1x1 m að grunnfleti. Hún er á brún vestan við Kvoslækjará og gæti verið vegvísir á leið að einhverjum þeim beitarhúsum sem eru norðar.

Hættumat: engin hætta

RA-207:089_01 tóft fjárhús


A 448176 N 361428



Tóft RA-207:089_1, horft til austurs.

Minjasvæðið samanstendur af þremur tóftum og rústahól og er staðsett rúmum 2,1 km NNA við bæ 001 og 780 m norðaustan við Bárðarskúta 021. Minjasvæðið er á milli tveggja skógræktarsvæða og skógræktarvegur liggur 35 m suðvestan við rústahólinn.

Rústahólinn er hár og rís nokkuð vel upp úr landinu, þrátt fyrir að nýleg skógræktarsvæði skyggi orðið verulega á útsýnið. Svæðið í kringum hólinn er grasi vaxið og smápýft. Fjárhústóft 089_1 er suðaustast á rústahólnum, 6 m suðaustan við tóft 089_2. Hún er stærst tóftanna þriggja,



Uppmaling af tóftum RA-207:089.

15,5x13,5 m á stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er torf- og grjóthlaðin og sést móta fyrir hleðslum á fjölmörgum stöðum, allt að 5-6 umför. Hleðslugrjótið er oftast en ekki hellugrjót og mikið af stórum hellum. Mikið grjóthrun er innan tóftar en sérstaklega í inngangi og á milli hólfa. Inngangur er á suðausturhlið, inn í hólfi I en hugsanlega hefur einnig verið inngangur á sömu hlið inn í hólfi II, þó svo að það sé mjög óljóst. Veggir eru stórir og sterklegir og eru 1,5-1,8 m á hæð innan tóftarinnar en aðeins 0,5-1 m að utan. Tóftin skiptist upp í þrjú hólfi. Hólfi I er staðsett suðaustast í tóftinni og er 5,5x1,5 að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur. Hólfi II er norðvestan við hólfi I og er 5x2 m að innanmáli. Það snýr norðaustur-suðvestur. Hólfi III er norðaustan við hólfi I og II. Það er 7,5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Fjárhúsið er yngsta tóftin á rústahólnum og er frá 19.-20. öld.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

RA-207:089_02 tóft beitarhús

A 448163 N 361430

Tóft 089_2 er 6 m suðvestan við tóft 089_1. Hún er 10,5x10,5 m að stærð og er nánast hringlaga. Hún er torfhlaðin og veggir frekar óljósir, 0,3-0,5 m á hæð. Tóftin er mjög gróin og veggir signir. Suðausturveggurinn er alveg horfinn og mögulega hefur torfið úr honum verið tekið til þess að fylla upp í vegg í tóft 089_1 þegar sú fyrrnefnda fór úr notkun. Tóftin er einföld og inngangur er á norðvesturhlið. Innanmálið er 5x4 m og tóftin snýr norðvestur-suðaustur. Líklega hefur tóftin verið einhverskonar gripahús, hugsanlega lítið fjárhús og hefur það verið í notkun áður en beitarhús 089_1 voru byggð.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:089_2, horft til vesturs.



Tóft RA-207:089_3, horft til vesturs.

RA-207:089_03 tóft beitarhús

A 448151 N 361436

Tóft 089_3 er staðsett 5 m norðvestan við tóft 089_2, vestast á rústahólnum. Hún er 10,5x8,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhláðin og hæð veggja er 0,2-0,3. Tóftin er mjög gróin og veggir signir og ógreinilegir. Tóftin er einföld og innanmál er frekar óljóst vegna gras og þúfna. Það var þó túlkað sem 7x2,5 m að stærð og inngangur hefur líklega verið á suðausturhlið tóftarinnar. Hlutverk mannvirkisins hefur áreiðanlega verið svipað og hinna tveggja og tengist líklega gripahaldi. Tóftin er greinilega eldri en 089_1 en hvort þú hafi verið í notkun á sama tíma og 089_2 eða sé eldri eða yngri, er erfitt að gera sér grein fyrir.



Hóll RA-207:089_4, borft til SSA.


Hættumat: hætta, vegna trjáræktar**RA-207:089_04** þúst beitarhús

A 448193 N 361421

Skógrækt er beggja vegna við rústahól 089_4, í 10-15 m fjarlægð frá honum. Tóftir 089_1 – 087_3 eru staðsettar ofan á hólnum sem er áberandi. Hóllinn er 58,5x24 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hann er u.þ.b 1 m á hæð og frekar þýfður en nokkuð flatur að ofan. Líklega leynast ýmsar mannvistarleifar umdir sverði á þessu svæði, hugsanlega eldri beitarhús eða sel.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar**RA-207:090** tóft óþekkt

A 449696 N 364624



Uppmaling af tóft RA-207:090.

Vestan undir Þríhyrningi og norðaustan við Engidal er stór tóft nærri bakka Fiskár. Þústin er 630 m norðvestan við tóftir 025 í Innri-Kofatungu og 5,5 km norðaustan við bæ 001. Lítil og fremur grunn grafgil eru austan og vestan við hana en ógna henni ekki.

Tóftin er á flatlendu vallendi sem er smáþýft og grösugt.

Tóftin er 15x11 m að stærð og snýr nálega norður-suður. Hún er líklega að mestu leyti torfhláðin og er orðin illa farin af rofi og austurhluti hennar er nánast horfinn af þeim sökum. Vestur- og suðurhliðar tóftarinnar eru mjög greinilegar og norðurhliðin nokkuð greinileg en varla meira en 0,1-0,2 m á hæð. Vesturhliðin er hæst en hún er 0,6 m á hæð. Ekki er útilokað að um tvö sambyggð hús sé að ræða en á miðri vesturhlið gengur veggurinn lítilllega inn til austurs sem

gæti gefið til kynna skil á milli húsa. Í norðvesturhorni sést óljóst innanmál lítils hólfis sem er 2x1,5 m

að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Það er 0,1-0,2 m á dýpt og ekki sést skýrt op inn í það. Eins má óljóst greina hluta af innanmáli hólfis í suðurenda en ekki er hægt að áætla stærð hólfisins. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en hún gæti tengst sauðagöngu frá Kollabæ og verið fjárskýli eða beitarhús.

Hættumat: engin hætta

Tóft RA-207:090, borft til norðausturs.

RA-207:091 Kofatunga tóft beitarhús


A 450009 N 364117

Á miðri Kofatungu er lítil tóft á jafri rofabarðs á norðausturbrún tungunnar. Tungun er nokkuð mishæðött og brött, hallar til VNV. Vestan og sunnan við tóftina eru mishæðir og heldur grænna gras

en annarsstaðar. Þar gætu fleiri minjar verið undir sverði en þá eru þær alveg útlattar. Tóftin er 210 m suðvestan við tóftir á Innri-Kofatungu og 5,2 km norðaustan við bæ 001. Í Kofatungu er grasi gróið vallendi, lítið þýft.



Tóft RA-207:091, horft til norðvesturs.



Uppmaling af tóft RA-207:091.

Tóftin er sem fyrr segir alveg frammi á rofbrún og er röskuð þar. Hún er 5x4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Það mótar fyrir innanmáli í einu hólfi en ekki er sýnilegt op inn í það. Austurhorn tóftarinnar er rofið en hefur gróið aftur. Veggjahleðslur eru 0,2-0,3 m á hæð. Ætla má að tóftin hafi gegnt hlutverki fjárskýlis líkt og tóftir á Innri-Kofatungu.


Hættumat: hætta, vegna rofs

RA-207:092 tóft óþekkt

A 450168 N 364318

Tvískipt tóft er í lítilli tungu innan og norðan við Innri-Kofatungu, 75 m norðvestan við tóftir 025 sem þar eru og 5,5 km norðaustan við bæ 001. Tóftin er neðarlega í þessari tungu og á suðvesturbrún hennar þar sem lágt er fram af henni ofan í lækjargil. Ofan og austan við tóftina er tungan talsvert brött. Tungan er öll grasi vaxin en talsvert rof er í henni allra efst. Neðan og vestan við tóftina er deiglent þar sem gerðið er og það mjög sigið og gengið í þúfur þar sem blautast er.

Tóftin er 12x10 m að stærð og snýr norður-suður. Í suðausturhorni hennar er mjög greinilegt hólfi sem er torf- og grjóthlaðið og er byggt inn í aflíðandi halla til vesturs. Er það 2,5x1 m að innanmáli og snýr eins og tóft. Op er úr því á miðri vesturhlið inn í mun stærra hólfi sem er sigið og virðist eingöngu torfhlaðið. Framan við opið er stórtþýft, líklega eftir útmokstur eða hrun. Veggir í þessu hólfi eru aðeins farnir að síga saman en eru 1,3 m á hæð innanmáls og sjást 3 umför hleðslu í innra byrði veggja. Utanmáls eru veggir í þessu hólfi 0,8 m á hæð. Stærra hólfið er 8,5x4 m að innanmáli og snýr norður-suður. Óljóst op er út úr því og tóftinni á miðri austurhlið, fast norðan við minna hólfið í austurhorni. Ytri brún á norðurvegg er nánast útlöft en innri brúnin er skýr. Veggir þess eru 1,5-2 m á breidd og 0,3 m á hæð utanmáls. Hlutverk tóftarinnar er óljóst en hún kann að hafa verið notuð í tengslum við útbeit á svæðinu.



Uppmaling af tóft RA-207:092.



Tóft RA-207:092, horft til vesturs.

Lögun og útlit tóftarinnar gæti einnig gefið til kynna að hún hafi verið stekkur en næsta þekkta býli er Engidalur RA-213:011 í landi Vatnsdals. Ekki tókst þó að staðsetja býlið þegar skráning fór fram á þeirri jörð og því ekki ljóst hver fjarlægð þess er frá tóftinni.


Hættumat: engin hætta

RA-207:093_01 tóft heystæði

A 448342 N 361366

Minjasvæði er 170 m suðaustan við rústahól 089 og rúmum 2 km NNA við bæ 001. Minjasvæðið samanstendur af sex tóftum sem liggja allar innan skógræktarsvæðis á 75x25 m svæði. Skógræktarvegur liggur vestur-austur, norðan við tóftirnar og norðan við hann er syðsti hluti Fjallgarðs sem er hæðarhryggur. Þetta eru beitarhús og heystæði.


Svæðið er grasivaxið og smápýft. Mikið af trjám hefur verið plantað á svæðið og eru því allar tóftirnar metnar í stórhættu vegna trjáræktar.



Uppmaling af minjum RA-207:093.

Tóft 093_1 er nyrst á minjasvæðinu, rúmum 4 m norðaustan við tóft 093_2. Hún er 4,5x4,5 m að stærð og er hringlaga. Hún er torfhlaðin og veggjahæð er 0,1-0,2 m. Tóftin er einföld og enginn inngangur sést inn í hana. Veggir eru mjög útflattir og þýfðir og innanmál er orðið ógreinilegt, það var þó mælt upp sem 1x1 m.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:093_1, borft til suðausturs.



Tóft RA-207:093_2, borft til suðausturs.

RA-207:093_02 tóft heystæði

A 448332 N 361364

Tóft 093_2 er staðsett rúmum 4 m suðvestan við heystæði 093_1 og 1 m norðaustan við beitarhús 093_3. Hún er 6x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er torfhlaðin og veggir eru ógreinilegir enda mjög útflattir og hlaupnir í þúfur. Hæð þeirra eru um 0,2-0,3 m. Tóftin er einföld og inngangur er á vesturhorni. Innanmál hennar er frekar óljóst en var mælt upp 3x2 m og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin er mjög gróin og mikið og hátt gras er á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar**RA-207:093_03** tóft beitarhús

A 448340 N 361355

Tóft 093_3 er staðsett 6,5 m sunnan við tóft 093_1 og 1 m suðaustan við 093_2. Hún er 7,5x7 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er torfhlaðin eins og hinar og veggjahæð 0,3-0,4. Veggir eru útflattir og tóftin er gróin og mikið hátt gras í kringum hana. Hún skiptist upp í tvö lítil hólf. Hólf I er vestar í tóftinni. Það er 2x1 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Hólf II er austan við hólf I og það er 2x1 m og snýr nánast austur-vestur. Innangengt er á milli hólfanna.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar**RA-207:093_04** tóft fjárskýli

A 448357 N 361356

Tóft 093_4 er 12 m austan við tóft 093_3. Hún er 6x5,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er torfhlaðin og veggir eru 0,1-0,3 m á hæð, mjög útflattir og hlaupnir í þúfur. Tóftin er einföld en innanmál hennar er þó mjög óljóst og vart sjáanlegt. Það var þó mælt upp sem 2,5x1,5 og inngangur á norðvesturhlið.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar*Tóft RA-207:093_3, horft til suðurs.**Tóft RA-207:093_4, horft til suðurs.***RA-207:093_05** tóft beitarhús

A 448372 N 361355

Tóft 093_5 er 7 m austan við tóft 093_4 og er af yngstu beitarhúsum á svæðinu. Hún er stærst tóftanna sex, 16x7,5 m á stærð og snýr NNA-SSV. Hún virðist vera torfhlaðin og veggjahæð er 0,3-0,6 m. Hún er greinilegust tóftanna á svæðinu og auðveldara að greina innanmál hennar en hinna. Tóftin skiptist upp í 4-5 hólf. Hólf I er nyrst og er 3x2,5 m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Hólf II er sunnan við hólf I. Það er mjög lítið, 1x0,5 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Hólf III er sunnan við hólf II. Það er einnig frekar lítið, 1,5x1 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Hólf IV er staðsett sunnan við hólf III og það er 3x3 m að stærð. Hugsanlegur inngangur er á vesturhlið tóftarinnar og inn í hólf IV. Það er innangengt á milli hólfanna I-IV. Hólf V er sunnan við hólf IV. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr vestur-austur.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar**RA-207:093_06** tóft óþekkt

A 448404 N 361361

Tóft 093_6 er staðsett austast á minjasvæðinu, 25 m austan við beitarhús 093_5 og rúmum 55

m austan við tóft 093_1. Hún er 8x4,5 m að stærð og snýr nokkurnveginn norður-suður. Tóftin er torfhláðin og veggir mjög grónir og útflattir. Suðurhluti tóftarinnar er þó sérstaklega orðinn ógreinilegur og innri brún alveg horfin. Hæð veggja er 0,1-0,2 og óljóst er hvar inngangur hefur verið en hann gæti hafa verið á annaðhvort vestur eða austurhlíð. Innanmál er nánast alveg horfið sunnan til en mælist 2,5x2 í tóftinni norðanverðri.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar



Tóft RA-207:093_5, borft til SSV.



Tóft RA-207:093_6, borft til SSA.

RA-207:094 þúst óþekkt



Þúst RA-207:094, borft til VSV.

A 450216 N 363332
Illgreinanleg þúst er efst á hæðarbungu ofarlega í suðausturhlíðum Þríhyrningsháls, um 120 m ofar og norðaustan við sel 035 og 4,6 km norðaustan við bæ 001. Þústin er á nánast sléttri flöt sem vaxin er meira og grænna grasi en er í kring. Litlu ofan við hana er mikið jarðvegsrof og virðist jarðvegur berast með leysingavatni yfir svæðið sem þústin er á. Mögulega skýrir það grænkuna í grasinu og ekki er útilokað að þústin sé náttúrumyndun en ekki signar minjar.

Þústin er um 13,5x6 m að stærð og snýr ANA-VSV. Hún er nokkuð skýrt afmörkuð í VSV enda og þar sést líka óljóst innanmál, en aðrir hlutar eru nánast ógreinanlegir. Þústin er 0,1-0,2 m á hæð. Ekkert er vitað um eðli þessa

mannvirkis en mögulega hefur það verið í tengslum við sel 035.

Hættumat: hætta, vegna rofs


RA-207:095 tóft óþekkt

A 450451 N 362849

Torfhláðin tóft, mögulega tvær saman, eru austan við Hlaup niður við Kvoslækjará, 260 m norðaustan við



Tóft RA-207:095, borft til norðvesturs.



Uppmæling af tóft RA-207:095.

Haldið 039 og 4,4 km norðaustan við bæ 001.

Tóftin er á þurrum og flatlendum, lágum bakka sem er smáþýfður og grösugur.

Tóftin er illa farin af rofi en virðist hafa verið tvískipt. Í suðvesturenda sést norðurhorn tóftar sem hefur að líkindum verið einföld. Sá hluti hennar sem sést er 6,5x6 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hæð veggja í henni er 0,7 m. Þar fast norðaustan við er lág þúst sem er gengin í þúfur. Hún er 5,5x3,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki sést innanmál í henni en hún er 0,3-0,4 m á hæð. Hlutverk tóftarinnar er ekki þekkt en til greina kemur að í henni hafi verið heystæði eða lítil beitarhús og heystæði.

Hættumat: engin hættu

RA-207:096 mannvirki þingstaður
Gríðarstórt, hringlaga mannvirki er á flata neðarlega í hliðum Þríhyrningsháls að austanverðu, á milli Kverkar og mýrar sem heitir Hlaup. Afliðandi brekka með miklum götum á leið 009 er til norðvesturs.

Grasvöxtur er í lögðinni í kringum það og í hliðum þess en annars einkennist gróður af gulu grasi og mosa, smáþýft. Meiri heiðargróður en vallendi.

Mannvirkið er um 2 m á hæð, líklega allt hlaðið úr torfi og er nokkuð afgerandi breið renna meðfram því öllu nema að vestanverðu (8-12 m breið). Það er fremur sporöskjulaga og nokkuð flatt að ofan. Frá ystu mörkum þess er mannvirkið 38x32 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Sé mannvirkið mælt frá efri brún er það 32x24 m að stærð. Á flatanum efst í mannvirkinu má óljóst greina innri brún allstórrar lögðar að norðanverðu. Er hún nokkuð miðsvæðis í mannvirkinu og virðist hafa verið 12-14 m í þvermál. Utan og norðan við þessa brún eru tvær grunnar lögðir, mögulega innanmál hólfa. Sú vestari er sýnu greinilegri en hin, þó ekki dýpri en 0,1 m. Er vestari lögðin 6x4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Sú austari virðist svipuð að stærð. Suðvestast í mannvirkinu er svo einnig grunn lögð sem er 7x5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Ógróið rof er á mannvirkinu í suðausturbrún og þar hefur hrúnið úr því. Mögulega hefur þar verið op inn í mannvirkið. Hlutverk þessa mannvirkis er á huldu og eru engar vísbendingar um það að finna í örnefnum á svæðinu eða heimildum. Því svipar að miklu leyti til sambærilegs mannvirkis sem skráð hafa verið í landi Grafar í Skaftártungu (SF-185:062) og er talið að geti séu minjar um þinghald en rannsóknir eru enn á frumstigi. Er líklegt að það mannvirki sem hér er skráð hafi einnig verið notað í tengslum við þinghald heima í hreppi en hreppaþingstaður var lengi á Kirkjulæk, Kirkjulækjarkotshelli RA-203:003. Engin ummerki um búðatóftir sjást í kringum meintan þingstað.

Hættumat: engin hættu

A 450522 N 363242



Uppmæling af mannvirki RA-207:096. ©Loftmyndir ehf.



Mannvirki RA-207:096, horft til suðausturs.

RA-210 Stöðlakot

5 hdr. 1710, hjáleiga Kollabæjar, byggðist löngu fyrir 1710.

1839: "Eins heyskapatítið að túni og engjum. Hagar í Kollabæjarlandi." SSR, 95 1919: Tún 3,2 ha, garðar 1046 m² "Túnið er út frá bænum í halla móti suðri, slétt og gott, einnig er nokkur túnræktun í engjum. Hagar eru norðaustur frá bænum, allir grónir og grasgefnir nema suðurhliðar Þríhyrnings." SB IV, 436



Túnakort Stöðlakots RA-210 frá 1919 upprétt ofan á loftmynd. Skráðar minjar innan þess sjást sem hvítir punktar, svartar línur og grænir flákar.

Í ritinu Sunnlenskar byggðir segir: «Áður stóð bærinn neðar og vestar og standa tóftir hans enn óhreyfðar.» Í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu segir jafnframt: «Áður stóð bærinn neðar og vestar, og nefnist þar Gamlakot.» Elsti bær Stöðlakots RA-210 er staðsettur inni í húsgarði sumarbústaðar, rúmum 10 m suðvestan hússins og 50 m norðaustan við bæjarhól Kollabæjar RA-207:001.

Garðurinn er grasi vaxinn og tóftirnar er slegnar og haldið vel við. Þær sjást því mjög vel. Mikilið er af trjám og runnagróðri í kringum hólinn.

Bæjartóftin er 30x18,5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Hún er mjög gróin og ekki sést í neinar hleðslur. Það má þó ætla að

bæjarhúsin séu torf- og grjóthlaðin enda má sjá á nokkrum stöðum þurrkubletti í grasinu sem bendir til grjóts undir sverði. Veggjahæð er mjög misjöfn og er allt frá 0,2-1,2 m á hæð. Lægstir eru veggir í vesturenda og hæstir í austurenda. Greinilegur inngangur er á vesturhlið tóftarinnar inn í hólf I en einnig á suðurhlið inn í hólf III. Fleiri hugsanlegir inngangar eru á tóftinni sem lýst verður með hverju hólf fyrir sig. Tóftin skiptist upp í átta hólf. Hólf I er stærst og er staðsett í norðvesturenda tóftarinnar. Það er 7x4 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Inngangur er út til vesturs. Hólf II er staðsett í vesturhorni tóftarinnar og er 3x2,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf III er austan við hólf II og er 3x2 m að innanmáli. Það snýr NNA-SSV og inngangur er inn í það á SSV hlið. Hólf IV er staðsett austan við hólf III og hugsanlega hefur verið inngangur út úr því til suðvesturs en hann er mjög óljós. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf V er staðsett austan við hólf IV og þar hefur einnig verið hugsanlegur inngangur til suðvesturs sem er mjög óljós. Hólf VI er 3x2 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Hólf VII er austan við hólf V og úr því liggja tveir hugsanlegir og óljósir inngangar á SSV-hlið. Það er 3,5x2,5 og snýr austur-vestur. Hólf VIII er staðsett norðan við hólf VI og hugsanlega hefur verið innangengt á milli þeirra þó ummerki um það séu mjög óljós. Hólf IX er lítið, aðeins 2x1,5 og snýr VNV-ASA. Hólf X er staðsett austan við hólf VI og inngangur er út á SSV-hlið. Hólf XI er 4x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Tóftin er hæst í austurhorni og þar myndast lítil þúst í tóftinni. Þar gæti einnig hafa verið hólf. Tóftirnar eru mjög vel farnar og sýnileg eru ummerki um sex bursta bæ með tveimur-þremur bakhúsum. Líklega hefur verið innangengt á milli flestra hólfanna þó svo að þau ummerki sjáist ekki lengur. Burstir hafa vísað til SSV. Ekki er vitað hvenær ábúð lauk í þessum elsta bæ en greinilegt er að hann hefur verið aflagður fyrir árið 1906 þegar bæjarteikningar voru gerðar af svæðinu af dönskum landmælingarmönnum en þá var bærinn staðsettur 70 m norðaustar, sjá 002.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV, 436; Ö-Kollabær og Tunga, 8



Bæjarhóll RA-210:001_1, horft til norðausturs.

RA-210:001_02 kantur kálgarður

A 447739 N 359424

Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, var kálgarður sunnan við bæ 001. Hann sést m.a. á gamalli ljósmynd.

Rúmum 10 m sunnan við bæjartóft 001_1 er smávegis hryggur eða kantur í túninu þar sem kálgarður bæjarins hefur staðið. Hann er 30x10 m og snýr vestur-austur og snýr því ekki nákvæmlega eins og bæjarhúsin sjálf. Hryggurinn er 0,1 m á hæð og hugsanlega sést svolítill þúst í vesturenda hans. Þessi kálgarður hefur verið sléttaður í túnið og sést því ekki betur en svo.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-210:002_01 bæjarstæði bústaður

A 447808 N 359514

Í ritinu Sunnlenskar byggðir segir um Stöðlakot: «Bærinn stendur hátt og víðsýni er þar mikið og fagurt til allra átta. [...] Íbúðarhúsið var byggt árið 1910, timburhús járnklætt, ein hæð með risi. Byggt var við húsið 1933. Í húsinu eru: 1 stofa (baðstofa), 2 herb. og eldhús. Alls er húsið 89 m³.» Á bæjarteikningu frá 1906 sést að bæjarhúsin stóðu þá í norðvesturjaðri túnsins. Kálgarður 002_3 var sunnan við húsin og samfast bæjarhúsunum var hlóðaeldhús 002_2 og smiðja 003. Yngri bæjarhóll Stöðlakots er 50 m norðaustan við sumarbústað á lóðinni og tæpum 65 m norðaustan við bæ 001.

Bæjarhóllinn er þýfður og aflangur og í kringum hann er sléttáð tún.



Uppmaling af bæjarstæði RA-210:002



Bæjarstæði RA-210:002_1, horft til suðvesturs.

Bæjarhóllinn ber greinilega þess merki að ábúð var ekki lengi á svæðinu og ekki hefur safnast upp eiginlegur bæjarhóll. Hóllinn sjálfur er frekar lágur og minjar á honum óreglulegar. Hann er 37x21 m að stærð og hæð hann er um 0,5 m hár. Minjarnar á bæjarhólunum bera þess augljóslega merki að þar hafi staðið mannvirki sem nú hafa verið rifin og skilja eftir sig lítil ummerki. Á hólunum miðjum sunnarlega er lítil dæld, 3x2 m að stærð. Tæpum 15 m austan við dældina er svo L-laga torfhleðsla, 4,5x4,5 m að stærð. Á milli dældarinnar og torfhleðslunnar má sjá kant sem liggur einnig L-laga, sunnarlega á hólunum. Hann liggur á 4 metra löngum kafla norður suður en beygir svo til austurs og liggur þar á 6 m löngum kafla. Þessi ummerki eru óregluleg og erfitt að gera nákvæmlega grein fyrir þeim og bera merki um niðurrif timburhússins sem byggt var árið 1910. Einhverjar eldri minjar gætu þó leynst undir sverði frá torfhúsum sem byggð voru fyrr 1910, en bæjarteikning frá 1906 sýnir að bæjarhúsin stóðu á þessu svæði það ár, áður en timburhúsið var byggt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: SB IV; 436; Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:002_2 dæld eldhús

A 447821 N 359515



Eldhús RA-210:002_1, horft til suðurs.

Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, var hlóðaeldhús fast austan við bæjarhóllinn. Það var samtengt honum. Austast á bæjarhólunum er aflöng dæld, eins og innanmál í tóft. Dældin er 7x1,5 m og um 0,4 m á dýpt. Þetta gætu verið leifar eftir hlóðaeldhúsið sem stóð austan við bæjarhóllinn.

Hættumat: stórhætta, vegna ábúðar

RA-210:002_03 garðlag kálgarður

A 447824 N 359500

Fast sunnan við bæjarhólinn sést smávegis hryggur og lítil kantur í sléttuðu túninu. Hryggurinn sést vestan til en kantur austan til. Þetta eru líklega leifar af kálgarði sem sést á bæjarteikningu frá 1906 og túnakorti frá 1919. Kálgarðurinn er 25x6 m að stærð og snýr vestur-austur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:003 heimild um smiðju

A 447828 N 359511

Samkvæmt túnakorti frá 1919 og bæjarteikningu frá 1906 var útihús fast austan við bæ 002. Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, var þetta smiðja sem var samtengd bæjarhúsunum. Smiðjan var 5 m austan við bæjarhólinn og rúmum 100 m norðaustan við bæ 001.

Smiðjan stóð í túninu sem hefur nú verið sléttað.

Ekki sjást neim ummerki um smiðjuna á yfirborði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:004 kantur fjárhús

A 447867 N 359591

Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildamanni, voru fjárhús ofarlega í brekkunni norðan við bæ 002 en þau fuku í heilu lagi eina óveðursnóttina. Tóftir þeirra eru rúmum 180 m norðaustan við bæ 001 og tæpum 100 m norðaustan við bæ 002. Túngarður RA-210:010_2 lá þvert yfir svæðið og ljóst að fjárhúsin eru yngri, þau eru ekki sýnd á túnakorti frá 1919.

Túnið er ræktað og hefur verið slegið en þar sem fjárhúsin standa er blettur í túninu sem ekki er sleginn.

Fjárhúsin eru nánast alveg horfin og sést aðeins smávegis dæld í túninu, steyptir veggir og ferkantaður grunnur.

Rústirnar eru um 5x3,5 m að stærð og snúa vestur-norður. Þau hafa verið í jaðri túnsins eins og það var árið 1919 og hluti túngarðs 010 sést austan við það. Hæð steyptu veggjanna og kantanna eru um 0,3 m.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar



Kantur RA-210:004, horft til ASA.

RA-210:005 Rokhóll heimild

A 447356 N 359191

Í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu segir: «Á bakkanum neðan við veginn er lítil hólbunga; þar hafa fyrrum verið einhverjar byggingar, og heitir hún Rokhóll.» Rokhóll er 480 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 20 m sunnan við þjóðveginn [Fljóthlíðarveg 261].

Rokhóll er þýfður flatlendur hóll. Sunnan við hólinn er fremur blautt svæði en þar rann áður kelda sem nú er nánast uppþornuð. Sunnan við hólinn eru tún í rækt. Yfir nyrsta hluta hólsins liggur girðing, vestur-austur.

Rokhóll er 22x13,5 og snýr norðaustur-suðvestur. Hann er fremur flatur að ofan og hugsanlega sést móta fyrir einhverjum óreglulegum minjum á honum en þær eru mjög óljósar. Það má þó vænta þess að undir sverði leynist einhver mannvist. Þúst er frekar norðarlega á Rokhól, nánast upp við girðinguna. Hún er 6x5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er þó



Rokhóll RA-210:005, horft til vesturs.

nánast hringlaga og er um 0,3-0,4 m á hæð. Hleðsla er syðst á Rokhól. Hún liggur í beygju meðfram suðvestur jaðri hólsins, á 9 m löngum kafla. Hún er líklega torfhláðin en er þó mjög gróin. Hún er um 0,1-0,2 m á hæð og 1,3 m á breidd.

Hættumat: hætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 8

RA-210:006_01 *Ingimundarstekkatún* heimild um stekk A 447210 N 359292

Í örnefnalýsingu Kollabæjar og Tungu segir: «Ingimundarstekkatún er ofan vegar.» Ingimundarstekkatún er rúmum 180 m norðvestan við Rokhól 005 og tæpum 560 m suðvestan við bæ 001, í þýfðri órækt vestan við heimreiðina upp að Stöðlakoti og Kollabæ. Minjasvæðið á Ingimundarstekkatúni samanstendur af horfnum stekk 006_1 og túngarði 006_2 sem liggur utan um Stekkatún.

Svæðið er fremur flatt og þýft en vestan við það eru ræktuð tún. Stekkjatúnið sést vel þar sem grasið er ljósgrænna á því svæði sem sekkurinn mun hafa verið.

Ekki sjást nein ummerki um stekk á svæðinu en óljóst er af hverju hann er horfinn.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Kollabær og Tunga, 8

RA-210:006_2 garðlag túngarður

A 447244 N 359315



Túngarður RA-210:006, horft til suðausturs.

Túngarður 006_2 sést norðan við stekkatúnið en afamarkaði líklega allar hliðar þess. Hann myndar 90° horn en rof er í miðju hans. Hann afmarkar svæði sem er 70x50 m. Túngarðurinn er þýfður en þó greinilegur. Hann er 0,2-0,5 m á hæð og um 1 m á breidd. Við utanverðan túngarðurinn er greinileg renna þar sem jarðvegi hefur líklega verið mokað upp við gerð hans. Hugsanlega hefur það einnig verið gert til að ræsa fram svæðið en það er fremur blautt og vatn safnast saman í rennunni. Líklega hafa þessir garðar verið byggðir til að halda búfénaði innan stekkatúnsins.

Hættumat: engin hætta

RA-210:007 álagablettur óþekkt

Í svörum Oddgeirs Guðjónssonar frá Tungu við spurningalista 82 sem finna má í Sarpi, menningarsögulegu gagnasafni segir: „Í Stöðlakoti er gamall garður austur frá bænum, sennilega gamall túngarður sem ekki mátti hrófla við, væri það grrt áttu að hljóta af því óhöpp annað hvort á fólki eða fénaði.“ Garðbrotið sést ekki lengur og hefur að öllum líkindum verið sléttað í túnið á seinni árum. Það var austan við bæ 002 og óvíst hversu langt frá bænum en hugsanlega um 30-40 m frá honum.

Svæðið hefur allt verið sléttað undir tún.

Ekki sjást nein ummerki um garðlagið og hefur það verið sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Oddgeir Guðjónsson: <https://www.sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

RA-210:008 heimild um útihús

A 447828 N 359456

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna rúmum 60 m suðaustan við bæ 002. Útihúsið er ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og má því ætla að það hafi verið farið úr notkun þá. Útihúsið stóð í túninu rúmum 85 m austan við bæ 001 og tæpum 80 m suðvestan við útihús 011.

Slétt og ræktað tún sem hallar niður til suðurs og er fremur hæðótt.

Ekki sjást nein ummerki um tóft á þessu svæði í túninu og hefur hún verið sléttuð á einhverjum tímamarki. Enn gætu þau leynst leifar af útihúsinu undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:009 garðlag traðir

A 447767 N 359523

Samkvæmt túnakorti frá 1919 lágu traðir frá bæ 002 til norðvesturs. Ummerki eftir traðirnar sjást enn rúmum 20 m VNV við bæ 002. Þær enda við vegslóða sem liggur norður-suður frá Kollabæ upp túnið

Svæðið er nokkuð þýft og flatlent og er í órækt.

Á svæðinu sjást tveir garðlagsbútar og kantur sem mynda traðir sem eru alls 11x4 m að stærð og snúa norðvestur-suðaustur. Syðsta garðlagið er lengst og liggur norðvestur-suðaustur á 11,5 m löngum kafla. Norður garðlagið er mun verra farið og sést aðeins 1,5 metra löngum kafla. Við tekur svo 3,5 m langur kantur. Garðlögin eru 0,2-0,3 m á hæð og 1-1,2 m á breidd. Vegurinn sem lá á milli garðlaganna hefur verið um 1,5-2 m breiður. Traðirnar liggja upp að grjóthlöðnum túngarði RA-207:065, sem hefur aðskilið tún Stöðlakots og Kollabæjar til vesturs og norðurs. Greinilegt er að túngarðurinn er eitthvað yngri en traðirnar þar sem ekki sést neitt hlið á þessum stað.



Traðir RA-210:009, horft til ASA.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-210:010_01 garðlag túngarður

A 447902 N 359526

Samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá árinum 1906 var túngarður umhverfis tún Stöðlakots og var bær 002 staðsettur nyrst í því. Á túnakorti frá 1919 sést að túnið hefur verið stækkað allmikið til norðurs og er yngri túngarður varðveittur þar, sjá 010_2. Eldri túngarðurinn sést austan við heimatúnið og er víða rofinn.

Svæðið innan túns hefur verið sléttað og er það enn í rækt að miklu leyti.

Túngarðurinn sést sem 20 m langur hryggur sem liggur norðaustur-suðvestur, frá tóft 011. Hann er 0,1 m á hæð. Hann hefur verið sléttaður í túnið þegar það var stækkað til norðurs einhverntíman á milli 1906 og 1919. Kantur sést aftur um 16 m austar og er það utanverð brún túngarðsins. Kanturinn liggur norður-suður á 37 m löngum kafla og neðsti hluti hans beygir lítilega til SSV. Kanturinn er mjög gróinn og hæðin er um 1 m. Fast SSV við kantinn er hlaðinn túngarður. Hann liggur SSV-NNA á um 110 m löngum kafla. Þetta er einn hæsti partur túngarðsins og er hann 0,5 m að innanverðu og 1,5 m að utanverðu. Hann er rétt tæpir 2 m þar sem hann er breiðastur. Garðurinn er torfhlaðinn og frekar gróinn. Hann er frekar greinilegur á þessu svæði. Víða er rof í túngarðinum og sést hann sem kantur þar.

Heimildir: Túnakort 1919; Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Túngarður RA-210:010_1, horft til suðurs.



Túngarður RA-210:010_2, horft til suðausturs.

RA-210:010_02 kantur túngarður

A 447900 N 359586

Yngri túngarðurinn sést á túnakorti frá 1919, norðan við eldri túngarð 010_1. Hann afmarkaði nyrsta hluta heimatúnsins og er varðveittur til allra átta. Vesturhliðin sker sig úr. Hún er grjóthlaðinn og um 80 m löng. Þar er túngarðurinn 0,3 m á hæð, 1 m á breidd og það glittir í 1-2 umför inn á milli gróðurs. Aðrir hlutar túngarðsins eru torfhlaðnir. Til norðurs og austurs er túngarðurinn t.d. um 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Víða er rof í túngarðinum og þar sést kantur. Hann er um 0,5-1 m á hæð og 0,6-0,8 m á breidd. Ekki sjást neinar grjóthleðslur og líklega hefur þessi hluti verið torfhlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

RA-210:011 tóft útihús


A 447863 N 359523

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna 65 m ANA við bæ 002, upp við norðurhluta túngarðs 010_1. Útihúsið er hinsvegar ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og má því ætla að það hafi verið farið úr notkun þá. Tóft útihússins sést enn í túninu og hefur ekki verið sléttuð. Hún er tæpum 55 m ANA við bæ 002 og 35 m vestan við túngarð 010_1.

Túnið umhverfis tóftina hefur verið sléttuð og er enn í rækt. Túninu hallar nokkuð til suðurs og er frekar hæðótt.



Tóft RA-210:011, horft til suðvesturs.



Uppmaling af tóft RA-210:011.

Tóftin er 12,5x11 m að stærð og snýr vestur-austur. Hún er óregluleg í laginu og mun mjórri sunnan til. Tóftin er torfhlaðin og veggir eru nánast útflattir, 0,1-0,4 m á hæð, hæstir í suðurenda. Tóftin skiptist upp í þrjú hólfi og inngangur er á suðurhlið, inn í hólfi I. Hugsanlega er annar inngangur á norðurhlið tóftarinnar inn í hólfi II en hann er mjög óljós. Hólfi I er syðst í tóftinni og er 2,5x2 m að innanmáli. Það snýr norður-suður. Hólfi II er norðvestan við hólfi I. Það er 3x2 m að innanmáli og snýr VSV-ANA. Hólfi III er austan við hólfi II og er mjög óljóst. Þar sést nánast bara smá flati en veggjamyndanir eru að sunnan og vestan. Hólfið er 2x1,5 og snýr ANA-VSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:012 heimild um útihús

A 447869 N 359508

Útihús er merkt inn á bæjarteikningu danskra landmælingarmanna 60 m austan við bæ 002. Útihúsið er hinsvegar ekki merkt inn á túnakort frá 1919 og má því ætla að það hafi verið farið úr notkun þá. Ekki sjást nein ummerki um útihús í túninu á þessu svæði. Útihúsið hefur staðið rúmum 130 m norðaustan við bæ 001.

Svæðið hefur allt verið sléttuð undir tún sem nú er enn í rækt.

Ekki sjást nein ummerki um tóft á þessu svæði og hefur hún verið sléttuð í túnið. Líklega leynast þó enn einhverjar leifar útihússins undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

RA-210:013 tóft útihús

A 447833 N 359556

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 rúmum 60 m norðaustan við bæ 002. Útihúsið er ekki merkt inn á bæjarteikningu frá 1906 og hefur því verið byggt á árunum 1906-1919. Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, var þetta hænsnakofi. Tóftin sést enn tæpum 50 m norðaustan við bæ 002 og 40 m norðvestan við tóft 011.

Tóftin er í sléttuðu og ræktuðu túni. Túninu hallar niður til suðurs og er fremur hæðótt.



Uppmæling af tóft RA-210:013.



Tóft RA-210:013, horft til austurs.

Tóftin er 5,5x5,5 m að stærð og er nokkurnvegin hringlaga. Hún er frekar gróin og líklega torfhlaðin, ekki sést móta fyrir neinum grjóthleðslum. Inngangur er á vesturhlið og þar sést ekki móta fyrir vegg og má ætla að þar hafi verið timburþil. Hæð veggja er 0,3-0,7 m. Tóftin er einföld og innanmál hennar er 2x1,5 og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

Heimildir: Túnakort 1919

RA-210:014 gryfja hesthús

A 447792 N 359559

Útihús er merkt inn á túnakort frá 1919 rúmum 35 m norðan við bæ 002. Útihúsið er ekki merkt inn á bæjarteikningu frá 1906 og hefur því verið byggt á árunum 1906-1919. Samkvæmt Önnu Sigurðardóttur, heimildarmanni, var þetta hesthús og búið er að slétta það í túnið. Lítil dæld er í túninu rúmum 45 m norðan við bæ 002 þar sem hesthúsið var.

Gryfjan er í sléttuðu og ræktuðu túni. Túninu hallar niður til suðurs og er fremur hæðótt.

Dældin er 4,5x4 m að innanmáli og snýr vestur-austur. Hún er mjög grunn eða aðeins um 0,2 m. Ætla má að fleiri leifar hesthússins leynist undir sverði á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar

RA-641 Fornleifar á fleiri en einni jörðu í Fljótshlíðarhreppi

Fornleifar á fleiri en einni leið í Fljótshlíðarhrepp.

RA-641:006 gata leið

A 450921 N 363018



Leið RA-641:006, horft til austurs. Myndin er tekin nærri Kirkjulækjarseli RA-202:017.

Í grein Brynjúlfs Jónssonar í Árbók Hins íslenska fornleifafélags árið 1901 segir: “Umferð hefir mikil verið fyrir ofan Þríhyrning og fram hjá þessum stað [RA-202:017]; liggur sú leið milli Fljótshlíðar og efsta hluta Rangárvalla, sem nú er eyddur. Töldum við Jónas bóndi þar á einum stað 36 fornar götur samhliða.” Leiðin er sýnd á herforingjaráðskorti 48 frá 1908. Þar liggur hún til norðausturs upp frá Drápufossi og hlykkjast þar á milli tófta RA-205:032. Leiðin sveigir til ANA við Tómagil, fer norðan við rétt RA-207:027 og það að Kirkjulækjarseli RA-202:017. Leiðin heldur áfram með Þríhyrningi og endar við Þorleifsstaði á Rangárvöllum. Ljóst er að leiðin liggur víða nærri seljum og beitarhúsum í hlíðinni. Leiðin var rakin að hluta til sunnan við Þríhyrning í landi Kollabæjarhverfis, Lambalækjar og Kirkjulækjar.

Leiðin liggur upp hlíðina frá Kirkjulæk og Lambalæk. Hlíðin er gróin, víða eru djúp lækjargil og inn á milli blásin svæði.

Leiðin var samtals gengin á um 6 km löngum kafla. Á Lambalæk sést leiðin vel um 1 km norðan við bæ 001. Þar eru fjórar samtvinnandi götur og voru þær mældar upp á rúmlega 1,6 km löngum kafla. Hluti gatnanna liggja á milli tófta RA-205:032 og niður að fjárhúsi 031 við svokallaða Fjárhúskeldu, en aðrar lengra upp á heiðina. Leiðin hverfur í deiglendi en hún lá líklega nærri garðlagi sem kallast Hald RA-207:039 í landi Kollabæjar. Göturnar eru umfangsmiklar þar skammt norðaustar og nánast hægt að rekja þær allt að Þorleifsstöðum. Þar sjást víða tugir af götum sem allar liggja samhliða.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Brynjúlfur Jónsson 1902, 3-4; LMI 48 1:50000

RA-641:017 heimild um leið

A 450515 N 359371

Á bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1906 er sýnd leið á milli Butru RA-199 og Teigs RA-194. leiðin liggur úr norðvestri til suðausturs og eru um 380 m á milli bæjanna.

Leiðin lá um sléttað tún í aflíðandi halla til suðurs.

Engin ummerki sjást um götur á leiðinni vegna sléttunar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Bæjarteikningar danskra landmælingamanna 1906

5. Samantekt um helstu minjaflokka

Fljótshlíðarhreppur dregur nafn sitt af samnefndri hlíð sem byggðin raðast eftir en sunnan hennar er flatt undirlendi sem nær allt að Markarfljóti að austanverðu og hreppamörkum Austur- og Vestur-Landeyja til vesturs. Ár og lækir falla niður hlíðina og renna velflestir í Þverá sem rennur svo til vesturs með hlíðinni. Fljótshlíð er grösug sveit og eru nánast samfelld tún eftir hlíðinni frá Núpi við vesturmörk hreppsins að Fljótssdal sem er innsti og austasti bærin. Flestir bæirnir standa uppi í hlíðinni en á því eru þó nokkrar undantekningar. Dreifing minjastaða er svipuð um allt skráningarsvæðið og hefur bæði hlíðin og flatlendið neðan við hana verið nýtt í gegnum aldirnar. Á síðustu öldum hafa orðið miklar breytingar á flatlendinu sunnan hlíðarinnar af völdum þeirra vatnsfalla sem þar hafa flæmst um. Einkum hafa Þverá og Markarfljót valdið tjóni og eytt grónu landi en eftir að varnargarðar voru hlaðnir við Markarfljót og Þverá á fyrri hluta síðustu aldar hefur þetta svæði tekið að gróa aftur og mikil tún ræktuð þar.⁶




Horft til suðurs ofan úr hlíðinni yfir gróna ármela og ræktuð svæði.

Frá fornu fari var byggðinni í Fljótshlíð skipt í þrjá hluta, Innhlíð, Miðhlíð og Úthlíð. Innan þessara svæða var jörðum síðan skipt niður í minni bæjarhverfi en þessi skipting er nú ekki viðhöfð í daglegu tali. Það má segja að öll Úthlíðin hafi verið skráð árin 2013–2015 að Kollabæ og Stöðlakoti undanskildum. Árið 2018–2019 var skráningu lokið í Úthlíð og hafist

6 SB IV, 355-364.

handa í vesturhluta Miðhlíðar. Fjölmargar jarðir í Fljótshlíð eru nýttar undir frístundabyggð og á fæstum jörðunum er stundaður hefðbundinn búskapur. Ítarlegar verður fjallað um þróun byggðar og sögu Fljótshlíðarhrepps í þriðja bindi þessarar skýrslu.

Í þessu bindi er fjallað um 532 fornleifar á 330 minjastöðum sem skráðar voru árin 2018-2019 og dreifast þær nokkuð jafnt yfir skráningarsvæðið. Þéttasta dreifingin er í heimatúnum bæja og býla og næsta nágrenni þeirra en þar eru helstu athafnasvæðin innan hvernar bújarðar. Fornleifarnar sem skráðar voru eru mjög fjölbreytilegar og verður hér fjallað um helstu minjaflokka.



Heimatún jarða innan Kollabæjarhverfis var sameiginlegt þegar bæjarteikning danskra landmálamanna var gerð árið 1906. Lækir, tradir og garðlög aðgreindu tún jarðanna. © Landmalingar Íslands

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið lengi á sama stað. Þeir hlaðast upp úr mannvistarleifum í tímans rás og samanstanda af byggingaleifum, torfi, grjóti, gólfögum og öskuhaugum. Í bæjarhólum og öskuhaugum eru fólgnar miklar upplýsingar um húsakost, fæðu og almenn lífsskilyrði til forna. Í þeim er einnig líklegast að finna merka gripi. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt sá minjaflokkur sem einna verst hefur farið í uppbyggingu í landbúnaði á þessari öld en brýnt er að koma í veg fyrir að bæjarhólar verði eyðileggingu að bráð. Vandinn við bæjarhóla er að í meirihluta tilfella er enn búið á þeim og víða hafa steinsteyppt hús með djúpum kjöllum verið byggð á þeim og skemmt þá að talsverðu leyti. Þar sem enn er búið á bæjarhólum er hæpið að réttlætlanlegt eða raunhæft sé að friða þá fyrir frekara raski, en skemmdir bæjarhólar geta þó verið markverð rannsóknarefni og er mikilvægt að reynt verið að finna leiðir til að fylgjast með framkvæmdum á þeim. Mikilverðastir eru þó bæjarhólar þar sem

Samtala	Sérheiti	Tegund	hlutverk	Ástand	Fyrst getið
RA-210:001 1	Stöðlakot/Bárðarborgir	bæjarhóll	bústaður	hleðslur standa grónar	1710 (þá gömul)
RA-199:001 1	Butra	bæjarhóll	bústaður	sést til	1332
RA-200:001 1	Grjótá	bæjarhóll	bústaður	sést til	13. öld (Njála)
RA-201:001 1	Arngeirsstaðir	bæjarhóll	bústaður	sést til	1332
RA-202:001 1	Kirkjulækur	bæjarhóll	bústaður	sést til	1332
RA-203:001	Kirkjulækjarkot	bæjarhóll	bústaður	sést til	1710 (þá gömul)
RA-205:001	Lambalækur	bæjarhóll	bústaður	sést til	1710 (þá gömul)
RA-207:001	Kollabær stóri	bæjarhóll	bústaður	sést til	1217
RA-207:006 1	Kollabær (stóri)	bæjarhóll	bústaður	sést til	1217
RA-210:002 1	Stöðlakot	bæjarhóll	bústaður	sést til	1710 (þá gömul)
RA-201:017	Arngeirsstaðahjáleiga	bæjarstæði	býli	ekki sést til fornleifar	1710 (þá gömul)
RA-201:019	Arngeirsstaðahólar	heimild	býli	ekki sést til fornleifar	?
RA-207:032	Kollabæjarkot	tóft	býli	hleðslur útflattar	
RA-201:018 1	Tungukot	bæjarhóll	býli	sést til	1811
RA-202:014 1	Tungukot/Tunga	bæjarstæði	býli	sést til	1710 (þá gömul). Í eyði um 1700
RA-202:025	Broddastaðir	bæjarstæði	býli	sést til	
RA-202:017 1	Undir Þríhyrningi	bæjarhóll	býli/sel	sést til	12. öld (Landnáma)

Tafla 1: Skráðir bæjarhólar og býli.

ekki hefur byggt á síðustu áratugum eða þeir orðið fyrir raski.

Lögbýlin sem voru skráð hafa flest verið byggð frá fornu fari og byggðaskipulag hefur snemma verið komið í nokkuð fastar skorður á skráningarsvæðinu. Stærstu býlin eru Kollabær

RA-207 og Kirkjulækur RA-202, báðar áttu mikið jarðnæði og dýrleiki þeirra yfir meðallagi. Umhverfis þær jarðir raðast hjáleigur og minni býli, þeirra er flestra fyrst getið í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1710. Oftar en ekki lágu heimatún þessara jarða (eða hverfa) saman, líkt og sést á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906. Í Fljótshlíð er oft stutt á milli túna stærri lögbýla. Jarðirnar eru flestar langar, mjóar og ná þvert yfir hreppinn sem útskýrir af hverju svo stutt er á milli þeirra. Alls voru skráðir 10 bæjarhólar á átta lögbýlum og á heildina lítið er ástand þeirra fremur slæmt. Allir eru þeir mikið raskaðir utan bæjarhóls Stöðlakots RA-210:001_1 þar sem yngsta bæjartóftin sjást enn. Fimm önnur býli voru innan skráningarsvæðis og hið sama gildir um þau, flest eru mikið röskuð.

Bæjarhóll Kirkjulækjar RA-202:001_1 sést að hluta en er mikið raskaður vegna byggingaframkvæmda síðustu áratugi, einungis norðausturhorn hans virðist óraskað. Hóllinn er um 60x35 m að stærð en erfitt er að áætla hæðina. Þrír sambyggðir bæir, Vestur-, Mið- og Austurbær stóðu allir á hólnum og snéru stöfnum til suðurs. Enn má sjá hluta af bæjartóftum á hólnum, m.a. grunn íbúðarhúss Austurbæjarins RA-202:001_2, hluta af bæjartóftum Vesturbæjarins RA-202:001_4 og gamalt hlóðældhús RA-202:001_6. Kirkjulækjarkot var ein af hjáleigum Kirkjulækjar.⁷ Bæjarhóll þess RA-203:001_1 er mikið raskaður og sést lítið á yfirborði. Um miðja síðustu öld var þríbýli á jörðinni og öll íbúðarhúsin byggð á bæjarhólnum. Býlið Tungukot RA-202:014_1 fór í eyði árið 1700 en virðist hafa verið gömul hjáleiga Kirkjulækjar þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er skrifuð í upphafi 18. aldar. Enn mótar fyrir bæjarhólnum sem er um 18x18 m að stærð og 1 m á hæð. Búið er að slétta yfir hóllinn og hliðarnar eru afliðandi. Lengi hefur verið deilt um staðsetningu býlisins Undir Þríhyrningi RA-202:017_1 en þess er getið í Landnámu og kemur talsvert við sögu í Brennu-Njáls sögu. Getgátur eru uppi um að Kirkjulækjarsel RA-202:017_2 sé byggt á sama stað⁸ en þar eru alls 11 fornleifar. Ekki er hægt að skera úr um það hvort býlið Undir Þríhyrningi hafi verið á sama stað og selið án frekari rannsókna og ýmsar aðrar tilgátur settar fram um staðsetningu þess, m.a. í Engidal í landi Vatnsdals. Broddastaðir RA-202:025 voru enn eitt býlið í landi Kirkjulækjar. Býlið var sunnan Þverár, í engjum Kirkjulækjarhverfis en lítið sem ekkert er vitað um aldur þess né sögu. Bæjarhóllinn er mikið raskaður vegna beitarhúsa sem voru byggð á sama stað um miðja 20. öld. Tóftir fjárhúsanna sjást enn í sléttu túni.

Tveir stórir bæjarhólar eru í Kollabæ, RA-207:001_1 og RA-207:006_1. Stutt er á milli bæjarhólanna og ekki er vitað hvor þeirra er eldri. Tvíbýlt var á jörðinni oftar en ekki í gegnum tíðina og bæirnir virðast ekki hafa verið sambyggðir. Bæjarhóll 001_1 tilheyrði Austurbænum. Hann er 40x15 m stór en erfitt er að áætla uppsöfnun mannvistarlaga vegna mikilla framkvæmda og er hóllinn þakinn útihúsabyggingum frá miðri síðustu öld. Bæjarhóll Vesturbæjarins 006_1 er 20 m norðvestar og íbúðarhús er á honum miðjum. Bæjarhóllinn er 35x20 m stór en lítil sem engin uppsöfnun mannvistarlaga sést á yfirborði. Enn má sjá hluta af eldri bæjarhúsum 006_2 á hólnum, fast norðvestan við íbúðarhúsið. Stöðlakot RA-210 var ein af hjáleigum Kollabæjar⁹

7 Hjáleigan Hellishólar og býlið Gláma voru skráð árið 2001, sjá Birna Lárusdóttir, 2001.

8 SB IV, 424; Brynjúlfur Jónsson 1902, 3.

9 Hjáleigurnar Litli-Kollabær, Tumastaðir og Ormskot voru skráðar árið 2015.

og tveir bæjarhólar eru einnig þar. Bæjarhóll RA-210:001_1 er eldri og neðar í heimatúninu en yngri bæjarhóll. Hann er 30x19 m að stærð, sléttur og grasivaxinn. Bæjartóft sést enn á honum og öll húsaskipan nokkuð skýr þrátt fyrir rask vegna sléttunar. Yngri bæjarhóll RA-210:002_1 er 50 norðaustan við eldri bæinn, ofar í heimatúninu. Lítil sem engin uppsöfnun mannvistarlaga sést þar og ábúð á þeim stað líklega ekki varað lengi. Ekki er vitað hvenær eða af hverju bærin var fluttur. Lítið er vitað um býlið Kollabæjarkot RA-202:032 en þess er getið í heimildum árið 1792. Tóft býlisins sést enn og er um 24x18 m stór. Tugum af blágrenitryám hefur verið plantað í tóftina á síðustu árum og er hún í stórhættu af þeim sökum.

Bæjarhóll Grjótár RA-200:001_1 er litlu vestan við mitt heimatúnið. Hann er um 90x50 m stór og 1-1,5 m hár. Á honum eru þrjú hús, gamalt íbúðarhús 001_2, hlaða 001_3 og fjós 001_4. Á milli hlöðu og fjóss er hleðsla 001_7 sem er mögulega í tengslum við hlóðaeldhús sem var á svipuðum stað. Að auki eru óljós ummerki um kálgarða 001_6 og heimild um eitt stakstætt hús 001_5 á bæjarhólnum. Minjastaður RA-200:010 ber öll einkenni býlis en staðarins er hvergi getið í heimildum. Þar eru sjö fornleifar innan lítils túns sem afmarkast af hringlaga túngarði. Frekari rannsóknir þarf til þess staðfesta aldur og hlutverk minjanna.

Bæjarhóll Arngeirsstaða RA-201:001_1 er ekki afgerandi. Hann er um 55x40 m stór og hæstur um 1 m. Mikið rask er á hólnum, m.a. liggur vegur yfir hann og búið að rífa öll hús sem þar voru. Arngeirsstaðahjáleiga RA-201:017 fór í eyði um 1695 en var gömul þá samkvæmt Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1710. Hjáleigan var í engjum Arngeirsstaða en ekki er vitað hvar nákvæmlega. Tungukots RA-201:018_1 er fyrst getið 1811 og þar var búið fram yfir 1900. Bæjarhóllinn er umfangsmikill, 46x31 m stór og um 1 m á hæð. Umfang bæjarhólsins bendir til þess að búseta hafi verið mun lengur á svæðinu en heimildir gefa til kynna. Búið er að slétta allar minjar út á hólnum. Arngeirsstaðahólar RA-201:019 voru fornt býli sem lítið er vitað um. Tóftunum var líklega rutt út eða þeim raskað þegar núverandi íbúðarhús á jörðinni var byggt.

Bæjarhóllinn á Lambalæk RA-205:001 er skammt norðan við núverandi íbúðarhús á jörðinni. Lítil sem engin uppsöfnun mannvistarlaga sést á yfirborði vegna mikil rasks á síðustu áratugum. Öll hús á hólnum hafa verið rifin en þó má enn sjá hlaðinn kant þar sem framhlið bæjarins var. Enn sést nokkuð afgerandi en lágur bæjarhóll RA-199:001_1 á Butru. Hann er um 40x40 m að stærð og hæstur um 1 m. Mikið rask er á hólnum vegna mikilla framkvæmda síðustu áratugi.

Kirkjur, kuml og legstaðir


Ekkert kuml hefur fundist innan skráningarsvæðisins. Hins vegar eru þrír legstaðir skráðir þar. Þráinshaugur RA-200:024 er í landi Grjótár. Haugsins er getið í Brennu-Njáls sögu og talið að Þráinn Sigfússon er bjó að Grjótá, hafi verið dysjaður þar. Talið er að Þráinshaugur hafi verið á sama stað og útihús RA-200:005, við norðurjaðar heimatúns jarðarinnar. Útflött tóft er þar sem

útihúsið var, innan friðlýsts gerðis sem kallaðist Þráinsgerði samkvæmt munnmælum. Við býlið Undir Þríhyrningi/Kirkjulækjarsel RA-202:017_1 hafa verið uppi getgátur um kirkjugarð RA-202:043 en þar eiga að vera 12-14 þúfur með girðingu umhverfis. Stórbýft er sunnan og vestan við selið/býlið en hvorki sést móta fyrir gerði þar né þúfum innan þess. Lambahaugur RA-205:012 er ofan við túnið á Lambalæk og þar á Lambi Sigfússon að vera dysjaður. Lambahugur er náttúrulegur hóll og hluti af hóluröð austan við Kvoslækjará. Ofan á tveimur af hólunum eru gryfjur sem líklega voru grafnar til að leita að haugnum, á þær er minnst í bókinni Frásögur um fornaldarleifar.

Kirkja RA-202:002 var á Kirkjulæk. Hennar er fyrst getið í máldögum á 14. öld en ekki er vitað hvenær hún var aflögð. Kirkjunnar er síðast getið í máldaga árið 1598. Ekki er vitað hvar kirkjan var staðsett nákvæmlega en sagnir eru um að mannabein hafi fundist innan bakgarðs núverandi íbúðarhúss á Kirkjulæk II.

Tún og túngarðar

Tún eru grasgefin svæði í kringum bæjarhúsin sem áburður er borinn á og eru slegin síðsumars



Eldri túngarður og traðir innan heimatúns Kirkjulækjarkots RA-203 eru sýnd með punktalínunum á túnakorti frá 1919. © Landmælingar Íslands.

eða á haustin. Menn hafa hlaðið garða um tún sín um aldir en mikill kippur kom í túngarðahleðslu á 19. öld og var hún hluti af túnabótum sem áttu sér stað á þessum tíma. Húsdýraáburður var einkum borinn á tún og voru útihús því oft höfð vítt og breitt um túnið til þess að auðvelda áburðardreifinguna. Engin gömul tún lögbýla og býla eru eftir ósnortin á skráningarsvæðinu, í flestum tilfellum vegna túnasléttunar og annarra jarðbóta.

Túngarðar voru umhverfis öll heimatún lögbýlanna sem og nokkurra býla á skráningarsvæðinu. Túngarðarnir eru flestir sýndir á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakortum frá 1919. Dæmi eru um að tún fleiri en einnar jarðar hafi legið saman og þvergarðar og traðir ráðið landamerkjum. Heimatún Kirkjulækjar og Kirkjulækjarkots lágu t.d. saman sem og heimatún alls Kollabæjarhverfis auk lögbýlisins Tungu. Á flestum lögbýlunum verða miklar breytingar á þeim 13 árum sem líða á milli þess sem kortin eru gerð. M.a. eru túnin stækkuð, traðir færðar og nokkur útihús falla úr notkun meðan önnur bætast við. Samtals voru skráðir 27 túngarðar innan skráningarsvæðis, af þeim

Samtala	Tegund	Ástand
RA-199:013	garðlag	hleðslur signar
RA-200:006	garðlag	hleðslur signar
RA-200:035	garðlag	hleðslur standa grónar
RA-201:002	garðlag	hleðslur signar
RA-201:006	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-201:018 2	garðlag	hleðslur signar
RA-201:018 3	garðlag	sést til
RA-201:024	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-201:032	garðlag	hleðslur standa
RA-202:008	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:014 3	garðlag	hleðslur signar
RA-202:028 7	garðlag	hleðslur útflattar
RA-203:015	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:022	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:031 5	garðlag	hleðslur signar
RA-207:050	garðlag	hleðslur standa grónar
RA-207:051	garðlag	hleðslur signar
RA-207:053	garðlag	hleðslur signar
RA-207:054 1	garðlag	hleðslur signar
RA-207:054 7	kantur	sést til
RA-207:054 8	garðlag	hleðslur signar
RA-207:066	garðlag	hleðslur signar
RA-210:006 2	garðlag	hleðslur signar
RA-210:010 1	garðlag	sést til
RA-210:010 2	garðlag	hleðslur signar

Tafla 2: Ástand skráðra túngarða innan skráningarsvæðisins.

eru 22 varðveittir að hluta.

Í heimatúni Kollabæjar er flókið kerfi túngarða og alls voru skráðir sjö túngarðar þar. Fyrst bera að nefna túngarða RA-207:054_1, 054_7 og 054_8 sem afmörkuðu án efa heimatún alls Kollabæjahverfis. Innan þess voru lögbýlin Tunga, Tumastaðir, Kollabær, Stöðlakot, Litli-Kollabær og Ormskot. Nokkur útihús voru sambyggð þessum túngarði sem sést vel norðan við Kollabæ auk akurgerðis eða nátthaga. Túngarður RA-207:051 sést vel austan við bæjarhól RA-207:006 og virðist samtíða túngörðum 054. Ekki er ólíklegt að þeir séu hluti af sama túngarði en öll tengsl á milli þeirra eru horfin. Enginn þessara fjögurra túngarða er sýndur á kortum og bera þeir öll merki þess að vera fornir. Túngarður RA-207:050 er mun yngri og liggur yfir túngarð 054_1. Hann er sýndur á túnakortum og bæjarteikningu. Túngarður RA-207:053 er líklega hluti af sama túngarði en ekki eru greinileg tengsl þar á milli. Túngarður RA-207:066 er ekki fornlegur og hefur allt aðra stefnu en aðrir túngarðar á Kollabæ. Líklega er um hluta af þvergarði að ræða. Á Stöðlakoti eru tveir túngarðar varðveittir umhverfis heimatúnið. Ekki er ljóst hver tengslin eru við túngarðana á Kollabæ vegna túnasléttunar og annarra framkvæmda. Túngarður RA-210:010_2 afmarkaði heimatúnið til norðurs og sést á túnakorti. Hann er án efa samtíða yngstu túngörðum RA-207:050, 053 og 066 á Kollabæ. Túngarður RA-210:010_1 var eldri og er sunnar. Hann er á bæjateikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Enn má sjá ummerki hans í túni þrátt fyrir sléttun.

Á Arneirsstöðum voru skráðir sex túngarðar við heimatúnið. Túngarðar RA-201:006 og RA-201:024 eru sýndir sem gamlir garðar á túnakorti frá árinu 1919 og eru horfnir. Túngarður 006 var líklega hluti af gerði eða þvergarði innan heimatúnsins meðan túngarður 024 afmarkaði tún norðan við bæinn. Túngarður RA-201:032 er norðan við bæinn á Arneirsstöðum og er rétt utan við elsta hluta heimatúnsins. Túngarðurinn afmarkaði án efa tún eða akurgerði þar. Túngarður RA-201:002 liggur þvert yfir þennan túngarð og raskar að hluta. Túngarður 002 var hluti af garðlagakerfi sem var hlaðið árið 1906 eftir endilangri Fljótshlíðinni og verið skráður á mörgum jörðum. Við Tungukot RA-201:018 sést tvöfaldur túngarður RA-201:018_2 og 018_3. Heimildir geta ekki um langa búsetu á þessum stað en fornleifarnar gefa annað til kynna líkt og fyrr var minnst á. Vesturhluti túngarðanna er kominn undir slétt tún en þeir sjást vel austan við bæjarhólinn.

Á Grjótá og Butru eru samtals fjórir túngarðar sem allir sjást að hluta. Á Grjótá eru tveir túngarðar við heimatúnið. Túngarður RA-200:006 sést á túnakorti frá 1919 og sýndur sem gamall garður. Enn sést kantur meðfram norðvesturhluta túnsins og er það eini hluti þessa túngarðs sem enn er varðveittur. Túngarður RA-200:035 er norðan við heimatúnið og hluti af garðlagakerfi sem var hlaðið 1906 eftir endilangri Fljótshlíðinni líkt og áður var nefnt. Túngarðurinn sést liggja þvert í gegnum allt land Grjótár sem er ekki breiðara en túnið sjálft á þessum stað. Í landi Butru er þessi garður skráður undir númerinu RA-199:019_2 og sést einnig liggja þvert í gegnum land þeirrar jarðar. Túngarður RA-199:013 er innan heimatúns Butru og afmarkaði heimatúnið til allra átta samkvæmt bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Nú er einungis hluti af norðurhliðinni varðveittur.

Túngarður RA-202:008 afmarkaði norðausturhorn heimatúns Kirkjulækjar og er horfinn. Túngarður RA-202:014_3 tilheyrði býlinu Tungukoti. Tún býlisins var nýtt eftir að það féll úr ábúð og nyrsti hluti túngarðsins er enn varðveittur. Í Kirkjulækjarkoti afmarkaði túngarður RA-203:015 norðurhluta heimatúnsins en er horfinn. Á Lambalæk er túngarður RA-205:022 sýndur á túnakorti frá 1919 en er horfinn. Þessi túngarður var hluti af túngarði sem lá eftir allri Fljótshlíðinni og var gerður 1906 og minnst var á hér ofar.


Túngarðar voru einnig hlaðnir umhverfis töðuvelli utan heimatúna til að auðveldara væri að verja þá fyrir beit búfenaðar á sumrin og umferð manna. Á Lambalæk er túngarður RA-205:031_5 umhverfis tún beitarhúsa. Hann afmarkaði um 1,3 ha stórt tún og innan þess eru beitarhús og heystæði. Vesturhluti garðsins er í deiglendi og mikið rof þar sem pælan var af þeim sökum. Í Stöðlakoti afmarkaði túngarður RA-210:006_2 svokallað Stekkjatún og nyrsti hluti hans sést enn. Túngarður RA-200:010_8 er hlaðinn umhverfis beitarhús á svokölluðum Fjárhústanga í landi Grjótár. Túngarðurinn afmarkaði um 0,5 ha tún og innan þess eru alls sjö tóftir. Ljóst er af fjölda minja á þessum stað að líklega voru beitarhúsin byggð á gömlu býli eða seli. Hið sama má segja um Árnagirðingu RA-202:028_7 í landi Kirkjulækjar. Þar var öllum líkindum fornt býli með túngarði en beitarhús byggð upp þar eftir að ábúð lauk. Túngarðurinn er kominn undir tún að hluta en sést engu að síður enn á yfirborði.

Innan heimatúns Grjótár voru ennfremur skráð sex forn gerði eða tún og örnefni sem benda til aukuryrkju. Þetta eru Þýfðagerði RA_200:014, Þráinsgerði RA_200:016 sem er friðlýst, Króksgerði RA-200:017, Eldiviðargerði RA-200:018, Litlagerði RA-200:019 og Stóragerði RA-200:020. Túngarður RA-207:060 er innan heimatúns Kollabæjar og er vísbending um gerði á þeim slóðum. Örnefnið Akratunga RA-205:010 innan heimarúnsins á Lambalæk bendir ennfremur til akuryrkju.

Útihús innan túna

Í gömlu heimatúnum er allajafna talsverður fjöldi fornra mannvirkja. Fyrir utan bæjarhúsin sjálf voru skepnuhús algengustu byggingar á hverri jörð. Útihús eru einn stærsti minjaflokkurinn á skráningarsvæðinu en þau eru jafnframt sá flokkur fornra mannvirkja sem einna verst hefur orðið úti við jarðabætur á 20. öld. Flest slík útihús voru fyrir sauðfé en hlutfallslega lítið af fjósum og hesthúsum. Fjós hafa sennilega verið hluti af bæjarhúsunum á flestum bæjum eins og meginþorri smiðja og skemma á skráningarsvæðinu. Hlöður urðu ekki algengar á Íslandi fyrir en undir lok 19. aldar eða í byrjun 20. aldar og munu hey víðast hafa verið geymd í stæðum eða gryfjum við skepnuhús þótt ekki séu glöggar heimildir um þetta. Útihús virðast oftast hafa staðið á sömu stöðum um aldir og hafa á slíkum stöðum gjarnan myndast litlir rústahólar. Fyrir einni öld síðan voru langflestar byggingar á Íslandi skepnuhús, en síðan þá hefur þeim fækkað meira en nokkurri annari tegund mannvirkja. Ástæðan er fyrst og fremst túnrækt með stórvirkum vinnuvélum og einnig hafa yngri skepnuhús úr steypu víða verið byggð ofan í eldri

Ástand skráðra útihúsa



Stöplarit 1: Ástand og fjöldi skráðra útihúsa á skráningarsvæðinu.

útihúsarústir og stórar byggingar oft tekið við hlutverki margra minni húsa.

Innan skráningarsvæðisins voru skráð 105 útihús á öllum lögbylunum átta, eða að meðaltali rúmlega 13 útihús á lögbyli. Heimildir um útihúsin koma víða að en einna þyngst vega bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakort frá 1919. Ástand

Samtala	Ástand
RA-199:005	hleðslur útflattar
RA-199:010	ekki sést til fornleifar
RA-199:011	ekki sést til fornleifar
RA-199:012	ekki sést til fornleifar
RA-199:015	ekki sést til fornleifar
RA-199:016	ekki sést til fornleifar
RA-199:023	ekki sést til fornleifar
RA-199:024	ekki sést til fornleifar
RA-199:025	hleðslur standa grónar
RA-199:032	ekki sést til fornleifar
RA-199:033	ekki sést til fornleifar
RA-200:001 5	ekki sést til fornleifar
RA-200:002	hleðslur standa
RA-200:003	ekki sést til fornleifar
RA-200:004	ekki sést til fornleifar
RA-200:005	hleðslur útflattar
RA-200:026	ekki sést til fornleifar
RA-200:027	ekki sést til fornleifar
RA-200:036	hleðslur útflattar
RA-201:001 6	ekki sést til fornleifar
RA-201:003	sést til

RA-201:004	hleðslur signar
RA-201:005	hleðslur útflattar
RA-201:007	ekki sést til fornleifar
RA-201:008	ekki sést til fornleifar
RA-201:009	ekki sést til fornleifar
RA-201:010	ekki sést til fornleifar
RA-201:011	ekki sést til fornleifar
RA-201:012	ekki sést til fornleifar
RA-201:013	ekki sést til fornleifar
RA-201:014	ekki sést til fornleifar
RA-201:015	ekki sést til fornleifar
RA-201:020	ekki sést til fornleifar
RA-201:025	hleðslur útflattar
RA-201:026	ekki sést til fornleifar
RA-201:027	ekki sést til fornleifar
RA-201:029	hleðslur útflattar
RA-201:031	sést til
RA-201:033	sést til
RA-201:036	ekki sést til fornleifar
RA-201:037	hleðslur signar
RA-201:038	hleðslur standa grónar
RA-201:046 1	ekki sést til fornleifar

RA-202:003	ekki sést til fornleifar
RA-202:004	ekki sést til fornleifar
RA-202:005	ekki sést til fornleifar
RA-202:006	ekki sést til fornleifar
RA-202:007	sést til
RA-202:009	ekki sést til fornleifar
RA-202:010	undir þaki
RA-202:014 4	sést til
RA-202:033 1	ekki sést til fornleifar
RA-202:040 2	ekki sést til fornleifar
RA-202:046	ekki sést til fornleifar
RA-203:002	ekki sést til fornleifar
RA-203:005	ekki sést til fornleifar
RA-203:006	ekki sést til fornleifar
RA-203:012	ekki sést til fornleifar
RA-203:013	ekki sést til fornleifar
RA-203:014	ekki sést til fornleifar
RA-205:002	ekki sést til fornleifar
RA-205:003	ekki sést til fornleifar
RA-205:004	ekki sést til fornleifar
RA-205:005	ekki sést til fornleifar
RA-205:006	ekki sést til fornleifar
RA-205:007	ekki sést til fornleifar
RA-205:016 2	ekki sést til fornleifar

RA-205:024	ekki sést til fornleifar
RA-205:025	ekki sést til fornleifar
RA-205:026	hleðslur signar
RA-207:002	sést til
RA-207:003	sést til
RA-207:004	ekki sést til fornleifar
RA-207:005	ekki sést til fornleifar
RA-207:023	sést til
RA-207:045	ekki sést til fornleifar
RA-207:049	ekki sést til fornleifar
RA-207:052 1	hleðslur útflattar
RA-207:054 2	hleðslur signar
RA-207:054 3	hleðslur signar
RA-207:054 6	sést til
RA-207:062	sést til
RA-207:064	sést til
RA-207:068	sést til
RA-207:075	ekki sést til fornleifar
RA-207:085	ekki sést til fornleifar
RA-210:008	ekki sést til fornleifar
RA-210:011	hleðslur útflattar
RA-210:012	ekki sést til fornleifar
RA-210:013	hleðslur signar

Tafla 3: Ástand skráðra útihúsa með óþekkt hlutverk innan skráningarsvæðis.

útihúsanna á skráningarsvæðinu var æði misjafnt. Alls voru 68% þeirra horfin af yfirborði, eða 66 útihús. Ástæðan er í flestum tilvikum túnasléttun eða byggingaframkvæmdir. Ummerki um 39 útihús sjást enn, sem er frekar lágt hlutfall eða alls 32%. Hlutverk 90 útihúsa er óþekkt, eða alls tæplega 90%. Þekking um hlutverk þeirra hvarf að mestu þegar útihúsin voru sléttuð út og erfitt er að ná í heimildamenn sem muna eftir staðsetningu og hlutverkum útihúsa á fyrri hluta 20. aldar. Þessi tölfræði sýnir einna best hversu illa heimatúnin hafa orðið úti vegna ýmisskonar framkvæmda í gegnum árin og hversu fljótt þekking sem þessi tapast.

Af skráðu útihúsunum eru einungis 15 þeirra með þekkt hlutverk sem er afar lágt hlutfall sé horft til annarra svæða sem skráð hafa verið á Suðurlandi.¹⁰ Ekki er hægt að benda á einhlíta skýringu á því en sífellt færri muna eftir heimatúnunum í notkun eins og þau voru fyrir þá byltingu í túnaræktun sem varð á fyrri hluta 20. aldar. Af þeim 15 útihúsum sem hafa þekkt hlutverk hafa flest þeirra hýst kýr en þrjú fjós voru skráð. Í hinum tilvikum eru þetta hesthús, hlöður, eldhús, heygarður, skemma og lambhús. Í töflu 4 má sjá hvaða útihús þetta eru og hvert

10 Sjá t.d. Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021, 185; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020a, 138.

Samtala	Sérheiti	Hlutverk	Ástand
RA-199:006 6		heygarður	sést til
RA-199:022		skemma	ekki sést til fornleifar
RA-200:001 3		hlaða	undir þaki
RA-200:001 4		fjós	undir þaki
RA-200:001 7		eldhús	hleðslur standa grónar
RA-200:021	Lambhústún	lambhús	ekki sést til fornleifar
RA-200:031		hesthús	ekki sést til fornleifar
RA-201:001 2		fjós	hleðslur signar
RA-201:001 3		hlaða	ekki sést til fornleifar
RA-202:001 5		fjós	ekki sést til fornleifar
RA-202:001 6		eldhús	undir þaki
RA-202:040 1	Lambhúsbakki	lambhús	hleðslur signar
RA-210:002 2		eldhús	sést til
RA-210:003		smiðja	ekki sést til fornleifar
RA-210:014		hesthús	sést til

Tafla 4: Ástand skráðra útihúsa með þekkt hlutverk innan skráningarsvæðis.

hlutverk þeirra var.

Kálgarðar

Samtals voru skráðir 15 kálgarðar á lögbýlunum átta. Þeir eru allir sýndir á bæjarteikningum danskra landmælingamanna frá 1906 og túnakortum frá 1919. Kálgarðarnir voru flestir staðsettir nærri bæjarhólunum eða sambyggðir útihúsum, innan heimatúnanna. Ummerki sjást um átta þeirra, í öllum tilvikum eru þeir innan bakgarða núverandi íbúðarhúsa eða í sléttum túnnum. Varðveisla kálgarðanna er slæm og í öllum tilvikum sést aðeins lítil hluti þeirra enn. Helsta

Samtala	Tegund	Ástand
RA-199:001 2	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-200:001 6	kantur	sést til
RA-201:001 7	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-201:046 2	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:033 2	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:050	hleðsla	hleðslur signar
RA-202:051	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-203:011	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:016 1	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:017	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:018	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-207:048	hleðsla	hleðslur signar
RA-207:055	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-210:001 2	kantur	sést til
RA-210:002 3	garðlag	sést til

Tafla 5: Ástand skráðra kálgarða innan skráningarsvæðis.

raskið er vegna húsbygginga og trjáræktar.

Seljabúskapur

Í seljum var árstíðabundin búseta og eru sel því í raun ein tegund bústaða. Sel eru venjulega nokkurn veg frá bæjum, oftast við ár eða læki. Þangað var búsmali rekinn á sumrum og þar hafði fólk sumardvöl við að vinna mjólkurmat til vetrarins. Oft byggðust upp býli af þessum seljum og einnig beitarhús. Erfitt getur verið að greina milli tófta seljabúskapar eða smábýla þar sem búseta var varði e.t.v. í skemmri tíma. Þó má oft greina smábýli frá seljum ef túngarður er til staðar sem afmarkar tún í kringum bæinn. Þetta er þó ekki einhlítt.

Seljabúskapur virðist hafa verið stundaður lengi í Fljótshlíð. Sé tekið mið af fyrirliggjandi gögnum og ástandi þeirra minja sem enn sjást, tíðkaðist hann allt frá fyrstu árum byggðar fram undir lok 19. aldar.¹¹ Vísbendingar eru um að höfuðbýlin hafi flest átt sel á láglandi en hjáleigur og önnur býli en lögbyli áttu frekar sel uppi á heiðinni ofan við Fljótshlíðina. Einnig eru dæmi um að bæir eða hverfi hafi sameinast um seljabúskap eða haft selstöður á öðrum jörðum. Það má ætla að nánast öll lögbyli, hjáleigur og býli hafi átt sitt sel sé tekið mið af fjölda þeirra sem hafa verið skráð í Fljótshlíð frá árinu 2013.

Vísbendingar um sel eða líklegar selminjar fundust á sex af þeim átta lögbylum sem skráð voru, örnefni gáfu staðsetningu flestra þeirra til kynna. Alls voru selin 13 talsins sem verður að

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand	Fjarlægð frá bæ
RA-199:007	Þóruseslaut	örnefni	ekki sést til fornleifar	?
RA-199:008	Selhólar	örnefni	ekki sést til fornleifar	?
RA-200:009 1	Katrínarsel	tóftaþyrping	hleðslur signar	1 km
RA-200:009 2		tóft	hleðslur signar	1 km
RA-201:016	Sellág	örnefni	ekki sést til fornleifar	1 km
RA-202:017 2	Kirkjulækjarsel	tóft	hleðslur standa grónar	6 km
RA-202:017 3		tóft	hleðslur signar	6 km
RA-202:020 1	Hellishólasel	tóft	hleðslur signar	3,4 km
RA-202:020 4	Hellishólasel	tóft	hleðslur signar	3,4 km
RA-202:022		heimild	ekki sést til fornleifar	?
RA-205:015 1	Selbugar	tóft	hleðslur útflattar	2,3 km
RA-205:015 2	Selbugar	tóft	hleðslur signar	2,3 km
RA-205:032 1		tóft	hleðslur signar	2,2
RA-207:008 2		tóft	hleðslur standa grónar	5 km
RA-207:010 9	Katrínarsel	heimild	sést til	4 km
RA-207:035 1		tóft	hleðslur signar	4,5 km

Tafla 6: Dekkt sel innan skráningarsvæðis.

teljast mikill fjöldi á ekki fleiri lögbýlum.

Þrjú sel eru þekkt í landi Kirkjulækjar og heimildir geta þeirra allra. Tóftir sjást enn á tveimur af þessum stöðum. Hellishólasel RA-202:020 er vel varðveitt og líkt og örnefnið gefur til kynna nýtt frá Hellishólum, gamalli hjáleigu Kirkjulækjar. Selið er í skjóli vestan við litla hæð og tóftirnar raðast þar í hnapp. Þar sjást tvær seltóftir auk minni tófta en ekki er vitað hvort tóftinar voru í notkun samtímis. Kirkjulækjarsel RA-202:017 er sunnan undir Þríhyrningi. Svæðið er friðlýst og þar eru samtals 12 fornleifar sjáanlegar á yfirborði. Tvær af tóftunum eru án efa seltóftir og báðar eru þær uppi á miklum rústahól. Ekki er vitað frá hvaða tíma selið er og því m.a. verið haldið fram að býlið Undir Þríhyrningi sem minnst er á í Landnámu¹² hafi verið þarna. Hið sama gildir hér líkt og í Hellishólaseli, ekki er vitað hvort tóftirnar voru í notkun á sama tíma. Að auki eru heimildir um að sel RA-202:022 frá Kirkjulæk hafi verið á Aurunum sunnan Þverár en eyðst vegna uppblásturs. Ekki er vitað hvar það sel var staðsett.

Þrjú sel eru þekkt í landi Kollabæjar, á tveimur minjastöðum sjást enn tóftir. Sel RA-207:008 er suðvestan við Þríhyrning og alls sjö fornleifar sjáanlegar á yfirborði. Seltóft er ofan á miklum rústahól og ljóst að umsvif á þessum stað ná aftur um aldir. Annað sel er sunnan undir Þríhyrningi en engar heimildir geta þess. Þar er vegleg seltóft RA-207:035 auk þústar sem gæti verið af kvíum. Heimildir geta þess að Katrínarsel RA-207:010 hafi verið á sama stað og beitarhús frá Kollabæ, sunnarlega á austanverðum Þríhyrningshálsi. Ekki fundust óyggjandi ummerki um seltóft á minjasvæðinu en helst kemur til greina að það hafi verið undir beitarhúsatóftinni.

Á Lambalæk voru skráð þrjú sel sem öll eru varðveitt. Tvö þeirra eru í svokölluðum Selbugum RA-205:015. Báðar tóftirnar sjást vel, sel 015_1 er í hvammi austan við Kvoslækjará en hin tóftin 015_2 uppi á holti nokkuð austar. Engar minni tóftir eru nærri seltóftunum sem eru fremur umfangsmiklar og skiptast báðar í nokkur hólf. Mögulegt er að kvíar hafi verið sambyggðar seltóftunum sjálfum þó það hafi ekki verið venjan. Í þriðja selinu RA-205:032 eru alls fimm tóftir sjáanlegar á yfirborði. Þjóðleið RA-641:006 liggur þvert yfir minjasvæðið en raskar tóftunum ekki heldur hlykkjast á milli þeirra. Það bendir til þess að bæði selið og leiðin hafi verið í notkun samtímis.

Í landi Grjótár er Katrínarsel RA-200:009 og þar sjást tvær seltóftir auk kvía. Ofan á seltóft 009_1 er búið að byggja yngri tóft 009_3 og ljóst að minjastaðurinn var nýttur áfram þrátt fyrir að seljabúskapur legðist af. Hlutverk yngri tóftarinnar er ekki þekkt, allt eins gæti verið um þriðju seltóftina að ræða. Annað sel frá Grjótá er í landi Teigs en nánar verður fjallað um það í öðru hefti þessarar skýrslu.

Heimildir geta um tvö sel í landi Butru, örnefnin Þóruselslaut RA-199:007 og Selhólar RA-199:008 gefa þau til kynna. Ekki er vitað með vissu hvar þessi sel voru staðsett en sé tekið mið af örnefnalýsingum var selið í Selhólum nærri beitarhúsum RA-194:051 og RA-194:053, í landi Teigs. Ekkert sel fannst nærri eða í svokallaðri Þóruselslaut. Heimildir geta einnig um Sellág RA-201:016 í landi Arngeirsstaða en tóftir þess fundust ekki við vettvangsvinnu. Lýsingar á staðsetningu örnefnisins eru nærri svokölluðum Grásteini sem var á merkjum Arngeirsstaða

12 ÍF I Landnáma 1968, 350

og Efri-Þverár. Eins gæti verið að örnefnið Sellág tengist Katrínarseli RA-200:009, selörnefni eru oft að finna á stóru svæði umhverfis selið.

Vísbendingar eru um fleiri sel innan skráningarsvæðis og gætu allt eins átt heima í þessari upptalningu. Þetta eru minjastaðirnir RA-207:015 í Kollabæ og minjastaðirnir RA-202:028, 047 og 054 í landi Kirkjulækjar. Ítarlegar rannsóknir þarf til þess að staðfesta að á þessum stöðum hafi verið haft í seli en tóftirnar og staðsetningin benda eindregið til þess.

Vörslugarðar

Forngarðar eru þekktir víða um land en stærstu forngarðakerfin sem fundist hafa eru í Þingeyjarsýslum og utanverðum Eyjafirði og hafa þau verið kortlögð að miklu leyti.¹³ Á síðustu árum hafa komið fram fleiri vísbendingar um forngarða víðsvegar á Suðurlandi og eftir því sem fornleifaskráningu vindur fram hefur umfangið komið sífellt betur í ljós.¹⁴ Það kom engu að síður nokkuð á óvart að fornlegir garðar skyldu finnast innan skráningarsvæðisins í landi Kollabæjarhverfis en um leið er ljóst að þeim hefur verið mikið raskað á síðustu áratugum, ekki síst vegna skógræktar. Garðarnir virðast torfhlaðnir en í raun er ekkert vitað með vissu um aldur né gerð þeirra umfram þær vísbendingar sem fornlegt útlit þeirra gefur. Til að skera úr um hvort þeir séu frá sama skeiði og þeir forngarðar sem kortlagðir hafa verið og aldursgreindir annars staðar í Þingeyjarsýslum, Eyjafirði og Flóa þyrfti að grafa könnunarskurði í þá.

Einna mestur þessara fornu garða var Þvergarður RA-207:020. Hann lá þvert yfir Kollabæjarás og samkvæmt lýsingum bar hann við himin frá bænum Tungu sem er vestan ássins.¹⁵ Hlið var á garðinum, uppi á ásnum, samkvæmt sömu lýsingu. Þessi mikli garður fannst ekki við vettvangskönnun. Þúsundum af trjám hefur verið plantað á Kollabæjarási, m.a. þar sem þessi garður var staðsettur og austurhlutinn líklega sokkinn í deiglendi. Ekki er útilokað að hægt sé að finna hluta hans inn á milli trjánna. Austan við Kvoslækjará er túngarður RA-205:027_4, ofan við heimatún Lambalækjar. Hann er mun breiðari en aðrir túngarðar á Lambalæk og virðist vera í framhaldi af meintri staðsetningu Þvergarðs. Hið sama má segja um túngarð RA-206:010 í landi Kvoslækjar. Ekki er útilokað þessir túngarðar hafi tilheyrt fornu garðakerfi. Garðlag RA-207:041 lá til norðurs frá Þvergarði, austarlega á Kollabæjarási. Mikil skógrækt er á þessu svæði og garðurinn fannst ekki við vettvangskönnun. Í lýsingum á garðinum er minnst á keldu sem rann norðan hans, norðan við Kollabæjarás.¹⁶ Vatn rann í pælunni þar sem torft var tekið við hleðslu hans. Hægt var að rekja kelduna á loftmynd innan skógræktarsvæðis á um 1 km löngum kafla og staðsetja garðinn á þann hátt. Garðlag RA-207:040 lá til suðurs frá Þvergarði, að heimatúni Kollabæjar. Hann er horfinn og engin ummerki fundust um hann.

Önnur forn garðlög afmörkuðu ákveðin svæði, líklega til að stjórna beit og hafa hemil

13 Árni Einarsson 2019, 123-132.

14 Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2020b, 60.

15 Sjá <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

16 Sjá <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>

á búfénaði. Hald RA-207:039 er stutt garðlag sem afmarkar tanga vestan Kvoslækjarár, beint andspænis Hellishólaseli RA-202:020. Garðurinn sést enn, er rúmlega 70 m langur og allt að 16 m breiður. Þessi mikla breidd er óvanaleg en líklega hefur jarðvegur safnast upp að honum í gegnum aldirnar. Í landi Butru liggur garður RA-199:004 til norðurs frá Grjótá og endar við leið RA-199:028. Ofan við garðinn, ofar í brekku, er svokallað Stekkatún RA-199:006 og garðurinn skildi mögulega á milli heima- og úthaga. Garður RA-205:030 er ofan við beitarhús RA-205:031, í landi Lambalækjar. Hann liggur til suðausturs frá Kvoslækjará og endar við deiglenda vatnsrás 120 m austar. Garðurinn er siginn, útflattur og án efa forn. Vesturhlutinn sést t.d. einna best á loftmynd.

Fjölmörg önnur garðlög voru skráð og hægt er að flokka þau sem vörslugarða. Austan við heimatún Kollabæjar eru heimildir um tvo vörslugarða RA-207:070 og 072. Þeir sjást lítið sem ekkert á yfirborði og lítið hægt að segja til um aldur þeirra. Túngarður RA-199:019 er skammt norðar og hluti af garðlagi sem var hlaðið um 1906 eftir hliðinni endilangri. Á sumum jörðum var þessi garður hluti af túngarði en á öðrum er hann ofar í hliðinni. Svæði á milli þessa túngarðs og þeirra sem eldri voru kallaðist Útseta en hægt er að rekja þessi garðlög eftir allri Fljótshlíð og ljóst að um mikið mannvirki er að ræða þrátt fyrir að það sé ekki mjög fornt.¹⁷ Ítarlega verður fjallað um þennan garð í þriðja bindi skýrslunnar.

Kvíar, stekkir og réttir

Stekkir voru oft einföld gerði með litlu hólfi (lambakró) á einni hlið/við annan enda þar sem fært var frá. Sumstaðar hafa myndast litlir túnblettir í kringum stekki sem voru slegnir. Kvíar voru yfirleitt mun nær bæ en stekkir og oft beinlínis í túnjaðri. Ekki hafa það alltaf verið hlaðnar kvíar, heldur var stundum aðeins um ákveðinn stað að ræða þar sem ær og kýr voru mjaltaðar og sumsstaðar voru færiskvíar notaðar, sérstaklega þegar komið var fram á 20. öld. Í Fljótshlíð var orðið/hugtakið „ból“ oftast en ekki notað um þessa staði. Samtals voru skráðar fjórar kvíar og sex stekkir. Ætla má að mun fleiri kvíar hafi verið á svæðinu öllu en þær eru dæmi um minjaflokk sem víða hefur orðið mjög illa úti í túnasléttun og -stækkun á 20. öld enda voru þær oft í jaðri gömlu túnanna og hafa vikið þegar tún voru sléttuð og/eða stækkuð. Enn fremur má víða finna

Samtala	Sérheiti	Tegund	hHutverk	Ástand
RA-199:006 2		tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
RA-199:006 11	Stekkatún	tóft	stekkur	hleðslur standa grónar
RA-199:017	Stekkatún	örnefni	stekkur	ekki sést til
RA-199:019 2		tóft	stekkur	hleðslur signar
RA-200:009 4		tóft	kvíar	hleðslur signar
RA-200:023	Stekkatún	örnefni	stekkur	ekki sést til fornleifar
RA-202:017 6		tóft	rétt	hleðslur standa grónar
RA-202:017 9		tóft	kvíar	hleðslur signar

17 Sjá <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552676>

RA-202:018		mannvirki	rétt	hleðslur standa
RA-202:026	Smalaskáli	tóft	rétt	hleðslur signar
RA-202:027 1		tóft	rétt	hleðslur signar
RA-202:027 2		tóft	rétt	hleðslur signar
RA-202:034	Stöðulhóll	heimild	kvíar	ekki sést til fornleifar
RA-202:044		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar
RA-205:011	Bólnef	örnefni	kvíar	ekki sést til fornleifar
RA-207:029 1	Stekkjabakki	þúst	stekkur	hleðslur útflattar
RA-207:029 2	Stekkjabakki	þúst	stekkur	sést til
RA-207:061		tóft	rétt	hleðslur signar
RA-207:063		heimild	rétt	ekki sést til fornleifar
RA-210:006 1	Ingimundarstekkatún	heimild	stekkur	ekki sést til fornleifar

Tafla 7: Skráðir stekkir, kvíar og réttir.

kvíar við sel.

Tvennar kvíar eru enn varðveittar á skráningarsvæðinu, báðar við sel uppi í heiðinni. Kvíar RA-200:009_4 eru við sel í landi Grjótár og kvíar RA-202:017_9 eru við Kirkjulækjarsel. Ummerki sjást enn um þrjá stekki, á tveimur lögbýlum.

Aðhöld til að hemja skepnur, önnur en kvíar og stekkir eru einfaldlega flokkuð sem réttir í fornleifaskráningu. Réttir eru aðallega notaðar til að geyma skepnur tímabundið (t.d. í rekstri), draga sundur og/eða til að fást við þær, t.d. rýja, mjalta eða gelda. Meirihluti réttartófta eru litlar og innan við 250 m frá bæ. Þessar réttir mætti nefna heimréttir. Samtals voru skráðar níu réttir og af þeim eru tvær skilaréttir. Af heimaréttunum eru fjórar enn varðveittar og flestar í góðu ástandi fyrir utan rétt RA-207:061 í Kollabæ. Hún er skammt frá bænum, innan skógræktarsvæðis og trjám plantað nærri henni. Skilarétt RA-202:027 er í landi Kirkjubæjar, sunnan undir Þríhyrningi. Þetta er forn skilarétt hreppsins. Önnur minni rétt er skammt frá og var líklega hluti af skilaréttinni, næturhólf eða nýtt til að geyma hross. Skilaréttin er mjög óljós, útflött og tekin að síga niður í lækjargil til austurs. Skilarétt RA-202:018 er enn í notkun og er sunnan Fljótshlíðarveggar skammt frá félagsheimilinu Goðalandi.

Fjárskýli og beitarhús

Í úthögum um allt land er gjarnan mikið af minjum sem tengjast sauðfjárhaldi og er Fljótshlíðin engin undantekning. Alls voru skráðar 104 fornleifar sem tengjast sauðfjárhaldi í úthögum innan þeirra átta lögbýla sem skráð voru. Það eru um 13 tóftir á hvert lögbýli sem er mikill fjöldi og mun meiri en á öðrum svæðum sem skráð hafa verið víða um land. Ein skýring á þessu er sú að hvert lögbýli, hjáleigur og önnur býli hafi átt sín hús eða nýtt svæði í sameiginlegum úthögum

bæjarhverfanna.

Beitarhús eru fjárhús í úthögum fjarri bæ, sem nýtt voru til útbeitar á vetrum. Beitarhús voru byggð utan túns þar sem haglendi var gott og getur verið langt að ganga í þau. Oft voru þau byggð upp á gömlum selstæðum, allt upp í nokkurra kílómetra fjarlægð frá bæ. Þar var fé beitt yfir vetrartímamann til þess að hlífa túnnum og heimahögum en einnig til þess að spara heygjöf. Beitarhúsatóftir samanstanda oft af myndarlegri fjárhústóft eða tóftum, og oftar en ekki er hlaða áföst fjárhúsunum. Á skráningarsvæðinu voru skráð 75 beitarhús á sjö jörðum. Af þeim eru 32 í Kollabæ, eitt í Stöðlakoti, 16 að Kirkjulæk, sex á Lambalæk, níu á Arngeirstöðum, sex Grjótá og fimm á Butru. Beitarhúsin eru oftar en ekki í óskiptu landi bæjarhverfa, það sést einna best á Kollabæ og Kirkjulæk. Beitarhúsin dreifast þar um alla hlíðina og nokkrir bæir eða hverfi nýttu þau. Það má álykta að þessi fjöldi beitarhúsa bendi til mikillar áherslu á vetrarbeitt á skráningarsvæðinu. Varðveisla beitarhúsanna er með eindæmum góð, einungis sjö þeirra eru horfin. Þessi góða varðveisla tengist með beinum hætti því að í seinni tíð hefur meiri áhersla hefur verið lögð á ræktun heimatúnanna og nýræktun túna á svokölluðum Aurum sunnan við

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
RA-199:002	Hof	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-199:006 5		tóft	hleðslur standa grónar
RA-199:006 9		tóft	hleðslur signar
RA-199:009		tóft	hleðslur standa grónar
RA-199:029		tóft	hleðslur standa grónar
RA-200:008 1	Brúnatóft	tóft	hleðslur signar
RA-200:010 1	Fjárhústangi/Neðri-Fjárhústóft	tóft	hleðslur standa grónar
RA-200:011 1	Efri-Fjárhústóft	tóft	hleðslur signar
RA-200:011 2		tóft	hleðslur signar
RA-200:034		tóft	hleðslur signar
RA-200:039	Sæmundartóft	tóft	hleðslur standa grónar
RA-201:022		tóft	hleðslur standa grónar
RA-201:035		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-201:039 1		tóftir	hleðslur standa grónar
RA-201:040 1		tóft	hleðslur signar
RA-201:042 1		tóft	hleðslur útflattar
RA-201:042 2		tóft	hleðslur signar
RA-201:042 3		tóft	hleðslur signar
RA-201:042 4		tóft	hleðslur signar
RA-201:043		tóft	hleðslur signar
RA-202:011		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:014 2		tóft	hleðslur signar
RA-202:015		tóft	hleðslur útflattar
RA-202:016		tóft	hleðslur standa grónar
RA-202:019		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:028 1	Litlistakkur	tóft	hleðslur signar
RA-202:028 10		þúst	hleðslur útflattar
RA-202:028 4		tóft	hleðslur signar
RA-202:029		tóft	sést til

RA-202:030		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:038		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-202:042		tóft	hleðslur signar
RA-202:047 1		tóft	hleðslur signar
RA-202:047 2		tóft	hleðslur útflattar
RA-202:047 3		tóft	hleðslur signar
RA-202:054	Brúnir	tóftir	hleðslur útflattar
RA-205:014		tóft	hleðslur signar
RA-205:028 1		tóftir	hleðslur signar
RA-205:029		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:031 1		tóft	hleðslur signar
RA-205:031 2		tóft	hleðslur útflattar
RA-205:031 3		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:010 1		tóft	hleðslur signar
RA-207:010 3		tóft	hleðslur signar
RA-207:010 4		tóft	hleðslur signar
RA-207:014 1	Tóttarhóll	tóft	hleðslur útflattar
RA-207:014 2	Tóttarhóll	tóft	hleðslur útflattar
RA-207:014 3	Tóttarhóll	tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:015 2	Bárðarborg	tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:022		tóft	hleðslur signar
RA-207:027		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:034 1		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:037 1		tóftir	hleðslur standa grónar
RA-207:037 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:043 1		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:044		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:056		þúst	sést til
RA-207:067 1		tóftir	hleðslur signar
RA-207:074 1		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:074 2		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:076 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:078		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:079		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:082 1		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:087 1		tóftir	hleðslur signar
RA-207:087 3		tóft	hleðslur signar
RA-207:087 6		tóft	hleðslur signar
RA-207:089 1		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:089 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:089 3		tóft	hleðslur signar
RA-207:089 4		þúst	sést til
RA-207:091	Kofatunga	tóft	hleðslur signar
RA-207:093 3		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:093 5		tóft	hleðslur signar
RA-210:004		kantur	sést til

Tafla 8: Beitarbús innan skráningarsvæðis.

Fljótshlíðina fremur en svæðum uppi í hlíðinni.

Í stuttu máli eru fjárskýli hverskyns skjól eða afdrep, þar með talin borghlaðin skjól, fyrir sauðfénað. Tóftir, auk örnefna og heimilda sem gefa vísbendingar um fjárskýli, eru alls 31 talsins, á fjórum lögbýlum. Fjárskýlin eru fjölbreytt að gerð, flest þeirra eru hlaðin en náttúrulegir hellar og skútar voru ennfremur nýtt sem skýli fyrir sauðfé. Varðveisla fjárskýla á svæðinu er með

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
RA-199:006 4		tóft	hleðslur standa grónar
RA-199:006 10		tóft	hleðslur standa grónar
RA-200:010 2		tóft	hleðslur signar
RA-200:010 3		tóft	hleðslur signar
RA-200:010 4		tóft	hleðslur signar
RA-200:010 6		tóft	hleðslur signar
RA-202:028 6		tóft	hleðslur útflattar
RA-202:045	Gapi	hellir	hleðslur standa grónar
RA-202:047 5		tóft	hleðslur útflattar
RA-202:053	Litlaborg	tóft	hleðslur útflattar
RA-205:013	Borgarholt	heimild	ekki sést til fornleifar
RA-205:032 2		tóft	hleðslur útflattar
RA-205:032 3		tóft	hleðslur útflattar
RA-205:032 4		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:015 3		tóft	hleðslur signar
RA-207:015 4		þúst	sést til
RA-207:015 5		tóft	hleðslur signar
RA-207:015 6		tóft	hleðslur signar
RA-207:015 7		tóft	hleðslur signar
RA-207:021	Bárðarskúti	hellir	sést til
RA-207:025 1	Innri-Kofatunga	tóftir	hleðslur signar
RA-207:025 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:036		hellir	ekki sést til fornleifar
RA-207:038		heimild	ekki sést til fornleifar
RA-207:059	Grænaborg	tóft	hleðslur signar
RA-207:080 4		tóft	hleðslur signar
RA-207:082 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:086 1		tóft	hleðslur signar
RA-207:086 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:087 4		tóft	hleðslur signar
RA-207:093 4		tóft	hleðslur útflattar

Tafla 8: Dekkt fjárskýli innan skráningarsvæðis.

eindæmum góð og eru einungis tvö þeirra horfin.

Hey sem fékkst utan túns var sett upp í heystæði og geymt þar þangað til á þurfti að halda og var hey oft flutt heim á sleðum á veturna. Við beitarhúsin, selin og fjárskýlin var oft að finna litlar tóftir sem flokkaðar voru sem heystæði. Alls voru skráðar 37 slíkar tóftir og ummerki sjást

um þær allar. Þetta er minjaflokkur sem heimildir geta yfirleitt ekki og hætt að nota efir að beitarhús með sambyggðri hlöðu urðu algengari.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Ástand
RA-200:008 2		tóft	hleðslur signar
RA-200:041 1		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 2		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 3		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 4		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 6		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 7		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 8		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-200:041 9		hleðsla	hleðslur útflattar
RA-201:040 3		gryfja	sést til
RA-201:041		tóft	hleðslur signar
RA-202:020 3	Hellishólasel	tóft	hleðslur útflattar
RA-205:028 2		tóft	hleðslur signar
RA-205:031 4		þúst	hleðslur útflattar
RA-205:032 5		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:010 2		þúst	sést til
RA-207:010 6		þúst	sést til
RA-207:034 2		tóft	hleðslur standa grónar
RA-207:043 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:054 4		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:054 5		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:054 9		tóft	hleðslur signar
RA-207:067 2		þúst	sést til
RA-207:073		þúst	sést til
RA-207:076 1		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:080 1		tóftir	hleðslur signar
RA-207:080 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:080 3		tóft	hleðslur signar
RA-207:080 5		tóft	hleðslur signar
RA-207:080 6		tóft	hleðslur signar
RA-207:081 1		tóft	hleðslur signar
RA-207:081 2		tóft	sést til
RA-207:082 3		þúst	sést til
RA-207:087 2		tóft	hleðslur signar
RA-207:087 7		þúst	sést til
RA-207:093 1		tóft	hleðslur útflattar
RA-207:093 2		tóft	hleðslur útflattar

Tafla 9: Þekkt beystaði innan skráningarsvæðis.

Landnýting utan túna (mógrafir, torfrista, útslægjur, áveita)

Þar sem land hefur ekki verið ræst fram og þurrkað nema að litlu leyti uppi í hlíðinni ofan bæjanna á skráningarsvæðinu, eru mjög víða óraskaðar minjar um landnýtingu utan túna. Heyja var aflað víðar en á túnnum og voru engjar og aðrar slægjur í úthögum nauðsynlegar hverju býli. Engjar í Fljótshlíð virðast hafa verið sunnan við bæina, á bökkum Þverár. Það landssvæði er mikið raskað, bæði vegna ágangs vatnsfalla, uppblásturs og ræktunar í seinni tíð. Þekking á engjabúskap í Fljótshlíð er því takmörkuð. Hlíðin ofan bæjanna virðist þó hafa verið nýtt til sláttar og engi verið á ákveðnum svæðum þar sem mýrlendi var að finna. Á túnakortum frá 1919 sjást víða stokkar og rennur í túnnum og eru þau til vitnis um nýtingu vatns til áveitu og framræslu vorlendis. Flest þessarar mannvirkja eru þó horfin sökum túnasléttunar eða annarra framkvæmda innan heimatúnanna. Uppi í hlíðinni eru ennfremur heimildir um handgrafna skurði og stíflur sem voru nýtt til að stýra vatnsrennsli í áveitum. Þessar minjar eru enn varðveittar og er um mikil mannvirki að ræða í flestum tilvikum.

Alls voru skráð fimm mógrafasvæði innan þriggja lögbyla og ljóst að mótekja hefur ekki verið mikil innan skráningarsvæðisins. Enn má sjá ummerki um þrjú svæðanna sem eru lítil og mógrafirnar illgreinilegar. Á svokölluðum Aurum sunnan við Þverá er ekki mó að finna en mýrar og deiglendi eru uppi í hlíðinni, ofan við bæina. Mógrafasvæðin eru öll þar.

Torf var einnig rist víða. Aðalheimildin um ristu á svæðinu er Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín en í henni er tekið fram hvort rista hafi verið á hverri jörð og hversu mikil og góð hún var. Örnefni gefa einnig til kynna hvar ristusvæði voru og tvö slík örnefni eru innan skráningarsvæðisins. Engin torfristusvæði eru varðveitt og betra að horfa til hinna fjölmörgu minja í úthögum. Þar sést víða hvar torf var rist umhverfis tóftirnar sjálfar og efnistaka er sjáanleg á langflestum minjastöðum í heiðinni.

Samgönguminjar

Samtals voru skráðir 36 minjastaðir tengdir samgöngum, m.a. götur, vegir, vörður, vöð og brýr. Í flestum tilvikum er um götur að ræða en samgöngukerfi skráningarsvæðisins er nokkuð vel þekkt. Ummerki fjölmargra leiða sjást enn en einnig sjást nokkrar óraskaðar traðir í túnnum bæjanna.

Fjölfarnar leiðir lágu niður hlíðina úr norðri og var komið að bæjunum úr þeirri átt. Þetta sést vel ef bæjarteikningar danskra landmælingmanna frá 1906 eru skoðaðar, traðirnar liggja yfirleitt til norðurs frá bæjunum. Breytingar verða síðan á samgöngukerfinu snemma á 20. öld og þegar túnakortin eru gerð 13 árum seinna er búið að færa traðirnar á nokkrum bæjum til suðurs og þá komið að bæjunum úr þeirri átt. Um aldamótin 1900 var lagður ruddur vegur sunnan bæjanna, nærri Þverá, og greinilegt að gerð hans breytti miklu. Innan hvernar bújarðar

voru styttri leiðir, t.d. leiðir innan túna sem svo tengdust lengri leiðum milli bæja. Þær lágu ofar en ekki þvert á hliðina. Aðrar leiðir lágu yfir fleiri en eina jörð RA-641. Eðli málsins samkvæmt vannst ekki tími til að ganga allar leiðir né tengja styttri leiðir við þekktar þjóðleiðir. Þó er ljóst að nokkrar leiðirnar eru langar og lágu að til dæmis að svokölluðum Króksbæjum á Rangárvöllum, að seljum og beitarhúsum. Ekki er mikið um sýnilegar samgöngubætur á þessum leiðum né á skráningarsvæðinu í heild.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-205:023		heimild	brú	ekki sést til fornleifar
RA-199:028		gata	leið	sést til
RA-200:028		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
RA-200:029		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
RA-200:032		gata	leið	sést til
RA-200:033		gata	leið	sést til
RA-200:042		gata	leið	sést til
RA-201:028		gata	leið	sést til
RA-201:044 1		gata	leið	sést til
RA-201:044 2		gata	leið	sést til
RA-202:014 5		heimild	leið	sést til
RA-202:023		gata	leið	sést til
RA-202:047 4		gata	leið	sést til
RA-205:015 3		gata	leið	sést til
RA-207:009		gata	leið	sést til
RA-207:011		gata	leið	sést til
RA-207:018	Hillugötur	gata	leið	sést til
RA-207:024	Gatnatunga	gata	leið	sést til
RA-207:077		gata	leið	sést til
RA-641:010		heimild	leið	ekki sést til fornleifar
RA-202:035		varða	samgöngubót	hleðslur standa grónar
RA-207:026		varða	samgöngubót	sést til
RA-207:084		varða	samgöngubót	sést til
RA-199:014		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
RA-199:020		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
RA-200:015		garðlag	traðir	sést til
RA-201:023		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
RA-202:036		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
RA-203:009		heimild	traðir	ekki sést til fornleifar
RA-205:019		renna	traðir	sést til
RA-205:020		renna	traðir	sést til
RA-207:046		gata	traðir	hleðslur signar
RA-207:047		renna	traðir	sést til
RA-207:065	Göturnar	gata	traðir	hleðslur signar
RA-210:009		garðlag	traðir	hleðslur útflattar
RA-202:049	Kúavaðslaekur	heimild	vað	ekki sést til fornleifar

Tafla 10: Samgönguminjar innan skráningarsvæðisins.

Ætla má að mun fleiri vöð og brýr hafi verið innan skráningarsvæðisins utan þessarar tveggja sem skráð voru. Ástæða þess að vöðin eru týnd eða ekki getið í örnefnalýsingum er mögulega breytileiki vatnsfallanna og farvegum þeirra. Líklega færðust leiðirnar einnig um leið og árnar og vöðin í kjölfarið. Hið sama má segja um brýr.

Nýting á vatni

Hverjum bæ er nauðsynlegt að hafa gott aðgengi að vatni nærri bæjum og húsum. Vatn er nauðsynlegt handa skepnum og mönnum, gróðri og við hin ýmsu bústörf líkt og matargerð og smíðar. Það er gott aðgengi að vatni á skráningarsvæðinu og án undantekninga voru bæirnir staðsettir við læki og ár. Hið sama má segja um sel og beitarhús. Einhver vatnsfallanna sjást enn í dag í náttúrulegum farvegum meðan öðrum hefur verið veitt í skurði. Það kemur því ekki á óvart að það hafi verið skráðir 32 staðir sem tengjast nýtingu á vatni á skráningarsvæðinu, utan þeirra sem tengjast engjabúskap.

Á fyrri hluta 20. aldar hófst rafvæðing sveita víða um land og byggðar voru heimarafstöðvar með virkjun vatnsafls. Ljóst er að þessar rafstöðvar eru séríslenskar og njóta sérstöðu sem slíkar. Sjö rafstöðvar voru skráðar innan skráningarsvæðis, þrátt fyrir að teljast ekki enn til fornleifa. Enn má sjá ummerki um einhverja brunna og lindir, örfáar eru ennþá í notkun.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-199:001 3		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-199:001 4		heimild	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-199:003		heimild	vatnsból	ekki sést til
RA-199:027		mylla	mylla	sést til
RA-200:007 1		garðlag	rafstöð	hleðslur signar
RA-200:007 2		mannvirki	rafstöð	undir þaki
RA-200:007 3		mannvirki	rafstöð	undir þaki
RA-200:012		brunnur	brunnur	sést til
RA-200:013		frásögn	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-202:013 1		stífla	rafstöð	sést til
RA-202:013 2		heimild	rafstöð	ekki sést til fornleifar
RA-202:024 1		hús	rafstöð	hleðslur standa
RA-202:024 2		stífla	rafstöð	hleðslur standa grónar
RA-202:031 1		hús	rafstöð	undir þaki
RA-202:031 2		heimild	rafstöð	ekki sést til fornleifar
RA-202:032		frásögn	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-202:033 3		frásögn	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-202:041	Siggapollur/ Sigurðarpollur	heimild	sundlaug	ekki sést til fornleifar
RA-203:004		heimild	mylla	ekki sést til fornleifar
RA-203:007 1		hús	rafstöð	sést til
RA-203:007 2		heimild	rafstöð	ekki sést til fornleifar

RA-203:007 2		heimild	rafstöð	ekki sést til fornleifar
RA-203:008		frásögn	þvottastaður	ekki sést til fornleifar
RA-203:010		frásögn	brunnur	ekki sést til fornleifar
RA-205:008 1		hús	rafstöð	undir þaki
RA-205:008 2		stífla	rafstöð	sést til
RA-205:009 1		mannvirki	rafstöð	undir þaki
RA-205:009 2		stífla	rafstöð	hleðslur standa
RA-207:031	Katrínarlind	heimild	vatnsból	ekki sést til fornleifar
RA-207:058 1		brunnur	brunnur	sést til
RA-207:058 2		brunnur	brunnur	sést til
RA-207:071		heimild	þvottastaður	sést til
RA-207:087 5		gryfja	brunnur	sést til

Tafla 11: Fornleifar sem tengjast nýtingu vatns innan skráningarsvæðis.

Aðrar minjar

Í umfjölluninni hér ofar hefur aðeins verið stiklað á stóru um þá minjaflokka sem er að finna innan svæðisins sem þessi skýrsla fjallar um en rétt er að geta þess að umfjöllunin er ekki tæmandi. Það eru margir aðrar minjar innan skráningarsvæðisins sem falla í aðra flokka en hér hefur verið fjallað um og vísast til fornleifaskrár til upplýsinga. Þar er m.a. að finna minjar tengdar þinghaldi, manngerðan helli, álagabletti, staði tengda átrúnaði og öskuhauga.


6. Niðurstöður

Um dreifingu minjastaða gildir sú meginregla að flestar fornleifar eru í heimatúnum, í og við bæi. Því fækkar fornleifum eftir því sem fjær dregur frá bæ. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa undantekningalítið átt sér stað gagnegar breytingar; ný íbúðarhús hafa verið byggð og útihús endurnýjuð eða byggð frá grunni. Sömuleiðis hafa tún verið sléttuð, skurðir grafnir, vegir heim að bæ lagfærðir o.s.frv. Það er því algengt að hartnær ekkert lifi eftir af þeim fornleifum voru sýnilegar heim við bæi í upphafi 20. aldar. Búast má við að um helmingur fornminja á hverri jörð (að meðaltali) sé horfinn af yfirborði. Ástand fornleifa var metið á vettvangi og eru ástandsflokkarnir sex talsins:

- a) Ekki sést til fornleifar. Rústin er horfin, byggt hefur verið á henni eða henni rutt burt.
- b) Hleðslur signar. Hleðslur hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og gjarnan hlaupnar í þúfur. Hleðsluhæð 20-80 cm en getur verið hærra þar sem rústir eru afmyndaðar af stórþýfi.
- c) Hleðslur standa grónar. Hleðslur byrjaðar að renna í sundur en standa enn að mestu leyti þannig að lögun og herbergjaskipun tófta er greinileg, gróid yfir grjót í veggjum og gólfi. Hleðsluhæð 80-150 cm.
- d) Hleðslur standa. Þök hrúnin en hleðslur standa enn þannig að greina má einstök umför af torfi/grjóti. Hleðsluhæð 150 cm +
- e) Undir þaki. Húsið er enn undir þaki. Miðað er við að þakið sé allt uppistandandi.
- f) Sést til fornleifar. Þar sem ekki er um eiginlega tóft að ræða en leifarnar sjást hinsvegar, t.d. mógrafir, áletranir og lendingar.

Rúmlega 25% minjastaða á skráningarsvæðinu eru horfin og er það mun lægra hlutfall en á flestum þeim svæðum sem hafa verið aðalskráð á Suðurlandi. Þessa góðu varðveislu má helst þakka það að á síðustu árum hefur meiri áhersla hefur verið lögð á uppgræðslu og ræktun á svokölluðum Aurum sunnan við bæina en í hlíðinni ofan við þá þar sem stóran hluta minjanna er að finna. Helstu ástæður minjaspjalla eru túnasléttun og byggingaframkvæmdir ásamt landbroti af völdum Þverár og Markarfljóts. Einnig er mikil sumarhúsa- og frístundabyggð auk skógræktar innan skráningarsvæðisins og miklar breytingar hafa átt sér stað á landnýtingu síðustu áratugi í kjölfarið. Það hefur sitt að segja varðandi varðveislu á minjastöðum og þekkingu á svæðinu og segja má að það sé ein helsta hættan varðandi minjaeyðingu nú á dögum. Á skífuriti 1 má sjá skiptingu minjastaða eftir ástandi.


Ástand fornleifa innan skráningarsvæðis



Skýfirit 1: Enn má sjá ummerki um tæplega 75% þeirra fornleifa sem skráðar voru.

Þar sem ekki sást til fornleifa var metið hvaða ástæður lágu að baki því að minjarnar voru horfnar af yfirborði. Ekki reyndist alltaf unnt að segja til um það með vissu en flestar minjarnar virðast hafa horfið við túnasléttun eða um 52% af þeim stöðum þar sem minjaspjöll voru þekkt. Þar á eftir eru vegagerð og byggingaframkvæmdir helsti orsakavaldurinn. Stöplarit 2 sýnir flokkun minjaspjalla á þeim minjastöðum þar sem ekki sást til fornleifa.


Ástæður minjaspjalla innan skráningarsvæðis



Stöplarit 2: Flestar fornleifar innan skráningarsvæðis hafa horfið vegna sléttunar.

Á vettvangi var lagt mat á þá hættu sem talin var steðja að hverjum minjastað. Hættustigin eru þrjú eins og greint var frá í kafla 2, engin hætta, hætta og stórhætta. Skýfirit 2 sýnir hættumat

á þeim fornleifum sem skráðar voru. Um 60% af minjastöðunum eru í hættu, í flestum tilvikum vegna ábúðar eins og vænta mátti. Í þeim tilvikum þar sem minjastaðir eru í stórhættu er það yfirleitt vegna skógræktar eða landbrots. Skógrækt ógnar um 14% þeirra fornleifa sem skráðar voru, sem er hátt hlutfall. Skífurit 2 sýnir hættumat minjastaðanna.



Skífurit 2: Rímlega helmingur fornleifa innan skráningarsvæðisins er í hættu.

Tveir friðlýsir minjastaðir eru innan skráningarsvæðisins, það eru Kirkjulækjarsel RA-202:017 og Þráinsgerði RA-200:016. Kirkjulækjarsel er sunnan undir Þríhyrningi og þar eru 12 fornleifar sjáanlegar á yfirborði. Settar hafa verið fram tilgátur um að býlið Undir Þríhyrningi, sem minnst er á í Landnámu og kemur við sögu í Brennu-Njáls sögu, hafi verið á þessum sama stað. Af umfangi fornleifanna er ljóst að umsvif hafa verið á svæðinu um aldir. Þráinsgerði er innan heimatúns Grjótár. Samkvæmt lýsingum var þetta ferhyrndur reitur við túngarð og enn sér móta fyrir hluta þess. Gerðið sést sem gróinn hryggur í túninu og ljóst að því hefur verið raskað mikið við túnasléttun. Fleiri gerði eru þekkt í túni Grjótár en þetta er hið eina sem er friðlýst sem gæti tengst Þráinshaugi sem átti að vera innan þess.

Allar minjar á skráningarsvæðinu njóta verndar samkvæmt lögum um menningarminjar og eru því jafn hátt settar í lögnum. Hins vegar eru minjarnar eins misjafnar og þær eru margar. Sumir minjastaðanna kunna að vera frá fyrstu öldum byggðar en aðrir eru frá fyrsta áratug 20. aldar, sumar minjanna eru alveg horfnar á meðan aðrar standa enn undir þaki eða eru greinilegar rústir. Engu að síður eru fjölmargir möguleikar fólgnir í þeim gögnum sem safnað var saman og er um mikilvægt gagnasafn að ræða. Fornleifaskráning er nauðsynleg grunnrannsókn sem þarf að fara fram áður en ráðist er í frekari rannsóknir ef vel á að vera og einnig er hún mikilvægur hluti af minjavörslu.

Kynning á fornleifum er skammt á veg komin á Íslandi og liggja þar ónýttir miklir möguleikar. Íslendingar eru tengdari sögu lands síns en margar aðrar þjóðir og margir hafa áhuga á sögu og fornleifafræði. Í sveitarfélaginu er kynning á sögustöðum og fornleifum lengra á veg komin en víða annars staðar hérlendis og eru ástæður þess nokkrar. Sögusetrið á Hvolsvelli

er m.a. með Njálusýningu, einhverjir sögustaðir eru merktir með skilti og boðið hefur verið upp á skipulagðar ferðir um söguvið Njálu.¹⁸ Upplýsingaskilti á vegum Kötlu Geopark eru nokkrum stöðum og einkaaðilar hafa einnig staðið fyrir kynningu á minjum, líkt og á bæjarhóli Tungu. Við merkingu og kynningu á minjastöðum er þó brýnt að gott samstarf sé á milli allra hlutaðeigandi aðila.

Fjölmarginir áhugaverðir minjastaðir eru á því svæði sem skráð var 2018-2019 og er erfitt að gera upp á milli þeirra þegar kemur að því að velja áhugaverða staði sem gætu hentað til kynningar og/eða rannsókna. Það skal jafnframt ítrekað að allar minjar eru friðaðar og þeim má ekki raska án leyfis Minjastofnunar Íslands. Af fornleifum á skráningarsvæðinu sem taldar voru hafa sérlega mikið varðveisl-, rannsóknar- og/eða kynningargildi má nefna:

- Á heiðinni ofan bæjanna og sunnan Þríhyrnings eru fjölmarginir minjastaðir sem hafa mikið rannsóknar- og varðveislugildi. Varðveisla minja á þessu svæði er góð og hægt væri að fá upplýsingar um búskaparhætti á svæðinu allt frá upphafi byggðar fram til okkar tíma með frekari rannsóknum á þeim. Minjastaðir líkt og skilarétt RA-202:027, Selgil RA-207:008, Katrínarsel RA-207:010, Bárðarborg RA-207:015, meintur þingstaður RA-207:096 og tóftir RA-200:010 eru þar á meðal.
- Forn garðlög fundust í úthögum Kollabæjarhverfis og mögulega á fleiri svæðum í Fljótshlíð. Til eru lýsingar af Þvergarði RA-207:020 og var umfang hans mikið af þeim að dæma. Þvergarður er að öllum líkindum að hluta horfinn í skógrækt og deiglendi en óneitanlega væri áhugavert að kanna það betur. Frá honum lágu fleiri garðlög, m.a. garðlag RA-207:041 og sést kelda sem var meðfram honum enn innan skógræktarsvæðisins. Garðlög í Fljótshlíð hafa mikið rannsóknargildi og áhugavert væri að kanna aldur þeirra og umfang þessa forna kerfis. Forn garðlagakerfi eru þekkt í Eyjafirði og Suður-Þingeyjarsýslu en voru að öllum líkindum víðar um land. Vísbendingar þess eðlis hafa m.a. komið fram í fornleifaskráningu á nokkrum svæðum á Suðurlandi.
- Stór, hringlaga tóft RA-202:026 er skammt vestan við félagsheimilið Goðaland. Hún gengur undir nafninu Smalaskáli en lítið er vitað um hlutverk hennar eða aldur. Tóftin rís líkt og græn eyja upp úr sléttu túni, veggirnir eru signir og umfangsmiklir. Hún er um 25 m í þvermál. Tóftin hefur mikið kynningar- og rannsóknargildi ekki sýst vegna staðsetningar sem og umfangs.
- Kirkjulækjarkotshellir RA-203:003 er manngerður og mun hafa verið notaður um aldir, m.a. sem fjárhús. Þar var ennfremur þingstaður allt fram til ársins 1896 en ekki er vitað hvenær þing kom fyrst saman þar inni. Hellirinn mun hafa verið stærrí áður fyrr en það hrundi framan af honum niður í lækjargil í jarðskjálfta 1896. Reglulega hefur verið grafið út úr hellinum í gegnum aldirnar en hann var nýttur sem fjáhús á milli þinghalds. Fyrir um 25-30 árum fannst þar langeldur við útmokstur og sést hann enn.

18 Flestir þessara staða eru utan skráningarsvæðisins en nánar verður fjallað um þá í bindi III.

Hellirinn er enn í notkun sem geymsla. Ljóst er að hellirinn hefur mikið varðveislu-, kynningar- og rannsóknargildi.

- Á fyrri hluta 20. aldar hófst rafvæðing sveita víða um land og byggðar voru heimarafstöðvar með virkjun vatnsafls. Um miðja síðustu öld er talið að þær hafi verið alls um 530 talsins og margar hverjar komnar frá Hólmi í Landbroti. Ljóst er að þessar rafstöðvar eru séríslenskar og njóta sérstöðu sem slíkar. Sjö rafstöðvar voru skráðar innan skráningarsvæðis, þrátt fyrir að teljast ekki enn til fornleifa. Mikilvægt þótti að skrá minjar um fyrstu rafstöðvarnar í sveitinni þar sem þær marka upphaf mikilla breytinga sem urðu í kjölfar rafvæðingarinnar. Rafstöðvarhúsin sjást flest enn en stíflurnar eru víðast horfnar. Rafstöð RA-205:009 er vel varðveitt og hefur mikið varðveislu- og kynningargildi.

Heimildir

Árni Einarsson. 2019. *Tíminn sefur: fornaldargarðarnir miklu á Íslandi*. Reykjavík: Mál og menning.

Árni Hjartarson, Guðmundur J. Guðmundsson og Hallgerður Gísladóttir. 1991. *Manngerðir hellar á Íslandi*. Menningarsjóður: Reykjavík.

Birna Lárusdóttir. 2001. *Hellishólar í Fljótshlíð. Fornleifakönnun*. FS140-01051. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Björn Guðmundsson. 1936. „Hvar bjó Starkarður?“ *Lesbók Morgunblaðsins*. 24.05.1936, 21. tbl., bls. 166.

Brynjúlfur Jónsson. 1894. „Rannsóknir í Rangárþingi 1893.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1894*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 21-25.

Brynjúlfur Jónsson. 1900. „Rannsóknir í Rangárþingi sumarið 1899.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1900*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-8.

Brynjúlfur Jónsson. 1902. „Rannsókn í Rangárþingi sumarið 1901.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1902*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 1-32.

DI: *Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. (1857-1972). Hið íslenska bókmenntafélag: Kaupmannahöfn og Reykjavík.

Dönsku herforingjaráðskortin. 1:50000. Herforingjaráðskort nr. 48 og 58. Landsbókasafn Íslands. Slóðin er:

<http://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=B2D14A0F7F062E1A3A095F9952041E87>

FF: *Frásögur um fornaldarleifar 1817-1823 I-II*. (1983). Sveinbjörn Rafnsson (ritstjóri). Reykjavík.

Friðlýsingarskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. 1990. Ágúst Ó. Georgsson (ritstjóri). Reykjavík: Fornleifanefnd, Þjóðminjasafn Íslands.

Haraldur Matthíasson. 1966. *Árbók Ferðafélags Íslands 1966. Rangárvallasýsla*. Reykjavík: Ferðafélag Íslands.

Helga Skúladóttir. 1936. „Örnefni í Þríhyrningi.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1933-1936*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 18-24.

ÍF XI: *Íslensk fornrit XII. Njáls saga*. 1954. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

ÍF I: *Íslensk fornrit I. Íslendingabók og Landnáma*. 1968. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I. Vestmannaeyja- og Rangárvallasysla*. (1913-1917). Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. (1847). *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

KK: Kristian Kaalund: *Bidrag til en topografisk-historisk Beskrivelse af Island I-II*, Kbh 1877-82.

Landmælingar Íslands. 2018-2019. Bæjarteikningar danskra landmælingamanna. Slóðin er: <http://atlas.lmi.is/kortasja/> . Skoðað 23.02.2022.

Orri Vésteinsson og Sædís Gunnarsdóttir. 1999. *Svæðisskráning fornleifa í Fljótsblíð, Hvolhbreyppi, Rangárvöllum, Djúparbreyppi, Ásahreyppi, Holta- og Landssveit*. FS095-99021. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Páll Sigurðsson. 1886. „Um forn örnefni, goðorðaskipun og fornmenjar í Rangárþingi.” *Safn til sögu Íslands og íslenskra bókmennta að fornu og nýju II*. Kaupmannahöfn, bls. 498-557

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2017. *Aðalskráning fornleifa í Rangárþingi eystra 2013-2015*. FS597-13031. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020a. *Aðalskráning fornleifa í Ölfusi: Áfangaskýrsla III*. FS789-12023. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2020b. *Stærsta framkvæmd Íslandssögunnar: Kortlagning á áveitum frá 20. öld í Flóa og á Skeiðum*. FS788-18111. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjabreyppi. Áfangaskýrsla II*. FS831-18231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

SB: *Sunnlenskar byggðir IV: Rangárþing I*. 1982. Þórður Tómasson (ritstjóri). Reykjavík: Búnaðarsamband Suðurlands: Selfoss.

Skúli Guðmundsson. 1939. „Undir Þríhyrningi.” *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1937-1939*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, bls. 108-112.

Skýrsla FÍ II: *Skýrsla um Forngripasafn Íslands í Reykjavík II, 1867-1870*. Kaupmannahöfn 1874, bls. 14-15.

SSR: *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Rangárvallasysla*. (1840). Reykjavík: Sögufélag.

Sædis Gunnarsdóttir. 2000. *Menningarminjar í Rangárvallasýslu. FS121-9902-3*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Pórrður Tómasson. 2016. *Mjólk í mat. Þættir um mjólkurstörf og mjólkurmat*. Selfoss: Bókaútgáfan Sæmundur.

Sarpur. Menningarsögulegt gagnasafn. Slóðin er: www.sarpur.is. Eftirfarandi gögn voru skoðuð:

- Svör við spurningu 81a í Þjóðháttasafni. Slóðin er: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552675>
- Svör við spurningu 82 í Þjóðháttasafni. Slóðin er: <http://sarpur.is/Adfang.aspx?AdfangID=552676>

Ísmús. Íslenskur músík- og menningararfur. Slóðin er www.ismus.is Eftirfarandi gögn voru skoðuð:

- Viðtal við Ingilaugu Teitsdóttur tekið 1965, SÁM 86/941 EF. Slóðin er: <https://www.ismus.is/i/audio/id-1034935>

Túnakort 1918-1924. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er: <http://www.archivesportaleurope.net/eaddisplay//ead/pl/aicode/ISPI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012-E/search/0/t%C3%BAnakort>

Uppdráttur Íslands, suðvestur fjórðungur. Íslandskort. Landsbókasafn Íslands-Háskólabókasafn. Slóðin er: <https://islandskort.is/is/map/show/7>

Ö-Aurasel: 1975. Oddgeir Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Butra: 1970. Oddgeir Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Butra, Grjótá og Arngeirsstaðir: Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Grjótá og Arngeirsstaðir: Án ártals. Oddgeir Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kirkjulækjartorfa: Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kirkjulækur og Lambalækur: 1980. Oddgeir Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kollabæjarhverfi: Án ártals. Bergsteinn Kristjánsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Ö-Kollabær og Tunga: 1936. Oddgeir Guðjónsson skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Heimildamenn

Aðalheiður M. Gunnarsdóttir. Kirkjulækur.

Anna Sigurðardóttir, f. 1946. Stöðlakot.

Ágúst Jensson, f. 1981. Butra.

Ásta Þorbjörnsdóttir, f. 1958. Grjótá og Arngeirsstaðir.

Eggert Pálsson, f. 1944. Kirkjulækur og Lambalækur.

Hans Guðni Magnússon, f. 1945. Kirkjulækjarkot.

Viðauki I: hnitaskrá í ISN93

Samtala	X	Y
202001 1	449277	359516
202001 2	449284	359488
202001 3	449271	359496
202001 4	449247	359505
202001 6	449287	359500
202002	449259	359488
202003	449229	359636
202004	449274	359562
202005	449096	359339
202006	448999	359351
202007	449158	359353
202008	449246	359616
202009	449203	359616
202010	449251	359556
202011	449577	359489
202013 1	449234	359747
202013 2	449239	359720
202014 1	449621	359733
202014 2	449623	359730
202014 3	449666	359766
202014 4	449563	359642
202014 5	449602	359718
202015	449832	360135
202016	450180	360734
202017 1	453031	364487
202017 2	453026	364502
202017 3	453038	364495
202017 4	453022	364487
202017 5	453024	364495
202017 6	453041	364519
202017 7	453068	364540
202017 8	453034	364538
202017 9	453011	364532
20201710	453003	364527
20201711	452995	364483
20201712	453105	364442
202018	448026	359028
202019	449941	360753

202020 1	450539	362678
202020 2	450535	362687
202020 3	450548	362697
202020 4	450516	362648
202021	452760	364346
202023	450955	363135
202024 1	449318	359335
202024 2	449345	359419
202025	448822	358685
202026	448282	358956
202027 1	451761	363184
202027 2	451789	363224
202028 1	449703	360459
202028 2	449703	360423
202028 3	449690	360422
202028 4	449714	360475
202028 5	449668	360469
202028 6	449666	360454
202028 7	449739	360392
202028 7	449774	360480
202028 8	449742	360479
202028 9	449740	360465
20202810	449706	360450
202029	450482	361372
202030	450575	361339
202031 1	449339	359588
202031 2	449306	359627
202032	449171	359552
202033 2	449210	359555
202033 3	449220	359538
202034	449304	359579
202035	451627	363452
202036	449246	359466
202037	451742	364627
202038	449397	359915
202039	449125	359603
202040	449490	359510
202040 2	449450	359520
202041	448267	358863

202042	450007	360848
202043	453064	364481
202044	449360	359954
202045	452748	364634
202046	449288	359279
202047 1	450460	362633
202047 2	450447	362651
202047 3	450428	362644
202047 4	450571	362576
202047 5	450422	362653
202048	449939	360821
202050	449290	359466
202050	449225	359487
202051	449318	359484
202052	450074	360561
202053	450262	360844
202054	450308	360901
203001	449110	359731
203002	449116	359852
203003	449077	359810
203005	449062	359751
203006	449111	359833
203007 1	449214	359785
203007 2	449177	359798
203008	449048	359797
203009	449089	359829
203010	449110	359729
203011	449110	359713
203012	449115	359795
203013	449114	359867
203014	449089	359743
203015	449204	359749
204001 2	448710	358204
2040011	448713	358228
204002	448693	358296
204004	448644	358214
204005	448635	358173
204006	448690	358155
204007	448552	358186
204008	448575	358232
204011	448463	358121

204013	448672	358248
204018	448810	358358
205001	448902	359665
205002	448928	359734
205003	448952	359816
205004	448851	359848
205005	448838	359851
205006	448810	359887
205007	448814	359911
205008 1	448935	359631
205008 2	448981	359694
205009 1	448531	359717
205009 2	448588	359828
205010	448938	359580
205012	448703	360141
205013	448981	360496
205014	448827	360107
205015 1	449455	361900
205015 2	449531	361855
205015 3	449542	362105
205015 3	449443	361888
205016 1	448891	359599
205016 2	448902	359629
205017	448863	359663
205018	448883	359651
205019	448836	359583
205020	448919	359745
205021	448840	359805
205022	448954	359861
205023	448835	359549
205024	448837	359903
205025	448919	359768
205026	448838	359736
205027 1	448576	360139
205027 2	448810	360130
205027 3	448605	360032
205027 4	448702	359981
205027 5	448617	359925
205028 1	448729	360683
205028 2	448715	360663
205029	448911	360168

205030	449270	361110
205031 1	449208	361023
205031 2	449190	361025
205031 3	449174	361010
205031 4	449185	361001
205031 5	449180	360968
205031 6	449224	361035
205032 1	449735	361740
205032 2	449722	361727
205032 3	449720	361719
205032 4	449707	361737
205032 5	449712	361741
207001	447672	359413
207002	447723	359397
207003	447688	359521
207004	447582	359556
207005	447580	359572
207006 1	447679	359451
207006 2	447668	359460
207008 1	450726	363489
207008 2	450715	363485
207008 3	450727	363447
207008 4	450739	363443
207008 5	450736	363423
207008 6	450774	363408
207008 7	450750	363424
207009	448704	362050
207009	449608	362898
207009	449500	362795
207009 3	449269	362551
207010 1	449685	362860
207010 2	449678	362859
207010 3	449684	362832
207010 4	449671	362840
207010 5	449667	362826
207010 6	449652	362842
207010 7	449632	362841
207010 8	449648	362822
207010 9	449662	362835
207011	449256	363290
207012	448076	360701

207013	447944	361917
207014 1	448711	361197
207014 2	448756	361251
207014 3	448736	361287
207015 1	450698	363619
207015 2	450709	363618
207015 3	450690	363641
207015 4	450705	363642
207015 5	450707	363643
207015 6	450724	363650
207015 7	450740	363680
207016 1	450762	363381
207016 2	450759	363386
207016 3	450739	363358
207016 4	450746	363335
207016 5	450753	363304
207017	448749	361128
207018	448782	361009
207018	449133	361267
207018	449050	361198
207018	448650	361000
207019	448414	360735
207020	448165	360203
207021	447809	360735
207022	447956	359883
207023	447676	359482
207024	449805	364049
207025 1	450207	364243
207025 2	450188	364226
207026	448670	362108
207027	448273	362187
207029 1	447238	359154
207029 2	447335	359110
207030	447586	359300
207032	447589	359686
207033	451403	364764
207034 1	449253	363423
207034 2	449262	363407
207035 1	450149	363226
207035 2	450150	363218
207036	448846	360992

207037 1	449417	361979
207037 2	449431	361976
207038	449449	361964
207039	450173	362665
207041	447687	361416
207042	448442	361558
207043 1	447882	360744
207043 2	447911	360741
207043 3	447984	360764
207044	447928	361028
207045	447642	359471
207046	447711	359472
207046 2	447602	359438
207047	447584	359391
207048	447624	359469
207049	447669	359434
207050	447702	359662
207050	447766	359583
207051	447724	359370
207052	447724	359600
207052 2	447719	359600
207053	447739	359344
207054 1	447629	359671
207054 2	447625	359757
207054 3	447629	359745
207054 4	447629	359713
207054 5	447629	359688
207054 6	447633	359703
207054 7	447627	359721
207054 8	447709	359528
207054 8	447721	359638
207054 9	447642	359727
207055	447673	359393
207056	447730	359661
207057	447630	359646
207058 1	447743	359545
207058 2	447739	359533
207059	447993	360080
207060	447652	359523
207061	447786	359843
207062	447713	359493

207064	447671	359549
207065	447749	359502
207066	447671	359580
207067 1	448012	360133
207067 2	448003	360136
207068	447490	359592
207069	447792	359875
207069 2	447737	359885
207070	447924	359550
207071	447930	359508
207072	447926	359595
207073	448900	361516
207074 1	448826	361092
207074 2	448829	361025
207075	447691	359415
207076 1	448024	360976
207076 2	448038	360961
207077	448734	361165
207077	448868	361401
207078	450777	363332
207079	448799	361594
207080 1	447978	362244
207080 2	447977	362251
207080 3	447982	362240
207080 4	447956	362239
207080 5	447946	362242
207080 6	447970	362241
207081	447961	361985
207081 2	447909	361986
207082 1	448390	362326
207082 2	448400	362353
207082 3	448407	362354
207083	448207	361501
207084	448522	362249
207085	447601	359556
207086 1	449439	362176
207086 2	449446	362177
207087 1	449312	362122
207087 2	449315	362116
207087 3	449309	362109
207087 4	449293	362112

207087 5	449278	362100
207087 6	449276	362093
207087 7	449286	362097
207088	449299	361806
207089	448193	361421
207089 1	448176	361428
207089 2	448163	361430
207089 3	448151	361436
207090	449695	364624
207091	450008	364117
207092	450167	364317
207093 1	448342	361366
207093 2	448332	361364
207093 3	448340	361355
207093 4	448357	361356
207093 5	448372	361355
207093 6	448404	361361
207094	450215	363331
207095	450450	362848
207096	450521	363242
210001 1	447738	359462
210001 2	447739	359424
210002 1	447808	359514
210002 2	447821	359515
210002 3	447824	359500
210003	447828	359511
210004	447867	359591
210005	447356	359191
210006 1	447210	359292
210006 2	447244	359315
210008	447827	359455
210009	447767	359523
21001002	447896	359594
2100101	447888	359488
2100101	447902	359526
2100101	447886	359542
2100102	447901	359558
2100102	447900	359586
210011	447863	359523
210012	447869	359508
210013	447833	359556

210014	447792	359559
641006	450921	363018
641006	449633	361662
641006	449978	361864
641006	449832	361878
199001 1	450459	359425
199001 2	450451	359406
199001 3	450436	359430
199001 4	450431	359405
199002	450092	358882
199004	450906	360026
199005	450391	359556
199006 1	451007	360115
199006 2	451009	360100
199006 3	451026	360108
199006 4	451049	360112
199006 5	451010	360043
199006 6	451021	360040
199006 7	451060	360071
199006 8	451061	360043
199006 9	451119	360038
199006 10	451050	360134
199006 11	451043	360178
199006 12	451106	360137
199009	450887	359954
199010	450454	359471
199011	450464	359520
199012	450518	359393
199013	450401	359540
199014	450494	359530
199015	450322	359310
199016	450332	359277
199018 1	450771	359878
199018 2	450763	359871
199019 1	450438	359562
199019 2	450480	359549
199019 3	450532	359508
199020	450509	359450
199021 1	450382	359522
199021 2	450376	359525
199022	450414	359533

199023	450445	359452
199024	450463	359448
199025	450423	359548
199026 1	450255	359108
199026 2	450254	359109
199027	450252	359181
199028	451101	360157
199029	450882	359991
199030 1	450905	359956
199030 2	450900	359960
199031	450828	360024
199032	450325	359368
199033	450319	359342
200001	450120	359531
200001 2	450113	359524
200001 3	450127	359525
200001 4	450111	359543
200001 5	450105	359543
200001 6	450119	359513
200001 7	450119	359535
200002	450044	359539
200003	450241	359593
200004	450275	359589
200005	450167	359647
200006	449996	359605
200007 1	450495	359734
200007 2	450297	359505
200007 3	450297	359385
200008 1	450923	361009
200008 2	450909	360966
200009 1	450698	360570
200009 2	450680	360565
200009 3	450681	360564
200009 4	450692	360580
200009 5	450704	360543
200010 1	450524	359957
200010 2	450539	359958
200010 3	450542	359942
200010 4	450556	359953
200010 5	450555	359967
200010 6	450566	359947

200010 7	450536	359925
200010 8	450529	359920
200011 1	450792	360315
200011 2	450801	360333
200012	450102	359562
200013	450163	359565
200014	450042	359595
200015	450128	359651
200016	450143	359620
200017	450206	359643
200018	450146	359606
200019	450216	359631
200020	450227	359597
200022	450180	359392
200023	450044	359023
200025	450926	360995
200026	450045	359641
200027	450273	359534
200028	449992	359513
200029	450045	359531
200030	450172	359569
200031	450138	359560
200032	450810	360349
200033	450683	360522
200034	450994	360967
200035	450029	359704
200036	450012	359583
200037 1	451095	360744
200037 2	451100	360743
200038	450751	360309
200039	450276	359701
200040	451067	361131
200041 1	451071	361096
200041 2	451083	361107
200041 3	451098	361108
200041 4	451074	361122
200041 5	451074	361128
200041 6	451080	361117
200041 7	451078	361068
200041 8	451084	361079
200041 9	451070	361056

20004110	451048	361108
200042	451076	361094
201001 1	449917	359573
201001 2	449908	359572
201001 3	449905	359582
201001 4	449900	359582
201001 5	449915	359566
201001 6	449893	359585
201001 7	449893	359551
201002	450021	359705
201003	449911	359623
201004	449902	359601
201005	449968	359620
201006	449858	359559
201007	449819	359499
201008	449818	359482
201009	449699	359446
201010	449668	359447
201011	449643	359398
201012	449804	359401
201013	449802	359392
201014	449831	359397
201015	449828	359386
201018	449831	359896
201018 2	449869	359786
201018 3	449888	359823
201019	449960	359448
201021	450186	360230
201022	450331	360469
201023	449946	359541
201024	449977	359631
201025	449997	359684
201026	449706	359488
201026	449665	359390
201027	449725	359353
201028	449079	358505
201029	449951	359626
201030	449002	358473
201031	449950	359683
201032	449924	359693
201033	449970	359700

201034	449987	359695
201035	449990	359785
201036	449672	359353
201037	449917	359879
201038	450298	360294
201039	450146	360304
201039 2	450145	360317
201040 1	450747	361083
201040 2	450766	361075
201040 3	450711	361067
201041	450319	360160
201042 1	450530	360839
201042 2	450524	360849
201042 3	450516	360847
201042 4	450507	360853
201043	450711	360854
201044 1	450721	360943
201044 2	450744	360900
201045	450211	360414
641007	448870	358356
641010	450515	359370

Viðauki II: Minjakort



Minjakort 1

Kirkjulækur kort 1/4

0 100 200 300 400 m





Skýringar

- Mörk jarða (RALA)
- - - Gata
- Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 2

Kirkjulækur kort 2/4

0 50 100 m





Skýringar

- | | |
|--------------------|-------------|
| Mörk jarða (RALA) | Bæjarhóll |
| Fornleifar | Grjóthlaðið |
| Skráðar fornleifar | Torfhláðið |




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 3

Kirkjulækur kort 3/4





Skýringar

- Mörk jarða (RALA) - - - Gata
- Fornleifar** ■ Torfhláðið
- Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD





Minjakort 4

Kirkjulækur kort 3/4

0 100 200 300 m



Skýringar

□ Mörk jarða (RALA)

Fornleifar

• Skráðar fornleifar

■ Torfhláðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 5

Kirkjulækjakot kort 1/1

0 25 50 75 m



Skýringar

□ Mörk jarða (RALA) - - - Gata

Fornleifar ■ Torfhláðið

• Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 6

Hellishólar kort 1/1

0 25 50 75 m



Skýringar

□ Mörk jarða (RALA)

Fornleifar

• Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir
ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 7

Lambalækur kort 1/2



Skýringar


□ Mörk jarða (RALA) - - - Gata


Fornleifar ■ Torfhlaðið

• Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 8

Lambalækur kort 2/2

0 100 200 300 m




Skýringar

- | | |
|----------------------|--------------|
| □ Mörk jarða (RALA) | --- Gata |
| ● Fornleifar | — Renna |
| • Skráðar fornleifar | ■ Torfhláðið |




Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD





Minjakort 9

Kollabær kort 1/4





Skýringar

- | | |
|--------------------|------------|
| Mörk jarða (RALA) | Gata |
| Fornleifar | Bæjarhóll |
| Skráðar fornleifar | Torfhlaðið |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD





Minjakort 10

Kollabær kort 2/4

0 100 200 300 m





Skýringar

- Mörk jarða (RALA) - - - Gata
- Fornleifar — Renna
- Skráðar fornleifar ■ Torfhlaðið



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD





Minjakort 11

Kollabær kort 3/4

0 100 200 300 m



Skýringar


□ Mörk jarða (RALA) - - - Gata


Fornleifar ■ Torfhlaðið

• Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir
ehf og LMI
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 12

Kollabær kort 4/4

0 100 200 300 m



Skýringar


□ Mörk jarða (RALA) - - - Gata

Fornleifar ■ Torfhlaðið

• Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir
ehf og LMÍ
Hnitakerfi: ISN93
Kortagerð: LLD





Minjakort 13

Stöðlakort kort 1/1

0 50 100 150 m





Skýringar

- | | |
|--------------------|------------|
| Mörk jarða (RALA) | Renna |
| Fornleifar | Bæjarhóll |
| Skráðar fornleifar | Torfhlaðið |
| Gata | |



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMÍ
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD





Minjakort 14

Fornleifar á fl. 1 jörð kort 1/1

Skýringar

- Mörk jarða (RALA)
- Gata
- Torfhlaðið
- Skráðar fornleifar



Kortagrunnur: Loftmyndir ehf og LMI
 Hnitakerfi: ISN93
 Kortagerð: LLD

